

# Árbók kirkjunnar 2017-2018

**Forsíðumynd: Breiðholtskirkja**

**Ljósmynd: Magnea Sverrisdóttir**

**Árbók kirkjunnar 2017-2018** 1. júní 2017 - 31. maí 2018

**Október 2018**

**Útgefandi: Biskupsstofa, Laugavegi 31, 150 Reykjavík, s. 528 4000**

**Umsjón: Guðrún Finnbjarnardóttir og Þorvaldur Víðisson (ábm.)**

**Umbrot: Guðrún Finnbjarnardóttir**

# Árbók kirkjunnar 2017-2018

1. júní 2017 – 31. maí 2018



# Efnisyfirlit

<b>Prestastefna Íslands 2018</b> .....	7
Setningarræða biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur .....	7
Ávarp dómsmálaráðherra, Sigríðar Á. Andersen .....	15
<b>Kirkjuþing 2017</b> .....	17
Ávarp forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar .....	17
Ávarp dómsmálaráðherra, Sigríðar Á. Andersen .....	21
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur .....	24
<b>Kirkjuþing unga fólksins 2018</b> .....	27
<b>Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar</b> .....	29
<b>Vígslubiskup Skálholtsstiftis</b> .....	31
<b>Vígslubiskup Hólastiftis</b> .....	35
<b>Fjármálasvið Biskupsstofu</b> .....	39
<b>Störf kirkjuráðs</b> .....	45
<b>Starfið á árinu 2017-2018</b> .....	54
Fræðslumál – Kærleiksþjónusta – Fjölskylduþjónusta kirkjunnar – Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga	
<b>Stofnanir, nefndir, ráð og félög</b> .....	67
Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar – Fagráð um meðferð kynferðisbrota – Hjálparstarf kirkjunnar – Hópslysanefnd – Kirkjugarðaráð – Kirkjuhúsið Skálholtsútgáfan – Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri – Holt í Önundafirði-Friðarsetur – Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf – Samband íslenskra kristniboðsfélaga – Samkirkjunefnd – Tónskóli þjóðkirkjunnar – Verkefnisstjóri kirkjutónlistar	
<b>Sérþjónustuprestar</b> .....	111
Fangaprestur þjóðkirkjunnar – Prestur fatlaðra – Kirkja heyrnarlausra – Prestur innflytjenda – Sálgaesla presta og djákna á Landspítalanum í Reykjavík – Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri – Prestur á sviði helgihalds og þjóðmenningar – Prestar Íslendinga í Noregi – Prestur Íslendinga í Svíþjóð og Danmörku	
<b>Starfið í prófastsdæmunum</b> .....	153
Suðurprófastsdæmi – Kjalarnessprófastsdæmi – Reykjavíkurprófastsdæmi eystra – Reykjavíkurprófastsdæmi vestra – Vesturlandsprófastsdæmi – Vestfjarðaprófastsdæmi – Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi – Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi – Austurlandsprófastsdæmi	

<b>Mannfjöldi í þjóðkirkjunni og í skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum.....</b>	<b>195</b>
<b>Prófastsdæmi, prestaköll og sóknir .....</b>	<b>197</b>
<b>Prestar í sérþjónustu.....</b>	<b>212</b>
<b>Djáknar í sérþjónustu .....</b>	<b>213</b>
<b>Félög og stofnanir .....</b>	<b>214</b>
<b>Stjórnir og starfsnefndir .....</b>	<b>216</b>
<b>Biskupsstofa og aðrar stofnanir .....</b>	<b>219</b>

# Prestastefna Íslands 2018

## Setningarræða biskups

Dómsmálaráðherra Sigríður Á. Andersen, vígslubiskupar, prestar, djáknar, gestir. Sognepræst Martin Ishøj. Jeg byder dig velkommen til Island og også til vores præstekonference. Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin til setningar prestastefnunnar hér í Neskirkju á því herrans ári 2018. Árinu sem við fögnum aldarafmæli fullveldisins og aldarafmæli Prestafélagsins. Ég þakka fólkinu hér í Neskirkju fyrir fundaraðstöðuna og allan undirbúninginn. Einnig þakka ég synodusnefndinni samstarfið, en í henni eru auk starfsfólks á Biskupsstofu, fulltrúar úr stjórn Prestafélagsins. Ég þakka doktor Arnfríði Guðmundsdóttur fyrir prédikunina við guðsþjónustuna og þeim er þjónuðu með einum eða öðrum hætti við hana. Organistanum og kórnum hér í kirkjunni þakka ég fyrir að vera með okkur hér í dag og flytja okkur fallega tónlist. Einnig vil ég þakka starfsfólki Biskupsstofu fyrir þeirra framlag við undirbúninginn sem og þeim er hafa lagt hönd á plóg með einum eða öðrum hætti.

## Umhverfismál

Á þessari prestastefnu verður fjallað um umhverfismálin og er yfirskriftin tekin úr 1. kafla 1. Mósebókar „Og Guð leit allt sem hann hafði gert, og sjá, það var harla gott.“ Umhverfismálin hafa verið á dagskrá hjá þjóðkirkjunni eins og öðrum systurkirkjum okkar undanfarin ár og því eðlilegt að þau séu til umræðu einnig á prestastefnunni nú. Biblíulestrar, fyrirlestrar og málstofur taka eðlilega mið af því.

Á kirkjupinginu í október sagði ég m.a. í setningarræðu minni:

„Auk minningar siðbótarinnar stendur upp úr öllu því mikla og góða starfi þjóðkirkjunnar og þjónustu hennar um landið allt, ráðstefna Alkirkjuráðsins um réttlátan frið við jörðina sem fram fór í samvinnu við þjóðkirkjuna, í síðasta mánuði. Þetta var í fyrsta skipti sem slík umhverfisráðstefna er haldin hér á landi. Fulltrúar þeirrar ráðstefnu tóku einnig þátt í ráðstefnu hringborðs norðurslóða, Artic Circle þar sem aðalræðumaðurinn var hans heilagleiki Bartholomew fyrsti, leiðtogi grísk orþódoxu kirkjunnar, annarrar stærstu kirkjudeildar heims á eftir rómversk kaþólsku kirkjunni.“

Það er gleðilegt að aftur hefur verið óskað eftir þátttöku kirkjunnar á næstu norðurslóðaráðstefnu í október í haust og er stefnt að því að daginn fyrir ráðstefnuna komi biskupar af norðurslóðum saman og ráði ráðum sínum varðandi umhverfismálin. Þeir munu síðan taka þátt í norðurslóðaráðstefnunni og prédika í kirkjum á suðvesturhorninu á sunnudeginum, áður en haldið er heim.

Umhverfismálin hafa verið á dagskrá þjóðkirkjunnar. Söfnuðir hafa verið hvattir til þátttöku í tímabili sköpunarverksins sem stendur yfir frá 1. september til 4. október í ár eins og síðast liðið ár. Markmiðið er að umhverfisstarfið tvinnist inn í daglega starfsemi safnaðanna og kirkjunnar

allrar. Ég hef hvatt til athafna í hverjum söfnuði og tel æskilegt að söfnuðir kirkjunnar sækist eftir vottun Umhverfisstofnunar á starfsemi sinni. Á morgun mun fulltrúi Umhverfisstofnunar fræða okkur nánar um það ferli. Heimsbyggðin skynjar nú sem aldrei fyrr nauðsyn þess að hlúa að jörðinni og sérstaklega því að snúa við og draga úr ofhlýnun jarðarinnar. Næstu 5-10 ár munu skipta sköpum um það hvort mannkyn nái markmiðum Parísarsamkomulagsins, svo að hlýninin fari ekki yfir 2°C. Gerist það ekki, verða afleiðingarnar skelfilegar fyrir mannkyn og lífríkið allt. Nú þurfa orð að verða að verkum og þar getur kirkjan skipt sköpum.

Á ráðstefnunni um réttlátan frið við jörðina var samþykkt ályktun sem allir viðstaddir þátttakendur skrifuðu undir í Þingvallakirkju. Þar segir m.a.: „Við hvetjum kirkjur til að nýta sér sitt eigið tungutak, ekta biblíumál og kirkjuhefðir til að auka umhverfisvitund, hvetja til aðgerða og auka sjálfbærni í kirkju og samfélagi.

Við hvetjum kirkjur til virkrar þátttöku við að koma á og efla sjálfbæra lífshættu á öllum sviðum, á þjóðfélags vísu og eins í hverjum söfnuði. Og við fögnum því að kirkjur og kirkjulegar stofnanir ákveði að beina fjárfestingum sínum frá óvistvænum og ósjálfbærum iðnaði. Sé horft til þess hvað samtök okkar kristinna manna eru viðtæk innan þjóðlanda og á heimsvísu felast fjölmörg tækifæri í nettengslum okkar og samskiptum við samskiptaaðila innan annarra trúarbragða. Við ættum að nýta allar tiltækar leiðir, þar á meðal samskiptagetu okkar bæði innanlands og á alþjóðavettvangi, til að virkja þessa kosti.“

Lokaorð yfirlýsingarinnar, hljóða þannig. „Í Opinberunarbók Jóhannesar (22.2) er þeirri sýn brugðið á loft um að mannlegt líf blómgist og dafni, sem ráðstefnan aðhyllist: „Beggja vegna móðunnar var lífsins tré sem ber tólf sinnum ávöxt. Í hverjum mánuði ber það ávöxt sinn. Blöð trésins eru til lækningar þjóðunum.

Endurnýjum og helgum tengsl okkar við náttúruna til líknar þjóðum og heimi.“

## **Hið íslenska biblíufélag**

Biskup Íslands er forseti hins íslenska Biblíufélags og hefur verið það allt frá stofnun félagsins þann 10. júlí árið 1815. Geir Vídalín var þá biskup Íslands og þar með fyrsti forseti félagsins. Telst mér til að ég sé 14. forseti félagsins. Í stjórn þessa elsta starfandi félags landsins eru auk biskups Íslands fjórir guðfræðingar og fjórir leikmenn. Nýr verkefnisstjóri tók til starfa í byrjun árs og er það Guðmundur Brynjólfsson djákni. Skrifstofan flutti frá Biskupsstofu í safnaðarheimili Dómkirkjunnar í lok febrúar. Ný heimasíða félagsins var einnig opnuð á árinu og Biblían á íslensku er nú komin á app. Tilkoma snjalltækja felur í sér mikla samfélagsbreytingu og er stór hluti Íslendinga með snjalltæki á sér flestar stundir. Þegar Biblían er aðgengileg á slíku appi þá þýðir það að meirihluti Íslendinga verður með rafrænan aðgang að Biblíunni í vasanum, allar stundir! Er það von stjórnarinnar að þessar breytingar allar verði til blessunar fyrir kirkju og almenning.

## **Áskorun afhent**

Þann 15. janúar 2018 afhentu formaður félags prestsvígðra kvenna og varaformaður Prestafélagsins áskorun til yfirstjórnar kirkjunnar. Undir hana skrifa 65 prestsvígðar konur. Í áskoruninni segir:



„Konur í prestastétt búa, líkt og aðrar konur, við kynbundið ofbeldi, áreitni og mismunun á vinnustöðum sínum. Gerendur eru yfirmenn, samstarfsfólk, sjálfboðaliðar og þau sem nýta sér þjónustu kirkjunnar.

Allar konur eiga rétt á að starfa í öruggu umhverfi, vera lausar við kynbundið ofbeldi, áreitni og mismunun af öllu tagi í sínum störfum. Frásagnir prestvígðra kvenna sem starfa í þjóðkirkjunni sýna svart á hvítu að breytinga er þörf.

Þjóðkirkjan hefur líkt og mörg önnur félagasamtök og stofnanir markað stefnu og búið til úrræði í þessum málum en sögur kvenna í kirkjunni sýna að mikið verk er óunnið þar sem annars staðar í samfélaginu.

Við undirritaðar skorum á biskup Íslands, kirkjuráð, kirkjuping, presta og sóknarnefndir að beita sér fyrir siðbót hvað varðar vinnuumhverfi kvenna, prestvígðra og annarra, í kirkjunni.

Undir þessa yfirlýsingu skrifa konur í prestastétt. Ekki er víst að náðst hafi í allar prestvígðar konur við gerð þessarar áskorunar.“

Áður höfðu karlkyns prestar og djáknar sent frá sér yfirlýsingu á facebook. Þann 24. nóvember var þessi yfirlýsing birt:

„Við, karlprestar og karldjáknar í þjóðkirkjunni, heitum því að gera allt sem við getum til að tryggja konum öryggi innan þjóðkirkjunnar og þar sem við höfum völd og áhrif.

Þöggun um kynferðislega áreitni og valdbeitingu verður ekki liðin af okkar hálfu.

Við munum tilkynna áreitni sem við verðum vitni að.“ Undir þessa yfirlýsingu skrifa 73 karlar.

Það er ljóst að alheimsbyltingin metoo hefur náð inn í kirkjuna okkar og um það eru flestir sammála að taka hana alvarlega og vinna að siðbót innan hennar til að tryggja öruggar aðstæður fyrir þau öll er henni þjóna og hana sækja.

Árið 2012 skilaði svonefnd úrbótanefnd tillögum sínum um úrbætur til að takast á við mál af þessum toga. Það hefur verið erfið fæðing að koma þeim tillögum í framkvæmd en ein þeirra verklag í viðkvæmum aðstæðum verður kynnt hér á prestastefnunni. Hugmyndin er að þau öll sem þjóna innan kirkjunnar með einum eða öðrum hætti fari í gegnum netnámskeið um verklag í viðkvæmum aðstæðum og er það einn þátturinn í að gera kirkju okkar betri og öruggari fyrir alla. Einnig vil ég minna á að árið 2003 gaf kirkjan út efni, „Kirkjan mótmælir ofbeldi gegn konum“ og er það gott innlegg í umræðu dagsins um úrbætur í kirkjunni.

## Fræðslustarf

Eins og kunnugt er þurfti að setja ýmis mál í biðstöðu vegna fjárskorts þegar kirkjunni var gert að skera niður fjárhagslega vegna hrunsins. Sem betur fer hefur staðan batnað og nú er verið að vinna að því að auka fræðslustarf kirkjunnar til muna. Það er alveg ljóst að kirkjan verður sjálf að axla ábyrgð varðandi kristindómsfræðslu ef komandi kynslóðir eiga að kunna á henni einhver skil. Öll fræðsla kirkjunnar er skírnarfræðsla, enda er það að boði frelsarans sjálfs sem við erum send út með það erindi að skíra og kenna. Skírnum hefur fækkað hér á landi eins og í nágrannalöndum okkar og er það ávísun á minnkandi þekkingu á kristinni trú og þeim gildum sem felast í henni. Það er alvarlegt mál fyrir kirkjuna ef hún stendur sig ekki í skírnarfræðslunni og þegar nýr verkefnisstjóri var ráðinn á fræðslusviðið síðast liðið haust setti ég fræðslu um skírninga sem forgangsmál.

## Viðbótarskyldur – breyting á launakerfi

Nokkrir prestar í fámennum prestaköllum hafa fengið viðbótarskyldur við þjóðkirkjuna, m.a. í fræðslumálum. Varðandi þessar viðbótarskyldur þá vil ég taka fram að sé sóknarpreststaða auglýst með viðbótarskyldum við þjóðkirkjuna þá gengur sóknarpreststarfið alltaf fyrir. Viðkomandi prestur er fyrst og fremst sóknarprestur og þjónn sóknarbarna sinna. Þannig hefur verið hægt að auglýsa fámenn prestaköll en ekki leggja þau niður eða sameina þau öðrum.

Mínar hugmyndir um framtíðarskipan prestakalla eru þær að prestaköll verði í framtíðinni stór með mörgum prestum. Svo dæmi sé tekið, þar sem ég þekki best til, þá sé ég fyrir mér að öll Ísafjarðarsýsla verði eitt prestakall þar sem prestarnir vinna saman, skipuleggi saman og skipti með sér verkum þó þeir búi á mismunandi stöðum í prestakallinu. Þetta tel ég vera ákall nútímans og framtíðarinnar. Ég hef tekið eftir því að unga fólkinu hugnast ekki að vera einyrkjar. Þannig tel ég líka að bæta megi þjónustu við sóknarbörnin og jafna álag presta í starfi. Þetta sé ég fyrir mér um allt land, í dreifbýli, sem og í þéttbýli.

Eins og kunnugt er var gerð breyting á launakerfi presta í lok síðasta árs. Horfið var frá jafnlaunastefnunni sem ríkt hefur í prestastéttinni um árabíl. Prestar eru nú í ólíkum launaflokkum. Þegar til framtíðar er litið þá getur þessi stefna t.d. haft þau áhrif að sum prestaköll verða rýr á meðan önnur gefa meira. Ef prestaskortur verður eins og hefur gerst í kirkjusögunni þá getur verið erfitt að manna rýrt prestakall sem e.t.v. er með mörgum litlum sóknum, fámenni í dreifðum byggðum. Stækkun prestakallanna ætti því að vera jákvæð þegar horft er til þessarar breytingar á launastefnunni.

Það eru fleiri vígðir þjónar í kirkju okkar en prestar í sóknum landsins. Nokkrir djáknar starfa í sóknum og hjá stofnunum með prestum eða sem einyrkjar. Prestar eru líka í þjónustunni sem sinna fólki í sérstökum aðstæðum. Sjúkrahúsprestar, fangaprestur, prestur heyrnarlausra, prestur fatlaðra, prestur Kvinnakirkjunnar og prestur innflytjenda. Mikið hefur mætt á þeim síðastnefnda, séra Toshiki Toma undanfarin ár og hefur hann þjónað þeim sem hingað leita erlendis frá, m.a. hælisleitendum sem margir hverjir hafa flúið ömurlegar aðstæður sínar og sumir vegna trúar sinnar. Ég þakka honum og ykkur öllum sem hafið tekið þátt í starfinu með honum.

## Unga fólkið

Unga fólkið er framtíðin er oft sagt með réttu. Á síðasta kirkjuþingi var samþykkt ályktun um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn. Þessi ályktun fylgir eftir ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins frá síðasta ári um þátttöku ungs fólks í stjórn aðildarkirkna sambandsins. Miðað er við að ungt fólk á aldrinum 16 – 30 ára verði að jafnaði minnst tuttugu prósent innan hvernar skipulagsheildar í kirkjunni. Þetta á m.a. við varðandi kirkjuþingið sem kjósa á til í næsta mánuði. Við erum ekki að standa okkur vel í þessum efnum og verður fróðlegt að sjá hvort breyting verður á. Ungt fólk í prestsþjónustu, þ.e. innan við þrítugt nær ekki einu sinni 5% eins og er.

Kirkjuþing unga fólksins er haldið ár hvert og ljóst er af þeim málum sem þar eru á dagskrá að ungt fólk er lengra komið í hugsun en eldra fólk, t.d. hvað umhverfismál varðar. Víða er æskulýðsstarf í blóma en ljóst er að við verðum að leggja enn meiri áherslu á það í náinni framtíð.

Farskóli leiðtogaefna útskrifar nema árlega, nú síðast þann 11. apríl. Ungmenninn í farskólanum stunda tveggja ára leiðtoganám. Markmið skólans er að vera stuðningur við söfnuði í þjálfun hæfra og góðra leiðtoga og þannig undirbyggja faglegt barna- og unglingastarf innan kirkjunnar. Í farskólanum er fræðsla um kristna trú, kirkjuna og starf hennar. Nemendur eru þjálfaðir í félagsstörfum um leið og áhersla er lögð á að sinna uppbyggingu hvers þátttakanda. Einnig er mikið lagt upp úr því að skapa gott samfélag. Farskólinn hefur starfað um árabil og margir nemendurnir tekið þar sín fyrstu skref sem leiðtogar innan kirkjunnar.

## Leitandi.is

Eins og flestir vita hefur verið settur í loftið nýr vefur á vegum kirkjunnar sem kynna á það góða starf sem fram fer í kirkjum og sóknum landsins. Þar er fjallað um gildi góðs lífs og haldið á lofti því sem fólkið í kirkjunni hefur fram að færa. Myndver hefur verið sett upp hér á neðri hæðinni í Neskirkju en hluti af efninu á vefnum birtist í myndbandsformi. Tilvist þessa nýja vefs hefur ekki farið hátt enda er hann enn í þróun en engu að síður er alveg óhætt að halda honum á lofti og benda á hann. Prestum landsins hafa nýverið verið sendar upplýsingar frá vefstjóranum og hvet ég ykkur til að kynna ykkur vefinn og nýta ykkur hann.

Kirkjan hefur fleira en prédikunarstólinn til að koma boðun sinni, fræðslu og kynningu á framfæri. Með nýjum aðferðum og nýrri tækni myndast tækifæri til að koma boðskapnum til skila með þeim miðlum sem eru fyrir hendi á hverri tíð. Tæknin kemur þó ekki í stað mannlegra samskipta og því mun áfram verða net kirkjunnar þjóna um land allt þó betri samgöngur og breyting á íbúapróun hafi þar eitthvað að segja.

## Samstarf og GTD

Um árabil hefur samstarf verið á milli þjóðkirkjunnar og Guðfræði- og trúarbragðfræðideildar Háskóla Íslands um menntun presta. Sérstakur samningur hefur verið endurnýjaður og bættur, nú síðast árið 2017. Er hann gerður til að styrkja tengslin milli þessara aðila með það að markmiði að efla starfsmenntun og starfsþjálfun verðandi þjóna kirkjunnar. Til að hljóta embættisgengi þurfa nemendur að klára mag.theol. próf frá H.Í. og starfsþjálfun frá þjóðkirkjunni. Þetta samstarf hefur verið gefandi og árangursríkt og geta má þess að á ráðstefnu Alkirkjuráðsins um réttlátan frið við jörðina voru guðfræðinemar sjálfboðaliðar og lögðu ráðstefnugestum lið og sáu um ýmis hagnýt mál fyrir ráðstefnuna og á henni. Er þeim þakkað ánægjulegt samstarf.

## Umsagnir og viðtöl

Undanfarna mánuði hafa mörg frumvörp verið borin upp á Alþingi er snerta trú og lífsskoðun. Má þar nefna frumvarp til laga um breytingu á lögum um brottnám líffæra, tillögu til þingályktunar um dánaraðstoð og frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum er varða umskurð drengja. Biskup hefur sent umsagnir um þessi mál og fleiri en mesta athygli hefur vakið málið varðandi umskurð drengja. Innlendir og erlendir fjölmiðlar hafa óskað eftir viðbrögðum biskups og það ásamt fleiru leiddi til þess að ráðstefna var haldin í síðustu viku í Norræna húsinu á vegum samráðsvettvangs trúarbragðanna um málið. Fyrirlesarar voru

flestir erlendir, gyðingar, múslimar, kristnir, stjórnámamenn og fólk sem vinnur á vegum kirknasamtaka. Þarna var virðing fyrir mismunandi skoðunum í hávegum höfð og augljóst að málið á sér margar hliðar sem verður að taka tillit til við afgreiðslu þess á Alþingi. Ráðstefnunni var streymt beint út og á að vera hægt að sjá hana á veraldarvefnum. Skipuleggjendum ráðstefnunnar, fulltrúum trúarbragðanna í samráðsvettvangnum, er þakkað þeirra góða starf, en fyrir því fer séra Jakob Rolland prestur kaþólskra nú um stundir.

Þess skal og getið að verið er að vinna að uppsetningu nýrra vefja í stað kirkjan.is og tru.is. Efni prestastefnunnar og önnur gögn hennar hafa verið sett inn á nýjan þjónustuvef, innri vef kirkjunnar. Þessi vinna hefur tekið allt of langan tíma og hefur það valdið ýmsum vandræðum s.s. við skýrsluskil. Er beðist velvirðingar á því.

## Mannauðsmál

Stjórnsýsla kirkjunnar tekur mið að regluverki og stjórnsýslu ríkisins. Um árabíl hefur það tíðkast að prestar sem hafa látið af störfum hafa getað sinnt afleysingaþjónustu og er þeim öllum sem brugðist hafa vel við slíkri beiðni þakkað fyrir. Nú hefur það hins vegar komið í ljós að biskup getur ekki sett presta sem orðnir eru 70 ára til afleysinga eins og verið hefur. Þetta kann að hafa það í för með sér að vígja þurfi presta til afleysingaþjónustu. Það hefur ekki verið gert í fjölda ára. Nokkrir prestar hafa óskað eftir því að minnka þjónustu sína í 50% starf og hefur verið reynt að bregðast við því eins og flestu því er lýtur að mannaúðsmálum í kirkjunni.

Kynning á niðurstöðu starfsánægjukönnunar sem gerð var á síðasta ári hefur farið fram í öllum prófastsdæmum. Undirbúningur stendur yfir að því að gera áætlun um hvernig unnið verði úr niðurstöðum könnunarinnar. Verður það gert í samstarfi við prestastéttina. Niðurstöður könnunarinnar voru í flestu jákvæðar, að mínu mati, og verður reynt að bæta úr þeim atriðum sem fram kom að laga þurfi. Ég þakka ykkur fyrir að taka þátt og gera okkur þannig kleift að bæta kirkjuna og gera hana að betri og öruggari vinnustað.

## Persónuvernd

Ný reglugerð um persónuvernd tekur gildi á Evrópska efnahagssvæðinu þann 25. maí nk. Í reglugerðinni felst aukin vernd neytenda gegn misnotkun persónuupplýsinga og að draga úr söfnun upplýsinga og miðlun. Margvísleg fleiri nýmæli er þar að finna. Þjóðkirkjan þarf að undirbúa gildistöku reglnanna eins og aðrir. Söfnuðir og aðrar skipulagsheildir kirkjunnar, vígðir þjónar og aðrir starfsmenn þurfa að huga að þessum málum. Biskupsstofa hefur hafið undirbúning að þessu verkefni og fengið sérfræðinga til ráðgjafar. Vígðir þjónar gegna mikilvægu hlutverki við innleiðingu reglugerðarinnar hvað varðar skráningu og meðferð persónuupplýsinga í sóknum og í tengslum við prestsþjónustu við einstaklinga. Biskupsstofa mun senda öllum vígðum þjónum í þjónustu þjóðkirkjunnar nánari upplýsingar um þetta mál mjög fljótlega. Ég treysti því að vígðir þjónar muni bregðast vel við og taka þátt í þessu þýðingarmikla verkefni, sem snýst ekki hvað síst um að virða mannhelgi allra.

## Nývígðir prestar og djákni

Á synodusárinu voru fimm prestar vígðir og einn djákni.

Mag. theol. Stefanía G. Steinsdóttir, var vígð 13. ágúst 2017, skipaður prestur í Glerárprestakalli, Eyjarfjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi frá 15. ágúst 2017.

Cand. theol. Sýlvía Magnúsdóttir, var vígð 24. september 2017, til þjónustu sem prestur á Landspítala.

Mag.theol. Þuríður Björg Wíium Árnadóttir, var vígð 12. nóvember 2017, skipaður sóknarprestur í Hofsprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 15. nóvember 2017.

Mag.theol. Dís Gylfadóttir, var vígð 12. nóvember 2017, sem prestur í Lindaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. nóvember 2017.

Mag.theol. Dána Ósk Óskarsdóttir, var vígð 25. mars 2018 til þjónustu sem prestur á Landspítala.

### *Nývígður djákni*

Elísabet Gísladóttir, var vígð 24. september 2017, sem djákni á Sóltúni í Reykjavík.

## Skipanir í embætti og lausn frá embætti

Séra Stefán Már Gunnlaugsson, sóknarprestur í Hofsprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi var skipaður héraðsprestur í Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. júní 2017.

Séra Brynja Vígdís Þorsteinsdóttir, prestur heyrnarlausra, var skipaður prestur í Njarðvíkurprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. júní 2017.

Séra Sveinn Valgeirsson, prestur í Dómkirkjuprestakalli, var Reykjavíkurprófastsdæmi vestra var skipaður sóknarprestur í sama prestakalli frá 1. júlí 2017.

Séra Fritz Már JörgenSSon, prestur í Noregi, var skipaður prestur í Keflavíkurprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. október 2017.

Séra Eva Björk Valdimarsdóttir, prestur í Keflavíkurprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi var skipaður héraðsprestur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. nóvember 2017.

Séra Sunna Dóra Möller, prestur í Akureyrarprestakalli, skipaður sóknarprestur í Hjallaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 16. janúar 2018.

Einnig tók séra Hulda Hrönn M. Helgadóttir við embætti prests í Kvennakirkjunni auk þess að sinna verkefnum er lúta að áskorun prestsvígðra kvenna um siðbót innan kirkjunnar hvað varðar vinnuumhverfi kvenna, prestvígðra og annarra, í kirkjunni.

## Andlát

### *Prestar*

Séra Gísli Halldórsson Kolbeins, fyrrv. sóknarprestur í Stykkishólmsprestakalli Vesturlandsprófastsdæmi, lést 10. júní 2017. Hann var fæddur 30. maí 1926.

Eftirlifandi eiginkona séra Gísla er Sigríður Ingibjörg Bjarnadóttir.

Séra Björn Helgi Jónsson, fyrrum sóknarprestur í Húsavíkurprestakalli, Þingeyjarprófastsdæmi, lést 1. apríl 2018. Hann var fæddur 31. október 1921.

### *Prestsmakar*

Frú Unnur Guðjónsdóttir, ekkja séra Péturs Tyrfings Oddssonar. fyrrv. sóknarprests í

Hvammsprestakalli og prófasts í Dalaprestakalli, lést 1. september 2017. Séra Pétur lést 1956.

Frú Jakobína Finnbogadóttir, ekkja séra Þóris Kr. Þórðarsonar, prófessors við guðfræðideild Háskóla Íslands, lést 18. desember 2017. Þórir Kristinn lést 26. febrúar 1995.

Frú Auður Guðjónsdóttir, ekkja séra Kristjáns Róbertssonar, fyrrv. sóknarprests í Seyðisfjarðarprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi, lést 1. mars 2018. Séra Kristján lést 2008.

Frú Beta Einarsdóttir, eiginkona séra Fjalars Sigurjónssonar, fyrrv. sóknarprests í Kálfafellsstaðarprestakalli og prófasts í Skaftafellsprófastsdæmi lést 2. mars 2018.

Frú Sigurveig Georgsdóttir, eiginkona séra Lárusar Guðmundssonar, fyrrv. sendiráðsprests í Kaupmannahöfn, lést 4. mars 2018.

Við þökkum Guði fyrir trúa þjónustu þeirra í kirkjunni og biðjum Guð að helga minningu þeirra og blessa ástvini þeirra. Rísum úr sætum og lútum höfði í hljóðri bæn.

## **Jafnræði-Umhyggja-Samstaða**

Í biskupstíð minni hef ég leitast við að fara ekki í manngreinaralit þegar mál koma upp. Ég hef ávallt haft að leiðarljósi að allir séu jafnir, hafi jafnan rétt og fái réttláta málsmeðferð. Starfsmannamál eru erfiðust allra mála og aldrei má gleyma því að bak við hvert slíkt mál er manneskja sem á sér fjölskyldu og vini sem líka þjást þegar erfiðleikar steðja að. Biskupsembættið verður að lúta lögum og reglum og lögfræðingar eru best til þess fallnir að lesa úr þeim og veita lögfræðilegar leiðbeiningar og ráð. Í hverju máli ráðfæri ég mig við fleiri en einn lögfræðing áður en ákvörðun er tekin og bið einnig Guð um leiðbeiningu og hjálp. Það kemur fyrir að menn eru ekki sáttir við niðurstöðu mína og þá er hægt að skjóta málum til annarra aðila innan kirkju sem utan. Það er réttur hvers manns.

Umhyggja er góður eiginleiki stjórnenda og á það líka við í kirkjunni.

Samstaða er nauðsynleg í kirkjunni. Án hennar mun okkur ekki takast að gera kirkjuna betri. Við höfum öll það hlutverk að koma fagnaðareringinu til skila og ljóst er að orð baráttumannsins „sameinuð stöndum vér, sundruð föllum vér“ eiga við kirkjuna, þegar sótt er að henni úr öllum áttum.

Kirkjan er samfélag, þar sem umhyggja og kærleikur eiga að ríka. Hún flytur það besta erindi sem mannkyni hefur borist um fullkomna elsku Guðs til manna. Framkoma okkar gagnvart hvert öðru á að endurspeglar þá elsku. Jesús sagði og segir enn: „Ég kalla yður ekki framfar þjóna því þjónninn veit ekki hvað húsbóndi hans gerir. En ég kalla yður vini því ég hef kunngjört yður allt sem ég heyrði af föður mínum. Þér hafið ekki útvalið mig heldur hef ég útvalið yður. Ég hef ákvarðað yður til að fara og bera ávöxt, ávöxt sem varir svo að faðirinn veiti yður sérhvað það sem þér biðjið hann um í mínu nafni. Þetta býð ég yður, að þér elskið hvert annað.“

Ég þakka ykkur trúa þjónustu í kirkju Krists og bið hann að gefa ykkur kraft og djörfung til góðra verka.

Göngum með gleði til starfa á þessari prestastefnu. Göngum með gleði til þjónustunnar í kirkju Krists. Bræður og systur. Megi vinátta okkar styrkjast og samheldni okkar aukast. Prestastefna Íslands árið 2018 er sett.

# Prestastefna Íslands 2018

## Ávarp dómsmálaráðherra, Sigríðar Á. Andersen

Það er ánægjulegt að fá tækifæri til þess að ávarpa prestastefnu í annað sinn, nú miklu mun nærri mínum heimaslóðum en í hið fyrra. Ég vil nota tækifærið til þess að þakka þeim ykkar sem sátuð prestastefnuna í fyrra fyrir afar fróðlega og ánægjulega samveru í Wittenberg. Það er eins og það hafi gerst gær, eins og sagt er. Þó er það þannig að margt hefur á daga okkar drifið síðan þá. Stjórnámálamenn hafa farið á þessum tíma og aðrir komið í staðinn. Því fylgdi að ein ríkisstjórn fór líka og önnur kom í hennar stað. Þótt engin breyting hafi orðið á mínum högum sem ráðherra sem fer meðal annars með málefni kirkjunnar, að svo miklu leyti sem þau eru til umfjöllunar á vettvangi ríkisvaldsins, þá er því ekki að neita að þessu upphlaupi í stjórn málafröðunni síðasta vetur fylgdi nokkur óvissa um framtíð marga mála sem voru til skoðunar í stjórn málafröðunni þess tíma. Jafnvel hin mestu framfaramál sem hin svokallaða pólitíska sát er um orðu að sæta því að lenda á ís um tíma.

Kirkjan hefur undanfarin misseri leitast við að ná samkomulagi við ríkið um breytingar á fjárveitingum ríkisins til kirkjunnar. Annars vegar er um að ræða efnidir á kirkjujarðarsamkomulaginu frá árinu 1997 en efnidir voru skertar á árunum 2010-2015 með vísan til efnahagsástandsins sem þá var. Frá árinu 2015 hefur ríkið hins vegar viðurkennt í verki skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum þótt fjárlög hvers árs beri það ekki með sér. Með fjárukaulögum hefur kirkjunni þannig verið tryggðar fullar efnidir samningsins. Hins vegar hafa greiðslur samkvæmt lögum um sóknargjöld verið skert fram á þennan dag.

Ég lýsti því við upphaf kirkjuþings síðastliðinn vetur að afstaða mín til þessarar stöðu væri skýr um það að bæði ríki og kirkja þurfa á því að halda að þessi fjárhagslegu samskipti verði einfölduð nokkuð með festu og fyrirsjáanleika í fyrirrúmi. Ég lýsti því líka að ég hafi verið orðin vongóð um pólitíska samstöðu um samningsgrundvöll þegar menn hlupu frá verkum sínum síðastliðið haust.

Í nýrri ríkisstjórn hef ég áfram lagt áherslu á að ljúka samningum við kirkjuna. Þótt trúlega þyki mönnum hægt miða þá stendur yfir í bæði dómsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti nauðsynleg undirbúningsvinna fyrir samninga. Seint á síðasta ári hækkuðu laun presta nokkuð í kjölfar ákvörðunar Kjararáðs sem leiddi til óvæntrar viðbótarvinnu að þessu leyti.

Ríki og kirkja hafa þegar átt samningafundi um ytra form þessara samninga. Í þeim viðræðum hefur verið samhljómur um verulega einföldun frá því sem nú er. Þá hafa ríki og kirkja sameiginlega unnið að því að reikna upp skuldbindingar af kirkjujarðarsamkomulaginu og er í sjálfu sér enginn ágreiningur þar um.

Þá vil ég nefna það í vinnu að gerð þeirrar fjármálaætlunar sem liggur fyrir Alþingi að samþykka, fyrir árin 2019-2023 var sérstaklega hugað að nýju samkomulagi ríkis og kirkju. Ég legg á það áherslu og geri ráð fyrir því að það gangi eftir að þess sjáist stað í fjárlögum fyrir árið 2019.

Góðir áheyrendur

Að þessu fjármálastagli loknu vil ég segja það að kirkjan stendur auðvitað á bjargi.

Hinni evangelísku lútersku kirkju er skipaður sérstakur sess með því að í stjórnarskránni er svo mælt fyrir að hún skuli vera þjóðkirkja á Íslandi. Og hún nýtur stuðnings ríkisvaldsins. En það er ekki bjargið sem kirkjan stendur á. Stjórnámálameðlimar koma og fara. Ríkisstjórnir koma og fara. Löggjöf tekur breytingum. Því miður eru jafnvel ekki stjórnarskrárákvæði óhult fyrir tíðarandanum, jafnvel ekki skráin öll.

Kirkjan byggir tilveru sína ekki á löggjöf, hvorki stjórnarskrá né almenn lögum. Ekki einu sinni fjárlögum. Bjargið sem kirkjan stendur á er boðskapurinn sem henni var falið að flytja. Kirkjunni var nefnilega sett erindi fyrir 2000 árum og það skiptir kirkjuna öllu máli að hún reki það erindi. Ekki önnur erindi, og það þótt þau hljómi mjög brún í veltingi hverrar tíðar.

Erindi kirkjunnar breytist ekki með tíðarandanum. Þvert á móti. Um leið og kirkjan fer að elta tíðarandann en ekki heilagan anda þá er hætt við að kvarnist úr bjarginu.

Að þessu sögðu vil ég óska kirkjunni og öllum þjónum hennar velfarnaðar. Ég vil sérstaklega óska prestum til hamingju með 100 ára afmæli félagsins þeirra, Prestafélags Íslands. Að lokum óska ég þess að prestastefna þessi verði öllum sem hana sækja til uppörvunar, gagns og ánægju.



# Kirkjuþing 2017

## Ávarp forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar

Kirkjuþing 2017 er sett, 56. kirkjuþing íslensku þjóðkirkjunnar.

Verið öll hjartanlega velkominn kirkjuþingsfulltrúar, starfsfólk og gestir. Já og verið velkomin í Garðabæ, hingað í Vídalínskirkju þar sem kirkjuþingið er nú haldið í fyrsta sinn. Vonandi mun ykkur öllum líða vel hér og aðbúnaður reynast viðunandi.

Það er ánægjuefni að fá að bjóða sérstaklega velkomna hingað í dag dómsmálaráðherra, frú Sigríði Andersen. Þá vil ég bjóða velkomin bæjarstjóra Garðabæjar hr. Gunnar Einarsson.

Á þriðjudaginn voru 467 ár frá því Jón Arason var hálshöggvinn, í gær voru 534 ár frá fæðingu Lúters, og í dag eru 99 ár frá lokum fyrir heimstýrjaldarinnar. Já tíminn líður og þetta minnir okkur á hvað sumir atburðir og sumt fólk hefur mikil áhrif á líf okkar löngu eftir þeirra tíma. Nú erum við saman komin á fjórða og jafnframt síðasta kirkjuþingi þessa kjörtímabils. Þau þrjú ár sem eru liðin frá upphafi þessa kjörtímabils er stuttur tími en þau hafa liðið ótrúlega hratt. Það er ágætt að staldra við og fara yfir það í huganum hvort okkur hafi miðað eitthvað á þessum þremur árum sem við höfum setið saman á kirkjuþingi.

Var það aftur á bak, ellegar nokkuð á leið? Við þessu er ekki einhlítt svar og sjálfsgætt eru skoðanir skiptar um það eins og annað. Við erum nefnilega ekki alltaf sammála, höfum mismunandi skoðanir og stundum ólíka hagsmuni að verja. Það væri líka furðulegt ef við í þjóðkirkjunni, um 70% íslensku þjóðarinnar, værum sammála um alla hluti. Eðlilega eru skoðanir mismunandi.

Í lýðræðislegum samfélögum, samtökum og félögum ýmiskonar hefur fólk einmitt komið á samkomum s.s. Alþingi, kirkjuþingi, safnaðarfundum og aðalfundum, til þess að ræða, takast á um, greiða atkvæði, já komast að niðurstöðu í málum svo sátt geti orðið um ákvarðanir. Þetta fyrirkomulag er ekki fullkomið, getur aldrei orðið það fyrst og fremst því við erum ekki fullkomin. Þetta er bara minnst vonda aðferðin sem við þekkjum til að taka ákvarðanir fyrir fólk í skipulagssheldum þar sem þarf að ríkja sátt, ef ekki um niðurstöðuna þá að minnsta kosti um aðferðina sem notuð var til að ná niðurstöðu.

En þá má velta því fyrir sér hvernig vinnubrögð á slíkum samkomum hafa þróast og hvort við hér á kirkjuþingi þurfum að bæta okkar.

Á starf á þingum að vera keppnisgrein? Er markmiðið að vinna hina? Eða á markmiðið að vera að ná sátt sem flestra, og viðmiðið, að niðurstaðan sé sem hagstæðust fyrir sem stærstan hluta þeirra sem ákvörðun snertir. Við mótun kirkjuþingsins var Alþingi fyrirmyndin. Þingsköp og síðir voru mótuð eftir þeim hefðum sem fólk þekkti þaðan. Það má velta því fyrir sér hvort betra hefði verið að horfa til fleiri fyrirmynda því það er áleitinn spurning hvort sá síður að vinna hina, eins og þekkest úr stjórnmálum sé sá síður sem samkomu sem kennir sig við kristni hentar best. Meirihluti og minnihluti. Nú ráðum við ekki þið.

Á sá ræðumaður mest hól skilið sem ekki aðeins færir góð rök fyrir máli sínu heldu nær einnig að niðurlægja þá sem eru honum ósammála? Er sú eða sá sigurvegarinn?

Eiga fundarsköpin að mótast af því að hver og einn geti, megi og eigi að koma í ræðustól, jafnvel þó það sé ekki til annars en að endurtaka það sem aðrir hafa sagt. Er það besta nýtingin á dýrmætum tíma samkomunnar? Væri betra ef í stað þess að kynna næsta ræðumann sem ætlaði að taka undir með þeim síðasta spyrði fundarstjóri; eru hér önnur sjónarmið? Aðalatriðið hlýtur að vera að fundarmenn heyri öll sjónarmið í málum og geti svo tekið ákvörðun hvernig þeir greiða atkvæði. Tilgangurinn með svona samkomum er jú fyrst og fremst að taka ákvarðanir.

En þeir sem fylgjast með umfjöllun fjölmiðla af vettvangi stjórn mála sjá annað fyrirkomulag. Minnihluti og meirihluti takast á og keppnin snýst oft um að gera sem minnst úr þeim sem hafa aðrar skoðanir en þau sem hafa orðið.

Við á kirkjuþingi höfum eins og fólk í stjórn málum ólíkar skoðanir. Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson sagði á s.l. leikmannastefnu að það væri skrýtin kirkja sem ekki væri rifist í. Ég ætla hvorki að taka undir þá skoðun né andmæla henni en velta því upp að það skipti máli hvernig er rifist. Á þeim árum sem ég hef setið á kirkjuþingi hef ég ekki hitt einn einasta kirkjuþingsmann sem ekki hefur einlægan áhuga á hagsmunum þjóðkirkjunnar. Það er mín skoðun að það sé hollt að hlusta á sjónarmið fólks sem hefur slíkan áhuga, jafnvel þó maður sé þeim ekki sammála.

Í okkar samfélagi er ekki mjög algengt að hlusta á ólík sjónarmið og það jafnvel talið vera skortur á stefnufestu að breyta um skoðun ef rök í umræðu benda á nýjar leiðir.

Hinn mikli meistari Sufista Ibn Arabi sagði að hvert og eitt okkar væru holdgerving einhverra eiginleika eða kjarna Guðs. Eða eins og ég skil hann, einhvers hinna leyndu nafna Guðs. Ef það er rétt, er þá ekki skynsamlegt að hlusta eftir því hvað hver birtingarmynd Guðs hefur að segja?

Það er hættulegt að efast aldrei um eigin sannfæringu. Maðurinn hefur framið sín verstu verk í fullkominni sannfæringu, og stundum þau allra skelfilegustu ef hann hefur trúað því að hann væri að framkvæma vilja Guðs.

Mannskepnan er flókin vera og margvísleg. Í hverju okkar býr eitthvað fallett og gott en eins eitthvað lakara. Við komum stundum sjálfum okkur á óvart sem þá þýðir að við þekkjum okkur sjálf ekki fullkomlega. Það hefur okkur lengi verið ljóst enda þekkjum við leiðbeininguna frá forngrikkjum, þekktu sjálfan þig. Það má halda því fram að við þekkjum annað fólk jafnvel minna en okkur sjálf. Enda er það nokkuð vandasamt að þekkjja fólk, þessar margbrotnu verur, sem hver og ein er einhverskonar birtingarmynd Guðs. Sköpuð í Guðsmynd en hvert og eitt ekki nema brot af hans mynd..

Nú á tímum kommentakerfa og samfélagsmiðla er áberandi hvað margir eru fljótir að dæma annað fólk bæði einstaklinga, hópa og jafnvel heilu samfélögin. Já dæma aðra of oft hart jafnvel þó að þekking þeirra á þeim sem þau dæma sé ekki meiri en hægt væri að handskrifa á eldspítustokk.

Þessi háttur að afgreiða fólk út af borðinu, hlusta ekki á önnur sjónarmið og alls ekki á skoðanir og hugmyndir þeirra sem á einhvern hátt eru okkur ekki að skapi er vondur siður og hættulegur. Fólk hlustar einkum á þá sem eru sammála þeim. Facebook vinir fólks eru gjarnan líklegir til að hafa svipaðar skoðanir. Eftir kosningarnar í síðasta mánuði bað þjóðþekktur karlmaður alla sem höfðu kosið tiltekinn flokk um að slíta samskiptum við sig hið snarasta. Hann vildi ekkert heyra af eða vita um slíka vitleysinga.

Við sjáum að ef einhverjum verður á, þá er sú eða sá hálfpartinn gerður útlægur. Fólk og fyrirtæki slíta samskiptum við hinn seka eða oft meintan seka og á viðkomandi er ekki hlustað meira. Hún eða hann er bara vond manneskja og það borgar sig ekki að hlusta á eða eiga samskipti við þá persónu meir. Þetta gengur jafnvel svo langt að það verður samkeppni um að úthrópa einstakling, finna honum allt til foráttu, koma honum burt. Stundum heggur einnig sá sem hlífa skyldi. Er þetta í lagi. Er þetta kristinn siður? Er 8. kafli Jóhannesarguðsspjalls gleymdur?

Í ár minnumst við þess að 500 ár eru síðan Lúter negldi tesurnar 95 á kirkjudyrnar í Wittenberg. Þetta var upphaf siðbótarinnar. Það er óumdeilt að hugmyndir Lúters hafa haft mikil áhrif. Ekki aðeins á kirkju og kristni heldur á vestræn samfélög. Það er líklegt að við séum sammála um að Lúter hafi verið mikilsverð persóna. En það er ekki allt geðslegt sem eftir Lúter er haft.

Hefði heimurinn orðið betri ef fólk hefði slökkt á Lúter í framhaldi af því sem hann sagði um Gyðinga? Brennt öll hans skrif, hætt að lesa hann og já hent honum út af Facebook?

Nú á tímum virðist lítið þurfa til að "slökkva á fólk". Ásakanir um eitthvað misjafnt eða aðeins rangar skoðanir virðast jafnvel nægja til að einstaklingur sé afgreiddur, dæmdur úr leik á vettvangi samfélagsmiðla, í kommentakerfum og svo í fjölmiðlum sem flytja fréttir af því sem sagt var á Facebook. Væri hlustað á Lúter ef hann væri uppi á okkar tímum, eða hefði verið slökkt á honum og hann úthrópaður gyðingahatari?

Það er gott að hafa háleit markmið um siðferði og vandaða framkomu. Það er ekki gagnrýnt hér. En sjálfsagt er að minna á að sá mælikvarði sem við notum til að dæma aðra er sá mælikvarði sem við ættum að nota til að vega og meta eigin frammistöðu. Ef við viljum að okkur sé sýnt umburðarlyndi þá skulum við byrja á því að sýna öðrum umburðarlyndi.

Okkur skortir öll dýrd Guðs en öll erum við vitnisburður um einhvern örlítinn hluta af dýrd hans. Sköpuð í hans mynd þó aðeins sé það lítill hluti hans myndar. Það að vanvirða annað fólk og koma illa fram við það þýðir að við vanvirðum þá birtingamynd Guðs sem það fólk er.

Kjarni flestra helstu trúarbragða mannkyns er samúð, samlíðan. Þau trúarbrögð kenna flest Gullnu regluna. Og auðvitað er það kjarni kristninnar að koma fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur. Gullna reglan er án efa besta mótefni við þeirri tilhneigingu að afgreiða fólk með niðurlægjandi hætti. Hún er hornsteinn góðra samskipta, lykill að farsælu samstarfi. Gullna reglan er í raun það hornmát sem við ættum að nota í öllum okkar gjörðum.

Karen Armstrong er rithöfundur sem þið sjálfsagt þekkið flest. Hún hefur skrifað á þriðja tug bóka um trú og trúarbrögð og haldið fyrirlestra um allan heim. Karen Armstrong hefur hlotnast margvíslegur heiður fyrir skrif sín sem eru mikils metin, ekki aðeins af kristnu fólki heldur einnig gyðingum og múslimum. Fjöldi virðulegra stofnana hafa veitt henni viðurkenningu s.s. heiðursdoktorsnafnbót

Karen Armstrong hafði forgöngu um áhugavert verkefni sem er nefnt Charter for Compassion. Tilgangurinn er að fá fólk til að sýna samúð og umgangast alla samkvæmt gullnu reglunni. Það hafa margir tekið undir með henni og gengið til liðs við verkefnið. Í dag eru starfandi hópar í 50 löndum sem sinna þessu verkefni. Í þessum hópum er fjöldi fólks sem er af ólíkum menningarsvæðum og af mismunandi trúarbrögðum. Það sem sameinar áhuga þeirra á málefni er sú skoðun að þetta sé besta leiðin til að gera heiminn betri. Að hvetja fólk til að temja sér samúð og umburðarlyndi sé einföld en áhrifarík leið til að breyta heiminum.

Væri þetta ekki ágæt hugmynd inn í íslenskt samfélag? Hvort sem við myndum vilja tengjast þessu tiltekna verkefni eða ekki þá finnst mér hugmyndin spennandi og af þessu fólki má læra. Getur verið að búið sé að draga svo mikið úr kennslu í kristinfræði og áhugi á trúarbrögðum það mikið á undanhaldi að fólk muni ekki sérstaklega eftir gullnu reglunni? Sumir segja að ein elsta ritaða heimildin um gullnu regluna sé að finna í skrifum Konfúsíusar fimm öldum fyrir Krist. Aðrir vísa til heimilda um að reglan hafi verið þekkt hjá forn Egyptum. Við vitum að Gyðingar þekktu gullnu regluna og við lærðum sennilega flest um hana í kristinfræðitímum og í sunnudagaskóla í barnæsku. M.ö.o. gullna reglan hefur verið þekkt mjög lengi, hjá mörgum þjóðum. En eitt er að þekkja og vita, annað er að gera. Trúarbrögð, þar með talin okkar, eru meira og meira að verða hugmyndafræðilegt samtal frekar en skuldbinding um tiltekna breytni. Gott að kunna betra að gera.

Ég held að flest okkar séum þeirrar skoðunar að við höfum gott af því að vera minnt á þá góðu leiðsögn sem við fáum í messu, þegar við lesum biblíuna, eða eigum samfélag við gott fólk. Væri okkur ekki öllum holt að vera oftast minnt á gullnu regluna og það að samúð og umburðarlyndi eru lykill að góðu samfélagi, hornsteinn góðra samskipta. Það þarf æfingu og ástundun til að temja sér nýja síði eða bæta breytni sína.

Getum við bætt örlítið íslenskt samfélag með því að fara í átak um að minna fólk á að, Allt sem þér viljið að aðrir menn geri yður, það skuluð þér og þeim gera. Væri það verðugt verkefni fyrir hina íslensku þjóðkirkju að hafa forgöngu um? Fá fleiri til að vera með. Leggja upp í leiðangur til að tryggja að fólk þekki regluna, væri minnt á hana reglulega og fengi tækifæri til að vera liðsmenn í slíkri vegferð. Væri áhugavert að innleiða "Charter for compassion" á Íslandi! Einhverskonar samkomulag um samúð og umburðarlyndi. Hafa þetta einfalt og setja hugmyndina fram af auðmýkt.

Það eru 18 mál á dagskrá þessa kirkjupings. Sum þeirra jafnvel gamlir kunningjar. Fjórða mál kirkjupings er tillaga að frumvarpi um ný þjóðkirkjulög. Það hefur t.d. verið á dagskrá kirkjupings frá því áður en mörg okkar vorum fyrst kosin á kirkjuping.

Að lokum vil ég þakka öllu því frábæra fólki sem hefur undirbúið þetta þing. Sérstaklega starfsfólki biskupsstofu og kirkjuráðs, starfsfólki garðasóknar og svo auðvitað öllum kirkjupingsfulltrúum sem hafa komið að undirbúningnum.

Ég vona að við eigum gott og uppbyggilegt samtal á þessu þingi. Komumst að niðurstöðu sem er góð sátt um, kirkju og kristni til heilla.

Takk fyrir.

# Kirkjuþing 2017

## Ávarp dómsmálaráðherra, Sigríðar Á. Andersen

Það er mér sönn ánægja að fá tækifæri til þess að taka þátt í Kirkjuþingi í ár með því að ávarpa þingið við setningu þess. Þegar mér barst ósk um þátttöku mína hér leit ekki endilega út fyrir að ég myndi eiga þess kost að koma hingað í krafti þess embættis sem ég hef gegnt frá því í upphafi árs. Ástæðuna þekkið þið. Það er svo sannarlega ekki innhaldslaus frasi að „vika sé langur tími í pólitík“. Það eru orðið dagarnir sem geta skipt sköpum. Í tilfelli sumra stjórnámálanna jafnvel næturnar. Við stjórnálmálemenn höfum boðskap guðspjallamannsins Matteusar í hávegum og látum hverjum degi nægja sína þjáningu.

Gallinn við þessa annars ágætu núvitund er að áætlanir til langs tíma eða fyrirheit geta fuðrað upp á augabragði. Það er ekki til velfarnaðar fallið í jafnvel einfaldasta fyrirtækjarestri. Í efnahagslífi þjóðar er það alveg afleitt. Öll erum við sífellt að taka ákvarðanir í leik og starfi, ákvarðanir sem taka mið af ákvörðunum annarra, af löggjöf, af samkomulagi sem við höfum gert við aðra o.s.frv. Í þessu sambandi verða menn að geta séð lengra fram í tímann en eina viku og menn verða að geta treyst því að ákvarðanir sem hafa verið teknar af þar til bærum aðilum standi, að lögum sé framfylgt og að samningar haldi. Íslenska þjóðkirkjan er hér ekki undanskilin. Hún eins og aðrar stofnanir sem þjóna þorra þjóðarinnar verður að geta séð lengra fram í tímann en sem nemur hinni pólitísku viku.

Þegar ég tók við embætti dómsmálaráðherra og þar með málefnum kirkjunnar fékk ég í fangið það verkefni greiða úr áralöngum ágreiningi ríkis og kirkju um fjárveitingar ríkisins. Sem þingmaður í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis kannaðist ég vissulega við afstöðu kirkjunnar til lögbundinna sóknargjalda sem ekki hafa hækkað undanfarin ár. Kirkjujarðasamkomulagið og málavexti í tengslum við vanefndir ríkisins á því þekkti ég bara af afspurn. Það kom mér á óvart hversu víðtækt samkomulagið er og að mínu mati óþarflega flókið. Mér varð það hins vegar strax ljóst að ágreining ríkis og kirkju þyrfti að jafna hið fyrsta. Ég ætla í stuttu máli að gera grein fyrir þessum ágreiningi eins og hann blasir við mér.

### **Samningaviðræður um fjárframlög til þjóðkirkjunnar.**

Kirkjujarðasamkomulagið frá 1997 og viðbótarsamningur frá 1998 marka skyldu ríkisins til að greiða til þjóðkirkjunnar fjárhæð sem samsvarar árslaunum ákveðins starfsmannahóps þjóðkirkjunnar. Samningarnir eru undirritaðir af fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra og hefur skyldan til að efna þá auk þess verið lögfest með lögum nr. 78/1997. Í kirkjujarðasamkomulaginu er auk þess mælt fyrir um skyldu ríkisins til að greiða til Kristnisjóðs. Þau árlegu samningsbundnu framlög sem hér um ræðir eru samtals að fjárhæð um 2.400 milljónir. Fram til ársins 2010 efndi ríkið þetta samkomulag að fullu en frá því ári hafa framlög ríkisins verið skorin niður með því að setja árlega bráðarbirgðarákvæði við áður nefnd lög. Þessi skerðing var í upphafi í góðu samkomulagi við þjóðkirkjuna sem þannig tók þátt í

þeim fjárhagslegu ráðstöfunum gripið var til í kjölfar efnahagslegra þrenginga árið 2008. Í kjölfar þeirra var ekki bara framlagið samkvæmt kirkjujarðasamningnum skert heldur voru sóknargjöld einnig skert, með bráðabirgðaákvæðum við fjárlög hverju sinni. Þessar skerðingar hafa haldið áfram fram á þennan dag.

Hvorki í fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 né fjárlögum þessa árs (eða 2018) er gert ráð fyrir þessum framlögum að fullu. Í tilviki kirkjujarðasamkomulagsins vantar um 550 milljónir króna til að ná fullum efndum og hvað sóknargjöldin varðar vantar ríflega 900 milljónir til að veða upp á móti skerðingum sem hafa átt sér stað frá 2008. Frá árinu 2015 hafa hins vegar verið samþykkt framlög í fjárukalögum til að efna kirkjujarðasamkomulagið að fullu, bæði árið 2015 og 2016. Með því hefur ríkið í reynd viðurkennt efndaskyldu sína, og hefur enda aldrei haldið öðru fram. Í tillögum dómsmálaráðuneytisins vegna fjárukalaga 2017 er svo gert ráð fyrir að enn einu sinni verði samþykkt framlag í fjárukalögum til að unnt sé að efna samninginn að fullu. Ég bendi hins vegar á það sem öllum má vera ljóst að ekkert liggur fyrir um vilja þess Alþingis sem nú er nýkosið til að samþykkja þessa tillögu.

Framlög ríkisins til kirkjunnar samkvæmt fjárlögum ársins 2017 eru ríflega 5 milljarðar króna, en næmu um 6,7 milljörðum ef öll lög- og samningsbundin framlög væru greidd út, án nokkurra skerðinga. Það er rétt að taka það skýrt fram að það sættu auðvitað fjölmörg önnur málefnasvið miklum niðurskurði í kjölfar efnahagslæggðarinnar og mörg dæmi eru um málaflokka sem enn njóta lægri framlaga úr ríkissjóði en á árunum þar á undan.

Í fimm ára fjármálaáætlun ríkisins er ekki gert ráð fyrir öðru en að framlög til kirkjunnar verði nálægt því 5 milljarða marki sem fjárlög 2017 miðuðu við. Eins og endurtekin afgreiðsla Alþingis á fjárukalögum sýnir, virðist þó flestum ljóst að sú fjárhæð er ekki fyllilega raunhæf.

Skipaðir hafa verið starfshópar til að fara yfir fjárhagsmálefni kirkjunnar og einstaka þætti þeirra. Ráðuneytisstjórar dómsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og forsætisráðuneytið hafa haft umboð, skv. samþykkt ríkisstjórnar frá 20. ágúst 2015 til að ganga til viðræðna við þjóðkirkjuna um framkvæmd og efndir kirkjujarðasamkomulagsins og önnur fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju. Þær viðræður hafa skilað drögum að einfölduðu samkomulagi, þar sem miðað væri við fastar fjárhæðir og að þjóðkirkjan hefði sem ríkast sjálfðæmi um hvernig hún ráðstafar þessum framlögum. Hins vegar hafa ráðuneytisstjórnarnir ekki haft neitt umboð til að semja um neinar aðrar fjárhæðir en eru í fjármálaáætlun. Málið hefur því í raun og veru verið í pattstöðu.

Eftir að mynduð var sú ríkisstjórn sem ég tók sæti í og dómsmálaráðuneytið sett á stofn á nýjan leik síðastliðið vor, hefur verið unnið að því að móta nýtt samningsumboð fyrir þennan ráðuneytisstjórahóp. Að minni ósk voru málefni þjóðkirkjunnar tekin fyrir í ráðherranefnd um ríkisfjármál í sumarbyrjun. Ég var orðin vongóð um að nauðsynleg pólitísk samstaða gæti náðst um ásættanlegan samningsgrundvöll þegar ákveðið var að slíta ríkisstjórnarsamstarfinu nú á haustmánuðum.

Það verður að ráðast á næstu vikum hvort ný ríkisstjórn ber gæfu til að móta samningsgrundvöll fyrir fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju til næstu ára. Afstaða mín til þessa er skýr. Bæði ríki og kirkja þurfa á því að halda að fjármálaáætlun til fimm ára og fjárlög hvers árs endurspegli raunveruleg útgjöld ríkisins vegna kirkjunnar. Ég mun leggja áherslu á að kirkjujarðasamkomulagið verði einfaldað með nýjum viðbótarsamningi og fjárhæð sóknargjalda fest til lengri tíma.

Góðir þingfulltrúar.

Ég sé að á dagskrá þessa kirkjuþings verða þessi fjárhagsmálefni til umræðu en einnig mörg önnur, flest mun áhugaverðari reyndar og í það minnsta meira upplifgandi. Fyrir ykkur liggur að fjalla um til dæmis fyrirkomulag við prestskosningar, hlut kynjanna innan kirkjunnar og frumvarp til nýrrar löggjafar um þjóðkirkjunnar. Ég óska ykkur velfarnaðar í störfum á þessu kirkjuþingi. Biskupi og prestum öllum vil ég þakka ánægjuleg samskipti það sem af er mínum ferli í embætti dómsmálaráðherra. Kirkjunni óska ég allra heilla.

# Kirkjuþing 2017

## Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Dómsmálaráðherra Sigríður Á. Andersen, forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskupar, tónlistarfolk, góðir gestir.

Saga hvers manns er hluti af ákveðnu samhengi og þannig er því einnig varið með sögu kirkjunnar hér í heimi. Það sem var hefur áhrif á það sem er sem svo aftur hefur áhrif á það sem verður.

Á þessu mikla afmælisári siðbótarinnar höfum við rækilega verið minnt á það hvernig lífsreynsla og líffsýn drengsins sem fæddist í Eisleben fyrir réttum 534 árum hafði áhrif á kirkju okkar og menningu. Í gær var afmælisdagurinn hans og í dag er skírnaafmælisdagurinn hans.

Skírnum hefur fækkað hér á landi undanfarin ár og sú er einnig raunin í nágrannalöndum okkar. Ég fagna áfangaskýrslu starfshóps um skírninga sem hér er lögð fram og upplýsi hér með að það verður eitt af fyrstu verkefnum nýs verkefnisstjóra á fræðsluviði biskupsstofu að vinna í þessum málaflokki. Hugmyndir mínar um þá vinnu rýma algjörlega við það sem fram kemur í áfangaskýrslu hópsins.

Það er gott og reyndar nauðsynlegt í kirkju okkar þar sem fleiri en ein stofnun eða embætti eru í forsvari fyrir hana að gengið sé í takt en ekki út og suður. Öll viljum við ná árangri við boðun okkar góða erindis enda erum við viss um að það bætur mannlífið og samfélagið allt. Ég kalla eftir samtali og samstarfi til að eyða þeirri tortryggni sem ég hef orðið vör við á vettvangi kirkjunnar og heiti því að leggja mig fram um að sú vegferð verði til góðs fyrir kirkjuna og þau öll sem henni þjóna og nýta þjónustu hennar.

Það er mikið talað um lýðræði í kirkju okkar. Lýðræði byggist á því að kallað er eftir þátttöku hins almenna þjóðkirkjumanns. Ýmsar leiðir hafa verið farnar í því til að tryggja lýðræðið svo sem fjölgun þeirra er mega kjósa biskupa og til kirkjuþings. Nú er fulltrúalýðræði í kirkjunni en ég vil til dæmis sjá það að til kirkjuþings geti allir þjóðkirkjuþegnar kosið og kosning verði á sama tíma og kjör til sveitarstjórna. Þá mætti jafnvel stilla fram listum þar sem málefni eru í fyrirrúmi en ekki einstaklingar. Ég tel slíkt fyrirkomulag tilraunarinnar virði. Fyrirmyndir þessa höfum við frá öðrum löndum, t.d. Noregi.

Það hefur verið ánægjulegt að sjá þann mikla auð sem býr í kirkjuþingi, sögu og menningu okkar á þessu mikla afmælisári siðbótarinnar. Listgreinar, útgáfa, fræðsluþættir, prestastefna, leikmannastefna og fleira mætti telja. Ég vil þakka afmælisnefndinni sem skipuð var fyrir tæpum 5 árum sem og öðrum sem hafa lagt hönd á plóg og bið þess að árangur megi skila sér til eflingar guðs kristni í landinu.

Það segir eitthvað um mun á stjórnskipulagi okkar þjóðkirkju og þeirri dönsku að þjóðþingið, ríkisstjórnin og drottningin minnstust siðbótarinnar með hátíðardagskrá í Kristjánborg og hátíðartónleikum í beinni útsendingu í sjónvarpi á siðbótardaginn. Biskupum var



boðið til þeirrar hátíðar. Kaupmannahafnarbiskup messaði einnig í dómkirkjunni þennan dag og það var ánægjulegt að sjá fulla kirkju á þriðjudegi kl. 16 við þá athöfn. Þrátt fyrir allt tal um fækkun félaga í dönsku þjóðkirkjunni tóku margir þátt á þessum óvenjulega messutíma.

Auk minningar síðbótarinnar stendur upp úr öllu því mikla og góða starfi þjóðkirkjunnar og þjónustu hennar um landið allt, ráðstefna Alkirkjuráðsins um réttlátan frið við jörðina sem fram fór í samvinnu við þjóðkirkjuna, í síðasta mánuði. Þetta var í fyrsta skipti sem slík umhverfisráðstefna er haldin hér á landi. Fulltrúar þeirrar ráðstefnu tóku einnig þátt í ráðstefnu hringborðs norðurslóða, Artic Circle þar sem aðalræðumaðurinn var hans heilagleiki Bartholomew I leiðtogi grísk-orþódoxu kirkjunnar, annarrar stærstu kirkjudeildar heims á eftir rómversk kapólsku kirkjunni.

Eins og kunnugt er er Alkirkjuráðið, *World Council of Churches*, sem stofnað var árið 1948, samtök margra kristinna kirkjudeilda og var íslenska þjóðkirkjan einn af stofnaðilunum. Margir lögðu hönd á plóg við undirbúning ráðstefnunnar og framkvæmd hennar, bæði hérlendis og erlendis og þakka ég þeim öllum fyrir framlag þeirra og góða samvinnu.

Þjóðkirkjan beinir sjónum sínum að umhverfismálum og er tímaskeiðið frá 1. sept. til 4. okt. helgað sköpunarverkinu, nú í ár í fyrsta sinn. Kristnar kirkjur víða um heim gera slíkt hið sama og lyfta upp þessu nauðsynjamáli til áframhaldandi lífs á jörðinni og nefna fyrrnefnt tímaskeið *Season of Creation*. Markmiðið er að umhverfisstarfið tvinnist inn í daglega starfsemi. Í bréfi sem ég sendi út til safnaðanna í landinu hvatti ég til athafna í hverjum söfnuði og tel æskilegt að söfnuðir kirkjunnar sækist eftir vottun Umhverfisstofnunar á starfsemi sinni. Jafnframt sagði ég: „Gríska orðið kairós, sem er þekkt úr biblíulegu samhengi, hefur verið notað í samtímanum um farsælan viðsnúning í hugsunarhætti og veigamikil framfaraskref. Ég tel að stund sannleikans sé runnin upp í umhverfismálum. Heimsbyggðin skynjar nú sem aldrei fyrr nauðsyn þess að hlúa að jörðinni og sérstaklega því að snúa við og draga úr ofhlýnun jarðarinnar. Næstu 5-10 ár munu skipta sköpum um það hvort mannkyn nái markmiðum Parísarsamkomulagsins, svo að hlýnunin fari ekki yfir 2°C. Gerist það ekki, verða afleiðingarnar skelfilegar fyrir mannkyn og lífríkið allt. Nú þurfa orð að verða að verkum og þar getur kirkjan skipt sköpum.“

Unga fólkið er með puttann á púlsinum og minnir okkur kirkjunnar fólk á umhverfismálin í einu þingmáli sínu í vor þegar þau samþykktu tillögu um að bætt verði við umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar að „einnota plastmálum verði útrýmt úr safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árið 2019.“ Kirkjubing unga fólksins hvatti einnig „umhverfisnefnd Biskupsstofu að brýna fyrir söfnuðum kirkjunnar að hætta notkun einnota plastmála þegar í stað og hvetja söfnuði einnig að draga úr notkun annarra einnota umbúða með það að markmiði að útrýma notkun einnota plastmála úr safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árið 2020.“

Á ráðstefnunni um réttlátan frið við jörðina var samþykkt ályktun sem allir viðstaddir þátttakendur skrifuðu undir í Þingvallakirkju. Þar segir m.a.: „Við hvetjum kirkjur til að notast við þeirra eigið tungutak, hið ósvikna biblíumál, og hefðir til að efla vitund, hvetja til aðgerða og búa að sjálfbærni í kirkju og samfélagi. Við hvetjum til þess að kirkjur beiti sér með virkum hætti í að boða eflingu og skipulagningu sjálfbærri breytni á öllum stigum, allt frá hinu staðbundna samhengi safnaðarins og allt að landsvísu. Og við fögnum því þegar kirkjur og kirkjulegar stofnanir ákveða að beina fjármunum sínum frá iðnaði sem er umhverfislega ósjálfbær.“

Kirkjurnar þjóna sem fulltrúar fyrir gríðarlegan fjölda fólks og samfélaga. Í því ljósi búum við yfir miklum möguleikum í krafti tengslanets okkar á milli sem og sambanda við félaga

okkar sem tilheyra öðrum trúarbrögðum. Við ættum að beita öllum tiltækum leiðum, samskiptamætti okkar þar með töldum, bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi, til að virkja þessa möguleika.“ Lokaorð yfirlýsingarinnar hljóða þannig: „Ráðstefnan aðhlyllist þá hinu sömu sýn á að manneskjan blómgist og dafni sem lýst er í Opinberunarbók Jóhannesar (22.2): „Beggja vegna móðunnar var lífsins tré sem ber tólf sinnum ávöxt. Í hverjum mánuði ber það ávöxt sinn. Blöð trésins eru til lækningar þjóðunum. Lát oss endurnýja og helga tengsl okkar við náttúruna til líknar þjóðunum og heiminum.“

Kirkjur heimsins hafa það hlutverk að koma fagnaðarerindi Jesú Krists áfram til samferðafólks og tryggja að það berist áfram til næstu kynslóða. Í viðtali við Ólaf Ragnar Grímsson fyrrverandi forseta Íslands ræðir hann um alþjóðleg samskipti og reynslu hans af þeim. Hann segir að þar sé fyrst og fremst spurt hvort viðkomandi hafi eitthvað fram að færa sem skiptir aðra máli? Hefurðu einhverja reynslu eða þekkingu sem aðrir geta nýtt? Á 20. öldinni má segja að efnahagslegur styrkur, hernaðarstyrkur og stærð hafi skipt máli. En á 21. öldinni skiptir fyrst og fremst máli í hverju þú ert góður. Hvaða þekkingu og reynslu hefur þú yfir að ráða sem getur reynst öðrum vel? Sérstaklega í veröld þar sem upplýsingakerfi heimsins hefur breyst með þeim hætti að þú getur lært af hverjum sem er í veröldinni, hvar sem þú ert í veröldinni.“

Kirkjur heimsins hafa margt fram að færa í umhverfismálum og öðrum málum er einstaklingar og þjóðfélög heimsins glíma við. Eitt af því sem nútíminn kallar eftir er rödd kirkjunnar í siðferðismálum. Hvað er siðferðilega rétt og hvað er réttlæt看legt. Í mínum huga er munur á þessum hugtökum siðferðilega rétt og réttlæt看legt. Alþekkt er í hraða nútímans að við lesum fyrirsagnir og það sem er dregið út úr texta til að við tökum betur eftir því. Það er líka þekkt að fyrirsagnir eru ekki alltaf hárréttar miðað við innihaldið. Það kann að vera réttlæt看legt að skauta fram hjá því sem er siðferðilega rétt ef það er í þágu almennings. Ef það bætir líf einstaklinga og betrubætir samfélög. Daglega tekst homo sapiens á við siðferðilegar spurningar. En hvort hann eða hún deilir því með öðrum, vekur athygli á því sem hugurinn geymir í þeim efnum eða heldur því fyrir sjálfan sig, sjálfa sig er matsatriði hverju sinni. Þá getur hugtakið réttlæt看legt skipt máli þegar sú ákvörðun er tekin. Það er ekki sjálfgefið að einkamál fólks séu á borð borin þó persónulegum málum sé hægt að deila með öðrum. Nú um stundir er mikið tekist á um það hvort einkamál eigi að vera á borð borin fyrir fjöldann og þá í þeim tilgangi að bæta það sem fyrir er. Það kann að vera réttlæt看legt að aðrir upplýsi um einkamál annarra þó það sé ekki siðferðilega rétt. Á þessu er munur.

Orð Páls heitins Skúlasonar fyrrverandi rektors H.Í. eru mér til umhugsunar þessa dagana er hann sagði við útskrift háskólanema vorið 2004: „Hvernig yrði mannlífinu háttað, ef við hættum að leita þekkingar og skilnings og skeyttum ekki lengur um rétt og rangt í samskiptum okkar? Ég er hræddur um að það yrði á skammri stundu óbærilegt. Mannleg skynsemi yrði úr sögunni, því skynsemin er einmitt fólgin í viðleitni til að sjá hvað er satt og gera það sem er rétt. Og ef við hættum því, munu samskipti okkar einkennast af ofbeldi sem eyðileggur lífsskilyrði okkar og lífsmöguleika. Þess vegna hljótum við sífellt að reyna að hugsa og breyta af skynsemi þótt ekki takist það alltaf sem skyldi.“

Ég þakka gestgjöfum okkar hér í Vídalínskirkju fyrir afnotin af kirkju og safnaðarheimili, þeim sem undirbúið hafa þingið og þeim sem hér hafa flutt okkur boðskap í tali og tónum. Góður Guði blessi okkur og leiði í þjónustunni í kirkju hans.

# Kirkjuþing unga fólksins 2018

## *Berglind Hönnudóttir*

Kirkjuþing unga fólksins – KUF kom saman á Biskupsstofu þann 26. maí 2018. Kirkjuþingsfulltrúar voru 13 talsins frá sjö prófastsdæmum ásamt fulltrúa frá KFUM/K.

Berglind Hönnudóttir úr Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra var kjörinn forseti þingsins og hún var jafnframt kjörin áheyrnarfulltrúi á kirkjuþingi hinu almenna.

Átta mál lágu fyrir þinginu að þessu sinni, breytingar á starfsreglum voru ofarlega í huga kirkjuþingsfulltrúanna. Kirkjuþing unga fólksins lætur sig varða umhverfismál og hvetur kirkjuna til að vera ávallt leiðandi á þeim vettvangi.

### **Málaskrá KUF 2018**

#### ***Kirkjuþing unga fólksins um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn***

Kirkjuþing unga fólksins fagnar ákvörðun hins almenna kirkjuþings að styrkja og efla þátttöku ungs fólks í stjórnslu kirkjunnar. Það er mikilvægt skref til að styrkja stöðu unga fólksins innan þjóðkirkjunnar og hvetja þau áfram í starfi, sem og að styrkja framtíð kirkjunnar. Eins og margoft hefur verið sagt er unga fólkið framtíðin og þess vegna þykir okkur mikilvægt að fá að taka þátt í að móta framtíðarstefnu kirkjunnar okkar. Við hlökkum til að sjá þær tillögur að breytingum á starfsreglum sem biskupi Íslands, forsætisnefnd kirkjuþings og kirkjuráði var fengið að móta og leggja fram á kirkjuþingi 2018.

#### ***Kirkjuþing unga fólksins um aðskilnað ríkis og kirkju***

Kirkjuþing unga fólksins ályktar svo að frekari aðgerðir þjóðkirkjunnar eigi að stuðla að aðskilnaði ríkis og kirkju. Kirkjan hefur engin raunveruleg not fyrir það að vera bundin ríkisvaldinu. Kirkjan á að sjá um sinn söfnuð á eigin spýtur og mál kirkjunnar ættu að vera mál kirkjunnar, eingöngu.

#### ***Umhverfismál kirkjunnar***

Á hinu almenna kirkjuþingi 2017 var samþykkt að „útrýma einnota plastmálum úr safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árslok 2018.“ Þá beinir Kirkjuþing unga fólksins því til hins almenna kirkjuþings, og kirkjuráðs eftir því sem við á, að setja starfsreglur svo tryggja megi eftirfylgni þeirra samþykktar kirkjuþings 2017.

#### ***Pappírslaust kirkjuþing***

Kirkjuþing unga fólksins hvetur hið almenna kirkjuþing að gerast pappírslaust. Pappírslaust kirkjuþing hefur um tíma verið hugsjón fyrir framtíð kirkjuþings. Kirkjuþing unga fólksins hefur

nú þegar verið haldið pappírslaut frá árinu 2015 og ætti hið almenna kirkjuþing að gera það einnig. Kirkjan hefur undanfarið verið að leggja meiri áherslu á umhverfismál og væri þetta áhrifamikil leið fyrir kirkjuþing að setja gott fordæmi. Tækninni fer fram og sífelldu auðveldara verður að skrifa og ná í skjöl í gegnum netið, þessi breyting er því orðin vel framkvæmanleg og tímabært að kirkjuþing taki þá afgerandi afstöðu að verða pappírslaut.

### ***Tillögur að breytingum á starfsreglum***

Kirkjuþing unga fólksins samþykkti tillögur um breytingu á starfsreglum er varða þingsköp, skipan og fjölda fulltrúa milli prófastsdæma og lengingu á kirkjuþingi unga fólksins í tveggja daga þing yfir helgi.

# Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar

*Marinó Þorsteinsson*

31. Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar var haldin í Hjallakirkju í Kópavogi þann 2. september 2017. Stutt samantekt á því helsta sem gerðist, en fundargerð má lesa á kirkjuvefnum.

1. Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir setti stefnuna. Hún fór með bæn og flutti síðan ávarp.
2. Formaður leikmannaráðs, Marinó Þorsteinsson, flutti skýrslu ráðsins og greindi frá reikningum. Var hvoru tveggja samþykkt.
3. Aðal fundarefni stefnunnar voru fimm:

**I Lúther og leikmaðurinn.**

*Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur Reykjavíkurprófestsdæmis eystra, sagði frá breyttri stöðu kirkjunnar og leikmannsins í nútímanum.*

**II Nýja sálmabókin, sálmabókarnefnd.**

*Guðný Einarsdóttir, ritari nefndarinnar, sagði frá stöðu útgáfunnar*

**III Sóknargjöldin og staða sókna. Einar Karl Haraldsson, kirkjuþingsmaður, fjallaði um skerðingu sóknargjalda og áhrif hennar á rekstur safnaða og trúfélaga.**

**IV Prentverk framtíðarinnar.**

*Þorvarður Goði, verkefnastjóri á biskupsstofu, ræddi um möguleika þjóðkirkjunnar á að koma sínum boðskap á framfæri með nútímatækni.*

**V Stoppleikhópurinn.**

*Kynning á leikritinu „Um manninn Lúther“.*

4. Kosningar Marinó Þorsteinsson og Reynir Sveinsson voru endurkjörnir aðalmenn og Ágúst Victorsson varamaður. Skoðunarmaður reikninga var kjörinn Bergur Torfason.
5. Biskup sleit stefnunni í Biskupsgarði, en hana sátu 45 fulltrúar og gestir.
6. Ályktun og önnur mál.

Í framhaldi af erindi Einars Karls Haraldssonar var lögð fram eftirfarandi ályktun:

**Sjö ára skerðingartímabili sóknargjalda hlýtur að ljúka í haust**

Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar, haldin í safnaðarheimili Hjallakirkju 2. september 2017, beinir því til Alþingis að fara að lögum um sóknargjöld nr. 91 frá 1987. Skerðing sóknargjalda til trúfélaga nemur nú um 1,1 milljarði króna á ári og er uppsöfnuð um sjö milljarðar króna frá 2008. Skerðingin hefur valdið umtalsverðum búsifjum í rekstri safnaða og trúfélaga. Rannsókn á viðhaldspörf eigna Þjóðkirkjusafnaða, hefur meðal annars leitt í ljós að innan við helmingi hennar er sinnt að því er ætla má. Þar er að grafa um sig mikill framtíðarvandi þar sem uppsöfnuð viðhaldspörf er metin á um tvo milljarða króna miðað við sl. ár.

Í sjö ár samfellt hefur Alþingi árlega vikið til hliðar lögbundnum útreikningi á hlutdeild

í tekjuskatti sem ætlaður er til trúfélaga og lífskoðunarfélaga og þannig framkallað umtalsverða lækun á sóknargjöldum. Í þremur skýrslum sem gerðar hafa verið á vegum þriggja innanríkisráðherra hefur verið leitt í ljós að eftir bankahrun og hremmingar í efnahagsmálum 2008, hafi sóknargjöld verið skert um 25% umfram það sem undirstofnanir innanríkisráðuneytisins máttu þola eftir hrúnið.

Lög um sóknargjöld eru með þeim hætti að gert er ráð fyrir að trúfélög og lífskoðunarfélög gangi í gegnum þrengingar eins og gerist og gengur hjá landsmönnum og njóti þess síðan er vel gengur í efnahagslífi. Viðmiðið er raunhækkun meðaltekjuskattsstofns milli ára en rökstuðningur fyrir nauðsyn þess að víkja frá þessum mælikvarða hefur skort. Af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur því að vísu verið haldið fram að „afráðið“ hafi verið eftir hrun að lækka „umtalsvert“ framlög til trúfélaga. Hvergi er þó að finna í ráðuneytum stafkrók um það hver og hvar og með hvaða rökum þetta var afráðið.

Árin 2013 og 2014 hófst framkvæmd áætlunar um að rétta við sóknargjöldin á fjórum árum. Við afgreiðslu fjárlaga árið 2015 var hún stöðvuð og þess krafist af hálfu þáverandi innanríkisráðherra að fram færi heildarendurskoðun á fjárhagslegum samskiptum ríkis og kirkju, þar með talið á sóknargjöldum. Var til þess sett nefnd ráðuneytisstjóra á vegum ríkisins. Ekkert bólar á niðurstöðu þótt meirihluti fjárlaganefndar hafi lagt áherslu á það síðastliðið vor að hún lægi fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2018.

Í ljósi þessa telur Leikmannastefna einsýnt að Alþingi hljóti að sjá sóma sinn í því að virkja lögin um sóknargjöld að nýju í sínu eiginlega formi. Sjö ára skerðingartímabili hlýtur að ljúka í haust.

Leikmannastefna samþykkir að skipa þriggja fulltrúa nefnd úr sínum hópi til þess að eiga viðræður við fjárlaganefnd, fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra um nauðsyn þess að sóknargjöld fái að vera óskert á næstu árum.

Ályktun var samþykkt samhljóða.

**Kosnir voru í nefndina:**

Marínó Þorsteinsson, Dómkirkjusókn  
Einar Karl Haraldsson, Hallgrímssókn.

Inga Rún Ólafsdóttir, Breiðholtssókn

**Til vara:**

Kristján Guðmundsson, Ássókn

Gunnar Þór Ásgeirsson, Dómkirkjusókn.

# Vígslubiskup Skálholtsstiftis

*Kristján Valur Ingólfsson*

*Breiðist Guð þín blessun yfir  
byggðir þessa kalda lands,  
svo að smáfræ sérhvert vaxi  
signt af voryl gróandans!  
Vertu, Drottinn, skógum skjól,  
skryðast láttu grund og hól!*

*Valdimar Valvesson Snævarr*

Margt gott gerðist í Skálholtsumdæmi á því ári sem þessi annáll árbókarinnar miðast við. Þar er þó augljóslega tvennt sem hæst ber: Minning siðbótarinnar og kjör nýs vígslubiskups í Skálholtsumdæmi. Þar sem hið síðarnefnda snertir persónu annálsritarans umfram annað vil ég færa nýjum biskupi í Skálholti séra Kristjáni Björnssyni heilla- og hamingjuóskir á þessum vettvangi. Megi Guð leiða hann og blessa í þjónustu hans og einkalífi. Mér er í mun að taka sérstaklega fram hversu mikils virði það er að geta sagt um þann sem tekur við keflinu: Ég treysti honum vel!

Mér þykir jafnframt nauðsynlegt að undirstrika þakklæti mitt fyrir þann viðbótartíma sem ég fékk til að sinna þjónustu í Skálholti og Skálholtsumdæmi, og legg því alveg til hliðar allar athugasemdir varðandi kjör vígslubiskups í Skálholti að þessu sinni, en vona til Guðs að eitthvað þessu líkt verði aldrei örlög þeirra sem gefa kost á sér til embættis. Því að auðvitað var þetta langverst fyrir þá sem voru í kjöri.

## Vísitasíur

Við Þorbjörn Hlynur lukum vísitasíu hins víðlenda Vesturlandsprófastdæmis að mestu í júní 2017 eins og vísað var til í síðustu árbók, og að öllu leyti tæpu ári síðar. Þar með lauk þeim þætti starfa minna undanfarin ár sem ég alltaf hlakkaði mest til, og mun sakna mest.

Ég vil með þessum línunum þakka próföstum og prestum, organistum, meðhjálpurum, kirkjuvörðum, kórsöngvurum, sóknarnefndarfólki, grafartökumönnum og kirkjugarðsvörðum, starfsfólki öllu og söfnuðum í Skálholtsumdæmi fyrir móttökurnar og samstarfið á liðnum árum. Guð blessi störf ykkar og þjónustu við Guðs kristni í landinu.

## Skálholt

Á starfsárinu var lokið við gerð nýs deiliskipulags fyrir Skálholtsstað og Skálholtsjörðina alla. Landslagsarkitektastofan Landslag gerði deiliskipulagið ([www.landslag.is](http://www.landslag.is)). Svo skemmtilega vill

til að Reynir Vilhjálmsson, landslagsarkitekt, sem stofnaði stofuna gerði sitt lokaverkefni í námi í Danmörku árið 1961 einmitt um Skálholt, og hefur haldið góðum tengslum við staðinn síðan, og verið lykilmáður í mótun staðarins alla tíð, eins og líka arkitektinn Manfræð Vilhjálmsson, sem ásamt Þorvaldi S. Þorvaldssyni arkitekt, teiknaði og hannaði byggingar Skálholtsskóla. Nú eru í farvatninu hugmyndir um að breyta vígslubiskupshúsinu í þjónustuhús fyrir kirkjuna og kirkjustarfið og þann mikla fjölda ferðamanna sem staðinn sækja heim. Arkitektastofan ASK arkitektar bar sigur af hólmi í samkeppni um breytingar á húsinu og vonandi verður unnt að hrinda þeim í framkvæmd áður en langt um líður.

Viðgerð á listgluggum Gerðar Helgadóttur sem Oidtmann fyrirtækið í Linnich í Þýskalandi, sem gerði gluggana á sínum tíma, annast, gengur vel undir öruggri stjórn Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju sem hefur tryggt allan kostnað við viðgerð glugganna sjálfra í Þýskalandi. Þar eru í forsvari Jón Sigurðsson, formaður, Margrét Sigurðardóttir og sr. Hreinn Hákonarson. Á komandi hausti verður því verki lokið með góðri aðstoð Húsafriðunarnefndar, fyrirtækja og einstaklinga og Kirkjuráðs sem heimilaði verkið og hefur tryggt kostnað við nýtt hlífðargler og frágang á gluggaumgjörð meðan enn er safnað fyrir þeim kostnaði.

Um nokkurra ára skeið hefur verið unnið að stóru átaki í skógræktarmálum í Skálholti í samvinnu við Skógræktarfélag Íslands og Kolvíð. Nú liggur fyrir að þau mál verða í höfn á komandi sumri og mun verða hægt að lesa um það í annál næsta árs.

Nokkuð hefur verið rætt um mögulegan flutning bókasafns Skálholts niður úr turninum í tengslum við breytingar á biskupshúsinu. Þjörgunarsveit Biskupstungna hefur lýst sig tilbúna til að sjá um flutning bókana úr turninum og leikur enginn vafi á því að hún mun standa við það þegar sá dagur rennur upp.

## Stjórnsýsla

Margir aðilar koma að málefnum Skálholts auk biskups og kirkjuráðs sem samkvæmt lögum bera ábyrgð á starfseminni. Hér skulu þeim öllum færðar þakkir fyrir gott samstarf á starfsárinu. Þar hefur stjórn Skálholts verið öflugasti samstarfsaðili vígslubiskups, en einnig stjórn Skálholtsfélagsins, stjórn Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju, skólaráð Skálholtsskóla, stjórn Áheitasjóðs Þorláks biskups helga og stjórn Vídalínssjóðs, auk hins fasta starfsfólks Skálholts, á skrifstofu staðarins og í eldhúsi Skálholtsskóla.

## Hátíðarárið 2017

Á hátíðarárinu 2017 þegar minnst var 500 ára afmælis síðbótarinnar sem kennd er við Martin Luther í Wittenberg er einkum þrennt sem ber hæst í Skálholti. Þar ber fyrst að nefna Skálholtshátíðina. Það var ánægjulegt að Dr. Margot Käßmann, biskup, sérlegur sendifulltrúi Evangelisku kirknasamtakanna í Þýskalandi, EKD, vegna síðbótarafmælisins, hélt seminar í Skálholti laugardaginn í Skálholtshátíð í samvinnu við Prestafélag Suðurlands og flutti aðalræðuna á hátíðarsamkomu Skálholtshátíðar sunnudaginn 23. júlí 2017. Aðalræðan á Skálholtshátíð í íslenskri þýðingu er hér: <http://kvi.annal.is/?p=518&preview=true>

Annað atriði afmælisársins var málþing sem haldið var í Skálholti 22.-23. ágúst 2017 undir yfirskriftinni: *Kirkjan í kviku samfélagsins*. Þar flutti inngangserindi aðalritari Samtaka



evangelískra kirkna í Evrópu, Dr. Michael Bünker, biskup lúthersku kirkjunnar í Austurríki. Erindi hans má finna á slóðinni: <http://kvi.annall.is/2018-09-27/erindi-michael-bunker/> Aðrir sem erindi fluttu voru sr. Karl Sigurbjörnsson, biskup, dr. Hjalti Hugason kirkjusöguprófessor, sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir doktorsnemi, Ögmundur Jónasson fyrrum alþingismaður og ráðherra, Steinunn Jóhannesdóttir, rithöfundur og leikkona, og Trausti Fannar Valsson dósent í stjórnsýslurétti við lagadeild, Háskóla Íslands.

Þriðja meginatriði afmælisársins var málþing í tengslum við útgáfu hinnar íslensku þýðingar Kirkjuordinansíu Kristjáns þriðja Danakonungs frá 1537, sem samþykkt var á Íslandi í þýðingu Gissurar Einarssonar fyrsta lúterska biskupsins á Íslandi árið 1541. Titill bókarinnar er: *Siðaskiptin á Íslandi 1541-1542 og fyrstu ár siðbótar: kirkjuskipan Kristjáns III. Danakonungs, Gissur Einarsson biskup og Skálholtsstaður*. Dr. Torfi K. Stefánsson Hjaltalín bjó þýðinguna til prentunar og skrifaði formála og sérstakan kafla um Gissur biskup og fyrstu ár siðbótarinnar. Yfirskrift málþingsins var: *Kirkjuskipan Kristjáns III og upphaf siðbreytingar á Íslandi*. Það var haldið 2. september 2017, en 2. september 1537 var útgáfudagur hinnar latnesku útgáfu kirkjuskipanarinnar.

Fyrirlesarar voru Árni Daníel Júlíusson, doktor í sagnfræði, Guðrún Ása Grímsdóttir, cand. mag í miðaldasagnfræði, Þorgeir Arason M.A. í guðfræði og sóknarprestur og Torfi K. Stefánsson Hjaltalín doktor í trúfræði.

## Að lokum

Þar sem þetta eru mín lokaorð á þessum vettvangi vil ég hér með tjá mínu nánasta samstarfsfólki þakklæti mitt. Það skorti aðeins tæpa tvo mánuði upp á sjö ár sem ég fékk að þjóna embætti vígslubiskups í Skálholtsumdæmi. Ég þakka samstarfsfólki mínu í Skálholti, einkum sóknarprestinum sr. Agli Hallgrímssyni, organistanum, Jóni Bjarnasyni, sóknarnefnd Skálholtssóknar og starfsfólki Skálholts og Skálholtsskóla, sérstaklega Hólmfríði Ingólfsdóttur.

Ég þakka stjórn Skálholts, Drífu Hjartardóttur, Kristófer Tómassyni, Þorvaldi Karli Helgasynti og Þórarni Þorfinnssyni gott og alveg skuggalaust samstarf.

Ég er þakklátur fyrir að hafa mátt hefja starf við hlið biskupanna sr. Karls Sigurbjörnssonar og sr. Jóns Aðalsteins Baldvínssonar. Þeir tryggðu góða byrjun! Og framhaldið í samstarfi við biskup Íslands sr. Agnesi M. Sigurðardóttur, og sr. Solveigu Láru Guðmundsdóttur, Hólabiskup, hefur verið mjög farsælt. Það er mér mjög dýrmætt þakkarefni. Óhjákvæmilega hefur vígslubiskup mikil og fjölbreytt samskipti við starfsfólk á Biskupsstofu. Allt var það til gleði og ánægju. Síðast en ekki síst þakka ég kirkjuráði. Þrátt fyrir að ekki séu það einungis gleðiefni sem koma til afgreiðslu á fundum kirkjuráðs var það mér óblandin ánægja að fá að stýra nokkrum fundum ráðsins og eiga samstarf við það.

Guð launi öllum þeim sem mér hafa fylgt og leiðbeint þessi sjö ár í þjónustu. Það á ekki síst við um minn góða sálufélaga í hálföld, Margréti Bóasdóttur.

Það er kannski synd að auka enn við fjölda blaðsíðna þessa pistils. En það fer auðvitað ekki hjá því þegar árunum fjölgar að maður hugsar: Hvað svo? Norski skáldpresturinn Eyvind Skeie gerði sálm út frá texta Opinberunarbókarinnar 1. 10-20. Norska tónskáldið Trond Kverno gerði lag við sálminn.

Ég kveð lesendur með þessum textum.

Ritað er:

Ég var hrifinn í anda á Drottins degi og heyrði að baki mér raust mikla, sem lúður gylli, er sagði: „Rita þú í bók það sem þú sérð og send það söfnuðunum sjö í Efesus, Smyrnu, Pergamos, Þýatíru, Sardes, Filadelfíu og Laódíkeu.“

Ég sneri mér við til að sjá hvers raust það væri sem við mig talaði. Og er ég sneri mér við sá ég sjö gullljósastikur og milli ljósastikanna einhvern, líkan mannssyni, klæddan skósiðum kyrtli og gullbelti var spennu um bringu hans. Höfuð hans og hár var hvítt eins og hvít ull, eins og mjöll, og augu hans eins og eldslogi. Og fætur hans voru sem glóandi málmur í eldsofni og raust hans sem niður mikilla vatna. Hann hafði í hægri hendi sér sjö stjörnur og beitt, tvíeggjað sverð gekk út af munn hans og ásjóna hans skein sem sól in í mætti sínum.

Þegar ég sá hann féll ég fyrir fætur honum sem dauður væri. Og hann lagði hægri hönd sína yfir mig og sagði: Vertu ekki hræddur, ég er hinn fyrsti og hinn síðasti og hinn lifandi. Ég dó en nú lifi ég um aldri alda og ég hef lykla dauðans og heljar. Rita þú nú það er þú sérð, bæði það sem er og það sem verður eftir þetta. Þessi er leyndardómurinn um stjörnurnar sjö, sem þú hefur séð í hægri hendi minni, og um gullstikurnar sjö. Stjörnurnar sjö eru englar þeirra sjö safnaða og ljósastikurnar sjö eru söfnuðirnir sjö.

Kristur Jesús, sem við sjáum  
senn í ljóma efsta dag,  
er þú reisir oss frá dauðum  
upp til lífs með gleðibrag.  
Líkt og sól í loga glói  
ljómar heilög ásján þín  
er þú stígur fram á foldu (Jobsbók 19:25)  
frelsari í dýrðarsýn!

Girtur sannleik lífs um lendar  
leiftrar belti hans sem gull,  
þyrnum krýnt er konungs enni  
kafaldshvít sem snjór og ull.  
Beitta sverðið með í munn  
mælir dómsins hinsta orð  
sem að leysir dauðans dróma  
dróttum öllum af á storð.

Bæði hendur hans og fætur  
hefur logi brennt og gyllt.  
Gegnumsorfinn þá af þrautum  
þú munt hrópa: „Sem þú vilt!“  
Þú ert fórnar-lambið ljúfa.  
Líf í dauða gafst þú oss.  
Og um eilífð ætíð geislar  
upprisunnar dýrðar kross.

Enn þig sjáum, æva Drottinn,  
er þín raust mun fylla geim.  
og þú kallar oss til lífsins:  
endurskapar fallinn heim.  
Dáinn varst en víst þó lifir;  
vekur upp til söngs og dans!  
Sjá þig munum senn hinn fyrsta,  
Sonur Guðs og bróðir manns.

# Vígslubiskup Hólastiftis

*Solveig Lára Guðmundsdóttir*

## Hólahátíð 2017

Hólahátíð á siðbótarárinu 2017 var helguð 500 ára afmæli siðbótar Marteins Lúthers. Föstudaginn 11. ágúst hófst listgjörningur sem listakonurnar Guðrún Kristjánsdóttir og Ólöf Nordal sköpuðu og höfðu þær sér til aðstoðar myndlistarnema í Listaháskóla Íslands. Listgjörningurinn sem stóð yfir alla helgina fór fram í Nýjabæ og Hóladómkirkju. Gafst gestum og gangandi tækifæri til að skera út eða raða prentstöfum á blað og prenta með alda gamalli prentlist sínar eigin tesur sem hægt var að negla á hurð sem komið hafði verið fyrir í anddyri kirkjunnar. Átti gjörningurinn að minna á það að 500 ár eru liðin frá því Marteinn Lúther negldi 95 greinar á dyr Hallarkirkjunnar í Wittenberg. Að venju var gengin pílágrimaganga frá Gröf á Höfðaströnd heim að Hólum eftir Hallgrímsveginum. Var það gert laugardaginn 12. ágúst og að lokinni göngu var endurnýjun skírnarinnar og altarisganga í Hóladómkirkju. Um kvöldið var kvöldverður *Undir Byrðunni*. Sunnudaginn 13. ágúst flutti *ReykjavíkBarrokk* tónleikhúsið Elisabeth og Halldóra, en það var samið í tilefni af 500 ára afmæli siðbótarinnar og frumflutt í Hallgrímskirkju 29. janúar 2017 á afmælisdegi Katharinu frá Bóra.

Messa var í Hóladómkirkju kl. 14:00 sama dag og í þeirri athöfn vígði vígslubiskup sr. Stefáníu Guðlaugu Steinsdóttur til prestsþjónustu í Lögmannshlíðarprestakalli. Að loknu veislukaffi í Hólaskóla var samkoma í Hóladómkirkju þar sem sr. Auður Eir Vilhjálmisdóttir flutti hátíðarræðu og *ReykjavíkBarrokk* lék á hljóðfæri.

## Messuhald

Messað er í Hóladómkirkju alla sunnudaga yfir sumartímann, en einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Sóknarprestur Hofsóss- og Hólaprestakalls, sr. Halla Rut Stefánsdóttir hefur verið í veikindaleyfi sl. ár og hefur sr. Úrsúla Árnadóttir gegnt þjónustunni á meðan. Messar hún í Hóladómkirkju einu sinni í mánuði yfir vetrartímann, en nágrannaprestar sjá um að messa yfir sumartímann. Fyrir það erum við ákaflega þakklát. Sú venja hefur skapast að vígslubiskup sér um helgihald á hátíðum og uni ég því vel. Messa ég á aðfangadagskvöld, jóladag, gamlársdag, páskadag og hvítasunnudag, sé ekki ferming.

## Messuheimsóknir

Þann 25. júní messaði ég í Úthlíðarkirkju í Biskupstungum. Þar var fermd Þorgerður Una Ólafsdóttir dótturdóttir Björns bónda í Úthlíð.

Þann 2. júlí predikaði ég í Sleðbrjótskirkju á kirkjuafmæli.

Þann 6. ágúst messaði ég í Hóladómkirkju og Kristín Árnadóttir djákni predikaði.

Þann 20. ágúst skírði ég barn í Hofskirkju.

Þann 27. ágúst predikaði ég á 85 ára afmæli Siglufjarðarkirkju.

Þann 5. nóvember predikaði ég við messu í Sauðárkróskirkju í tilefni af 500 ára afmæli siðbótarinnar.

Þann 3. desember þjónaði ég við hátíðarmessu í Sauðárkróskirkju í tilefni af 125 ára afmæli kirkjunnar.

Þann 18. mars predikaði ég við 30 ára afmæli Breiðholtskirkju.

## Erlend samskipti

Þann 10. sept. var ég viðstödd biskupsvígslu í Niðarósi þegar Herborg Finnset var vígð biskup og þann 17. desember var ég við biskupsvígslu í Oslo þegar Kari Veiteberg var vígð til biskups í Oslo. Þann 3. Júní 2018 var ég við biskupsvígslu í Uppsölum þegar Thomas Peterson var vígður til Visby og Aasa Nyström var vígð til Luleaa.

## Málþing og ráðstefnur

Kirkjuþing skipaði mig árið 2011 í nefnd sem undirbjó 500 ára afmæli siðbótarinnar. Þeirri nefndarvinnu lauk í janúar 2018 og var lokahnykkurinn útgáfa á völdum ritum Marteins Lúthers sem gefin voru út í tveimur bindum. Annað kom út í lok árs 2017 og síðara bindið í upphafi ársins 2018.

Auk þess hefur mikið af vinnutíma mínum farið í störf fyrir Guðbrandsstofnun, sem er samstarfsverkefni Þjóðkirkjunnar, Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands.

Guðbrandsstofnun undirbýr og sér alfarið um eina stóra ráðstefnu á ári. Í ár var fjórða og síðasta ráðstefnan sem haldin var með yfirskriftinni *Hvernig metum við hið ómetanlega?* Fyrsta ráðstefnan var með undirtitlinum *–náttúran og auðlindirnar*, önnur með undirtitilinn *–menningin*, þriðja með undirtitilinn *–trú og lífsskoðun* og sú síðasta með undirtitilinn *–hið góða líf*.

Þessi síðasta ráðstefna var í samstarfi við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, heilbrigðisvið Háskólans á Akureyri, hugvísindasvið sama skóla, Félagsráðgjafafélagið og Félag íslenskra leikara.

Ráðstefnunni var gerð góð skil á öldum ljósvakans í þætti sem Ævar Kjartansson var með annan í hvítasunnu.

Þann 8. apríl hélt ég erindi á aðalfundi Sambands skagfirskra kvenna.

## Kirkjuþing

Kirkjuþing var haldið í Vídalínskirkju 11.-16. nóvember 2017 og framhaldsþing var haldið 10. mars 2018. Var það síðasta þing sem haldið var fyrir kirkjuþingskosningar sem voru í maí. Sat ég þessi Kirkjuþing eins og lög gera ráð fyrir með málfrelsi og tillögurétt.

Þá sat ég kirkjuráðsfund þann 9. janúar.

## **Biskupa-og prófastafundir**

Vígslubiskup sat nokkra biskupafundi sem flestir fóru fram á símafundum, enda voru aðeins tveir biskupar starfandi frá áramótum. Einnig sat ég prófastafund í Reykjavík dagana 16. og 17. janúar.

Þá leysti ég biskup Íslands af meðan hún sat höfuðbiskupafund í Finnlandi fyrstu dagana í mars.

## **Nefndir**

Eins og áður er getið lauk nefnd sem undirbjó fimm alda minningu siðbótarinnar störfum í upphafi ársins 2018. Hún hafði starfað í rúm fimm ár.

Einnig á ég sæti í Kenningarnefnd þjóðkirkjunnar og var haldinn einn fundur í þeirri nefnd.

## **Fundir og viðtöl**

Auk nefndafunda sótti ég tvo af þremur héraðsfundum stiftisins, en héraðsfundur Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis rakst á við ráðstefnu Guðbrandsstofnunar hér heima á Hólum. Héraðsfundur Austurlandsprófastsdæmis var haldinn 15. apríl í Kirkjumiðstöðinni á Eiðum og héraðsfundur Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis var haldinn í Mælifellskirkju og félagsheimilinu Árgarði 29. apríl. Á héraðsfundum kemst ég í snertingu við grasrót kirkjustarfsins og tel ég þá fundi afar mikilvæga.

Prestafundir eru haldnir mánaðarlega í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi og tel ég það til fyrirmyndar. Auk þess hefur mér verið boðið að sitja prestafundi í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

## **Guðfræðidagar á Hólum**

Samkvæmt venju hélt Prestafélag Hólastiftis hins forna guðfræðidaga hér heima á Hólum dagana 27.-29. maí. Í ár fengum við til liðs við okkur geðlæknana og bræðurna Harald Erlendsson og Helga Garðarsson sem ræddu við okkur um mikilvægi sálgæslunnar. Síðasta kvöldið var móttaka hjá okkur hjónunum í biskupsgarði.

## **Hólanefnd og Guðbrandsstofnun**

Sem vígslubiskup er ég formaður Hólanefndar, sem ber ábyrgð á Hóladómkirkju og Auðunarstofu. Í Hólanefnd eru auk mín, prófastur Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis, sr. Dalla Þórðardóttir, formaður sóknarnefndar Hólasóknar, Laufey Guðmundsdóttir og rektor Háskólans á Hólum dr. Erla Björk Örnólfsdóttir.

Einnig er ég stjórnarformaður Guðbrandsstofnunar, sem er samstarfsverkefni vígslubiskups-embættisins f.h. þjóðkirkjunnar, Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum um menningarstarfsemi á staðnum. Í stjórn Guðbrandsstofnunar eru auk mín, dr. Hjalti Hugason frá Háskóla Íslands og dr. Erla Björk Örnólfsdóttir rektor Háskólans á Hólum.

Starfsemi Guðbrandsstofnunar er þrjúþætt.

Í fyrsta lagi eru það sumartónleikarnir sem haldnir eru á hverjum sunnudegi frá miðjum júní og fram yfir Hólahátíð. Þeir eru styrktir af Menningarsjóði KS.

Í öðru lagi eru það Fræðafundir heima á Hólum. Við bjóðum fræðafólki í vikudvöl á Hólum gegn því að halda erindi um hugðarefni sín. Erindin eru haldin í Auðunarstofu tvisvar í mánuði.

Í þriðja lagi höldum við ráðstefnur. Nú er nýlokið ráðstefnuröð sem við höfum verið með sl. fjögur ár sem allar bera yfirskriftina *Hvernig metum við hið ómetanlega?*

Guðbrandsstofnun hefur einnig umsjón með því að halda *Dag Guðmundar góða* hátíðlegan, en það er gert á dánardegi hans 16. mars ár hvert eða sem næst þeim degi. Þá bjóðum við hjónin heim í veislu í lok dags.

Í ár var það Sigurður Konráðsson sem hélt erindi um Guðmund góða þann 16. mars.

Starfssemi Guðbrandsstofnunar er styrkt af Kristnisjóði.

## Lokaorð

Að lokum vil ég þakka það góða starf sem unnið er hér heima á Hólum. Auk þess vil ég þakka söfnuðum stiftisins fyrir hlýjar og höfðinglegar móttökur hvar sem ég kem. Ferðirnar í söfnuði stiftisins eru mér ógleymanlegar. Sérstaklega er eftirtektarvert hversu vel er hugsað um kirkjurnar alls staðar og kirkjugarðarnir eru til sóma.

# Fjármálasvið Biskupsstofu

## Grundvöllur

Samkvæmt lögum um Kristnisjóð, Jöfnunarsjóð sókna og kirkjumálasjóð ber Biskupsstofu að sjá um reikningshald þessara stofnana. Biskupsstofa annast einnig reikningshald fyrir Skálholt, Tónskóla þjóðkirkjunnar, Kirkjugarðasjóð, Strandarkirkju, Strandarkirkjugarð, Hinn almenna kirkjusjóð og ýmsa aðra sjóði í vörslu biskups Íslands. Ríkisendurskoðun endurskoðar uppgjör þessara stofnana og sjóða.

## Starfsemi

Megin verkefni fjármálasviðs Biskupsstofu er að annast reikningshald, greiðsluþjónustu, laun og uppgjör stofnana og sjóða. Biskupsstofa gerir eða aðstoðar stofnanir og sjóði við fjárhagsáætlanagerð. Fjármálasvið Biskupsstofu leitast við að veita stjórnendum stofnana og sjóða upplýsingar og ráðgjöf um fjármálin eins og unnt er.

### Starfsmenn fjármálasviðs eru:

Jóna Finnsdóttir, launafulltrúi

Lára Guðmundsdóttir, aðalbókari

Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri

Ólína Hulda Guðmundsdóttir, bókari

Sigurbjörg N. Hansen, fjármálastjóri

Vigdís Helga Eyjólfsdóttir, féhirðir

## Tekjur kirkjunnar 2017

Framlög ríkisins til þjóðkirkjunnar hækka um 5,6%.


Fjárlagaliður	2017	2016	2015	2014
06-701 Þjóðkirkjan	2.382,6	2.136,6	1.942,3	1.491,9
26-705 Kirkjumálasjóður	305,3	288,8	269,8	246,4
06-707 Kristnisjóður	129,5	166,6	72,0	73,1
06-735 Sóknargjöld	2.065,4	2.019,5	1.887,4	1.822,9
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	382,1	373,6	349,1	318,8
<b>Samtals</b>	<b>5.264,9</b>	<b>4.985,1</b>	<b>4.520,6</b>	<b>3.953,1</b>

## Sóknargjöld

Greiðsla á sóknargjöldum er ákvörðuð skv. 2. gr. laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987 með síðari breytingum. Þau taka breytingum milli ára til samræmis við þá hækkun sem verður á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna ára á undan gjaldári. Árið

2017 voru sóknargjöld ákveðin 920 kr. á mánuði fyrir einstakling 16 ára og eldri. Allt frá hrúni fjármálakerfisins á Íslandi hefur útreikningi sóknargjalda skv. lögnum verið breytt og þau í reynd ákvörðuð af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og með þeirri ákvörðun hefur verið lögð hagræðingarkrafa á sóknir landsins sem hefur verið staðfest af Alþingi í lok hvers árs með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, s.k. bandormslögum.

Hér fyrir neðan má lesa samanburð á sóknargjöldum eins og þau ættu að vera skv. 2. gr. nr. 91/1987, sóknargjöldum á verðlagi dagsins í dag og á greiddum sóknargjöldum.





## Biskupsstofa

Meginhlutverk Biskupsstofu er að annast stjórnsýslu þjóðkirkjunnar, hún veitir ýmsum kirkjulegum stofnunum ráðgjöf og margvíslega þjónustu.

Á árinu 2017 var tekjuafgangur Biskupsstofu rúmlega 161,8 millj.kr. en 122,7 millj.kr. tekjuafgangur var á rekstrinum árið 2016. Rekstargjöld hækkuðu um 7,8% en framlag frá ríkissjóði hækkaði um 11,5% og aðrar tekjur lækkuðu. Tekjur þjóðkirkjunnar byggja á lögum og samningum við ríkið á grundvelli kirkjueigna. Árið 2014 var gerður viðauki við samninginn og þjóðkirkjan samþykkti að tekjur yrðu skertar vegna hagræðingarkröfu ríkisins. Frá árinu 2015-2017 hafnaði þjóðkirkjan skerðingu á samningnum, í fjárukalögum 2015-2017 var því auka fjárveiting til kirkjunnar, þar með stóð ríkið við að greiða framlag til þjóðkirkjunnar samkvæmt samningi um kirkjueignir.

Þessi viðsnúningur í rekstri breytir stöðu á eigin fé Biskupsstofu úr neikvæðu árið 2014 í jákvætt eigið fé, eigið fé í árslok 2017 eru um 112,6 millj.kr.

<b>Biskupsstofa</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>
<b>Rekstur</b>				
Tekjur	33.402	78.026	181.274	153.640
Gjöld	-2.254.123	-2.091.909	-1.862.868	-1660.824
Framlag úr ríkissjóði	2.382.556	2.136.600	1.942.300	1.481.900
Tekjuafgangur (-halli)	161.835	122.717	260.706	-25.284
<b>Efnahagur</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir	17.179			
Veltufjármunir	689.043	353.063	244.153	7.476
Eignir samtals	706.223	353.063	244.153	7.476
Eigið fé	520.389	341.375	218.657	-42.048
Skuldbindingar	172.167			
Skammtímaskuldir	13.666	11.689	25.496	49.524
Eigið fé og skuldir samtals	706.223	353.063	244.153	7.476

## Kristnisjóður

Kristnisjóður starfar skv. lögum um Kristnisjóð nr. 35/1970 og er hlutverk hans m.a. að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristlegu fræðsluefni. Enn fremur að styrkja félög og stofnanir sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.

Tekjur Kristnisjóðs eru ákvarðaðar með lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, 64.gr. Framlag ríkissjóðs nam 129,5 millj. kr. á árinu 2017. Frá árinu 2006 – 2015 voru verkefni Kristnisjóðs bókfærð hjá Kirkjumálasjóði, rekstur Kristnisjóðs innber aðeins tilfærslu ríkisframlags til Kirkjumálasjóðs til ársins 2015.

<b>Kristnisjóður</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>
<b>Rekstur</b>				
Tekjur		2.268		
Framlag úr ríkissjóði	129.500	166.600	72.000	73.100
Gjöld	120.297	-66.534	-72.001	-73.100
Fjármunatekjur	728	216	30	12
Tekjuafgangur	9.931	102.550	29	12
<b>Efnahagur</b>				
Veltufjármunir	134.575	108.360	6.109	392
Eignir samtals	134.575	108.360	6.109	392
Eigið fé	112.590	102.659	109	80
Skammtímaskuldir	21.985	5.701	6.000	312
Eigið fé og kuldir samtals	134.575	108.360	6.109	392

## Jöfnunarsjóður sókna

Jöfnunarsjóður starfar skv. lögum um sóknargjöld nr. 91/1987. Hlutverk sjóðsins er m.a. að veita styrki til þeirra kirkna sem sérstöðu hafa umfram aðrar sóknarkirkjur og að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem lögmætar tekjur nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Jafnframt annast sjóðurinn fjársýslu með veittum lánum Kirkjubyggingasjóðs. Þá hefur Jöfnunarsjóður heimild til að veita ábyrgðir skv. reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna. Tekjur Jöfnunarsjóðs reiknast 18,5% af sóknargjöldum.

Jöfnunarsjóður sókna	2017	2016	2015	2014
<b>Rekstur</b>				
Framlag úr ríkissjóði	382.117	373.613	349.169	318.773
Endurgreitt frá öðrum sjóðum	86.000			
Gjöld	-358.629	298.647	-339.589	-288.786
Fjármunatekjur	13.433	8.311	11.575	2.040
Tekjuafgangur (-halli)	122.921		21.155	32.027
<b>Efnahagur</b>				
Fastafjármunir	12.647	13.498	14.349	21.835
Veltufjármunir	492.180	331.319	241.491	274.350
Eignir samtals	504.828	344.817	255.840	296.185
Eigið fé	453.538	330.617	247.340	226.185
Skammtímaskuldir	51.289	14.200	8.500	70.000
Eigið fé og kuldir samtals	504.828	344.817	255.840	296.185

## Kirkjumálasjóður

Kirkjumálasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 138/1993. Hlutverk kirkjumálasjóðs er m.a. að eiga og reka kirkjur, kirkjujarðir og prestssetur. Kirkjumálasjóður greiðir kostnað við kirkjuþing, kirkjuráð, prestastefnu, biskupsgarð, fjölskylduþjónustu, starfsþjálfun guðfræðikandídata og ýmis önnur verkefni. Framlag úr ríkissjóði til kirkjumálasjóðs reiknast 14,3% af sóknargjöldum, aðrar tekjur eru m.a. húsaleigutekjur og aðrar leigutekjur. Fasteignir og jarðir kirkjumálasjóðs eru endurmetnar og færðar á fasteignamati í efnahagsreikningi nema Skálholtskirkja, hún er færð á brunabótamati. Halli var á rekstri Kirkjumálastjóðs á árinu 2017 eins og árin áður. Eigið fé sjóðsins er jákvætt og nemur 3.731,6 millj. kr.

<b>Kirkjumálasjóður</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>
<b>Rekstur</b>				
Tekjur	100.963	74.504	243.714	259.998
Framlag úr ríkissjóði	305.300	288.793	269.878	246.423
Gjöld	-463.986	-472.277	-518.069	-620.659
Fjármagnsgjöld	-17.639	-37.166	-20.156	-11.765
Rekstrarhalli	-75.361	-146.146	-24.633	-126.003
<b>Efnahagur</b>				
Fastafjármunir	3.731.675	3.413.835	3.283.809	3.135.027
Veltufjármunir	103.114	151.761	224.349	188.968
Eignir samtals	3.834.788	3.565.596	3.508.158	3.323.995
Eigið fé	3.447.187	3.180.071	3.179.270	2.955.797
Langtímaskuldir	263.387	268.946	287.515	302.358
Skammtímaskuldir	124.215	116.579	41.373	65.840
Eigið fé og skuldir alls	3.834.788	3.565.596	3.508.158	3.323.995

# Störf kirkjuráðs

Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri

## Inngangur

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir prestvígðir menn. Hinir kjörnu kirkjuráðsmenn og varamenn þeirra sitja allir á kirkjuþingi en kirkjuráð var kosið á kirkjuþingi 2014 til fjögurra ára. Þeir eru sr. Elínborg Gísladóttir, sr. Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon, bóndi og Svana Helen Björnsdóttir framkvæmdastjóri. Varamenn í kirkjuráði eru Drífa Hjartardóttir bóndi, Einar Karl Haraldsson framkv.stjóri, sr. Gísli Jónasson og sr. Geir Waage.

## Starfsemi kirkjuráðs

### *Almennt*

Um störf kirkjuráðs fer eftir lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtaka leikmanna, ráðherra og Alþingis. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið þingmál sín og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar og fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna, kirkjumálasjóðs og Kristnisjóðs. Ráðið úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi.

### *Kirkjuráðsfundir*

Kirkjuráð heldur fund að jafnaði einu sinni í mánuði á Biskupsstofu og á þessu starfsári (kirkjuþingsárinu) hélt ráðið tíu reglulega fundi auk tveggja aukafunda. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings eru til umfjöllunar. Vígslubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru til umfjöllunar.

### *Starfshópar kirkjuráðs*

Starfshópar kirkjuráðs eru fjármalahópur, kirkjustarfs/fasteignahópur og lagahópur. Þeir eiga sér samsvörun í föstum þingnefndum kirkjuþings og eru skipaðir formanni viðkomandi þingnefndar, fulltrúa úr kirkjuráði og fulltrúa biskups Íslands.

## **Starfsfólk kirkjuráðs**

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs er Oddur Einarsson. Annað starfsfólk kirkjuráðs eru Guðrún Finnbjarnardóttir fulltrúi, Arnór Skúlason arkitekt, verkefnisstjóri á fasteignasviði og Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuráðs, sviðsstjóri fasteignasviðs kirkjumálasjóðs og lögfræðingur kirkjuþings.

## **Verkefni kirkjuráðs á starfsárinu**

Reglulegt kirkjuþing, 56. kirkjuþing 2017, var haldið í Vídalinskirkju og hófst hinn 11. nóvember 2017. Hinn 15. nóvember var því frestað og framhaldið 10. mars 2018.

Alls voru 22 mál á dagskrá þingsins og 19 þeirra voru afgreidd frá því. Eitt mál var dregið til baka, einu máli var vísað frá þinginu og eitt mál var ekki afgreitt. Kirkjuráð lagði fram sex mál, biskup Íslands flutti fimm mál, lögjafarnefnd þrjú mál, kirkjuþing unga fólksins eitt mál og þjóðmálanefnd eitt mál. Þingmannamál voru sex.

Aukakirkjuþing var haldið í Neskirkju hinn 30. mars 2017. Tvö mál voru á dagskrá og voru þau bæði afgreidd frá þinginu.

Skal nú gerð grein fyrir störfum kirkjuráðs við framkvæmd samþykka kirkjuþings.

## **Ályktanir og samþykktir 56. kirkjuþings 2017 og viðbrögð kirkjuráðs við þeim.**

Mál 56. kirkjuþings sem vísað var til kirkjuráðs eða kirkjuráð ákvað að taka á dagskrá sína voru tekin fyrir á (2)72. fundi kirkjuráðs hinn 12. desember og þar afgreidd með eftirgreindum hætti:

### 1. 1. mál. Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings.

Kirkjuþing 2017 ályktar um mikilvægi þess að bæta stöðu kynningar- og upplýsingamála þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing ályktar að tímabært sé að auka samstarf og sameiningu sókna, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli og tekur undir það að Jöfnunarsjóður sókna veiti sóknum sem sameinast fjárstyrki vegna þess. Forseti kirkjuráðs lagði til að sérstakt átak verði gert til að tryggja máli þessu framgang.

Kirkjuþing ályktar að starfshópur um skírnarfræðslu, sbr. áfangaskýrslu á fylgiskjali með skýrslu kirkjuráðs, sem lögð hefur verið fram á kirkjuþingi til kynningar, haldi áfram störfum og leggi fyrir næsta kirkjuþing tillögur sínar í samræmi við framangreinda áfangaskýrslu. Lagt til að veitt verði einni milljón króna í verkefnið.

### 2. 7. mál. Þingsályktun um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn.

Kirkjuþing 2017 beinir því til biskups Íslands, forsætisnefndar kirkjuþings og kirkjuráðs að fara yfir eigið skipulag og starfsemi, svo og þær nefndir og önnur fjölskipuð stjórnvöld, nefndir og ráð sem starfa á þeirra vegum og leggja fram á kirkjuþingi 2018, eftir því sem þurfa þykir, tillögur að nauðsynlegum breytingum á starfsreglum til að ná markmiðum í ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins frá árinu 2017 um þátttöku unga fólksins í stjórn aðildarkirkna sambandsins.

Kirkjuráð ályktar að starfsliði þess verði falið að vinna að framgangi málsins.

### 3. 8. mál. Þingsályktun um jöfn hlutföll kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum innan þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2017 ályktar að jöfn hlutföll kynja skuli ávallt vera í öllum stjórnnum, nefndum og

ráðum á vegum Þjóðkirkjunnar, eins og kveðið er á um í jafnréttisstefnu Þjóðkirkjunnar frá 2009, með síðari breytingum. Skulu að jafnaði sitja þar að minnsta kosti 40% konur og að minnsta kosti 40% karlar. Kirkjuráð fylgi því eftir að við þessi viðmið sé staðið eins og kostur er.

4. 10. mál. Þingsályktun um ráðningu jafnréttisfulltrúa Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuping 2017 samþykkir að fela kirkjuráði að auglýsa stöðu jafnréttisfulltrúa og ráða í hana. Um hálf starf er að ræða og mun jafnréttisfulltrúinn vinna náði með jafnréttisnefnd kirkjunnar að framkvæmdaáætlun jafnréttisstefnu Þjóðkirkjunnar auk þess að vinna að jafnréttismálum kirkjunnar almennt. Hér er um tilraunaverkefni til fimm ára að ræða.

Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að leggja drög að lýsingu á umbúnaði starfsins og auglýsingu um það og kynna kirkjuráðsmönnum fyrir næsta fund.

5. 11. mál. Þingsályktun um Víkurgarð í Reykjavík.

Kirkjuping 2017 felur kirkjuráði að koma á framfæri við þar til bær stjórnvöld að lög og reglur um niðurlagða kirkjugarða séu virt hvað varðar Víkurgarð í Reykjavík. Ennfremur vill kirkjuping benda á að í 33. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, með síðari breytingum, segir: „Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dómi prófests (prófasta). Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki.“

Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að koma ályktuninni á framfæri við rétt yfirlögd.

6. 16. mál. Þingsályktun um umhverfisstefnu Þjóðkirkjunnar. Atriði í aðgerðaráætlun umhverfismála fyrir árin 2018-2020.

Kirkjuráð ályktar að umhverfisnefnd og starfsmaður hennar vinni að framgangi áætlunarinnar.

7. 18. mál. Þingsályktun um að auka tengsl Þjóðkirkjunnar við samtök evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE.

Kirkjuping 2017 samþykkir að beina því til biskups Íslands að kanna möguleika á auknu samstarfi Þjóðkirkjunnar við samtök evangelískra kirkna í Evrópu sem miði að því að kirkjuping 2018 fái til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn um fulla aðild að samtökunum.

8. 19. mál. Starfsreglur sem samþykktar voru á kirkjupingi og birtar í Stjórnartíðindum.

Upplýst var að fjórar starfsreglur sem kirkjuping 2017 samþykkti hefðu verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Starfsreglurnar eru þessar:

a. Breyting á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum, var birt 27. nóvember og er nr. 1024/2017.

b. Starfsreglur um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar voru birtar 8. desember og eru nr. 1074/2017.

c. Starfsreglur um kjör til kirkjupings voru birtar 8. desember og eru nr. 1075/2017.

d. Breyting á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir Þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum, var birt 8. desember og er 1076/2017.

9. Uppstillingarnefnd.

Fram kom tillaga um að kirkjuráð skipi uppstillingarnefnd Þjóðkirkjunnar skv. 1. mgr. 18. gr. starfsreglnanna.

10. 6. mál. Starfsreglur um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar.

Óskað var eftir umræðu um málið. Fram kom það álit málshefjanda að eðlisbreyting hefði orðið á starfi organista með samþykkt starfsreglnanna og líklegt að kærumálum myndi fjölga. Jafnframt að ráðning til eins árs í senn væri ekki líkleg til árangurs.

#### 11. Fyrirspurnartími á kirkjuþingi.

Óskað var eftir umræðu um málið. Fram kom það álit málshefjanda að verið væri að blanda saman undirbúnum og óundirbúnum fyrirspurnum. Forseti kirkjuþings upplýsti að tvær greinar í þingsköpum fjölluðu um fyrirspurnir. Gert væri ráð fyrir að sá sem fyrirspurn beindist að hefði 24 stundir til að undirbúa svar sitt. Spurning væri hvort nýs kirkjuþings biði að endurskoða þingsköp kirkjuþings hvað þetta varðaði. Fram kom sú hugmynd að skilafrestur fyrirspurna til kirkjuþings yrði sá sami og mála sem lögð eru fyrir þingið.

#### 12. Fundartími framhaldsfundar kirkjuþings.

Forseti kirkjuþings lagði fram tillögu um að framhaldsfundur kirkjuþings yrði 10. mars 2018 í Vídalínskirkju. Tillagan var samþykkt.

### **Kirkjuþing unga fólksins 2017**

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófestsdæma þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar.

Kirkjuþing unga fólksins var haldið á Biskupsstofu hinn 26. maí 2018. Kirkjuþingsfulltrúar voru 13 talsins frá sjö prófestsdæmum ásamt fulltrúa frá KFUM/K.

Berglind Hönnudóttir úr Reykjavíkúrprófestsdæmi eystra var kjörinn forseti þingsins og hún var jafnframt kjörin áheyrnarfulltrúi á kirkjuþingi hinu almenna.

Átta mál lágu fyrir þinginu að þessu sinni, breytingar á starfsreglum voru ofarlega í huga kirkjuþingsfulltrúanna. Kirkjuþing unga fólksins lætur sig varða umhverfismál og hvetur kirkjuna til að vera ávallt leiðandi á þeim vettvangi.

### **Málaskrá KUF 2018.**

#### ***Kirkjuþing unga fólksins um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn.***

Kirkjuþing unga fólksins fagnar ákvörðun hins almenna kirkjuþings að styrkja og efla þátttöku ungs fólks í stjórnslu kirkjunnar. Það er mikilvægt skref til að styrkja stöðu unga fólksins innan þjóðkirkjunnar og hvetja þau áfram í starfi, sem og að styrkja framtíð kirkjunnar. Eins og margoft hefur verið sagt er unga fólkíð framtíðin og þess vegna þykir okkur mikilvægt að fá að taka þátt í að móta framtíðarstefnu kirkjunnar okkar. Við hlökkum til að sjá þær tillögur að breytingum á starfsreglum sem biskupi Íslands, forsætisnefnd kirkjuþings og kirkjuráði var fengið að móta og leggja fram á kirkjuþingi 2018.

#### ***Kirkjuþing unga fólksins um aðskilnað ríkis og kirkju.***

Kirkjuþing unga fólksins ályktar svo að frekari aðgerðir þjóðkirkjunnar eigi að stuðla að aðskilnaði ríkis og kirkju. Kirkjan hefur engin raunveruleg not fyrir það að vera bundin ríkisvaldinu. Kirkjan á að sjá um sinn söfnuð á eigin spýtur og mál kirkjunnar ættu að vera mál kirkjunnar, eingöngu.



### **Umhverfismál kirkjunnar.**

Á hinu almenna kirkjuþingi 2017 var samþykkt að „útrýma einnota plastmálum úr safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árslok 2018.“ Þá beinir kirkjuþing unga fólksins því til hins almenna kirkjuþings, og kirkjuráðs eftir því sem við á, að setja starfsreglur svo tryggja megi eftirfylgni þeirra samþykktar kirkjuþings 2017.

### **Pappírslaust kirkjuþing.**

Kirkjuþing unga fólksins hvetur hið almenna kirkjuþing að gerast pappírslaust. Pappírslaust kirkjuþing hefur um tíma verið hugsjón fyrir framtíð kirkjuþings. Kirkjuþing unga fólksins hefur nú þegar verið haldið pappírslaust frá árinu 2015 og ætti hið almenna kirkjuþing að gera það einnig. Kirkjan hefur undanfarið verið að leggja meiri áherslu á umhverfismál og væri þetta áhrifamikil leið fyrir kirkjuþing að setja gott fordæmi. Tækninni fer fram og sífellt auðveldara verður að skrifa og ná í skjöl í gegnum netið, þessi breyting er því orðin vel framkvæmanleg og tímabært að kirkjuþing taki þá afgerandi afstöðu að verða pappírslaust.

### **Tillögur að breytingum á starfsreglum.**

Kirkjuþing unga fólksins samþykkti tillögur að breytingum að starfsreglum er varða þingsköp, skipan og fjölda fulltrúa milli prófastsdæma og lengingu á kirkjuþingi unga fólksins í tveggja daga þing yfir helgi.

### **Verkefni kirkjuráðs.**

Fyrsti fundur kirkjuráðs eftir 56. kirkjuþing var 272. fundur og var haldinn hinn 12. desember á síðasta ári. Alls urðu fundir kirkjuráðs 12 á kirkjuþingsárinu eins og áður hefur komið fram og var síðasti fundur fyrir núverandi kirkjuþing sá (2)83. í röðinni. Í skýrslu þessari verður vísað til fundanna um gjörðir kirkjuráðs í númeraröð og til hægðarauka verður einungis vísað til þess tugar sem þeir tilheyra. Þannig verður 272. fundur nefndur 72. fundur, 273. fundur verður nefndur 73. fundur o.s.frv. Einungis verður fjallað um mál sem tekin voru á dagskrá og hlutu þar afgreiðslu af hálfu ráðsins eða skuldbindandi ákvörðun var tekin um.

### **Verkefni kirkjuráðs á fasteignasviði.**

Verkefni fasteignasviðsins voru til umfjöllunar á tíu af tólf fundum kirkjuráðs á starfsárinu.

Á (2)72. fundi hinn 12. desember 2017 var tekið fyrir mál er varðaði aðilaskipti að réttindum er varða mannvirki og hugsanlegan leigurétt að Saurbæjarlandi í landi Saurbæjar, fnr. 210- 4374 í Hvalfjarðarsveit. Kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við aðilaskiptin og samþykkir þau fyrir sitt leyti. Þá var tekið fyrir erindi RARIK o.h.f. vegna endurnýjunar á háspennulínu að Melstað í Miðfirði. Kirkjuráð samþykkir að ganga til samkomulagsins og áritar það til staðfestingar. Þá var tekið fyrir erindið Reykhólar, prestbústaður, tilboð um kaup á íbúð í raðhúsi. Kirkjuráð samþykkir að ganga til samninga við byggingaraðilann, felur fasteignasviði málið og framkvæmdastjóra að undirrita yfirlýsinguna. Þá var tekið fyrir erindið Reykholtsskógar, samningur. Kirkjuráð samþykkir samninginn, felur ábúanda að undirrita hann og framkvæmdastjóra að staðfesta hann f.h. kirkjumálasjóðs. Að lokum var tekið fyrir mál er varðaði Staðastað, auglýsingu um laust embætti.

Kirkjuráð ályktar að hlunnindi jarðarinnar verði undanskilin í auglýsingunni með sama hætti og fordæmi eru fyrir. Jörðin verði ekki afhent nýjum sóknarpresti fyrr en niðurstaða fæst í deilur um landamerki. Ákvörðun um að undanskilja hlunnindin verði eftir atvikum endurskoðuð þegar starfshópur um hlunnindamál prestsetursjarða lýkur störfum.

Á (2)73. fundi hinn 9. janúar 2018 var tekið fyrir erindið Glaumbær, Sauðárkrókslína 2, erindi Landsnets. Lagt var fram erindi Landsnets ásamt lýsingu á línustæði og samþykkyfirlýsingu. Stjórnarmaður Landsnets, Svana Helen Björnsdóttir kirkjuráðsmaður vék sæti við afgreiðslu málsins. Kirkjuráð samþykkir erindið.

Á (2)74. fundi hinn 20. febrúar 2018 var tekið fyrir erindið Hruni. Lóðarblað fyrir jörðina Berghyl. Kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við lóðarblaðið og telur það vera í fullu samræmi við fyrirbyggjandi gögn um landamerki jarðanna. Þá var tekið fyrir Skálholtsbúið, úttekt skv. ábúðarlögum. Kirkjuráð hefur kynnt sér skýrsluna og gerir ekki athugasemdir við hana.

Á (2)75. fundi hinn 9. mars 2018 var lagt fram erindið Valþjófsstaður, tilboð sveitarfélagsins í landspildu. Ákveðið að gera gagntilboð við fram komið tilboð. Þá var lagt fram erindið Miðfjarðará, erindi Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðrar viðhaldsframkvæmdar á brú á Miðfjarðará. Farið er fram á leyfi landeiganda jarðarinnar Melstaðar fyrir framkvæmdinni. Kirkjuráð samþykkir erindið. Framkvæmdastjóra falið að koma á framfæri þeirri ábendingu að framkvæmdatími geti haft neikvæð áhrif á veiði í Miðfjarðará. Þá var lagt fram erindið Hof í Vopnafirði, búsetuskylda, erindi sóknarprests en í því fer hann fram á að verða leystur undan því að sitja prestssetursjörðina Hof í Vopnafirði. Kirkjuráð ályktar að orðið verði við erindi sóknarprestsins. Þá var lagt fram kauptilboð í jörðina Árnes 1. Kirkjuráð ályktaði að hafna tilboðinu enda jörðin ekki á sölulista kirkjubings. Að lokum var lögð fram úttektarskýrsla vegna jarðarinnar Hraungerði í Flóahreppi. Kirkjuráð samþykkti að óska eftir yfirmati samkvæmt ábúðarlögum.

Á (2)76. fundi hinn 10. febrúar 2018 var lagt fram erindið Valþjófsstaður, Landsnet, Kröflulína 3, tilboð um bætur vegna línulagnar.

Kirkjuráð samþykkti tilboðið. Þá var lagt fram erindið Fjarðarskel ehf. Forkaupsréttur kirkjumálasjóðs. Kirkjuráð samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum enda meti fasteignasvið að slíkt gangi ekki gegn hagsmunum kirkjumálasjóðs. Þá var lögð fram yfirmatsgerð vegna tjóns í Saurbæ af völdum hitaveitulagnar.

Kirkjuráð samþykkir yfirmatsgerðina og felur lögmönnum sínum að ganga til samninga um málið á grundvelli hennar. Þá var lagt fram erindið Hörgársveit, Glæsibær, aðalskipulag, skipulagslýsing. Kirkjuráð gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna og tekur undir álit kirkjugarðaráðs um hana, dags. 4. apríl 2018. Kirkjuráð bendir á að eðlilegt sé að leita álits sóknarnefndar Möðruvallaklaustursóknar og kirkjugarðsstjórnar. Þá var lagt fram erindið Langanesbyggð, Skeggjastaðir, ljósleiðaralagning. Kirkjuráð fellst á erindið og veitir heimild til að Langanesbyggð leggi ljósleiðara um land kirkjumálasjóðs að Skeggjastöðum. Kirkjuráð samþykkir jafnframt að óska eftir að fá ljósleiðarann tengdan við fasteign sjóðsins að Skeggjastöðum, sbr. erindið. Þá var lagt fram erindi varðandi aðalfund Veidifélags Árnesinga. Kirkjuráð samþykkir að fela Drífu Kristjánsdóttur formanni Tungufljótsdeildar Veidifélags Árnesinga umboð til að fara með atkvæði Kirkjumálasjóðs í veidifélaginu vegna jarðanna Mosfells og Skálholts á aðalfundi veidifélagsins 2018. Að lokum var lagt fram erindi fráfarandi sóknarprests að Laufási í Eyjafirði varðandi tímabundna nýtingu útihúsa í námsleyfi sínu. Kirkjuráð samþykkir erindið enda gangi það ekki gegn hagsmunum kirkjumálasjóðs.

277. fundur kirkjuráðs sem haldinn var hinn 27. apríl 2018 var aukafundur og þar engin fasteignamál á dagskrá.

Á (2)78. fundi hinn 15. maí 2018 var samþykkt tillaga fasteignahóps um viðhald prestbústaðarins að Holti í Öndarfirði. Þá var jafnframt staðfest umboð sóknarprestisins í Vopnafirði til setu í stjórn veiðifélags Hofsár. Einnig var samþykkt afgreiðsla starfshópsins varðandi breytingar á lóðamörkum í Reykholti og ábúanda falið að leiða málið til lykta. Lagt var fram erindi varðandi leyfi til fornleifarannsókna á jörðinni Odda á Rangárvöllum og leyfið samþykkt. Að lokum var lagt fyrir málið Valbjófsstaður, línulögn. Málið hafði áður verið á dagskrá 276. fundar og þar samþykkt. Fram hafði komið nýtt og hærra tilboð um bætur vegna línulagnar um jörðina. Kirkjuráð samþykkir hið breytta tilboð og ártar það til samþykkis landeiganda. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að undirrita önnur skjöl málsins.

Á (2)79 fundi hinn 12. júní 2018 var tekið fyrir málefni er varðar hlunnindi prestssetursjarða, tillaga fasteignahóps þess efnis að hópnum verði falið að leggja fram hugmyndir, komi ekki fram tillögur frá nefndinni sem skipuð var árið 2016 svo kirkjuráð geti lagt málið fyrir komandi kirkjuþing 2018. Tillaga starfshópsins samþykkt. Að lokum samþykkti kirkjuráð erindi Sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi lagningu ljósleiðara að Mælifelli.

Á (2)80 fundi hinn 21. ágúst 2018 var tekin fyrir fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps kirkjuráðs, dags. 20. ágúst 2018. Tekið fyrir erindi leigjanda kirkjumálasjóðs varðandi viðhald Valbjófsstaðar. Kirkjuráð samþykkir tillögu starfshópsins um að honum verði heimilaðar lagfæringar á útihúsum á eigin kostnað. Tekið fyrir kautilboð kirkjumálasjóðs í fasteignina Sunnuveg 4 á Þórshöfn. Kirkjuráð staðfestir kautilboðið og felur framkvæmdastjóra að ganga frá kaupunum. Tekið fyrir málið Reykholtsskógar, samningur um leigu lands og ræktun skóga. Samningurinn lagður fram. Kirkjuráð staðfestir samninginn og fagnar verkefninu.

Á (2)82. fundi hinn 9. október var tekin fyrir fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps kirkjuráðs, dags. 8. október 2018. Tekinn var fyrir liður 2, hlunnindi af prestssetursjörðum. Lögð fram tillaga starfshópsins að breytingu á 23. gr. starfsreglna nr. 950/2009. Kirkjuráð samþykkir að tillagan verði lögð fyrir komandi kirkjuþing.

## **Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála.**

Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála voru til umfjöllunar á alls ellefu fundum á starfsárinu.

Á (2)72. fundi hinn 12. desember 2017 var lögð fram fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs 8. desember 2017 ásamt tillögum um fjárhagsáætlanir biskupsstofu, kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna, Skálholtsstaðar og Tónskóla Þjóðkirkjunnar 2018. Kirkjuráð samþykkti þær með fyrirvara um framlög á fjárlögum. Áætlanirnar voru birtar sem fylgiskjöl með fundargerð fundarins. Þá voru lagðir fram ársreikningar kirkjumálasjóðs og Hjálparstarfs kirkjunnar.

Á (2)73. fundi hinn 9. janúar 2018 var tekin fyrir og samþykkt fjárhagsáætlun Skálholts.

Á (2)74. fundi hinn 20. febrúar 2018 var tekinn fyrir ársreikningur kirkjumálasjóðs fyrir árið 2016 og samþykktur. Jafnframt samþykkt tillaga um að fjármálahópur kirkjuráðs vinni tillögur um að snúa við halla sjóðsins.

Á (2)76. fundi hinn 10. febrúar 2018 voru lögð fram drög að húsaleigusamningi vegna Laugavegar 31. Kirkjuráð fól framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum.

Á (2)79. fundi hinn 12. júní 2018 var tekin fyrir fundargerð fjármálahóps frá 8. júní. Tekinn

fyrir 3. liður, Egilsstaðakirkja, styrkur til viðhalds. Samþykktur styrkur úr Jöfnunarsjóði sókna að fjárhæð 5 m.kr. á þessu ári. Jafnframt samþykkt vilýrði fyrir 10 m.kr. styrk árin 2019 og 2020 gegn staðfestingu viðskiptabanka sóknarinnar á fjármögnun framkvæmdarinnar.

Á (2)81. fundi hinn 20. september 2018 var lagður fram þjónustusamningur vegna Strandarkirkju. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum.

Á (2)83. fundi hinn 29. október 2018 voru lagðar fram rekstraráætlanir biskupsstofu og sjóða og stofnana þjóðkirkjunnar fyrir árið 2019 og ályktaði kirkjuráð að þeim skyldi vísað til kynningar á komandi kirkjuþingi og eftir atvikum til umfjöllunar í fjármálahópi kirkjuráðs að því loknu, til undirbúnings endanlegrar ákvörðunar á desemberfundi ráðsins.

## **Önnur verkefni en þau er varða fjármál og fasteignir.**

### ***Málefni Skálholts.***

Málefni Skálholts voru til umfjöllunar með einum eða öðrum hætti á níu fundum kirkjuráðs á kirkjuþingsárinu.

Á (2)72. fundi hinn 12. desember 2017 var kynnt arkitektasamkeppni vegna breytinga á vígslubiskupshúsi í Skálholti og ákveðið var að sækja um styrk úr húsafriðunarsjóði 2018 vegna verkefnisins: Viðgerð á gluggum Gerðar Helgadóttur í Skálholtsdómkirkju. Þá var kynntur samstarfssamningur við Alta, ráðgjafarfyrirtæki vegna uppbyggingar í Skálholti og ákveðið að bjóða fulltrúum fyrirtækisins til fundar við stjórn Skálholts.

Á (2)73. fundi hinn 9. janúar 2018 voru til umfjöllunar skógræktarmál og framhald búskapar í Skálholti. Lögð fram drög að skógræktarsamningi við Skógræktarfélag Íslands. Þá var einnig samþykktur samningur um biskupsþjónustu og staðarhald í Skálholti sem gildi þar til nýr vígslubiskup í Skálholti hefur verið vígður og hefur tekið við embætti sínu.

Á (2)74. fundi hinn 20. febrúar 2018 var tekin fyrir og samþykkt endurskoðuð fjárhagsáætlun Skálholtsstaðar. Þá var lögð fram skýrsla Brunavarna Árnessyslu með niðurstöðum úr eldvarna-skoðun og umsögn vegna gistileyfis til handa staðnum fyrir allt að 36 manns. Að lokum var lagt fram dómnefndarálit vegna hugmyndasamkeppni um vígslubiskupshús.

Á (2)76. fundi hinn 10. febrúar 2018 var til umfjöllunar bókun 44. fundar stjórnar Skálholts varðandi uppbyggingu í Skálholti. Samþykkt var tillaga um að rætt verði við ráðgjafa um framhald málsins og aðkomu ráðgjafarfyrirtækis að málinu. Þá var lagt fram byggingarbréf til handa Skálholtsbónda.

Á (2)78. fundi hinn 15. maí 2018 var tekin fyrir beiðni um staðfestingu kirkjuráðs á því að Skálholtsstað sé heimilt að innheimta fast gjald af hverjum hópferðabil sem hefur viðkomu með ferðamenn. Kirkjuráð samþykkti erindið. Þá var greint frá viðræðum við ráðgjafa um aðkomu hans að uppbyggingarmálum í Skálholti. Samþykkt var ályktun þar sem fagnað var aðkomu ráðgjafans að málefnum Skálholts, hann boðinn velkominn til samstarfs og framkvæmdastjóra falið að leggja drög að samningi við hann um verkið.

Á (2)79. fundi 12. júní 2018 var lögð fram skýrsla um heildarkostnað af rekstri Skálholts árið 2017.

Á (2)80. fundi hinn 21. ágúst 2018 var fjallað um verkefnið Skálholtskógar, samningur um leigu lands og ræktun skógar. Samningurinn var lagður fram. Kirkjuráð staðfesti samninginn og fagnaði verkefninu.

Á (2)83. fundi hinn 29. október 2018 ályktaði kirkjuráð að veitt yrði skilyrt veðleyfi til handa ábúanda Skálholtsjarðarinnar vegna uppgjors hans við forvera sinn.

## **Önnur mál sem kirkjuráð fjallaði um á árinu og rétt þykir að gera kirkjuþingi grein fyrir.**

Á (2)75. fundi hinn 9. mars 2018 var til umfjöllunar málið: Starfsreglur um val og veitingu prestsembættis, breytingatillaga til kirkjuþings. Kirkjuráð yfirfór tillöguna og kallaði til lögfræðing kirkjumálasjóðs og kirkjuþings sér til ráðuneytis. Kirkjuráð telur tillöguna til bóta og leggur til að hún verði hluti af heildarendurskoðun starfsreglna sem stefnt verði að því að leggja fyrir reglulegt kirkjuþing 2018. Kirkjuráð beinir því til biskups Íslands að hann leiðbeini próföstum um að varamenn verði eftirleiðis frá upphafi umsóknarferlis kvaddir til starfa við undirbúning kjörs presta. Þá var lögð fram skýrsla Skálholtsútgáfunnar til kirkjuráðs. Skýrslan er fylgiskjal með skýrslu þessari.

Á (2)76. fundi hinn 10. febrúar 2018 var fjallað um kirkjuþing 2017, framhaldsfund hinn 10. mars 2018. Mál sem ganga til kirkjuráðs. Aðeins eitt mál gekk til kirkjuráðs frá framhaldsfundi kirkjuþings sem kallaði á aðgerðir af hálfu ráðsins, en það var 21. mál, Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum. Málið var samþykkt með þingskjali 58. Skrifstofa kirkjuráðs sendi samþykktina til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda eftir að hún hafði verið árituð af forseta kirkjuþings. Þá var fjallað um kirkjuþing 2018 og ályktaði kirkjuráð að kirkjuþing 2018 skyldi halda í Vídalínskirkju og hefjast laugardaginn 3. nóvember. Þá staðfesti kirkjuráð skipan uppstillingarnefndar þjóðkirkjunnar, sbr. kjör kirkjuþings 2017 til hennar. Bókað var að kirkjuráð hefði mótttekið fundargerð nefndarinnar, dags. 31. mars 2018 og fundargerð, dags. 8. apríl 2018 þar sem tilnefndir eru frambjóðendur til kirkjuþings. Að lokum var lögð fram tilkynning um ákvörðun kjörstjórnar þjóðkirkjunnar þar sem tilgreindar eru dagsetningar vegna seinni umferðar í kosningu vígslubiskups í Skálholti. Bókað var að kirkjuráð gerði ekki athugasemdir við ákvörðun kjörstjórnarinnar.

Á (2)77. fundi hinn 27. apríl 2018, sem var aukafundur, var til umfjöllunar erindi kjörstjórnar þjóðkirkjunnar varðandi framlengingu á tíma kosningar til embættis vígslubiskups í Skálholti. Vegna mistaka sem hefðu orðið í póstdreifingu hjá Íslandspósti væri óhjákvæmilegt að framlengja þann tíma sem kosningin stendur til 14. maí nk. Greint var frá því álitum kjörstjórnar þjóðkirkjunnar að bregðast þurfi skjótt við og birta auglýsingu um þessa breytingu og því er farið fram á samþykki kirkjuráðs á þessari ákvörðun, sbr. 2. mgr. 7. gr. starfsreglnanna. Kirkjuráð samþykkir erindi kjörstjórnar þjóðkirkjunnar.

Á (2)78. fundi hinn 15. maí 2018 ályktaði kirkjuráð að skipa sr. Örnú Grétarsdóttur formann stjórnar Skálholtsútgáfunnar.

Á (2)79. fundi hinn 12. júní 2018 voru lögð fram erindisbréf framkvæmdastjóra kirkjuráðs og starfslýsing lögfræðings kirkjuþings og kirkjuráðs. Bókað var að kirkjuráð hefði gert nokkrar breytingar á texta skjalanna og samþykkt þau svo breytt. Samkvæmt 3. gr. gildandi starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum, skal erindisbréf framkvæmdastjóra ráðsins kynnt á kirkjuþingi. Erindisbréfið ásamt starfslýsingu lögfræðings kirkjuþings og kirkjuráðs eru fylgiskjöl með skýrslu þessari.

Á (2)81. fundi hinn 20. september kynnti lögfræðingur kirkjuþings og kirkjuráðs frumvarp til starfsreglna um breytingu á ýmsum starfsreglum þjóðkirkjunnar. Málinu var vísað til lagahóps kirkjuráðs.

Í skýrslu þessari hefur verið leitast við að greina frá öllum þeim málum sem tekin voru á dagskrá kirkjuráðs á kirkjuþingsárinu og afgreidd voru með ákvörðun eða skuldbindandi samþykkt. Um heimild er vitnað til fundargerða kirkjuráðs eins og þær eru birtar á vefsíðu kirkjuráðs.

# Starfið á árinu

## *Þjónustusvið Biskupsstofu*

### *Fræðslumál*

#### **Sr. Sigfús Kristjánsson, verkefnastjóri á fræðslusviði**

Starfsmannamál hafa sett sterkan svip á fræðslusvið Biskupsstofu þennan vetur. Elín Elísabet Jóhannsdóttir er eini starfsmaður fræðslusviðs í fullu starfi. Hún hefur verið í veikindaleyfi allan veturinn og hefur ekki verið fenginn starfsmaður til að leysa hana af. Í byrjun desember hóf störf á fræðslusviði Sigfús Kristjánsson verkefnastjóri sem áður var prestur í Hjallakirkju, Kópavogi. Hann er þó einungis að hluta á Fræðslusviði þar sem hann sinnir einnig kærleiks-þjónustusviði auk þess að vera starfsmaður hópslysaneftar þjóðkirkjunnar. Aðrir starfsmenn, eru sr. Hildur Björk Hörpudóttir sem hefur þjónustuskýldur við Biskupsstofu auk sinna aðalstarfa sem sóknarprestur á Reykhólum. Sr. Arna Grétarsdóttir sóknarprestur á Reynivöllum, Kjalarnesi tók einnig við skyldum við Biskupsstofu í upphafi árs 2018 og tekur að sér að halda utan um málefni Leikmannaskólans. Einnig hefur sr. Halldór Reynisson unnið á fræðslusviði í 50% starfshlutfalli frá áramótum, hefur hans vinna beinst að umhverfismálum.

#### **Hér á eftir fylgja nokkrir liðir úr starfsemi fræðslusviðs 2017-18**

Haustnámskeið var að venju haldið fyrir upphaf vetrarstarfs í kirkjum landsins. Þar var að venju kynnt efni vetrarins fyrir sunnudagaskóla og farið yfir notkun á efnisveitu kirkjustarfs. Þá var kynnt nýtt fermingarfræðsluefni sem gengur undir nafninu aha-kassinn. Þar er um að ræða nýtt og viðamikil námsefni fyrir fermingarfræðsluna. Efnið er unnið út frá kenningum og kennslufræði jákvæðrar sálfræði sem er fræðigreinin um vellíðan og velferð.

Sóknarnefndarnámskeið voru haldin í nokkrum sóknum og kom fræðslusvið með auknum hætti að þeim námskeiðum og var Sigfús Kristjánsson verkefnastjóri með innlegg um þjóðkirkjuna og íslenskt trúarlíf. Þar var m.a. rætt um breytingar í umhverfi og aðstæðum með öllum þeim tækifærum og erfiðleikum sem þeim fylgja. Sóknarnefndarnámskeið fóru m.a. fram í Keflavík, Mosfellsbæ, Akureyri fyrir Norðurland og í Seljakirkju fyrir Reykjavíkurborgarsdæmi eystra. Einnig sá fræðslusvið um að koma á námskeiði í Borgarnesi sem dr.dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson sá um að kenna.

Kynningarbás var settur upp á landsfundi Sjálfstæðisflokksins eftir boð flokksins þar um. Fræðslusvið sá um básinn í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar.

Starfsþjálfunarmál komu aðeins inn á borð fræðslusviðs sem tók þátt í samverum bæði á Biskupsstofu og í Skálholti. Nú stendur yfir vinna við nýja leiðarbók fyrir starfsþjálfunarnema.

Leikmannaskólinn er í endurskipulagningu og hefur sr. Arna Grétarsdóttir tekið að sér að halda utan um málefni Leikmannaskólans. Líklegt er að skólinn fái nýtt nafn eftir endurskipulagningu.

Verklag í viðkvæmum aðstæðum er áfram í þróun. Þar hefur komið að vinnunni þorvarður

Goði Valdimarsson ástamt starfskröftum fræðsluviðs og formanni Fagráðs Þjóðkirkjunnar. M.a. voru teknir upp fyrirlestrar á menntadegi Prestafélags Íslands og svo fengu fræðsluvið og fagráð héraðsdómarann Kjartan Bjarna Björgvinsson til að vera með erindi á prestastefnu.

## Umhverfishópur þjóðkirkjunnar 2017

Umhverfisstarf þjóðkirkjunnar hafði legið nokkuð í láginni frá árinu 2009 þegar umhverfisstefna fyrir kirkjuna var samþykkt án þess þó að athafnir fylgdu með. Á sl. ári var umhverfisstarfið eftt á nýjan leik, skipaður umhverfishópur þjóðkirkjunnar, ný umhverfisstefna samþykkt á kirkjubinging og gerð áætlun um verkefni til næstu ára.

Gengið var frá skipun sr. Axels Árnasonar, Björns Erlingssonar og sr. Elínborgar Sturludóttur í umhverfishópinn en varamaður er Sindri Geir Óskarsson guðfræðingur og tekur hann fullan þátt í starfi hópsins. Með hópnun starfar svo sr. Halldór Reynisson og heldur utan um starf hans.

Hópurinn setti fram tillögu að endurskoðaðri umhverfisstefnu og eftir umræður á kirkjubinging haustið 2017 var ný umhverfisstefna samþykkt, nokkuð breytt frá tillögu starfshópsins, en aðgerðaráætlunin samþykkt óbreytt. Í aðgerðaráætluninni sem stendur til loka árs 2020 er m.a. lagt til endurheimt votlendis og skógrækt á prestssetursjörðum, að halda tímabil sköpunarverksins í öllum söfnuðum landsins á haustin og að tekin verði upp græn skref umhverfisstofnunar, svo að nokkuð sé nefnt.

Þá tók hópurinn saman hugmyndabanka að umhverfisstarfi og helgihaldi sem notað var sl. haust á tíma sköpunarverksins.

## Þjónustukönnun

Fræðsluvið gerði þjónustukönnun meðal presta í upphafi árs 2018 til að geta betur mætt þörfum safnaðanna. Sr. Hildur Björk Hörpudóttir og sr. Sigfús Kristjánsson kynntu niðurstöðu þjónustukönnunar fræðsluviðs á fræðslubinging í maí 2018. Niðurstöðurnar benda til þess að almennt sé nokkuð mikil ánægja með framboð og framsetningu efnis. Efnisveitan sé bylting en mikilvægt að henni sé haldið lifandi með nýjungum í efni og uppsetningu. Margir óska eftir auknu efni fyrir fullorðinsfræðslu og leiðbeiningar við notkun þess. Nánast allir óskuðu eftir meiri snertingu við fræðsluvið og rík þörf er fyrir auknu efni í símenntun presta og er þá helst horft á predikun og sálgæslu.

## Fræðslubinging

Fræðslubinging Biskupsstofu var haldið 15. maí og var öllum biskupum, próföstum, prestum og djáknum boðið til þátttöku. Einnig var opin þátttaka fyrir alla sem starfa við fræðslumál innan kirkna. Gert var ráð fyrir mætingu fræðslufulltrúa prófastsdæmanna.

Mæting var þökkaleg en 37 voru skráðir til þingsins. Það fór þó svo að 13 boðuðu forföll með dagsfyrirvara og um fimm í viðbót mættu ekki. Þátttaka fræðslufulltrúa prófastsdæma var afleit og enginn þeirra skilaði skýrslu um fræðslustarf í prófastsdæminu.

Á dagskrá voru nokkur atriði: Umræður um starfið í prófastsdæmum; kynning á áherslum

biskups fyrir nýja fræðslustefnu; kynning á þjónustukönnun fræðslusviðs meðal presta; kynning á umhverfismálum; kynning frá Leikmannaskólanum og svo kynning á nýrri Sálgæslulínu fyrir presta og djákna sem boðið er upp á í samráði við Endurmenntun Háskólans.

Ný fræðslustefna er í vinnslu og verða sett þar inn sérstök áhersluatriði sem að þessu sinni verða skírnarfræðsla og umhverfismál.

Símenntun fær aukið vægi og Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson og sr. Vigfús Bjarni Albertsson sjúkráhusprestar kynntu á fræðsluþingi 2018 nýja námsleið fyrir presta og djákna að dipómanámi. Námsleiðin er kennd í EHÍ og geta prestar og djáknar sótt um styrk til sinna verkalýðsfélaga. Það er von fræðslusviðs að námskeiðið mæti að einhverju leyti þörf fyrir aukna símenntun starfsmanna kirkjunnar. Auk þess mun fræðslusvið áfram styðja við predikunarnámskeið í samstarfi við áhugahóp um guðfræðiráðstefnur sem hefur lyft Grettistaki í endurmenntun á sviði predikunar og framsetningar.

Efnisveitan er áfram í mótun og í sumarbyrjun 2018 var gerður tímabundinn samningur við mag. theol. Maríu Gunnarsdóttur um vinnu við að ganga frá efni sunnudagaskóla næsta vetrar inn á efnisveituna.

Skírnarnefnd var skipuð af kirkjuþingi 2016 og hefur verkefnastjóri á fræðslusviði komið að störfum hennar. Framundan eru nokkur verkefni til að auka þekkingu á skírn og hvað hún felur í sér.

Fræðslusvið hefur komið að nokkrum samráðshópum og má þar nefna *Náum áttum* og *Saman hópinn* en hvor um sig fundar mánaðarlega og fjalla um málefni ungs fólks.

## ***Kærleikspjónusta***

### **Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, verkefnastjóri á kærleikspjónustusviði**

#### **Inngangur**

Verkefnisstjóri kærleikspjónustu, Ragnheiður Sverrisdóttir djákni var áfram í 70% starfshlutfalli. Magnea Sverrisdóttir djákni lét af störfum 31. júlí en hún var í 30% starfshlutfalli tengt kærleikspjónustu. Sr. Sigfús Kristjánsson kom til starfa 1. desember í hennar stað svo enginn starfsmaður sinni þessu starfshlutfalli í fjóra mánuði. Verkefni hans eru þau sömu og Magneu þ.e. kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd, EAPN og samvera á aðventu fyrir syrgjendur. Ragnheiður var í veikindaleyfi í nóvember og desember.

Kirkjuráð veitti kr. 1.075.000 til sviðsins fyrir 2017 og kr. 1.097.000 fyrir 2018. Til starfsþjálfunar djákna- og prestsefna voru veittar um kr. 700 þúsund.

#### **Starfsþjálfun þjóðkirkjunnar**

Eins og undanfarin ár er starfsþjálfun djáknaefna stór hluti af starfi sviðsins en verkefnisstjóri annast stjórnun á þjálfuninni bæði fyrir djákna- og prestsefni í samstarfi við sr. Þorvald Víðisson biskupsritara og Margréti Bóasdóttur söngmálastjóra. Áfram var unnið eftir samningi þeim





Þátttakendur á norrænum fundi kærleikspjónustunnar við úttalarið á Esjubergi: Miriam Holmer, Guro Kristin Hellgren, Sigrid Flaata, Ragnheiður Sverrisdóttir, Tiina Saarela og Kalle Kuusimäki. Myndina tók sr. Hreinn Hákonarson.

sem gerður var 25. apríl 2014 milli biskups Íslands og Guðfræði- og trúarbragðafraeðideildar (GTD) Háskóla Íslands. Samningurinn var endurnýjaður 29. júní 2017. Í stýrihópnum eru sem fyrr sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og undirrituð fyrir hönd biskups. Fyrir hönd GTD dr. Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor og deildarforseti og dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor. Hluti starfsþjálfunarinnar fer fram í GTD. Þar eru kennd kennimannleg fræði. Þjóðkirkjan borgar 50% stöðu lektors vegna þessarar kennslu.

Starfsþjálfunin sem fer fram á vegum Biskupsstofu var í hefðbundnu fari: Upphafsviðtöl við umsækjendur, persónuleikaprófin PAI (Personality Assessment Inventory), og DIP-Q (The DSM-IV and ICD-10 Personality Questionnaire (DIP-Q)). Niðurstaða þeirra er bæði kynnt viðkomandi nemanda, verkefnisstjóra og biskupsritara. Viðtöl við biskup eru í upphafi og lok þjálfunarinnar. Þá er leiðtoganámskeið, kynning á stofnunum og starfi kirkjunnar, kyrrðardagar, þjálfun úti á vettvangi og í lokin matsviðtöl. Elísabet Berta Bjarnadóttir félagsráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar tekur upphafsviðtöl við djáknaefni með verkefnisstjóra og sr. Þorvaldur Víðisson og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir við prestsefnin. Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur annast sálfræðiþrófin og viðtöl tengd þeim. Hann sér einnig um leiðtoganámskeiðið. Mikilvægur hluti af starfsþjálfuninni fer fram úti á vettvangi, aðallega í söfnuðum, og vinna þar bæði prestar og djáknar við leiðsögn og þjálfun nema.

Til að gera þjálfun úti á vettvangi markvissari hefur verið unnið að gerð samnings sem nemandi og starfsþjálfunarkennari gera sín á milli. Leiðsögn starfsþjálfunarkennara er afar mikilvæg og er þeim hér með þökkkuð frábær störf. Haldinn var fundur í maí til að ræða og meta þjálfunina.

Í vetur voru tvö djáknaefni í starfsþjálfun, þær Heiðdís Karlsdóttir og Svava B. Þorsteinsdóttir.

Þær útskrifuðust úr starfsþjálfuninni 27. júní ásamt prestefnunum Hjalta Jóni Sverrissyni og Ingimar Helgasyni. Karen Hjartardóttir útskrifaðist fyrir í vetur.

Engin ný djáknaefni byrjuðu í starfsþjálfun haustið 2017. Er það m.a. vegna þess að nú er aðeins tekið inn í 60 eininga námið annað hvert ár. Einn djáknanemi er langt kominn með þjálfunina. Hins vegar byrjuðu átta prestsefni sína þjálfun og tvö að auki eru komin vel áleiðis.

## Djáknavígslur

Ein djáknavígsla var á starfsárinu. Elísabet Gísladóttir var vígð til starfa við hjúkrunarheimilið Sóltún í Reykjavík.

## Staða djákna

1. júní 2018 voru 18 djáknar í föstum störfum hjá 20 aðilum og er það fækkun um fimm frá 1. júní 2017. (Í ársskýrslu 2016-2017 gleymdist að telja upp djákna á heilsugæslunni í Lágmúla en hún hefur hætt störfum vegna aldurs. Engin mun verða ráðin í staðinn fyrir hana). Þessi þróun er mjög slæm en vonandi fjölgar djáknastörfum aftur. Enn eru fá 100% stöðugildi og enn tekst illa að fá karlmenn í djáknanámið og þar með í störf.

*Í söfnuðum starfa tíu djáknar:*

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra: Áskirkju, Bústaðakirkju.

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra: Árbæjarkirkju, Fella- og Hólakirkju, Kópavogskirkju, Lindakirkju.

Kjalarnesrófastsdæmi: Vídalínskirkju, Bessastaðakirkju.

Suðurrófastsdæmi: Þorlákshafnarprestakalli.

Eyjafjarðarrófastsdæmi: Gleráirkirkju.

*Á hjúkrunarheimilum starfa fjórir djáknar:*

Höfða á Akranesi, Ísafold í Garðabæ, (er hluti af starfi djákna í Vídalínskirkju), Mörk í Reykjavík og Sóltúni í Reykjavík.

Á eftirfarandi fimm stöðum starfar einn djákni, samtals: Í Karítas, hjúkrunar- og ráðgjafabjónustu, á Landspítalanum, við vinalleið í Lágafellsskóla, í Reykjavíkurrófastsdæmum (framkvæmdastjóri Eldriborgararáðs). Einn starfar á Biskupsstofu. Þá er djákni framkvæmdastjóri Hins íslenska biblíufélags en hann er jafnframt djákni í Þorlákshöfn.

## Dagur diakoniunnar

Sú breyting varð á að kærleikspjónustusvið sá ekki um útvarpsmessu á þessum degi eins og hingað til. Var það að ósk þeirra sem skipuleggja útvarpsmessurnar.

## Nefndir og félög

Sr. Sigfús Kristjánsson situr í Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd og undirrituð í Ellimálanefnd en hún starfar náið með Eldriborgararáði Reykjavíkurrófastsdæma. Málefni aldraðra verða sífellt mikilvægari vegna fjölgunar í þeim aldurshópi.

Tvær ráðstefnur voru haldnar annars vegar um „Öldrun og efri árin“. Fyrirlesarar voru Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent og Elísabet Berta Bjarnadóttir hjá Fjölskylduþjónustunni. Hins vegar ráðstefnan „Lofsýngið Drottni“ um mikilvægi söngs í safnaðarstarfi meðal eldri borgara og fólks með heilabilun. Margrét Bóasdóttir söngmálastjóri tók þátt í undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar. Áfram var unnið að kynningu og dreifingu lífslokaskrárinnar „Val mitt við lífslok“. Á degi aldraðra 10. maí var útvarpsguðsþjónusta þar sem sr. Þórir Stephensen prédikaði. Þórey Dögg Jónsdóttir og sr. Magnús B. Björnsson þjónuðu fyrir altari.

Orlof eldri borgara var á Löngumýri eins og undafarin ár og er það mjög vinsælt og vandað starf. Þórey Dögg Jónsdóttir djákni hjá Reykjavíkurráðgjafastofu hefur veg og vanda að orlofinu.

Biskupsstofa er aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands og er undirrituð aðalfulltrúi. Vara-fulltrúi er Arnór Bjarki Blomsterberg, guðfræðingur.

## Námskeið og samverur

Árlegt haustnámskeið til undirbúnings starfsfólks fyrir vetrarstarfið var haldið í Lindakirkju 29. ágúst. Undirrituð fjallaði um eftirfylgd við fólk í erfiðum aðstæðum og sr. Halldór Reynisson um forvarnir gegn sjálfsvígum. Sama dag voru ýmis önnur námskeið á vegum fræðsluviðs.

Samvera fyrir syrgjendur var haldin í desember eins og undanfarin ár en það er samstarfsverkefni LSH, þjóðkirkjunnar og Nýrrar dögunar. Samveran var í Grafarvogskirkju. Hún er ævinlega vel sótt og að þessu sinni voru um 350 þátttakendur. Sr. Sigfús Kristjánsson og sr. Hildur Björk Hörpudóttir sáu um undirbúning samverunnar.

## Erlend samskipti

Eurodiaconia er evrópskt netverk 45 kirkna og kristinna félagasamtaka í 23 löndum sem veita félagslega og heilsufarslega þjónustu og berjast fyrir félagslegu réttlæti. Mikil áhersla er lögð á að hafa áhrif í Evrópusambandinu. Eurodiaconia er opin öllum kirkjudeildum. Eurodiaconia hélt aðalfund 2018 í Worclav í Póllandi 13. til 15. júní og bauð einnig upp á vettvangsferðir og fyrirlestra. Að þessu sinni var ákveðið að senda ekki fulltrúa á aðalfundinn. Yfirlýsing fundarins var: Trusting in a Social Europe, eða áreiðanleiki og traust í félagsmálum í Evrópu. Yfirlýsingin eru viðbrögð við óvissu í stjórnmálalegu, félagslegu og fjárhagslegu ástandi í Evrópu. Eurodiaconia byggir viðbrögð sín á að allar manneskjur séu jafnar og að traust og samhjálp séu grunngildi samfélagslegs starfs í Evrópu þar sem áhersla er lögð á að styðja þau verst settu. Andstæða trausts er hræðsla og óöryggi en hornsteinn starfs Eurodiaconia er traust.

Kærleiksþjónustan er aðili að European Anti Poverty Network gegnum íslensku samtökin EAPN á Íslandi – samtökum gegn fátækt og situr sr. Sigfús Kristjánsson nú í stjórn fyrir hönd kærleiksþjónustunnar. Í stjórn eiga fulltrúar eftirfarandi samtaka sæti: Félag einstæðra foreldra, Hagsmunasamtök heimilanna, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, kærleiksþjónusta kirkjunnar, Samhjálp, Sjálfsbjörg, velferðarsjóður Suðurnesja og Öryrkjabandalag Íslands. Lykilatriði í baráttu EAPN er virk þátttaka fólks sem lifir í fátækt. Í þeim tilgangi starfar Pepp á Íslandi innan EAPN sem samanstendur af fólki sem hefur sjálft upplifað fátækt og félagslega einangrun. Samtökin hafa staðið fyrir fjölmörgum uppákomum eins og málþingum

(m.a. um skuldara og borgaralaun) og veitingu fjölmiðlaverðlauna götunnar en það eru hvatningarverðlaun til blaða- og fréttamanna fyrir góða og vandaða umfjöllun um fátækt í íslenskum fjölmiðlum. Í ár fengu verðlaunin þau Mikael Torfason, Gabríel Benjamín og Alda Lóa Leifsdóttir. Fátækt og félagsleg einangrun er brot á grundvallar mannréttindum því fátækt gerir fólki ekki kleift að lifa með reisn. <http://www.eapn.is/>

## Norrænt samstarf

4.-5. október var fundur fulltrúa Norðurlandanna sem vinna að kærleikspjónustu á landsvísu. Að þessu sinni var fundurinn á Íslandi en hann er haldinn annað hvert ár. Þátttakendur voru: Frá Noregi: Guro Kristin Hellgren og Sigrid Flaata, frá Finnlandi: Kalle Kuusimäki og Tiina Saarela, frá Svíþjóð: Miriam Holmer og frá Íslandi: Ragnheiður Sverrisdóttir, sr. Hulda Hrönn Helgadóttir og sr. Þorvaldur Víðisson.

Tilgangur fundarins er að vera samráðsvettvangur og hugmyndabanki. Hvert land fjallar um verkefni sem er verið að fást við hverju sinni og miðla þannig hugmyndum og þekkingu.

Sem gestgjafi var Ísland með dagskrá bæði um landsmálin og kirkjustarfið. Bogi Ágústsson fréttar- og dagskrágerðarmaður á RÚV hélt fyrirlestur um íslenska samfélagið frá hruni og kreppu 2008 til „betri“ tíma 2017. Þá kynnti Sædis Arnardóttir starf Hjálparstarfsins undir yfirskriftinni: *Skilin eftir. Að vera fátækur í efnahagslegu góðæri*. Toshiki Toma kynnti starf kirkjunnar meðal hælisleitenda. Þá var farið í ferð til að sjá keltneska útaltarið að Esjubergi undir leiðsögn sr. Hreins Hákonarsonar fangaprests. Þá naut hópurinn kvöldverðar í biskupsgarði hjá sr. Agnesi M. Sigurðardóttur, biskupi Íslands.

Allar kirkjurnar vinna með hælisleitendum og flóttafólki og reynt er finna leiðir til að auðvelda nýbúum að aðlaga sig nýjum aðstæðum. Eins og þekkt er koma margir sem ekki eru kristnir til Norðurlandanna. Það skapar ákveðinn vanda. Athyglisvert er að Diakonhjemmet í Osló býður upp á nám um trú og trúarbrögð í starfi með innflytjendum (Faith and religion in work with migrants (10 ECTS) Sjá: <https://assets.ctfassets.net/j8iuurplkky2/3S13bxy6ko0AO0lg06GYW/4ca57b948b92dad83adca4f012d9123b/madia-597-emnebeskrivelse-vid.pdf>

Einnig eru mörg verkefni sem hafa það markmið að rjúfa einangrun fólks og skapa tilgangsríkt og vinalegt samfélag. Mikilvægt er að fólk taki þátt í samfélagi með öðrum og gefi sjálft eitthvað til samfélagsins. Markmiðið er að styrkja fólk sem á í erfiðleikum eða er einmana svo það eignist betra líf. Enska hugtakið *conviviality* er mikið notað til að lýsa slíku starfi. Á íslensku væri hægt að þýða það að eiga hlutdeild í einhverju en á sænsku og norsku er það þýtt sem *delaktighet*. Slíkt starf er víða í söfnuðum okkar en benda má á að markmið starfs safnaðanna er almennt ekki að ná til þeirra sem eru verst settir í þjóðfélaginu. Það má hins vegar segja um „Breiðholtsbrúna“ í Breiðholtskirkju sem Hjálparstarfið hafði frumkvæði að. Það er samstarf safnaða, heilsugæslu og félagspjónustu.

Finnska kirkjan er með starf sem kallast „Gemensamma köket“ eða sameiginlegt eldhús sem er staður til að hittast á, elda og borða saman. Þetta er samstarf margra aðila sem kalla aðferðina „Við vinnum saman“ – en ekki hver í sínu horni. Þau sem vinna saman eru söfnuðir, heilsugæslan, félagspjónustan og rannsóknaraðilar. Svona starf er komið víða í Finnlandi og hefur gefist vel.

Þá var verkefnið CABEL kynnt. Það er skammstöfun fyrir *Community Action Based Learning for Empowerment*. Þetta er fræðsluefni fyrir starfsfólk.

Kærleikspjónustan skilar skýrslum til ársfundar Samkirkjuneftndar um þessi erlendu tengsl sem hún sinnir.

## Samverur starfsfólks í kærleikspjónustu

Reglulegar morgunsamverur voru haldnar með Hjálparstarfinu, Fjölskyldupjónustunni, framkvæmdastjóra Eldriborgararáðs og sérpjónustuprestum sem ráðnir eru af kirkjunni (þ.e. ekki stofnunum eins og sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum). Samverurnar eru ávallt gagnlegar og upplýsingum um starfið er miðlað og hugmyndir ræddar.

## Guðspjónustur í Kolaportinu

Í áraráðir hefur verkefnastjóri annast helgihald í Kolaportinu einu sinni í mánuði. Þar þjóna prestar Dómkirkjunnar og ýmir aðrir prestar og djáknar. Náin kynni hafa orðið við „söfnuðinn“ en það er gjarnan sama fólkið sem kemur aftur og aftur. Sennilega mundu fáir sem taka þátt í þessum guðspjónustum fara í venjulega guðspjónustu. Því miður hættu Þorvaldur Halldórsson og kona hans Margrét Scheving störfum af persónulegum ástæðum en annað tónlistarfólk komið í staðinn. Það er dýrmætt að fara út á vettvang þar sem mikið af vinnu verkefnastjóra er unnin við skrifborð.

## Lokaorð

Það er ánægjulegt að nú er komin til starfa húsmóðir á Biskupsstofu. Störf hennar auka sannarlega vellíðan starfsmanna.

Það er mikilvægt að efla kærleikspjónustu safnaðanna svo kirkjan sé trúverðug og trúboðskap sínum að elska Guð og náungann. Eðlilegt framhald guðspjónustunnar er að þjóna náunganum en fækkun djákna stuðlar ekki að því.

## *Fjölskyldupjónusta kirkjunnar*

**Elísabet Berta Bjarnadóttir, forstöðumaður**

## Forsagan

Fjölskyldupjónusta kirkjunnar tók formlega til starfa í ársbyrjun 1992. Helstu hvatamenn að þessu brautryðjendastarfi voru auk Karls Sigurbjörnssonar, þeir Þorvaldur Karl Helgason, Jakob Ágúst Hjálmarsson, Tómas Sveinsson og fleiri. Þegar kirkjumálasjóður er settur á laggirnar 1993, er þar ákvæði um að eitt af hlutverkum sjóðsins sé að standa straum af kostnaði við ráðgjöf í fjölskyldumálum hjá Fjölskyldupjónustu kirkjunnar. Mikilvægt er að á það sé minnt þegar hlutverk sjóðsins er til umfjöllunar á kirkjulegum vettvangi.

## Fyrirmynd

Fyrirmynd að Fjölskylduþjónustu kirkjunnar er að miklu leyti sótt til norrænu kirkjulegu meðferðarstöðvanna, sem eiga sér langa sögu hvað fjölskyldumeðferð varðar. Í Finnlandi var slík stofnun fyrst sett á laggirnar 1944, í Noregi 1957 og eru þar nú 22 starfsstöðvar. Í Svíþjóð hófst fjölskylduráðgjöfin 1960 og eru þar einnig reknar um tuttugu starfsstöðvar. Fjölskylduþjónusta kirkjunnar á Íslandi hefur lært mjög mikið af brautryðjendunum á hinum Norðurlöndunum. Starfsmenn hafa sótt margs konar endurmenntun bæði í fjölskyldu og hjónameðferð sem og sáttamiðlun með norrænum kollegum sínum um áratuga skeið. Einnig er F.k. í samstarfi við norrænu kirkjulegu handleiðarana og sækir norræn kirkjuleg handleiðaraþing með þeim á þriggja ára fresti. Þessi þing varða símenntun í kirkjulegri handleiðslu presta, djákna, starfsfólks kirkna og safnaða og þróun handleiðslufræðanna. Þessi norræna samvinna gefur mikið vítamín t.d. til að takast á við oft flóknar spurningar sem starfsfólk kirkna í hinum dreifðu byggðum landsins stendur frammi fyrir, svo sem áföllum, slysum og eftirfylgd ýmis konar mála þegar veturinn getur varað fram í maí og uppbyggileg tengsl í heimabyggð við prestinn sinn, geta skipt sköpum.

## Starfsemin

Árið 2017-2018 þáðu 50 starfsmenn kirkjunnar handleiðslu hjá Fjölskylduþjónustunni, ýmist í hópum eða einstaklingsbundið.

Handleiðsla reynist gagnleg, m.a. til að styrkja við þroskaferli kirkjunnar þjóna jafnt í þeirra eigin fjölskylduaðstæðum sem og á starfsvettvangnum. Einnig efla þeir félagsleg tengsl sín við kollegana svo félagsnetið stækkar í handleiðslunni og þeir eiga fleiri að þegar upp er staðið. Þeir skoða aðkomu sína í málum þeirra er til þeirra leita, samstarf á vinnustað og í kirkjukerfinu í heild sinni, svo nokkuð sé nefnt. Samvinna og samskipti er það sem samtímamaðurinn þarf að þróa sig í, í æ ríkara mæli m.a. vegna vaxandi áreitis sem krefst hnitmiðaðri forgangsroðunar og skipulagningar til að einstaklingar og fjölskyldur haldi heilsu. Einnig þurfa margir að skoða framvindu endurmenntunar sinnar til að endurskipuleggja forgangsroðun í fjölskyldulífi og starfi, hvíldartíma og vinnutíma og gera skírari skil þar á milli.

Eins og áður segir skapast ný vinátta og tengsl í handleiðsluhópunum sem auðveldar meðlimunum að leita hver til annars. Sterkari tengsl og nýjar hugmyndir verða oftár en ekki jákvæðar aukaverkanir af handleiðslunni.

## Viðtalsvinnan

Tilfni þess að hjón, sambýlisfólk, fjölskyldur og einstaklingar leita eftir viðtölum er t.d. yfirvofandi skilnaður, erfiðleikar í samræðum, trúnaðarbrot af fjárhagslegum, tilfinningalegum eða kynferðislegum toga, sorg og missir, ágreiningur um umgengni eftir skilnað, veikindi jafnt líkamleg sem andleg, fjárhagsvandi og fátækt félagsnet, svo nokkuð sé nefnt. Einnig virðast geðrænir erfiðleikar, spílaflíkn, áfengissýki, klámfíkn, samskiptaskortur í stórfjölskyldum og einmannaleiki vegna örorku og þeirrar félagslegu stöðu sem hún skapar vera vaxandi vandi.

Starfsmenn leitast við að mæta hverri og einni fjölskyldu þar sem hún er stödd með sín viðfangsefni í lífinu. Einnig styðja þeir við uppbyggilega skoðun á úrræðum og endurbótum til

þróunar svo hver og einn fjölskyldumeðlimur geti styrkst á einstaklingsbundnum forsendum í viðtölunum.

## Fræðsla og nefndarstörf

Starfsfólkið tekur þátt í nefndum á vegum Biskupsembættisins sé þess farið á leit og tekur að sér fyrirlestra á foreldramorgnum og í fermingarundirbúningi með foreldrum og fermingarbörnum eða á safnaðarkvöldum af öðru tagi, svo nokkuð sé nefnt. Dæmi um nefndir sem starfsmenn eiga sæti í er Stórslysaneftindin, nefnd um framtíðarsýn kærleikspjónustunnar og í stjórn starfsmannafélagsins.

## Framtíðarsýn Fjölskylduþjónustu kirkjunnar

Undanfarin ár hafa starfsmenn F.k. lagt áherslu á að koma áleiðis þeim skilaboðum til áhrifafólks innan kirkjustjórnarinnar, að huga þurfi að framhaldslífi Fjölskylduþjónustunnar, þar sem allir þrír núverandi starfsmenn hennar verða sjötugir eftir tæp tvö ár til tvö ár og tíu mánuði. Nú er einungis einn starfsmaður í heilli stöðu, einn í áttatíu prósent og einn í fjörutíu og fimm prósent stöðu.

Til að stöðugar samræður um mál, verkefni og framvindu þeirra geti stuðlað að aukinni þróun, samvinnu og gæðum, væri mikilvægt að þrír til fjórir starfsmenn væru í heilum starfshlutföllum. Fleiri gætu komið að í minni starfshlutföllum sem stoðstarfsmenn verði viðvarandi fjárskortur til starfseminnar.

Núverandi starfsmenn eru sammála um, að mikilvægt sé að hlúa að áframhaldandi starfsemi sem fyrst. Allir þrír starfsmennirnir, tveir félagsráðgjafar og einn sálfræðingur eru með yfir þrjátíu og fimm ára starfsreynslu af fjölskylduviðtölum, ýmis lengri og skemmri nám í fjölskyldumeðferð og sáttameðferð auk stöðugar símenntunar á sviði fjölskyldumeðferðar sáttamiðlunar og handleiðslu. Telja þeir því mikilvægt að þeir fái að þjálfa nýliða áður en þeir láta af störfum.

## Lokaorð

Sameiginlegt er með viðtalsmeðferðarfræðunum og handleiðslufræðunum, þótt í ólíku samhengi sé, að styðja við sjálfsskoðun á eigin samskiptum við aðra í nær og fjærumhverfi, hvort sem um er að ræða í eigin fjölskyldu eða í samstarfi.

Þessi sjálfsskoðun er forsenda þess að geta borið aukna ábyrgð á tilfinningum sínum og framkomu svo framfarir verði jafnt hjá einstaklingum sem hópum.

Hornsteinn Fjölskylduþjónustunnar er að hver sem er geti leitað þjónustu hennar, með eða án tilvísunar og að hvorki stétt né staða hindri komu fólks.

Úrræðið er því einstakt á landsvísu. Þjónar kirkjunnar geta leitað til F.k. fyrir sig einir eða með fjölskyldu sinni jafnt og aðrir og einnig komið í hóphandleiðslu jafnt sem einstaklingshandleiðslu.

# Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga

Sr. María Ágústsdóttir, formaður

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi varð til að frumkvæði íslensku þjóðkirkjunnar. Hana skipa fulltrúar tíu kristinna trúfélaga, Aðventkirkjunnar, Betaníu, Hjálpræðishersins, Hvítasunnukirkjunnar Filadelfíu, Íslensku Kristskirkjunnar, Kapólsku kirkjunnar, Óháða safnaðarins, Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar, Vegarins og þjóðkirkjunnar.

## Fulltrúar starfsárið 2017-2018

Þjóðkirkjan hefur frá upphafi átt tvo fulltrúa í nefndinni, formann og ritara. Frá vori 2017 hefur Arna Grétarsdóttir verið fulltrúi biskups í nefndinni en formaður frá 2002 er María Ágústsdóttir. Jakob Rolland hefur lengi verið fulltrúi rómversk-kaþólsku kirkjunnar á Íslandi og Eric Guðmundsson fyrir Aðventkirkjuna. Fyrir hönd Hvítasunnukirkjunnar Filadelfíu starfar Helgi Guðnason með nefndinni og Ingvi Kristinn Skjaldarson og Hjördís Kristinsdóttir skiptast á að sækja fundi fyrir hönd Hjálpræðishersins.

Þessi fimm trúfélög hafa verið með frá upphafi. Fimm trúfélög hafa síðar bæst við. Fulltrúi Íslensku Kristskirkjunnar er Ólafur H. Knútsson, fulltrúi Óháða safnaðarins er Pétur Þorsteinnsson, fulltrúi Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar er Timur Zolotuskiy og Magnús Gunnarsson er fyrir Betaníu. Trúfélagið Vegurinn hefur ekki átt formlegan fulltrúa um skeið.

## Fundir á starfsárinu

Fundir eru haldnir mánaðarlega yfir vetrartímamann frá september til og með maí. Skiptast fulltrúar á að bjóða fram fundaraðstöðu og veitingar. Á milli fastra funda fara samskipti nefndarfólks fram með tölvupósti og í gegn um síma. Síðasti fundur starfsársins var að þessu sinni haldinn að Reynivöllum í Kjós þann 17. maí í boði sr. Örnú Grétarsdóttur.

## Alþjóðleg samkirkjuleg bænavika fyrir einingu kristinnar 2018

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi hefur staðið að alþjóðlegri samkirkjulegri bænaviku fyrir einingu kristinnar hér á landi frá 1980. Bænavikan er haldin víða um heim dagana 18 – 25. janúar. Dagskrá vikunnar, bænir og hugleiðingar fyrir hvern dag vikunnar hefur undanfarin ár verið birt á vef þjóðkirkjunnar, [www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is).

Á árinu 2018 eru liðin 110 ár frá því að átta daga bænavaka fyrir einingu kristinna manna var fyrst haldin. Forgöngu hafði séra Paul Wattson, anglikanskur prestur í New York. Það starf ásamt öðru var undanfari bænavikunnar eins og við þekkjum hana í dag því að hefðin um bænaviku í janúar fyrir einingu hinna kristnu breiddist út. Fyrir 50 árum, árið 1968, var fyrst undirbúið sameiginlegt efni til notkunar um allan heim á vegum Alkirkjuráðsins og Kapólsku kirkjunnar. Efni bænavikunnar, þema, lestrar, bænir og hugleiðingar, kemur frá aðildarkirkjum Alkirkjuráðsins og frá kaþólsku kirkjunni, en frá mismunandi löndum hverju sinni. Í ár kom efnið





Samkirkjulegur hópur kvenna flytur bænir og sögur kvenna frá Súrínam í á alþjóðlegum bænadegi kvenna 2018

frá kirkjum í Karabíska hafinu undir yfirskriftinni: „Hönd þín, Drottinn, hefur gert sig dýrlega“. Í efninu var fjallað um „afleiðingar nýlendustefnunnar á karabíska svæðinu og ýmsa fjötra sem fólk glímir við, svo sem mansal, klám, ofbeldi, skuldir og fátækt og þess beðið að iðrun, sátt og endurreisn mannlegrar virðingar verði komið á, ekki síst fyrir tilstuðlan kirknanna sem veita margs konar aðstoð á svæðinu,“ eins og sagði í fréttatilkynningu.

Í bænavíkunni voru haldnar bæna- og helgistundir með fjölbreyttu sniði á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Bænaþing var gengin á laugardagskvöldinu frá Hallgrímskirkju um Hlemm og að Filadelfíu og stýrði sr. Gunnþór Ingason henni sem fyrr. Guðsþjónusta var útvarpað frá Grensáskirkju 21. janúar 2018 og prédikaði formaður að beiðni nefndarfólks. Efni málþings bænavíkkunnar var að þessu sinni „Umhverfisvernd – Réttlátur friður við jörðina“ í framhaldi ráðstefnu Alkirkjuráðsins í Digraneskirkju í október 2017. Á málþinginu sem haldið var í boði Óháða safnaðarins töluðu dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, sr. Gunnþór Ingason, Helgi Gíslason og Magnús Gunnarsson.

## Aðrir viðburðir

Alþjóðlegur bænadagur kvenna árið 2018 var haldinn þann 2. mars víða um land, m.a. í Miðfirði, á Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Var efnið frá Súrínam og fjallað var um umhverfisvernd. Bænasamkoma höfuðborgarsvæðisins fór fram í Íslensku Kristskirkjunni og leiddi Sigríður Schram stundina. Kór KFUK, Ljósbot, söng undir stjórn Keith Reed. Við útvarpsguðsþjónustu tileinkaða bænadegi kvenna á skírdagsmorgun í Seltjarnarneskirkju prédikaði dr. Sólveig Anna Bóasdóttir.

## Viðauki

### Starfsreglur SKT

Á fundi Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga 30. apríl 2013 voru samþykktar endurskoðaðar starfsreglur fyrir nefndina. Reglurnar fylgja hér á eftir.

1. Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga er samstarfsvettvangur kristinna kirkna, samfélaga og hreyfinga á Íslandi sem játa á grundvelli heilagrar ritningar einn Guð, föður, son og heilagan anda sem skapara, frelsara og lífgjafa.
2. Tilgangur samstarfsnefndarinnar er að vera vettvangur samráðs, samvinnu og stuðnings við sameiginleg mál í þjónustu við Guð og menn.
3. Meðal verkefna eru alþjóðleg bænavika fyrir einingu kristninnar, sameiginleg mál gagnvart stjórnvöldum, útvarpsguðsþjónustur og fjölmiðlamál. Nefndin getur einnig staðið saman að bænastarfi, kynningu og fræðslu um kristna trú þegar það á við.
4. Í samstarfsnefnd eru fulltrúar allra safnaða og hreyfinga, sem hafa með formlegum hætti gengið til samvinnu og samþykkja grundvöll og starfshætti samstarfsnefndar kristinna trúfélaga. Trúfélagið hafi að jafnaði yfir 100 meðlimi, hafi starfað og verið skráð í að minnsta kosti fimm ár. Um óskráð kristin samfélög og hreyfingar gildir að þau skuli hafa starfað í að minnsta kosti fimm ár hérlendis. Öll aðildarfélög hafi viðurkennda endurskoðun á reikningum sínum. Hvert félag eða söfnuður tilnefnir einn fulltrúa í nefndina en þjóðkirkjan tvo. Aðildarfélög geta tilnefnt varamenn, kjósi þau það. Varamönnum er heimilt að sækja fundi nefndarinnar, þó án atkvæðisréttar. Kristin trúfélög, skráð sem óskráð, geta óskað eftir að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni og gilda þá ekki ákvæði um fjölda meðlima og lengd starfstíma.  
Um umsóknarferlið: Skrifleg ósk um aðild að nefndinni berist formanni með undirskrift safnaðarráðs viðkomandi félags. Fulltrúar nefndarinnar ræði við forstöðufólk félagsins sem æskir inngöngu og sjái endurskoðaða ársreikninga. Nefndin tekur síðan afstöðu til umsóknarinnar á fundi sínum.
5. Samstarfsnefnd skiptir með sér verkum og ákvarðar störf sín, fundafjölda og starfshætti.
6. Samstarfsnefndin skal leita samþykkis allra aðildarfélaga ef breyta skal starfsreglum.

# Stofnanir, nefndir, ráð og félög

## *Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar*

Sr. Magnús Björn Björnsson, formaður

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar hefur það hlutverk að styðja og efla kirkjulegt starf með eldri borgurum í þjóðkirkjunni um allt land, í söfnuðum, prófastsdæmum eða á þeim stöðum þar sem skipuleg þjónusta er veitt öldruðum af kirkjulegum aðilum. Hún hefur náið samstarf við fræðslu- og kærleikþjónustusvið kirkjunnar og Eldriborgararáð Reykjavíkurprófastsdæma. Ellimálanefnd er skipuð af kirkjuráði. Hún er þannig skipuð í dag: sr. Magnús Björn Björnsson, formaður. Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni, varaformaður. Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, ritari. Meðstjórnendur: Stefanía Baldursdóttir og sr. Auður Inga Einarsdóttir.

Störf nefndarinnar má rekja allt til ársins 1979 er herra Sigurbjörn Einarsson skipaði nefnd sem nefndist: „Samtalshópur um málefni aldraðra.“ Árið 1982 gerði herra Pétur Sigurgeirsson þá tillögu að uppstigningardagur yrði gerður að degi aldraðra í kirkjunni. Sér nefndin um útvarpsguðsþjónustu á þeim degi. S.l. uppstigningardag, 11. maí 2018, var útvarpsguðsþjónusta í Breiðholtskirkju. Þar prédikaði sr. Þórir Stephensen, fyrrverandi sóknarprestur og staðarhaldari í Viðey. Sr. Magnús Björn Björnsson, sóknarprestur, þjónaði fyrir altari. Kór Breiðholtskirkju söng undir stjórn Arnar Magnússonar organista.

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar styður sérstaklega störf orlofsbúða fyrir eldri borgara á Löngumýri. Þar er mikill vaxtarbroddur í starfi þjóðkirkjunnar. Það er ekki sjálfgefið að slíkar orlofsbúðir takist vel. Því ber að þakka sérstaklega starfsfólki Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma og Löngumýrar fyrir framúrskarandi störf.

Ellimálanefnd heldur utan um efni fyrir kirkjulegt starf með eldri borgurum á efnisveitu kirkjunnar. Þar er ýmislegt gott efni fyrir starf með eldri borgurum.

Ellimálanefnd, kærleikþjónustusvið Biskupsstofu og Eldriborgaráð Reykjavíkurprófastsdæma gáfu á síðasta starfsári út skrána **Val mitt við lífslok**. Þegar skjalið hefur verið undirritað er það yfirlýsing eigandans um það sem snýr að andláti, útför og minningarorðum. Í upphafi heftisins er farið yfir lífslokin og hvernig einstaklingurinn óskar að haga meðferð sé hann deyjandi og hvort hann sé samþykkur líffæragejöf, en megin hluti heftisins fjallar um útför að ósk þess sem undirritar skrána. Á einfaldan hátt er reynt að koma óskum einstaklingsins skýrt fram. Heftið má panta hjá eldriborgararáð@kirkjan.is og er það afhent án endurgjalds. Skjalið má einnig prenta út í einfaldri útgáfu hjá <http://kirkjan.is/thjonusta/athafnir/utfor/>.

# Fagråd um meðferð kynferðisbrota

Sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir, formaður

Fagråd fundaði reglulega á síðasta starfsári og formaður ásamt fagráði átti fundi með biskupi til upplýsa um stöðu mála.

Eitt mál kom til fagráðs þar sem óskað var eftir ráðgjöf og snéri málið að manni sem dæmdur hafði verið fyrir kynferðisafbrot gegn börnum og setið af sér sinn dóm og óskaði hann eftir því að gerast meðlimur í kirkjukór. Áður en til þess kæmi hætti viðkomandi við að sækja um inngöngu í viðkomandi kór. Sóknarprestur og organisti kirkjunnar leituðu ráða hjá Fagráði.

Í kjölfar „metoo“ barst fagráði fyrirspurn/hugleiðingar prests vegna óþægilegrar orðræðu annars prests í viðurvist kórfélaga.

Mestur tími fagráðs fór í þau þrjú mál sem send voru frá fagráði til Úrskurðarnefndar vegna meintrar kynferðislegrar áreitni prests. Málin sem fóru til Úrskurðarnefndar voru fimm en tvö þeirra fóru ekki í gegnum fagråd. Úrskurður nefndarinnar lá fyrir á vormánuðum. Tvö af málunum fóru áfram til Áfrýjunarnefndar kirkjunnar.

Undirbúningur að námskeiði um hinar nýju verklagsreglur kirkjunnar „Verklag í viðkvæmum aðstæðum“ gengur vel og eftir sem áður vinnur fræðsludeild Biskupsstofu ötullega með formanni í því verkefni ásamt Þorvarði Goða Valdimarssyni. Á prestastefnu 2018 bar það samstarf m.a. þann ávöxt að Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari kom og flutti erindi sem bar heitið „metoo“ og kynferðisleg áreitni. Ásamt fyrirlestri Kjartans voru fyrirlestrar á Menntadegi Pí teknir upp og verða þessi fyrirlestrar notaðir í námsefninu um hinar nýju verklagsreglur.

Fagråd er nú að yfirfara og endurskoða starfsreglurnar um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar.

## Hjálparstarf kirkjunnar

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri

### Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun sem starfrækir mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar. Sem kirkjutengd stofnun nýtur Hjálparstarfið þeirrar sérstöðu að byggja á grasrotarstarfi í nærsamfélaginu en meginmarkmiðin eru bætt lífskjör þeirra sem búa við fátækt og að mannréttindi séu virt. Í starfinu felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf. Starfsár stofnunarinnar er 1. júlí til 30. júní. Rekstrartölur eru birtar í ársreikningum sem liggja fyrir í september ár hvert.

Yfirstjórn Hjálparstarfs kirkjunnar er í höndum fulltrúaráðs en í það skipar kirkjuráð þjóðkirkjunnar fimm fulltrúa, lærða eða leikna, og prófastsdæmi í landinu einn fulltrúa hvert.

Auk þess er hverri kirkjusókn heimilt að tilnefna fulltrúa í ráðið. Enginn má sitja í fulltrúaráði lengur en sex ár samfleytt. Fulltrúaráð setur stjórn fulltrúaráðs og endurskoðendum starfsreglur.

Stjórn fulltrúaráðs er kosin á aðalfundi Hjálparstarfs kirkjunnar ár hvert. Stjórnin ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og heldur ekki færri en átta fundi árlega. Heimilt er að endurkjósa í stjórn þó ekki svo að samfelld seta í stjórn verði lengri en 6 ár. Þrír aðalmenn eru í stjórninni og tveir sitja í varastjórn. Alla jafna hittast bæði aðalmenn og varamenn á fundum stjórnar. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Í stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2017-2018 eru: Gunnar Sigurðsson, formaður, Páll Kr. Pálsson og Salóme Huld Garðarsdóttir. Varamenn í stjórn eru Hörður Jóhannesson og Vigdís Valgerður Pálsdóttir. Skoðunarmenn reikninga eru Halldór Kristinn Pedersen og Margrét Albertsdóttir.

Bjarni Gíslason er framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar. Áslaug Arndal fulltrúi hefur umsjón með skrifstofuhaldi og aðstoð við fósturbörn á Indlandi. Kristín Ólafsdóttir er fræðslu- og fjáröflunarfulltrúi. Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi hefur umsjón með innanlandsstarfinu. Helena Gunnarsdóttir og Sædis Arnardóttir eru félagsráðgjafar í innanlandsstarfi. Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með starfi sjálfboðaliða og fatalager, bókunum og fleiru.

## Hjálparstarfið á Íslandi

Starfið á Íslandi felst í því að greina vanda þeirra sem til stofnunarinnar leita, veita félagslega ráðgjöf og efnislega aðstoð. Það felst einnig í valdeflingu þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að grípið verði til aðgerða sem breyta lífsskilyrðum þeirra.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar starfa með prestum og djáknum, félagsþjónustu sveitarfélaga, öðrum mannúðarsamtökum, stofnunum og ráðuneytum að úrlausn verkefna en ekkert er skipulagt án þess að notendur þjónustunnar séu hafðir með í ráðum og öll aðstoð er hjálp til sjálfshjálpar. Félagsráðgjafar og notendur þjónustu Hjálparstarfsins taka þátt í fjölbreyttu samstarfi til að sporna við fátækt og félagslegri einangrun, stuðla að opinni umræðu og þrýsta á stjórnvöld um að takast á við fátækt á árangursríkan hátt.

### **Ráðgjöf og efnislegur stuðningur við fólk sem býr við fátækt**

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar hafa sérstakan viðtalstíma og taka á móti fólki sem leitar eftir efnislegri aðstoð á miðvikudögum klukkan 12:00 – 16:00. Í viðtölunum segir fólk frá aðstæðum sínum og hefur með sér gögn um tekjur og útgjöld síðasta mánaðar. Að teknu tilliti til gagna veita félagsráðgjafarnir efnislega aðstoð og vísa fólki á frekari úrræði í samfélaginu.

Efnisleg aðstoð felst fyrst og fremst í því að fólk fær inneignarkort fyrir matvöru. Á höfuðborgarsvæðinu eru inneignarkortin að mestu einskorðuð við barnafjölskyldur og er einstaklingum sem hafa ekki börn á framfæri vísað á önnur samtök sem bjóða mataraðstoð. Á þeim stöðum þar sem öðrum hjálparsamtökum er ekki til að dreifa fá þeir sem búa einir líka inneignarkort. Auk inneignarkorta er tekjulágu fólki veitt aðstoð við lyfjakaup.

Foreldrar grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör hafa mörg undanfarin ár getað leitað stuðnings hjá Hjálparstarfinu við að útbúa börnin í skólann. Í skólabyrjun 2017 fengu 114



Sjálfbóaliðar gegna stóru hlutverki við fatasöfnun og fataúthlutun hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Í hverri viku mætir á annan tug kvenna sem flokka fatnað og raða í hillur og setja á slár ásamt því að aðstoð fólk sem leitar eftir fatnaði.

foreldrar 186 barna aðstoð hjá Hjálparstarfinu en það er svipaður fjöldi og fékk aðstoð haustið 2016. Foreldrarnir fengu flestir inneignarkort í ritfangaversluninni A4, sem og í Lindex og Hagkaupum til að versla skólafatnað.

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að hlúa að börnum sem búa við fátækt. Markmiðið er að þau geti styrkt sjálfsmynd sína sem aftur leiðir til aukinnar virkni og þátttöku í samfélaginu. Börn og unglingar undir átján ára aldri njóta því styrkja frá Hjálparstarfinu til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs. Hjálparstarfið styrkir einnig ungmenni til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi. Markmiðið er að rjúfa vítahring lítillar menntunar, lágra launa og viðvarandi fátæktar ungmenna.

Hinir ómetanlegu sjálfbóaliðar Hjálparstarfsins vinna ötullega við fataúthlutun á þriðju-dögum og taka fatnað upp úr pokum, flokka og setja í hillur á miðvikudögum. Í desember 2017 og janúar 2018 fengu 360 fjölskyldur (um 970 einstaklingar) notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu eða ellefu fjölskyldum (30 einstaklingum) færri en í fyrra.

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að aðstoða fólk sem býr við kröpp kjör fyrir jólin svo það geti gert sér dagamun og glaðst með fjölskyldunni yfir hátíðarnar. Alls nutu 1304 fjölskyldur eða um 3500 einstaklingar um land allt aðstoðar fyrir síðustu jól samanbórið við 1471 fjölskyldu eða um 4000 einstaklinga á fyrra starfsári.

Aðstoðin tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en fólk fær einnig notaðan fatnað eða inneignarkort fyrir fatnaði, aðgöngumiða í leikhús og/eða bíó og inneignarkort hjá vinsælum veitingastöðum meðal barna og unglinga. Þá fá foreldrar efnislega aðstoð svo börnin geti fengið jólagjafir sem þau hafa sett á óskalistann.

Fyrir jól 2017 var gott samstarf um jólaaðstoð milli Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðis- hersins í Reykjavík, og við Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefndir og Rauða krossinn á Eyja- fjarðarsvæðinu og í Árnessýslu. Eins og fyrr gat fólk einnig leitað til presta og djákna í kirkjum vitt um land.

## Valdefling

Efnislegur stuðningur er nauðsynlegur til þess að svara brýnni þörf en til þess að komast út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf að takast á við aðstæður á breiðum grunni. Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónusta eru lykilverkfæri félagsráðgjafa Hjálparstarfsins sem leggja höfuðáherslu á að hlusta, ræða og reyna að skilja einstaklingana sem til þeirra leita og vinna með þeim á forsendum þeirra sjálfra.

Í starfinu er markmiðið að fólk hafi fundið styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og til að komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifiskur efnaleysis. Sérstök áhersla er lögð á starf í þágu barna og unglinga sem miðar að því að þau hafi sterka sjálfsmynd og séu virkir þátttakendur í samfélaginu.

**Virgni og vellíðan – Taktu ábyrgð á eigin lífi** er tveggja ára verkefni sem hófst í september 2016. Átta konur hafa tekið þátt í verkefninu sem er ætlað að undirbúa einstæðar mæður sem búa við örorku og eru með unglings á heimilinu undir þau tímamót þegar barnið verður 18 ára og þar með fjárráða. Við það minnka heimilistekjur verulega þar sem meðlag, barnalífeyrir, barnabætur og húsaleigubætur vegna barns falla þá niður. Þegar börnin verða sjálfráða verður einnig ákveðin breyting á mæðrahlutverkinu.

**Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar** er nýtt og spennandi verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar sem hófst í febrúar 2018. Markmið þess til tveggja ára eru að þátttakendur - konur sem búa við örorku og eru með börn á framfæri – fái bætt sjálfsmynd sína og aukna trú á eigin getu, að þær styrki tengslanet sitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og að þær eflist í foreldrahlutverkinu.

**Taupokar með tvöfalt hlutverk:** Konur sem biða niðurstöðu hælisumsóknar og þær sem nýverið hafa fengið hæli hér á landi en eru enn utan vinnumarkaðar hafa þörf fyrir virkni af einhverju tagi. Til að svara þeirri þörf hafa Hjálparstarfið og Hjálpræðisherinn í sameiningu boðið konunum að taka þátt í saumaverkefni sem um leið er til verndar umhverfinu. Konurnar sníða og sauma fjölnota innkaupapoka úr efni og/eða notuðum fatnaði sem almenningur hefur gefið og nota til þess saumavélar sem almenningur hefur gefið sömuleiðis.

**Breiðholtsbrúin** er vettvangur fyrir fólk á öllum aldri til að hittast, elda góðan mat, borða saman og blómstra á eigin forsendum. Brúin er opin í safnaðarheimili Breiðholtskirkju á mánu- dögum klukkan 11:30-13:30. Þar gefst tækifæri til að kynnast nýju fólki, víkka sjóndeildar- hringinn og eiga gefandi gæðastund. Að brúnni standa Hjálparstarf kirkjunnar, Breiðholtskirkja, Fella- og Hólakirkja og Pepp á Íslandi.

**Borðum saman** er samstarfsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og samfélags Ahmadiyya- múslima á Íslandi sem hófst í mars 2017. Markmiðið er að bjóða fólki sem býr við verulegan skort upp á kvöldmat og notalega stund í Grensáskirkju tvö kvöld í mánuði.

**Sumarbúðir fyrir barnafjölskyldur sem búa við fátækt:** Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn á Íslandi standa saman að sumarbúðum á Úlfjótvatni fyrir fjölskyldur sem búa



Í Breiðholtsbrúnni er gott samfélag þar sem fólk borðar saman góðan mat og spjallar um heima og geima. Þar gefst tækifæri til að læra ýmislegt eins og til dæmis að búa til draumafangara, nokkurs konar óróa sem má nota til að skreyta híbýli með og sem um leið minnir okkur á að vinna að því að láta drauma okkar rætast.



við fátækt fimmta sumarið í röð. Fyrri sumarbúðir hafa heppnast einstaklega vel og vakið lukku hjá þátttakendum. Tilgangurinn er að styrkja fjölskyldurnar og stuðla að jákvæðri upplifun fyrir börn og foreldra sem búa við fátækt og hafa alla jafna ekki tækni á að fara saman í frí. Sumarbúðirnar eru á dagskrá í júníbyrjun en boðið er upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurshópa. Í sumarbúðunum verða um 80-100 manns með fjölskyldunum og sjálfbóðaliðum.

**Matjurtarækt í Seljagarði:** Hjálparstarf kirkjunnar skipuleggur í sumar matjurtarækt á skika í Seljagarði í Breiðholti en átta fjölskyldur tekið þátt í verkefninu sem fer rólega af stað, meðal annars vegna kulda í maí. Garðyrkjufræðingur leiðbeinir þátttakendum og hefur viðveru í garðinum á ákveðnum tímum sem auglýstir eru á Facebooksíðu hópsins. Í Seljagarði er frábær aðstaða og gott samfélag. Þar er hægt að rækta salat, kryddjurtir, kartöflur, gulrætur og fleira. Lýðheilsusjóður styrkir verkefnið.

## Málsvarastarf

Samkvæmt greiningu Hagstofunnar frá árinu 2015 búa um 5,5% landsmanna við skort á efnislegum gæðum og um 1,3% við sára fátækt. Nauðsyn baráttunnar um bætt lífskjör fólks sem býr við fátækt og tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu óháð félagslegri stöðu er því klárlega til staðar. Hjálparstarfið telur brýnt að fólk sem býr við fátækt tali fyrir sig sjálft og taki þátt í opinberum ákvörðunum sem það varðar. Hjálparstarfið telur einnig að þjónusta við fólk í félagslegri neyð eigi að vera notendastýrð og að fólk fái lífað mannsæmandi lífi af launum sínum og lífeyri.

### *EAPN og Pepp á Íslandi - samtök fólks í fátækt*

EAPN á Íslandi eru regnhlífassamtök þeirra félaga sem berjast gegn fátækt og félagslegri einangrun á Íslandi. Samtökin eiga aðild að EAPN (European Anti Poverty Network) sem voru stofnuð árið 1990. Níu aðildarfélög standa að EAPN á Íslandi og eiga þau öll sammerkt að hafa sem hluta af sínum markmiðum að vinna að aukinni farsæld fyrir félagsmenn. Þau eru Félag einstæðra foreldra, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, Kærleikspjónusta kirkjunnar, Samhjálp, Sjálfsbjörg, Hagsmunasamtök heimilanna og Öryrkjabandalag Íslands.

Lykilþáttur í starfsemi EAPN á Íslandi er virk þátttaka Pepp á Íslandi (PeP: People experiencing Poverty) sem samanstendur af öflugum hópi einstaklinga sem hafa sjálfir upplifað fátækt og félagslega einangrun. Pepp hefur staðið fyrir málstofum og morgunverðarfundum í vetur og hefur opnað eigin skrifstofu sem er opin mánudaga og miðvikudaga kl. 10:00 – 16:00.

## Breytendur

Breytendur – Changemaker á Íslandi, er hreyfing ungs fólks sem hefur það að markmiði að gera heiminn að sanngjarnari og réttlátari stað með jákvæðum aðgerðum. Hreyfingin er að norskri fyrirmynd og starfar undir verndarvæng Hjálparstarfsins. Heimasisða Breytanda (et. Breytönd) er [www.changemaker.is](http://www.changemaker.is) en hreyfingin heldur einnig úti Facebooksíðu. Starfið hefur legið í láginni undanfarin ár.

## Alþjóðlegt hjálparstarf

Hjálparstarf kirkjunnar leggur lóð sín á vogarskálarnar til þess að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun náist fyrir árið 2030. Áskoranirnar eru risavaxnar og margslungnar; ójöfnuður innan og milli samfélaga, loftslagsbreytingar, vatnsskortur, fæðuöryggi, vannæring, ófriður og vaxandi fjöldi flóttafólks í heiminum.

Í mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu liggur styrkur Hjálparstarfs kirkjunnar í samvinnu við hjálparstofnanir sem þekkja staðhætti á verkefnasvæðum. Þær þekkja söguna og menninguna en það auðveldar skipulagningu og útfærslu aðstoðar og þær eru áfram á svæðinu eftir að alþjóðlegri aðstoð lýkur og geta mælt árangur hennar.

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins og Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance. Einnig er gott samstarf við systurstofnanir á Norðurlöndum. Þá er alþjóðlegt Hjálparstarf kirkna unnið í náninni samvinnu við hjálparstofnanir Sameinuðu þjóðanna og eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

Starfið felst í efnislegri aðstoð við fólk í neyð, valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að grípið verði til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra.

Verkefni eru valin án tillits til þjóðernis, kynþáttar, kyns, trúarskoðana eða pólitískra hugmynda þeirra sem þurfa á aðstoð að halda. Þau eru á hverjum tíma valin eftir efnahag stofnunarinnar, hjálparbeiðnum sem berast og mati stjórnar og samstarfsaðila um hvar og hvernig hjálpin skilar bestum árangri.

Hjálparstarfið leitast við að styðja fólk og samfélög við að finna eigin lausnir á vanda sem að þeim steðjar og efla fólk til áhrifa. Hluti af starfinu felst í fræðslu um réttindi og skyldur einstaklinga, samfélags og stjórnvalda eða annarra sem bera ábyrgð á velferð fólks. Hjálparstarfið virkjar skjólstæðinga eins og mögulegt er í öllum verkefnum og leitast er við að byggja upp þekkingu og færni fólks svo þróun verði sjálfbær og utanaðkomandi aðstoð óþörf.

## Þróunarsamvinna

### *Eþíópía - Bætt aðgengi að vatni, tækifæri til fæðuöflunar og valdefling kvenna*

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sárafátæku fólki í Sómalí-fylki í Eþíópíu. Meginmarkmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni, að fólkið geti bætt fæðuöryggi sitt með bættum aðferðum í landbúnaði og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar. Verkefnið hefur verið í samstarfi við Lútherska heimssambandið í Eþíópíu með dyggum stuðningi frá einstaklingum og utanríkisráðuneytinu síðan árið 2007 eða í 10 ár.

Brunnar hafa verið grafnir og þar sem það er ekki mögulegt eru grafnar vatnsþrær. Nýjar og þurrkþolnar korntegundir eru kynntar til sögunnar, bættar ræktunaraðferðir og betri verkfæri. Dýraliðar hafa verið þjálfaðir til að meðhöndla og bólusetja búfé. Konur taka þátt í sparnaðar- og lánahópum og fá fræðslu um atvinnurekstur. Margar hafa hafið smárekstur. Þær reka litla búð, hafa hafið geita, fjár- og hænsnarækt og byrjað að rækta grænmeti. Mjög margar kvennanna tala um breytta stöðu þar sem þær hafa fjárráð og ákvörðunarvald sem var nær óþekkt áður.

Verkefnið hefur á þessum tíu árum náð til meira en 130.000 einstaklinga í Jijigahéraði og



Á hverjum mánudegi hittast konur úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda til að sauma saman fjölnota innkaupatóskur og grænmetispoka auk þess sem þær borða saman hádegismat. Konurnar koma víða að og hafa ólíkan bakgunn



Stærsta verkefni Hjálparstarfsins í þróunarsamvinnu er í Eþíópíu. Aðgengi að drykkjarhæfu vatni, tryggt og sjálfbær fæðuöflun og fæðuúrval ásamt valdeflingu kvenna eru markmið verkefnisins.

breytt lífi þeirra til hins betra. Á nýju ári færir Hjálparstarfið sig yfir í nýtt hérað, Kebri Beyah-hérað, sem er enn austar í Eþíópíu enda er sjálfbærni ein megin stoðin í verkefninu í Jijiga og tími kominn til að færa sig yfir í næsta hérað, og um leið að nýta alla þá reynslu sem komin er.

### **Úganda - Aðstoð við börn sem búa við sára fátækt vegna HIV/alnæmis**

Frá árinu 2006 hefur Hjálparstarfið tekið þátt í verkefnum í þágu HIVsmiða, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda í þremur héruðum í Úganda; Rakaí, Lyantonde og Sembabule þar sem nýsmít HIV hefur verið tíðara en annars staðar í landinu.

Síðustu starfsár hefur samstarf Hjálparstarfs kirkjunnar verið við samtökin *Rakai Community Based AIDS Organization (RACOB AO)* sem sprottin eru upp úr starfi Lútherska heimssambandsins í Rakaí og Lyantonde. Skjólstaðingar RACOB AO eru fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa ein sem og HIVsmiðar einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt.

Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins með því að reisa íbúðarhús með grunnhúsbúnaði, eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti og helstu áhöldum. Reistir eru kamrar og fólkið frætt um samband hreinlætis og smíthættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu. Aðgangur að hreinu vatni er aukinn til muna með því að koma upp rigningarvatnssöfnunartönkum við hlið íbúðarhúsanna og með viðhaldi á brunnum í héruðunum. Fólkið fær svo geitur og hænur til að auka fæðuval og möguleika á tekjuöflun.

### **Úganda - Ungmennni í fátækrahverfum Kampala fá tækifæri**

Í janúar 2017 hóf Hjálparstarf kirkjunnar stuðning við börn og ungmenni í Kampala, höfuðborg Úganda en samkvæmt Alþjóðabankanum er atvinnuleysi meðal ungs fólks hvergi meira í



Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar ungmenni í Kampala höfuðborg Úganda svo þau öðlist verkunnáttu sem þau geta nýtt sér til að sjá sér farborða. Tölvuviðgerðir eru vinsæl námsgrein.

heiminum en einmitt þar eða um 60%. Unglingarnir kúldrast í fátækrahverfum þar sem neyðin rekur þau til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða. Börn og unglingar í höfuðborginni eru því útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi og eymynd leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð.

Kampalaverkefni Hjálparstarfsins er í þremur fátækrahverfum borgarinnar og varir í 3 ár. Áætlaður heildarkostnaður er um 33 milljónir króna. Markhópurinn eru 1500 börn og ungmenni á aldrinum 13-24 ára en markmiðið er að unga fólkið öðlist verkunnáttu sem það getur nýtt til að sjá sér farborða, að það taki þátt í uppbyggilegum tómsundum og námskeiðum sem styrkja sjálfmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link) með góðum stuðningi utanríkisráðuneytisins. UYDEL hefur rúmlega tuttugu ára reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala. Í smiðjum UYDEL geta ungmenninn valið sér ýmis svið og öðlast nægilega hæfni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápugetu. Í smiðjunum er kennt fyrir hádegi en eftir hádegi er skipulagt frístundastarf í boði.

### ***Indland – Skóli og heimavist fyrir fátæk börn í Andhra Pradeshfylki***

Hjálparstarf kirkjunnar heldur enn um sinn áfram stuðningi sínum við skólastarf Sameinuðu indversku kirkjunnar, *United Christian Church of India* (UCCI) í Andhra Pradesh-fylki í austurhluta Indlands. Hjálparstarfið hefur stutt starf UCCI í rúman aldarfjórðung með því að kosta börn í skóla og heimavist ásamt því að senda stök framlög vegna viðhalds bygginga og til starfsemi spítala UCCI.

Hjálparstarfið og um 220 íslenskir fósturforeldrar styrkja nú 277 börn til skólavistar hjá



Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar landflótta Sýrlandinga í Jórdaníu við að koma sér fyrir í nýju samfélagi. Skólagjöld eru greidd fyrir nemendur og konur fá þjálfun og aðstoð við að koma sér upp smávöruverslun sér til lífsviðurværis. Börnum og unglingum er veittur sálrænn stuðningur og konum er veitt sálfélagsleg þjónusta.

Sameinuðu indversku kirkjunni (UCCI) í Andhra Pradeshfylki. Sextíu og sjö barnanna eru í grunnskóla og 210 eru í bóklegu eða verklegu framhaldsnámi. Hjálparstarfið greiddi einnig laun átta kennara við skólann.

## **Mannúðaraðstoð**

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mannúðaraðstoð í samstarfi við að Alþjóðahjálparstarf kirkna, ACT Alliance, sem sameinar krafta 145 kirkjutengdra hjálparstofnana í 125 löndum með 51.000 starfsmenn og 167.000 sjálfboðaliða innan sinna raða. Mannúðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara og vegna vopnaðra átaka er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um faglega mannúðaraðstoð og ströngum siðareglum.

Meginmarkmið með mannúðaraðstoð er að óbreyttir borgarar njóti verndar gegn stríðsátökum, mannlífum sé er bjargað með því að mæta grunnþörfum fólks, heilsufar fólks hafi batnað og velferð þess aukist og að viðnámspróttur samfélaga og geta til að lifa af hamfarir aukist.

## **Aðstoð við flóttafólk frá Sýrlandi í Jórdaníu**

Í febrúar 2018 samþykkti utanríkisráðuneytið að veita 25 milljóna króna framlag til mannúðaraðstoðar Hjálparstarfsins við flóttafólk frá Sýrlandi og fólk sem býr við kröppustu kjörin í móttökusveitarfélögum í Jórdaníu. Verkefnið er í samstarfi við Lútherska heimssambandið til loka 2018.



Fráfarandi formaður framkvæmdastjórnar Hjálparstarfs kirkjunnar, Ingibjörg Pálmadóttir (2. röð til vinstri) ásamt núverandi stjórn og framkvæmdastjóra: Gunnar Sigurðsson, nýkjörinn formaður (3. röð til hægri), Salóme Huld Garðarsdóttir (3. röð til vinstri), Hörður Jóhannesson (1. röð til hægri), Vigdís Valgerður Pálsdóttir (3. röð fyrir miðju) og Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri (1. röð til vinstri). Á myndina vantar Pál Kr. Pálsson stjórnarmann.

Fólkið fær húsbúnað og aðstoð við að koma sér fyrir ásamt stuðningi við að afla sér lífsviðurværis með starfsnámi og greiðslu fyrir vinnuframlag. Skólagjöld verða greidd fyrir 75 nemendur og 100 konur fá þjálfun og aðstoð við að koma sér upp verslun með smáíðnað. Þá verður börnum og unglingum veittur sálrænn stuðningur og sálfélagssleg þjónusta veitt konum með því að bjóða þeim að taka þátt í skipulögðum ípróttum.

***Mannúðarastoð vegna þurrka og flóða sem og við fólk á vergangi vegna átaka í Eþíópíu***  
 Í maí samþykkti utanríkisráðuneytið að veita 25 milljónum króna til mannúðaraðstoðar Hjálparstarfsins í Eþíópíu til eins árs vegna þurrka og flóða sem og við fólk á vergangi vegna átaka í Oromía og Sómalífylkjum. Börn og mæður með börn á brjósti sem og fólk með fötlun eða sjúkdóma er í forgangi en alls er áætlað að aðstoðin nái til 198.446 manns.

## Fræðsla og fjáröflun

### ***Fjáröflun***

Hjálparstarfið safnaði fyrir aðstoð við efnaminni foreldra í ágúst og september með valgreiðslukröfu í heimabanka að uphæð 2.600 krónur en einnig með því að bjóða fólki að senda sms í símanúmerið 1900 með textanum *Styrkur* en þannig gjaldfærðust 1.300 krónur af simreikningi. Fyrirtæki, félagasamtök og sóknir þjóðkirkjunnar lögðu starfinu auk þess lið með rausnarlegu hætti en alls söfnuðust um 6,4 milljónir króna.

Átján hlauparar söfnuðu áheitum fyrir Hjálparstarfið í Reykjavíkumaraþoni þann 19. ágúst

2017 og rann söfnunarféð inn í haustsöfnunina *Ekkert barn útundan!* Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra hélt móttöku til heiðurs hlaupurunum daginn fyrir marapon en hlaupið var um götur prófastsdæmisins. Heimir Hallgrímsson, Elín Metta Jensen og Pálmi Matthíasson hvöttu hlaupara til dáða, áheitum var safnað og beðið var fyrir hlaupinu, hlaupurum og félagasamtökunum í helgistund í Háteigskirkju auk þess sem börn hlauparanna léku á hljóðfæri, lásu ritningarlestra og sungu.

Fermingarbörn í 62 sóknum um land allt tóku þátt í fjáröflun fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku í nóvember. Verkefnið gekk mjög vel en alls söfnuðust um 8,4 milljónir króna. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf leggja á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt. Bestu þakkir til allra sem tóku þátt í verkefninu!

Í jólasöfnuninni 2017 var safnað fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfsins í Eþíópíu og Úganda. Heildarsöfnunarfé til verkefna erlendis og til innanlandsaðstoðar í desember og janúar að gjafabréfum meðtöldum var 73 milljónir króna en þar af voru 32 milljónir eyrnamerktar innanlandsaðstoð. Einstaklingar, fyrirtæki og samtök standa að baki þessum gjöfum.

Í páskasöfnun 2018 var safnað fyrir verkefni Hjálparstarfsins í Kampala í Úganda. Upphæð söfnunarfjár liggur fyrir í lok júní.

Gjafabréfasíða Hjálparstarfsins [www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is) er fjáröflunarleið sem skilaði um 8,5 milljónum króna á fyrstu sjö mánuðum starfsársins 2017-2018.

*Hjálparliðar* eru stækkandi hópur fólks sem styrkir starfið með reglulegu framlagi og réttir þannig hjálparhönd þeim sem á þurfa að halda.

### ***Fréttablaðið Margt smátt... , facebook og heimasíðan [www.Help.is](http://www.Help.is)***

Fréttablað Hjálparstarfs kirkjunnar kemur út fjórum sinnum á ári, tvisvar í tímaritsformi, sent til um 4.000 aðila, og tvisvar í dagblaðsformi, sent á heimili í landinu með Fréttablaðinu í upphafi jólasöfnunar og í upphafi páskasöfnunar. Í blaðinu segjum við frá starfinu bæði hér heima og erlendis. Fyrirtæki og samtök kaupa auglýsingar og styrktarlínur í blaðinu.

## ***Hópslysanevnd***

**Sr. Gísli Jónasson, formaður**

Hópslysanevnd, er fastanevnd sem starfar í umboði Kirkjuráðs og Biskups Íslands og ber ábyrgð á að skipuleggja og hafa umsjón með viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa. Í nefndinni eiga sæti:

- a) Biskupsritari
- b) Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar
- c) Forstöðumaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
- d) Sjúkrahúsprestur þjóðkirkjunnar
- e) Einn fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði og er hann formaður nefndarinnar.



Núverandi nefnd skipa: Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, Benedikt Jóhannsson, f.h. Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkráhusprestur og sr. Gísli Jónasson, prófastur, sem er formaður nefndarinnar.

Starfsmaður nefndarinnar, í 10% starfshlutfalli, hefur undanfarin ár verið sr. Guðrún Eggertsdóttir, en hún lét af því starfi á síðasta fundi nefndarinnar 18. apríl sl. og tók sr. Sigfús Kristjánsson þá við.

Viðbragðaáætlun kirkjunnar var samþykkt á kirkjuþingi 2006 og var hún á sínum tíma gefin út í litlu hefti sem dreift var til allra presta, sóknarnefnda o.fl. Þessi áætlun hefur síðan verið endurskoðuð nokkrum sinnum m.a. með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi og breytinga á prófastsdæmaskipan kirkjunnar. Hina endurskoðuðu áætlun er að finna á vefsvæði þjóðkirkjunnar ([www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)) ásamt ýmsum fylgigögnum sem henni fylgja.

Viðbragðaáætlunin gerir ráð fyrir því, að útbúnar séu sérstakar viðbragðaáætlanir prófastsdæmanna og hafa mörg þeirra lokið við áætlanir sínar en einhver þeirra eiga þó eftir að endurskoða áætlanir sínar með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á prófastsdæmunum.

Nefndin vinnur að því, að útbúa tillögur að helgistundum, bænum og ritningarlesturum sem nota mætti við hin ýmsu tækifæri þegar slys- eða hamfarir hafa orðið. Er að því stefnt, að slíkt efni verði aðgengilegt á netinu.

Þátttaka kirkjunnar og starfsmanna hennar er reglulega æfð í tengslum við flugslysaæfingar. En þátttaka í slíkum æfingum og undibúningi þeirra hefur á undanförunum árum gefið bæði þeim starfsmönnum kirkjunnar, sem þátt taka og hópslysaneftinni dýrmæta reynslu. Hægt hefur verið að prófa viðbragðaáætlunina og einstaka þætti hennar við raunverulegar aðstæður og nota síðan reynsluna til að slípa þá til. Þá hefur á síðustu árum reynt á áætlunina í tengslum við jarðskjálfta og eldgos og sömuleiðis í kjölfar nokkurra alvarlegra slysa og virðist hún hafa reynst vel við þessar aðstæður.

Í framhaldi af endurskoðun á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi, sem gengið var frá haustið 2010, voru stofnaðir samráðshópar áfallahjálpar í öllum lögregluumdæmum landsins. Prófastsdæmin skipa fulltrúa sína í samráðshópana og hafa þeir verið virkir þátttakendur í fræðslufundum og æfingum sem þeim tengjast.

Þá taka fulltrúar nefndarinnar þátt í störfum Samráðshóps áfallahjálpar í Samhæfingarstöð almannavarna, en þessi hópur hefur yfirumsjón með skipulagi áfallahjálpar í almannavarnaástandi á landsvísu og fundar reglulega.

Að lokum skal svo á það minnt, að nefndin ber, ásamt biskupi Íslands, ábyrgð á og sinnir, eftir því sem við á, stuðningi við presta og aðra starfsmenn kirkjunnar, sem unnið hafa við stórslysaáðstæður og/eða verið undir miklu álagi vegna stuðnings við syrgjendur. Og sömuleiðis skal það ítrekað, að neyðarskipulag kirkjunnar er að sjálfsgöðu þannig hugsað, að það geti haldið utan um viðbrögð kirkjunnar í hvert sinn er neyðarástand skapast, jafnvel þótt ekki sé um almannavarnaástand að ræða.

# Kirkjugarðaráð

Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflokki þó verkefnin séu ekki beinlínis tengd trúmálum.

Dómsmálaráðuneytið er fagráðuneyti kirkjugarða en biskup, kirkjugarðaráð, prófastar, prestar, sóknarnefndir og starfsmenn kirkjugarða sjá um stjórnun og framkvæmd verkefna.

## Hlutverk Kirkjugarðaráðs.

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Hlutverk ráðsins er:

1. Samþykkja upptöku nýs kirkjugarðs eða stækkun gamals.
2. Veita leiðsögn við skipulag, viðhald og lagfæringar kirkjugarða.
3. Aðstoða við gerð verk- og kostnaðaráætlana vegna framkvæmda í kirkjugörðum.
4. Leiðbeina við gerð uppdrátta og legstaðaskráa.
5. Ákveða framlag til einstakra kirkjugarða sem byggir á úthlutunarreglum gjaldalíkans kirkjugarða sem unnið var af Kirkjugarðasambandi Íslands og samþykkt af Kirkjugarðaráði.
6. Úthluta styrkjum úr Kirkjugarðasjóði.
7. Úrskurða í einstaka málum.

Kirkjugarðaráð ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf. Aðsetur Kirkjugarðaráðs og framkvæmdastjóra þess er á Biskupsstofu Laugavegi 31 í Reykjavík.

## Stjórn Kirkjugarðaráðs

Í Kirkjugarðaráði sitja fimm fulltrúar. Þeir eru:

*Ragnhildur Benediktsdóttir* lögfræðingur, fulltrúi biskups og formaður ráðsins,

*Kristín Huld Sigurðardóttir* forstöðumaður Minjastofnunar Íslands og ritari ráðsins,

*Valtýr Valtýsson* sveitarstjóri tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

*Þórsteinn Ragnarsson* forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og formaður Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu.

*Smári Sigurðsson* framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af kirkjuþingi.

Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson. Á vegum ráðsins starfar einnig Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður sem sér um uppmælingu og stærðar-útreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdrátta og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða.

## Starfsemi ráðsins

Á árinu voru haldnir níu fundir auk þess sem ráðið fór í sína árlegu skoðunarferð, sem í þetta



Ólafsfjörður

sinn var um Kjalarnesprófastsdæmi. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti 89 kirkjugarða og grafreiti.

### **Styrkveitingar kirkjugarðasjóðs – framkvæmdir.**

Kirkjugarðaráð fer með úthlutun úr kirkjugarðasjóði að fenginni umsögn framkvæmdastjóra ráðsins. Á árinu 2017 voru veittir styrkir úr Kirkjugarðasjóði til 44 verkefna samtals að upphæð rúmar 57,6 milljónir. Eins og árið á undan ákvað Kirkjugarðaráð að endurgreiða til baka í grafarsjóð þau 8,5 % sem sjóðurinn fær af grafargjaldinu. Var þetta gert vegna erfiðrar stöðu grafarsjóðs sem sér um að greiða svokallað grafargjald. Grafargjaldið er greiðsla sem hverjum kirkjugarði er reiknað fyrir hverja gróf sem tekinn er í viðkomandi garði og á að standa undir kostnaði vegna þjónustu prests við útför, grafartöku og frágang leiðis, en gjaldið hefur ekki fylgt verðlagsþróun síðustu ára. Upphæðin sem annars hefði nýst til styrkúthlutunar en var endurgreidd til grafarsjóðs úr kirkjugarðasjóði var tæpar 14,5 milljónir.

Kirkjugarðar sem fengu 700 þúsund eða meira í styrk eru:

*Eiðar:* endurnýja umgjörð og breyta aðkomu að garði.

*Stóri-Núpur:* greiða niður skuldabréf vegna láns garðsins frá kirkjunni.

*Útskálar:* vegna stækkunar á kirkjugarði.

*Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma:* frágangur og uppbygging nýrra grafarsvæða í Gufuneskirkjugarði.

*Reykholt:* Greiða niður skuld og ljúka framkvæmdum við stækkun.

*Stafholt:* endurnýja girðingu um garðinn.

*Setbergskirkjugarður Grundarfirði:* reisa nýtt sáluhlið.

*Reykhólar:* ljúka við að girða garðinn og greiða upp skuld.



Eiðar eftir framkvæmdir

*Sauðárkrókur:* endurnýja rafmagnsheimtaug og lagnir og setja upp lýsingu.

*Ólafsfjörður:* ganga frá yfirborði á stígum í garðinum.

*Kirkjugarður Akureyrar:* ganga frá nýjum grafarstæðum, stígum og lýsingu.

Á árinu var unnið við lagfæringu og hirðingu á nokkrum niðurlögðum gördum t.d. Hálsi í Hamarsfirði, Arnarbæli í Ölfusi, Krýsuvík, Kirkjubóli í Langadal og Selárdal.

Auk áðurtalinna styrkja fékk Kirkjugarðasamband Íslands styrki til uppfærslu tölvukerfa á vefnum *gardur.is*, sem er sameiginlegur gagnagrunnur og upplýsingavefur fyrir alla kirkjugarða landsins.

## ***Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan***

**Edda Möller, framkvæmdastjóri**

Skálholtsútgáfan heldur úti heimasíðu [www.kirkjuhusid.is](http://www.kirkjuhusid.is) - Hún er fyrst og fremst hugsuð fyrir almenning og er jafnframt netverslun.

Þar má sjá yfirlit yfir útgáfu Skálholtsútgáfunnar annað en það sem sérstaklega er gefið út fyrir fræðslustarf kirkjunnar. Þar eru einnig titlar á kristnum grunni frá öðrum útgáfufélögum.

### **Tilgangur og markmið samkvæmt skipulagsskrá**

Skálholtsútgáfan er útgáfufélag þjóðkirkjunnar. Það er hlutverk hennar að sjá kirkjusöfnum

fyrir ýmsu efni til fræðslu- og safnaðarstarfs og hlutverk Kirkjuhússins að útvega ýmsar rekstarvörur til kirknanna; má þar nefna oblátur, óáfengt messuvín, kirkjumuni, altarisklæði, dúka og hökla, ölbúur, rykkilín, kerti, sálmaþækur, annað undirleiks- og tónlistarefni, svo dæmi séu tekin. Einnig skal Skálholtsútgáfan gefa út efni í ýmsu formi fyrir almenning þar sem ... „kristin sjónarmið eru skýrð.“ Kirkjuhúsið er bókaverslun en einnig gjafavöruverslun á kristnum grunni. Við stefnumörkun er litið til markmiða í stefnumótun Þjóðkirkjunnar varðandi útgáfu og fræðslu, einnig til fræðslustefnu og fjölskyldustefnu og til vinnu nefnda og ráða kirkjunnar.

## Markvert í útgáfu 2017-18

Útgáfa á vegum Skálholtsútgáfunnar er heilmikil ef miðað er við starfsmannafjölda, við erum tvær sem vinnum við verslun, þjónustumiðstöð og útgáfu en fáum margskonar aðkeypta aðstoð við úrvinnslu og ritstjórn útgáfuverkefna, einnig ómetanlega aðstoð frá stjórn og útgáfuráði okkar.

Lúthersárið hafði vissulega mikil áhrif á útgáfu ársins 2017.

Lúthersverkefnin eru:

- Marteinn Lúther – munkur breytir heiminum, hugsað fyrir unglinga.
- *Hér stend ég – hvar stendur þú?* – Powerpoint sýning fyrir fermingarbörn.
- Marteinn Lúther – *Úrval rita 1* (1517-1523) útg. 2017 og *Úrval rita 2* (1524-1545) útg. 2018, í samstarfi við nefnd um afmæli Siðbótar.
- *Lúther, ævi – áhrif – arfleifð* eftir Karl Sigurbjörnsson.
- 95 tesur Lúthers voru gefnar út á plakati.
- Svo mætti minnast á það að Kirkjuhúsið seldi um 800 eintök af Lúther Playmo, sérstaklega gefin út í tilefni Lúthersárs í Þýskalandi.

*Barnabækur útgefnar:*

- Þú ert frábær, höfundur Max Lucado
- Sagan af fuglinum sem hafði of miklar áhyggjur höf: Meryl Doney.

*Samstarfsverkefni Fræðsluviðs og Skálholtsútgáfu:*

- Barnaefni fyrir sunnudagaskóla haust 2017 og 2018.  
Haustið 2018 fá börnin bók sem heitir Jesúbókin mín, 32 sögur af Jesú og um kærleika Guðs. Ein saga er tekin fyrir í sunnudagaskólanum á hverjum sunnudegi og fá börnin límmiða til að fullgera biblíumyndina í bókinni. Foreldrum gefst síðan tækifæri til að rifja upp söguna með börnum sínum þegar heim er komið.
- *AHA fermingarefni*. Efnið samanstendur af verkefnabókinni *Veganesti* og námskassanum AHA! Hér er á ferðinni nýstárleg nálgun í fermingarfræðslunni og byggir efnið á kennslufræði jákvæðrar sálfræði.
- *Fjárjóður gleðinnar* kom út haustið 2017. 84 spjöld í kassa. Öðru megin er ritningarvers úr Biblíunni sem auðvelt er að tileinka sér og hinum megin bæn eða andlegt húsráð um gleðina.
- *Móðir missir máttur* er bók skrifuð af þremur konum úr Vestmannaeyjum sem misstu börn ung. Bókin er ferðalag gegnum móðu og mistur, segir sögu þeirra og hvernig þær lifðu áföllin af.

- *Í helgum steini* eftir Karl Sigurbjörnsson, biskup kom út vorið 2018. Hún inniheldur prédikanir frá starfi hans við Dómkirkjuna síðustu þrjú ár starfsævinnar.
- *Ný kveðja til brúðhjóna* (úthendi við hjónavígslu) kom út haust 2018.
- *Til ástvina minna – ævi mín og óskir* kom út haust 2018. Í bókina getur eigandinn skrifað um líf sitt, ævi sína og óskir og jafnframt hugmyndum og skoðunum á sinni eigin útför, þegar að henni kemur. Það sem eigandi skrifar í bókina getur reynst aðstandendum kær minning.
- *Ný skírnarkveðja* sem sem jafnframt er minningabók barnsins frá fæðingu til fermingar kemur út síðla árs 2018. Hún verður fallega myndskreytt.
- *Sálmabókarútgáfan 2019* í samstarfi við sálmabókarnefnd þjóðkirkjunnar. Skálholtsútgáfan hefur unnið með nefndinni að útgáfunni allt frá árinu 2012 en Sálmur 2013 kynningarútgáfa að nýrri sálmabók hefur haft mikil áhrif á sönginn í kirkjunni. Það sést best í útvarpsmessum, en þar er mikið sungið úr bókinni.
- *Útgáfa fyrir verslunina* er sístætt verkefni; bænasþjöld, póstkort, plaköt og veggspjöld eru hönnuð og gefin út. Nú síðast hefur Kirkjuhúsið verið í samstarfi við fyrirtækið Letterpress um hönnun og prentun á ýmsum gullmolum.

## Kirkjuhúsið – verslun

Viðskiptavinir Kirkjuhússins, verslunar er alls konar fólk! Það getur verið sérstakt að upplifa djúpa sorg og máttleysi, vanlíðan og vantrú en einnig trú, von og kærleika fólks. Oft kemur verslunin fólki þægilega á óvart og við fáum svo sannarlega hrós fyrir mikið vöruúrval. Í Kirkjuhúsinu fæst lesefni um kristna trú, barnabækur, geisladiskar og DVD efni fyrir börn (sem notabene selst alltaf!) og fullorðna, fræðsluefni fyrir kirkjustarf, ýmis konar aðföng fyrir kirkjur, gjafavara og ýmislegt og fleira. Mikið úrval skírnargjafa fæst í Kirkjuhúsinu.

Starfsfólk kirknanna um land allt er duglegt að heimsækja okkur og Prestafélag Íslands á sérstakan stað hér þar sem félagið á heima! Alltaf boðið uppá kaffi og spjall.

## Starfsfólk og stjórn

Hjá Kirkjuhúsinu-Skálholtsútgáfunni vinna tveir starfsmenn sem sjá um verslun, þjónustu og útgáfu ásamt öðrum verkefnum, eins og bókhaldi, ritstjórn og útgáfu, dreifingu til kirkna, bókaverslana og einstaklinga. Margir verktakar koma einnig við sögu og af og til fáum við aðstoð vegna sumarleyfa og á háannatímum. Stjórn frá aðalfundi fyrir árið 2017 skipa: Arna Grétarsdóttir, prestur á Reynivöllum og verkefnastjóri Leikmannaskóla þjóðkirkjunnar er formaður, Hreinn S. Hákonarson fangaprestur, Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur, Halla Jónsdóttir hugmyndasagnfræðingur og aðjúnkt við HÍ; Sigríður Dögg Geirsdóttir fv. fjármálastjóri þjóðkirkjunnar, Valur Árnason lögfræðingur og Magnea Sverrisdóttir kennari.

Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan leigir húsnæðið undir starfsemi sína af Kirkjumálasjóði á 1.hæð á Laugavegi 31, þjónustuhúsi þjóðkirkjunnar.

## Fjárhagur

Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan stendur undir sér og fjármagnar sjálf öll sín útgáfuverkefni.

Þetta er ekki auðvelt, langt í frá. Tekjur safnaða dragast saman vegna lækkunar sóknargjalda og Laugavegurinn ekki beint aðgengilegur fyrir fólk sem á erindi við okkur. Skálholtsútgáfan heldur samt ótrauð áfram þrátt fyrir að móti blási. Verkefni eru næg og þörfin mikil.

Svo er þetta einstaklega gefandi vinna og skemmtileg!

## Fræðslusetur Þjóðkirkjunnar að Löngumýri

Gunnar Rögnvaldsson

„Þannig týnist tíminn ...“ syngur Raggi Bjarna og er þó enn að eftir áratugi á sviði. Hér renna árin hjá og skilja eftir minningar, þakklæti og gleði yfir því góða fólki sem hingað kemur og hér vinnur.

Löngumýrarnefnd stendur þétt við bakið á staðnum skipuð sem fyrr sr. Gísli í Glaumbæ, sr. Sigríði á Sauðárkróki og Lárusi Ægi á Skagaströnd. Starfsfólkið er jafnframt það sama og á síðasta ári með Lísu okkar sem aðal ráðskonu og þær Sigurlaugu á Reynistað og Drífu á Uppsólum sem húsmæður ásamt fleiri sumarstúlkum og svo auðvitað Helgu Bjarnadóttur sem heldur garðinum einstaklega vel við.

Ekki er hægt að fjalla um liðið ár án þess að minnst sérstaks vinar Löngumýrar, Jóns Halls Ingólfssonar bankamanns á Sauðárkróki sem lést á haustdögum 2017 langt um aldur fram eftir snarpa baráttu við krabbamein. Síðan undirritaður hóf störf kom Jón Hallur aldrei sjaldnar en 10-15 sinnum á ári til þess að skemmta dvalargestum með söng og gamanmálum, ávallt án nokkurs endurgjalds. Hans verður sárt saknað og megi Guð blessa minningu góðs drengs.

### Starfsemin

Reglubundin starfsemi hefur verið í allföstum skorðum um árabíl og má segja að hún skiptist nokkuð eftir árstíðum en inn á milli fléttast svo viðburðir sem fá hér innhlaup ef aðstæður leyfa.

Mikill kraftur er í kirkjustarfi prestanna hér í firðinum og yfir veturinn standa þau sr. Dalla á Miklabæ og sr. Gísli í Glaumbæ sameiginlega að TTT starfi, sunnudagaskólanum og fermingarfræðslu auk annarra tilfallandi samvera s.s. prestafundum, samæfingum kóra o.fl. Sameiginlegar guðsþjónustur prestakallsins er allmargar s.s. á Æskulýðsdaginn, páskadag, aðventusamkoma og haustmessa þar sem að jafnaði er boðið upp á fjölbreyttan tónlistarflutning og veitingar á eftir. Kirkjukór prestakallsins er mjög öflugur og æfir hér reglulega og svona mætti áfram telja. Kirkjusókn og þátttaka í safnaðarstarfi hér er með hreinum ágætum og verður að segjast eins og er að 130 manns í páskamessu er ekki í hverri kirkju.

Nú standa yfir sumarþúðir Dropans fyrir sykursjúk börn, en sú breyting verður á að eftir 15 ára samfellu verða þær hér eftir annað hvert ár. Þetta er sérdeilis gott dæmi um uppbyggjandi starf þar sem börnin fá leiðsögn og utanumhald fagfólks til að læra að lifa með þessum sjúkdómi.

Orlofsdvöl eldri borgara á vegum Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófestsdæma er alltaf að vefja upp á sig og nú í sumar verða sex hópar undir öruggri forystu Þóreyjar Daggar Jónsdóttur



Eldri borgarar í orlofsdvöl brugðu sér í 17. júní messu hjá sr. Döllu á Miklabæ

framkvæmdastjóra og Önnu Huldu Júlíusdóttur djáknakandidats sem eru óþrjótandi upp-spretta hugmynda og krafts til að gera þessa daga ógleymanlega. Vert er að geta tveggja ungra pilta, tvíburabræðranna Tryggva og Júlíusar Þorsteinssona sem eru synir Önnu Huldu og hafa yfir að ráða óvenjulegum tónlistahæfileikum ásamt sérstakri þrúðmennsku sem þeir leyfa okkur að njóta á kvöldvökum, á ferðalögum og daglegu stússi með alúð og hjálpsemi.

Til að fyrirbyggja misskilning er orlofsdvölin opin fólki af öllu landinu og auglýst með það að markmiði. Nú í ár var gríðarmikil aðsókn og biðlistar á flest tímabilin sem sýnir hve mikil þörf er fyrir starfsemi af þessum toga sem hefur ekki síst að markmiði að rjúfa einangrun og fjölga afþreyingarmöguleikum þess hóps sem vegna aðstæðna hefur færri tækifæri en aðrir. Markviss kynning m.a. með tónleikunum Gamlingjanum og fjölmiðlaumfjöllun er þarna sannarlega að skila sér. Vonandi á þetta eftir að aukast enn frekar svo gefandi, skemmtilegt og kærleiksrik sem dvöl þessara hópa er.

Síðsumars verða svo krabbameinssjúklingar og ekkjur og ekkjar samkvæmt venju en inn á milli skjótast ættarmót og stöku brúðkaup sé möguleiki þar á, að ógleymdu Kristniboðsmóttinu.

Nemandamótum fjölgar árlega og gaman er að sjá hve staðurinn hentar vel slíkum hópum og flestir sem hingað koma einu sinni halda tryggð við okkur og koma aftur og aftur.

Ekkert stöðvar vinsældir bútasaums- og þrjónanámskeiða Quiltbúðarinnar á Akureyri sem eru vor og haust og falla sérdeilis vel að annarri starfsemi hér.

Heimakonur hittast svo yfir þrjónum hálfsmánaðarlega. Helga Bjarna og Inda standa enn





Fjör í morgunleikfiminna hjá eldri borgurum

fyrir starfi eldri borgara og Lionsklúbbur Skagafjarðar hefur sitt varnarþing hér svo dæmi séu tekin. Hér verða ekki tíundaðir námskeið, fundir og mannfagnaðir og fjölmargt annað sem fær innhlaup rekist það ekki á annað sem er í gangi.

Á vordögum 2017 hélt Löngumýrarnefnd ásamt forstöðumanni til Skotlands þar sem við kynntum okkur m.a. starfsemi kirkjumiðstöðvarinnar í Biold sem er rétt í útjaðri Perth. Gaman var að sjá hvernig þau flétta fjölbreytt starf saman og reyna að auka sjálfbærni staðarins með margvíslegum hætti. Alltaf má læra eitthvað á svona heimsóknum og eins fá staðfestingu á því sem vel er gert. Staðsetning og markaðssvæði skipta auðvitað sköpum, en ekki síður litlu hlutirnir. Því er núna í gangi, samfara vonandi aukinni þjónustu sveitarfélagsins, átak í sorpflokkun sem við hófum fyrir nokkrum árum en höfum ekki getað fullnustað þar sem sveitarfélagið hefur ekki enn boðið upp á söfnun á flokkuðu sorpi hér til sveita.

## Framkvæmdir

Sífelld er reynt að halda í horfinu og lagfæra bæði vinnuáðstöðu og umhverfi. Á liðnu ári voru allar sængur og koddar endurnýjaðar, settur upp nýr og fullkominn ofn í eldhúsi, skipt út gömlum og hættulegum ljósum í eldhúsi og á baðherbergjum og fleira í þeim dúr. Eins verður haldið áfram með garðskálann og reynt að gera hann fohheldann fyrir veturinn fáist iðnaðarmenn.

Margt er að ganga úr sér og m.a. eru ofnar í setustofu tifandi tímasprengja sem þarfnast endurnýjunar. Meira og minna allar rúður í elsta hlutanum eru orðnar fylltar móðu og þarfnast útskiptingar. Skápar í herbergjum að liðast í sundur og þannig mætti áfram telja. En kúnstin er að lagfæra smám saman og forðast með því kostnaðarsöm stóraföll.

## Að lokum

Það er sannarlega gaman að finna þá góðvild sem staðurinn býr við innan héraðs og utan, gott nágrenni og hjálpssemi baklandsins sem best sést á öllu því fólki sem er tilbúið að leggja lið á kvöldvökum og við önnur verkefni þegar kvakað er. Það ásamt því mjög svo öflugra kærleiks og kirkjustarfi sem hér fer fram er í engu samræmi við þá neikvæðu mynd sem gjarnan er dregin upp í fjölmiðlum. Vægast sagt er það virkilega ergilegt að kirkjan skuli, nema í undantekningar- tilfellum liggja í vörn og þurfa sífellt að svara fyrir innanbúðarmál sem vefja upp á sig og taka alltof mikið af slagkraftinum sem frekar ætti að nýta í kynningu á öllu því stórgóða starfi sem fer fram víðsvegar um landið án upphrópana og málaferla. Hvernig væri að taka upp sóknarleik og efla framfærsluna svo undanhaldinu linnir?

Öllu starfsfólki, gestum og velunnurum er þakkað samstarfið um leið og við hlökkum til komandi tíma.

## *Holt í Önundarfirði-Friðarsetur*

*Sr. Fjölur Ásbjörnsson*

## Sjálfsseignarstofnunin

Holt í Önundarfirði-Friðarsetur, 425 Flateyri, var stofnuð af Ísafjarðarprófastsdæmi og kirkju-sóknum í Holtsprestakalli. Eftir sameiningu prófastsdæma á Vestfjörðum, er Vestfjarða-prófastsdæmi aðili að rekstri Friðarsetursins.

Hlutverk stofnunarinnar er að standa fyrir fjölbreyttu kirkju- og menningarstarfi og að skapa aðstöðu til félagsstarfs fyrir heimamenn og velunnara.

Stjórnin er skipuð fimm mönnum: prófastur er formaður, sóknarprestur í Holti er vara-formaður, héraðsfundur Vestfjarðarprófastsdæmis velur einn stjórnarmann og sóknarnefndir í Holtsprestakalli velja tvo fulltrúa. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn og miðast upphaflega við 1. október 2002. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 3. desember 2002, húsið var afhent 1. apríl 2003 og starfsemi hófst í maí 2003.

Húsið er fyrrum Holtsskóli, sem stofnunin keypti af Prestssetrasjóði. Árlegt starfsfé kemur frá kirkjuráði og frá héraðssjóði Vestfjarðarprófastsdæmis og þarf að skila skýrslum og reikningum til þeirra. Að öðru leyti þarf stofnunin að standa undir rekstrarkostnaði með starfsemi sem greitt er fyrir og leita annarra styrkja eftir þörfum. Stofnunin hefur árlega sótt um styrk frá ríkinu til viðhalds og endurbóta á húsnæðinu.

## **Stjórnin frá 2017 til 2018**

*Formaður:* Sr. Magnús Erlingsson, prófastur, Ísafirði

*Varaformaður:* Sr. Fjölur Ásbjörnsson, sóknarprestur í Holti

*Meðstjórnandi:* Barði Ingibjartsson, Súðavík, (varamaður: Bergur Torfason, Þingeyri)

*Ritari:* Jóhanna G. Kristjánsdóttir, Flateyri, (varamaður: Hafdís Sigurðardóttir, Flateyri.)

*Gjaldkeri:* Kolbrún Guðbrandsdóttir, Ytri-Hjarðardal, (varamaður: Sigríður Magnúsdóttir, Kirkjubóli, Valþjófsdal.)

*Umsjónarmaður tilnefndur af stjórn:*

Ásvaldur Magnússon, bóndi, Tröð, 425 Flateyri

## **Fjármál ársins 2017-2018**

Rekstrartekjur fjórtánda starfsárs voru kr. 3.189.318 þar af kr. 1.050.000 rekstrarframlög og styrkir. Rekstrargjöld voru samtals kr. 4.403.724. Tap fyrir var því kr. 1.214.406.

## **Nýtt skipulag**

Undanfarin ár hefur verið erfitt að reka húsið og halda því við og viðhaldi hefur verið ábótavant enda um gamalt hús að ræða. Þess vegna var nauðsynlegt að fara í gagngerar endurbætur á húsinu, jafnframt því að finna húsinu nýjan rekstrargrundvöll. Eftir að hafa grandskoðað rekstur liðinna ára ákvað stjórnin að leigja reksturinn út til einkaaðila sem lýst höfðu áhuga á að reka þarna sveitahótel. Samið var um fast árgjald og á grundvelli þess var ákveðið að taka 25.000.000 kr. lán til að gera upp húsið. Endurbæturnar fólust í því að taka í gegn íbúð á miðhæðinni og útbúa nokkur gistiherbergi á efri hæð með salernisaðstöðu og sturtu. Kröfur nútímans eru þær að snyrting sé inni á hverju herbergi og skortur á þeirri aðstöðu hefur án efa haft áhrif á eftirspurnina að undanfögnu.

Samið var við nýja rekstraraðila að hefðbundin kirkju- og menningarstarfsemi gæti verið áfram í húsinu með svipuðum hætti og verið hefur.

# Nefnd þjóðkirkjunnar um kristnið og hjálparstarf

Ragnar Gunnarsson, formaður

Nefnd þjóðkirkjunnar um kristnið og hjálparstarf hefur verið að störfum frá því að kirkjuþing samþykkti árið 1996 að nauðsyn væri að efla þekkingu, skilning og stuðning við kristnið og hjálparstarf innan hennar. Árið 2011 samþykkti auk þess kirkjuþing stefnu þjóðkirkjunnar um kristnið.

Nefndin hefur á þeim tíma staðið fyrir ráðstefnum, fyrirlestrum og fundum um kristnið og hjálparstarf og reynt að hvetja söfnuði jafnt sem einstaklinga til ábyrgðar og starfa fyrir þessu mikilvægu málefni. Með öðrum hætti hefur nefndin einnig reynt að minna presta, sóknarnefndir og safnaðarfólk á þessa málaflokka og mikilvægi þess að kristnið og hjálparstarf sé í ríkari mæli eðlilegur hluti safnaðarstarfsins, að tekin séu samskot til þess, það stutt fjárhagslega og að beðið sé fyrir því í guðsþjónustum og öðru starfi safnaðanna. Hefur

samstarf við fræðsludeild biskupsstofu verið mjög gott og ánægjulegt.


Nefndin hefur reynt að fylgjast með framvindu verkefnisins *Söfnuður til safnaðar* þar sem íslenskum söfnuðum gefst tækifæri til að tengjast ákveðnum söfnuðum á starfssvæði kristniðsins í Afríku vináttuböndum.

Annir og dreifing nefndarmanna og mannaskipti á Biskupsstofu hefur aðeins hamlað fundarhaldi, en nefndin fundaði síðast með biskupi og fulltrúa kærleiksþjónustu- og fræðslusviðs snemma árs. Rætt var um leiðir til að vekja fleiri til ábyrgðar á kristnið og hjálparstarfi, einkum með sóknir og safnaðarstarf um land allt í huga. Rætt var um að halda áfram umræðu og hvatningu til að innleiða víðar samskot allt árið. Eins var minnt á mikilvægi þess að taka þessa málaflokka inn á prestastefnu.

Áhugi hefur verið á að halda málþing um kristnið, hjálpastarf, flóttamenn og nýbúa

en áhugi á málþingum virðist ekki sá sami og var fyrir nokkrum árum.

Nefndin er nú skipuð af kirkjuráði. Í henni sitja Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri sem er formaður, Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri og Katrín Ásgrímsdóttir skógræktarbóndi. Sigfús Kristjánsson situr fyrir hönd fræðslu- og kærleiksþjónustusviðs fundi nefndarinnar, er ritari hennar og tekur þátt í störfum hennar.



Jakob Kariwonyang,  
sóknarperstur Kaprech, vinasóknar Akureyarkirkju

# Samband íslenskra kristniboðsfélaga

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri

## Inngangur

Starf Kristniboðssambandsins (SÍK) teygir sig víða, bæði innanlands og á erlendri grundu. Víða eru tækifæri til að boða fagnaðarerindið um kærleika Guðs í Jesú Kristi og til að mæta fólki með margvíslegri kærleikspjónustu kristniboða og samstarfsaðila SÍK. Markmið SÍK er að sinna kristinni boðun og kærleikspjónustu meðal heiðinna þjóða, ekki síst með því að mennta og senda kristniboða til starfa. Kristniboðssambandið vinnur einnig að kynningarstarfi, vitundarvakningu og boðun hér á landi m.a. í samstarfi við margar sóknir landsins. Kristniboðssambandið er sjálfstæð samtök sem starfa innan þjóðkirkjunnar á kenningargrundvelli evangelískrar lúterskrar kirkju.



Starfið í Keníu nær nokkuð inn fyrir landamæri Úganda.  
Nokkrir söfnuðir komu saman á sunnudegi um 400 manns undir tré til að lofa Drottin og tilbiðja.

## Alþjóðastarf

Kristniboðssambandið starfar áfram í Eþíópíu og styrkir ýmis verkefni kirkjunnar á vettvangi boðunar, fræðslu og kærleikspjónustu. Má þar nefna þýðingarverkefni Biblíunnar yfir á tsemai-mál, útbreiðslu- og boðunarverkefni í Voitó, námsstyrki fyrir presta og prédikara og lestrarverkefni í Ómó Rate. Þá styrkir SÍK einnig 30 börn til náms með verkefninu *Afgötu í skóla* í höfuðborg landsins, Addis Abeba.

Karl Jónas Gíslason dvaldi í haust tæpa þrjá mánuði í Ómó Rate, syðst í Eþíópíu, til að fylgja



Í lok guðspjónustu var m.a. beðið fyrir þessum bíl, um blessun og vernd fyrir ökumann, farþega og aðra sem um vegina fara. Trúin skiptir máli á öllum sviðum lífsins.

eftir boðunarstarfi á svæðinu og lestrarverkefninu auk þess að sinna tengslum og verkefnum víðar, einkum í Konsó.

Í Keníu heldur starfið einnig áfram af þrótti. Kristniboðssambandið styður útbreiðslu- og boðunarverkefni kirkjunnar í Pókot-héraði, byggingu skóla og styrkir nemendur til náms í framhalds- og háskólum. Útbreiðsluverkefnið nær til staða á mörkum héraðsins og út fyrir það, til Túrkana, Baringó, Marakwet og inn fyrir landamæri Úganda. Framkvæmdastjóri SÍK, Ragnar Gunnarsson, heimsótti Norðvesturbiskupsdæmi ELCK (Evangelical Lutheran Church in Kenya) í febrúar og mars til að fylgja verkefnum SÍK þar eftir og til að kenna á námskeiði presta og forstöðumanna sókna, rúmlega 40 manns.

Katsuko og Leifur Sigurðsson eru kristniboðar í Japan og starfa innan lútersku kirkjunnar í Vestur-Japan. Markmiðið er að starfa á meðal fólks sem þekkir ekki fagnaðareriðið um Jesú Krist, bæði yngri og eldri. Þau eru búsett og starfa á Rokkóeyju, úthverfi Kobe.

Fjölmíðlastarf Kristniboðssambandsins er annars vegar stuðningur við útvarpssendingar til Kína og samstarf við Sat7 um sjónvarpssendingar til Mið-Austurlanda og Norður-Afríku. Þannig næst til milljóna manna í löndum þar sem formlegt kristniboð er bannað. Samkvæmt nýrri talningu eru áhorfendur um 21,5 milljón. Sat7 veitir kristnu fólki von og uppörvar í erfiðum aðstæðum. Samstarfið um Sat7 er dæmi um samkirkjulegt starf sem gengur einstaklega vel og unnið er á forsendum heimamanna, en 80% dagskrárinna er framleidd á svæðinu. Nýjasta og fimmta rásin er Sat7 Academy sem er sjónvarpsskóli, hugsaður fyrir börn á flótta en nýttist öllum sem vilja og ná sendingunum.



Fjöldi barna nýtur góðs af Sat7 Akademy, skólasjónvarpi Sat7 þar sem kennd er arabíska, enska, reikningur og fleira. ©Sat7

Kristniboðssambandið er að öðru leyti í sambandi við nokkra erlenda aðila sem tengjast starfi þess á alþjóðavettvangi, bæði önnur kristniboðssamtök og regnhlífarsamtök um kristniboð.

## Innanlandsstarf, skipulag og fjármál

Starfsmenn Kristniboðssambandsins sinna boðun, fræðslu, kynningu, bókhaldi, útgáfumálum og rekstri skrifstofu og nytjamarkaðar, Basarsins, hér heima. Margar kirkjur og fermingarhópar voru heimsóttir á starfsárinu og samstarf við biskupsstofu er gott. Sambandið stendur fyrir vikulegum samkomum allan ársins hring á miðvikudagskvöldum og í samstarfi við *Salt kristið samfélag* síðdegi á sunnudögum. Vel sótt kristniboðsvika var haldin í lok febrúar og byrjun mars og kristniboðsmót var haldið að Löngumýri í Skagafirði í júlí svo sem verið hefur í rúm 30 ár.

Kristniboðssambandið gefur út fréttabréf sitt, *Kristniboðsfréttir*, fjórum sinnum á ári, tíma-ritið *Bjarna* þrisvar sinnum á ári í samstarfi við Salt ehf og Kristniboðsalmanakið árlega. Vefsíðan er sik.is en einnig er þó nokkur virkni á Facebook þar sem margir fylgjast með starfinu og nytjamarkaðinum, Basarnum.

Ókeypis íslenskukennsla fyrir nýbúa og fólk af erlendum uppruna var í boði, þriðja árið í röð. Rúmlega 40 manns sóttu námskeiðin en alls voru skráð um 80 nöfn frá því í september. Námskeiðin mæltust mjög vel fyrir og þátttakendur voru mjög þakklátir fyrir framtakið og samfélagið sem myndaðist. Hópur sjálfboðaliða sinnti talþjálfun, söngstund, kaffi og fleiru í tengslum við námskeiðið.



Frá Ómó Rate í Eþíópíu

SÍK er í góðu samstarfi við ýmsa aðila innanlands á sviði kirkju, samkirkjumála og þróunarsamvinnu. Eins hafa starfsmenn sinnt dagskrárgerð á útvarpsstöðinni Lindinni.

Undanfarin tvö ár hafa tengsl við ungliðahreyfingu systursamtakanna í Noregi, *NLM Ung*, eflst. Tæplega 20 manns halda héðan á fjölmennt, kristilegt ungmennamót í suðvesturhluta Noregs í júlílok 2018.

*Basarinn*, nytjamarkaður Kristniboðssambandsins, er að miklu leyti andlitið út á við og þar myndast tengsl við stóran hóp fólks með ýmsum hætti. Áherslan er annars vegar á fjáröflun, hins vegar á kynningu og tengslamyndun. Skrifstofan og Kristniboðssalurinn eru á Háaleitisbraut 58-60 en *Basarinn* er skammt frá, í Austurveri, Háaleitisbraut 68.

Formaður stjórnar fyrir aðalfund var Birna Gerður Jónsdóttir ljósmóðir en Ásta Bryndís Schram kennsluþróunarstjóri tók við eftir aðalfund í maí. Ragnar Gunnarsson er framkvæmdastjóri. Stjórn er valin á árlegum aðalfundi en tæplega 300 manns eru skráðir félagar í SÍK eða aðildarfélag þess. Þar fyrir utan er stærri hópur sem styrkir starfið og biður fyrir því.

Um helmingur rekstrarfjár Kristniboðssambandsins eru gjafir og styrkir frá einstaklingum, félögum og kirkjum og um helmingurinn er afrakstur sölu í nytjamarkaði, á frímerkjum, notuðum skóm og ýmsu öðru. Rekstrargjöld árið 2017 voru um 90 milljónir og heildartekjur rúmar 97 milljónir, þar af 16 milljónir í eyrnamerkt stúlkaheimavist í Konsó og því rekstrarhalli nokkur. Stjórn SÍK þakkar sérstaklega framlög kirkjumálasjóðs (5 milljónir), Reykjavíkurprófastsdæmis eystra (625 þúsund), Hallgrímskirkju (1,2 milljónir) og ýmsum öðrum kirkjum og prófastsdæmum sem studdu við starfið með beinum framlögum eða samskotum. Ýmsar sóknir hér á landi eiga sér vinasóknir eða vinakirkjur á kristniboðsákrinum og hafa sumar stutt við bakið á þeim fjárhagslega. Einstaklingar hafa stutt einstaka kirkjubyggingar í Keníu.



Stjórn og starfsmenn Kristniboðssambandsins þakka alla umhyggju velunnara starfsins sem standa að baki því með gjöfum, fyrirbænum og sjálfboðinni vinnu. Okkar er að sá Orðinu, Guð er sá sem gefur vöxtinn. Við fáum að taka þátt í víðtæku og blessunarríku starfi sem ber góðan og margvíslegan ávöxt og snertir milljónir manna.

(Ytarlegri skýrsla er aðgengileg á <https://sik.is/wp-content/uploads/2018/05/Starfsskýrsla-sik-2017-2018.pdf>).

## Samkirkjunefnd

Sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir formaður

### Samkirkjunefnd og fulltrúar í samkirkjulegum nefndum.

Samkirkjunefnd starfar samkvæmt starfsreglum nr.1006/2005. „Hlutverk nefndarinnar er hafa yfirsýn og vera ráðgefandi um samskipti og tengsl þjóðkirkjunnar við aðrar kirkjur, kristin trúfélög bæði á Íslandi og erlendis. Þar með er talin þátttaka þjóðkirkjunnar í samkirkjulegum stofnunum og samtökum.“ Hana skipa frá 1.nóv.2014:

Sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir formaður,

sr. Sveinn Valgeirsson varaformaður,

sr. María Ágústsdóttir formaður Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga,

sr. Sjöfn Jóhannsdóttir kirkjubingsfulltrúi og

Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjalparstarfs kirkjunnar.

Varamenn eru

Magnea Sverrisdóttir djákni og

sr. Bernharður Guðmundsson.

Framkvæmdanefnd skipa sr. Hulda Hrönn, sr. Sveinn og sr. Sjöfn.

Sr. Þorvaldur Víðisson biskupsritari er ritari nefndarinnar.

Fulltrúar kirkjunnar í samkirkjulegum nefndum eru: sr. Halldór Reynisson tengiliður við *Pilgrimage of Justice and Peace* (WCC-Alkirkjuráðið) og sr. Arna Grétarsdóttir er tengiliður við *Nordisk kirkelig studieråd* og er varaformaður í Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga. Sr. Þuríður Björg Wíium Árnadóttir er fulltrúi okkar í stjórn *Lútherska heimssambandsins* og á hún einnig sæti í *Kærleikspjónustunefnd sambandsins* (DMD). Pétur Ragnhildarson og Berglind Hönnudóttir guðfræðinemar hafa nýlega verið valin fulltrúar okkar í *LWF Young Reformers* sem er innan *Kærleikspjónustusviðsins* og mun mikið byggjast á tölvusamskiptum. Magnea Sverrisdóttir er ráðgjafi á fjármálasviði hjá LH. Sindri Geir Óskarsson guðfræðingur var tilnefndur í sendinefnd *Lútherska heimssambandsins* á *Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna*, COP23 sem var haldin í Bonn í Þýskalandi haustið 2017. Sr. María Ágústsdóttir er fulltrúi kirkjunnar í kirkju- og guðfræðihópi *Evrópska kirknasambandsins* og hún ásamt sr. Þorvaldi Víðissyni voru fulltrúar okkar á *Evrópuþingi KEK* í Serbíu. Yfirskrift þess var „*You shall be my witness*“ – *exploring the concepts of justice, witness and hospitality from a European Christian perspective*.

Ragnheiður Sverrisdóttir djákni er tengiliður við *Eurodiaconia*, sr. Sigurður Árni Þórðarson

er *Porvoo* tengiliður Þjóðkirkjunnar. Sr. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn er fulltrúi okkar hjá *Wicas* (Kvennavettvangi Lútherska heimssambandsins) og hún er einnig fulltrúi okkar í *NEKK* (Nordiska Ekumeniska Kvinnokommittén) sem fundar á sama tíma. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson fór á *Samkirkjulega fræðidaga* í Bæjaralandi í Þýskalandi í apríl 2018, sem Lútherska kirkjan í Bayern býður Þjóðkirkju Íslands árlega að sækja heim. Yfirskrift fræðidaganna var „*God is communication, Church and Communication*. Útgangspunkturinn var „*Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð.*“ (Jóh.1:1)

## Fundir

Ársfundur samkirkjunefndar 2018 var haldinn á Biskupsstofu þann 8. febrúar. Markmið fundarins er að fá yfirlit yfir samkirkjulegt starf kirkjunnar og erlend samskipti. Samkirkjunefndin hélt tvo fundi auk Ársfundar. Einnig voru samkirkjumál kynnt fyrir djákna- og prestsefnum sem komu í stofnanakynningu og starfsþjálfun á Biskupsstofu.

Bréf barst frá sr. Kristjáni Vali Ingólfssyni vígslubiskupi þar sem farið var fram á umsögn nefndarinnar um að sækja um fulla aðild að CPCE sem er kirknasamband mótmælendakirkna í Evrópu. Málefnið fór til kirkjuþings 2017 og þaðan til ráðgjafanefndar um kenningaleg málefni og Prestastefnu og fer síðan aftur til kirkjuþings 2018.

## Aðildargjöld

Árið 2017 greiddi Þjóðkirkjan samtals kr. 3.231.419 í aðildargjöld:

LWF kr. 1.710.317

WCC kr. 902.348

CEC kr. 410.676

Eurodiaconia kr. 208.078

## Samkirkjulegt starf og samskipti við erlend kirknasamtök

Samkirkjunefnd sendi prestum og djáknum bréf í byrjun júní 2018. Innihald þess var m.a. um breytta heimsmynd, kærleikspjónustuna og vonina.

Árið 2018 er Alkirkjuráðið 70 ára. Aðildarkirkjurnar voru beðnar um á seinasta ári að senda sögu úr starfi þess og bæn. Sr. Bernharður Guðmundsson sem m.a. sótti sumarnámskeið í guðfræði við *Institute Ecumenique* í Bossey í Sviss 1960 og sat í framkvæmdarnefnd upplýsingardeildar Alkirkjuráðsins og varaformaður 1983-90 skrifaði sögu frá starfinu og sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir f.v. formaður Samkirkjunefndar skrifaði bæn.

Fundur ritara samkirkjumála á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltsríkjunum var haldinn í Svíþjóð. Umræðuefnið var staða kirkjunnar í Evrópu.

## Rit

Samkirkjunefnd berast á hverju ári nokkur rit.

Við fengum í hendur bók sem segir frá sögu og samvinnu Evrópubandalagsins og KEK.

Áhugaverð lesning. Hún heitir: „*Europe's Heart and Soul, Jacques Delors' Appeal to the Churches*“ eftir Laurens Hagebrink.

Undirtónninn í bréfum sem berast nú um þessar mundir er innihald Faðir vorsins. Kirkjunni barst áhugavert rit frá LWF sem ber nafnið *Global Perspectives on the Reformation: Interactions between Theology, Politics and Economic*. Ritstýrt af Anne Burghardt og Simone Sinn (LWF Documentation 61). Þar er grein um Faðir vorið sem ber nafnið *The Lord's Prayer as Economic Renewal* og er eftir Gerald O. West. Í henni kemur fram að bænin hefur efnahagslegt (hagfræðilegt) form í versum 11-13 í Matteusarguðspjalli. Fókusinn er á verði þinn vilji á jörðu, sem er inngangurinn að næstu versum: Gef okkur öllum í dag daglegt brauð og fyrirgefðu okkur skuldirnar. Eftir því sem lengra leið frá tímum frumkristinnar og skuldbindingunni gagnvart þjóðfélagslegum umbreytingum, þá missti Faðir vorið smám saman hinn róttæka (djúpa) efnahagslega boðskap. Faðir vorið hefur orðið persónulegt í staðinn fyrir samfélagslegt, andlegt í staðinn fyrir þjóðfélagslegt og skuldir hafa orðið að myndlíkingu fyrir syndir. Einnig er hægt að lesa í þessu riti um hagfræðikenningar Jesú.

Einnig vil ég nefna bókina *Why Interfaith?* sem gefin var út 2016 en þar skrifar sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir greinina *Impact of the Porvoo Interfaith Guidelines in Iceland* og segir m.a. frá tilurð Samráðsvettvangs trúfélaga.

Ritin er til útláns á Bókasafni Biskupsstofu.

„Guð vonarinnar fylli yður öllum fögnuði og friði í trúnni svo að þér séuð auðug að voninni í krafti heilags anda.“ (Róm.15:13)

## Tónskóli þjóðkirkjunnar

Björn Steinar Sólbergsson skólastjóri

Tónskóli þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017. Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkjutónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni. Skólinn starfar eftir námskrá sem kirkjuráð samþykkir.

Kirkjutónlistarráð, sem jafnframt er stjórn skólans er skipuð Guðmundi Sigurðssyni sem er formaður, Helgu Þórdísi Guðmundsdóttur og Sigurjóni Árna Eyjólfssyni. Stjórnin fundar reglulega með skólastjóra, Birni Steinari Sólbergssyni. Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri situr einnig fundi ráðsins.

Ráðið hefur fundað stíft í vetur. Fyrir liggur áframhaldandi endurskoðun á tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar. Á síðasta ári samþykkti kirkjuping nýjar starfsreglur um kirkjutónlist sem kirkjutónlistarráð hafði unnið. Að mínu mati eru þessar nýju starfsreglur vendipunktur í starfsumhverfi organista, bæði hvað varðar starfsskilyrði og fyrirkomulag ráðninga og því afar mikilvægar þessari stofnun – Tónskóla þjóðkirkjunnar og framtíð nemenda skólans.

Aðalstöðvar skólans eru í Grensáskirkju en kennsla fór einnig fram í Akureyrarkirkju, Hallgrímskirkju í Reykjavík, Kópavogskirkju, Langholtskirkju og Laugarneskirkju.



Útskrifarhópur Tónskólans vorið 2018 ásamt starfslíði

## Námsframboð

Boðið er uppá þrjár námsbrautir; kirkjuorganistapróf, sem veitir réttindi til starfa við minni kirkjur, kantorspróf, sem veitir starfsréttindi við stærri söfnuði og BA-gráða í kirkjutónlist sem kennd er í samvinnu við Listaháskóla Íslands.

Auk þess er boðið uppá einleiksáfanga fyrir þau sem vilja auka við menntun sína í orgelleik.

Einnig er boðið uppá nám í kórstjórn og raddþjálfun og hefur það einkum verið hugsað fyrir stjórnendur barna og unglingakóra.

Markmið Tónskóla þjóðkirkjunnar er að tónlistarfólk sem starfar fyrir kirkjuna öðlist til þess fullnægjandi menntun, þ.e. kirkjuorganistapróf fyrir litla söfnuði og kantorspróf eða masterspróf í kirkjutónlist fyrir þau sem starfa í fullu starfi.

## Starfsfólk

Kennarar við Tónskólann í vetur voru auk skólastjóra; Eypór Ingi Jónsson, Guðný Einarsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Hreinn S. Hákonarson, Jónas Þórir Þórisson, Laufey Helga Geirsdóttir, Lenka Mátéóva og Magnús Ragnarsson.

Fulltrúi á skrifstofu er Laufey Helga Geirsdóttir.

Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson.

## Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrðin til að hefja nám við skólann eru þau að nemendur þurfa að hafa lokið miðstigi í píanóleik auk viðtals við skólastjóra. Fyrir áframhaldandi nám þ.e. kantorsnám, nám við Listaháskólann eða nám í einleiksáfanga þurfa nemendur að þreyta inntökupróf.

## Skólafarið

Tónskólinn var settur í Grensáskirkju fimmtudaginn 8. september 2017 þar sem höfuðstöðvar skólans eru. Skólafarið var með hefðbundnum hætti, bæði er um einkakennslu, hópkenndu og fjarkennslu að ræða. Allt nám við skólann er metið til eininga. Námsmat fer fram tvisvar á ári, nemendur fá umsögn og einkunn frá kennurum í lok haustanna og voranna. Próf eru að mestu tekin að vori til. Allir nemendur fá umsagnir eftir veturinn og prófblöð með einkunn og umsögnum prófdómara, ásamt ferilsblöðum.

Skólaslit fóru fram í Hallgrímskirkju í Reykjavík föstudaginn 19. maí 2018.

Alls stunduðu 19 nemendur nám við skólann í vetur, þar af tveir á Ísafirði og tveir á Akureyri. Þrjú nemendur stunduðu nám í kórstjórn og raddþjálfun eingöngu. Er ánægjulegt að sjá allt unga fólk sem hefur áhuga á að starfa að framgangi kirkjutónlistarinnar.

Endurmenntun er einnig mikilvægur þáttur í starfi Tónskólans þar sem starfandi organistar geta aukið menntun sína með námi og námskeiðshaldi á vegum skólans. Þar hafa útibú Tónskólans á Akureyri og Ísafirði skilað miklum árangri.

Sjö nemendur luku áfanga frá Tónskólanum. Elena Makeeva, Kristján Hrannar Pálsson og Páll Barna Szabo ljúka kirkjuorganistaprófi.

Ólafur W. Finnsson og Steinunn Árnadóttir ljúka kantorsprófi. Elísabet Þórðardóttir og Kitty Kovács ljúka einleiksáfanga.

### *Organistastefna í Skálholti*

Margrét Bóasdóttir söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar boðaði til organistastefnu í Skálholti 10. og 11. september 2017. Aðalgestur stefnunnar var Sirkku Rintamäki frá Helsinki. Nemendum Tónskólans var boðið að taka þátt og fengu þannig að kynnast nýjungum á sviði sálmaspils.

### *Kórvesper í Langholtskirkju*

Miðvikudaginn 25. október 2017 sungu nemendur Tónskólans og Listaháskóla Íslands kórvesper í Langholtskirkju.

Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir leiddi stundina ásamt Magnúsi Ragnarssyni.

### *Jólatónleikar Tónskóla Þjóðkirkjunnar 2017*

Tvennir tónleikar voru á vegum skólans fyrir jólin.

Jólatónleikar Tónskólans voru haldnir í Laugarneskirkju 8. desember. Þar komu fram nemendur skólans í kórstjórn og orgelleik.

Tónleikar kirkjutónlistarbrautar Listaháskólans og Tónskólans fóru fram í Hallgrímskirkju 16. desember. Þar komu fram Matthías Harðarson og Erla Rut Káradóttir.

### *Heimsókn í Skálholt*

Föstudaginn 20. apríl héldu nemendur og kennarar Tónskólans í Skálholt.

Nemendur skólans komu fram á orgeltónleikum og sungu kórvesper ásamt sr. Kristjáni Val Ingólfssyni vígslubiskup sem tók á móti hópnum.

### *Þrennir tónleikar voru á vegum Tónskólans í vor:*

8. maí, burtfarartónleikar Kitty Kovács.

9. maí, burtfarartónleikar Elísabetar Þórðardóttur.

16. maí, vortónleikar kirkjutónlistarbrautar Listaháskólans og Tónskólans.

Allir tónleikarnir fóru fram í Hallgrímskirkju í Reykjavík.

## **Kórstjórnarkennslan**

Undanfarin ár hefur Tónskólinn verið í samstarfi við Listaháskóla Íslands um nám í kirkjutónlist. Fyrir þremur árum var samstarfið útvíkkað á þann hátt að nemendur Listaháskólans geta nú sótt kórstjórnartíma í Tónskólanum. Hefur þetta samstarf gengið afar vel fyrir báða skólana og sýnir glögg t hvað samstarf stofnana getur leitt af sér góða hluti.

Kennari í kórstjórn er Magnús Ragnarsson.

Samstarfið við Listaháskólann hefur einnig opnað möguleikann á nemenda og kennara-skiptum milli landa.

## **Tónskólinn um land allt**

Tónskólinn hefur um langt skeið haft útibú á Akureyri í samstarfi við Tónlistarskólann á Akureyri. Í vetur stunduðu tveir nemendur nám þar. Það eru organistarnir við Dalvíkurkirkju og Ólafsfjarðarkirkju. Í vor luku þau kórstjórnarnáminu og héldu tónleika þar sem sameinaðir kórar kirknanna sungu á tónleikum í Dalvíkurkirkju 5. maí 2018.

Undanfarna vetur hefur Tónskólinn boðið upp á nám í kirkjutónlist fyrir organista á Vestfjörðum. Mikilvægur þáttur organistanámsins er nám í kórstjórn. Tónskólinn hefur verið í samstarfi við Tónlistarskólann á Ísafirði og hefur Beata Joó kennari við skólann kennt kórstjórnarnemum. Hafa þrír nemendur stundað námið í vetur, organisti Ísafjarðarkirkju, en einnig nemendur við Tónlistarskólann á Ísafirði.

Kór Tónlistarskóla Ísafjarðar *Chorus Tenebris* hélt tónleika í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 8. apríl 2018 þar sem kórstjórnarnemendur stjórnðu kórnum.

*Chorus Tenebris* var stofnaður veturinn 2015-2016 en þá hófst samstarf milli Tónskóla Þjóðkirkjunnar og Tónlistarskóla Ísafjarðar sem hefur gengið með miklum ágætum.

Að mínu mati er mjög mikilvægt að Tónskólinn haldi úti námsframboði sem víðast um landið þannig að organistar hafi kost á að auka menntun sína.

Hefur stjórn skólans tekið ákvörðun að útvíkka enn námsframboð á vegum skólans þannig að næsta haust hefjist kennsla í kirkjutónlist á Blönduósi.

Jafnframt hefur stjórn skólans ákveðið að framvegis verði starfandi organistum sem hafa lokið námi kost á endurmenntun í orgelleik frá og með næsta hausti.

Vefsíða Tónskólans er:

[www.tonskoli.is](http://www.tonskoli.is)

[www.facebook.com/tonskoli.is/](https://www.facebook.com/tonskoli.is/)

# Verkefnisstjóri kirkjutónlistar

Margrét Bóasdóttir

## Um starfið

Helstu starfsþættir eru umsjón með kirkjutónlistarmálum þjóðkirkjunnar og ráðgjöf við biskup Íslands, þjónusta og stuðningur við starf organista, kirkjukóra, barnakóra, presta og annað starfsfólk kirkjunnar, skipulagning og framkvæmd símenntunar, útgáfa söngefnis, nýsköpun á sviði kirkjutónlistarmála og erlend samskipti.

Organistar landsins eru um 105 talsins, en aðeins um 35 þeirra í fullu starfi. Slíkt skapar oft erfiða stöðu fyrir helgihald, sérstaklega í fámennari sóknum.

Áætlað er að minnst 2500 manns syngi í kirkjukórum landsins og um 500 börn í barnakórum við kirkjur eða í skólakórum sem eru í föstu samstarfi við sína sóknarkirkju. Ljóst er að kórustarf innan þjóðkirkjunnar er langfjölmennasta sjálfbóðaliðastarf hennar.

## Sálmabókarnefnd

Nefndin fundaði kröftuglega þetta starfsár, oftast vikulega auk fjölda funda í smærri hópum. Alls starfa 11 manns í sálmabókarnefnd. Gert er ráð fyrir útgáfu sálmabókar á haustdögum 2018.

## Kirkjutónlistarráð

Ráðið fundaði mánaðarlega og einnig var vinna milli funda. Helsta verkefni haustsins var endurskoðun starfsreglna um kirkjutónlist og starfsreglur um organista, sem unnin var að beiðni Kirkjuráðs. Söngmálastjóri og skólastjóri Tónskólans sitja fundi ráðsins og tóku virkan þátt í endurskoðunarvinnunni. Ákveðið var að gera tillögu um aðeins einar starfsreglur um kirkjutónlist og fella saman við starfsreglur um organista.

Tillagan var síðan samþykkt af kirkjuráði með einni breytingu; þeirri að starfsheiti undirritaðrar skyldi áfram vera verkefnisstjóri kirkjutónlistar en ekki söngmálastjóri þjóðkirkjunnar, eins og Kirkjutónlistarráð lagði til. Tillagan var lögð fyrir kirkjuþing í nóvember 2017 og löggjafarnefnd kirkjuþings lagði hana fram til atkvæðagreiðslu með einni breytingu; þeirri að starfsheitið skyldi vera Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar. Nefndin vísaði til hefðar í þessu sambandi og samþykkti kirkjuþing starfsreglurnar þannig.

Á árinu 2018 hefur ráðið fundað mánaðarlega. Starf Tónskóla og söngmálastjóra er kynnt og unnið er að endurskoðun kirkjutónlistarstefnu.

Ég kynnti hugmynd mína um árlegan „Dag kirkjutónlistarinnar“ hjá kirkjutónlistarráði og hlaut hún góðan hljómgrunn. Ætlunin er að dagurinn verði haldinn árlega í upphafi árs og að honum komi ásamt söngmálastjóra, framkvæmdanefnd úr hópi organista, presta ásamt formanni Kirkjutónlistarráðs. Vonir standa til að fyrsti dagurinn verði í ársbyrjun 2019.

Ég óskaði eftir því við biskup Íslands að fá að stofna starfshóp um tónlist við kristnar útfarir



Unglingakór Hafnarfjarðarkirkju fyrir utan dómkirkjuna í Niðarósi

með það að markmiði að gera fræðsluefni fyrir aðstandendur. Því næst óskaði ég eftir að í starfshópnum sætu auk mín formaður Kirkjutónlistarráðs og fulltrúar PÍ og FÍO.

Skúli S. Ólafsson og Örn Magnússon voru tilefndir frá félagunum og hefur hópurinn nú haldið tvo fundi.

## **Barnakórar við kirkjur**

Um 11-12 kirkjur starfrækja barnakóra, sumar tvo til þrjá og jafnvel fleiri. Ég hef leitast við að efla starf barnakóra við kirkjur með samstarfsverkefnum og nýjum verkefnum. Síðastliðið sumar fór Unglingakór Hafnarfjarðarkirkju í kórsumarbúðir í Mjuklia í Noregi, á vegum norsku kirkjunnar. Æfðu þau með rúmlega 100 börnum og unglingum í fjóra daga og hápunktur var að syngja 30. júlí, við lokamessu á Ólafsdögum í dómkirkjunni í Niðarósi. Langt yfir 1000 manns sóttu messuna sem var einnig útvarpað. Ég fór með til að kynna mér þetta starf og nú í byrjun júní munum við í fyrsta sinn bjóða upp á slíkar kórsumarbúðir í Skálholti, þó færri verði þar þátttakendur. Markmiðið er að elstu söngvarar unglíngakóranna fái boð um að koma og það sé þakklættvottur fyrir áralangt söngstarf í kirkjunni ásamt því að kynnast unglingum úr öðrum kórum. 25 unglíngar; stúlkur og einn strákur eru skráð til þátttöku.

Langholtskirkja bauð fram húsnæði sitt fyrir barnakórahátíð í nóvember og þar æfðu um 150 börn 9-16 ára glæsilega dagskrá með leikrænni tjáningu undir einstaklega góðri leiðsögn Sönnu Valvanne frá Finnlandi. Kórarnir önnuðust messusöng og sýndu síðan afrakstur vinnu sinnar á tónleikum kl. 13.30 og fengu frábærar viðtökur frá þéttsetinni kirkju.



Vegna breytts skipulags þetta árið, varð ekki af Söngvahátíð barnanna á skírdag í Hallgrímskirkju, en stefnt er að því að halda henni áfram næsta ár.

## **Tónlist í barnastarfi kirkjunnar - Fræðsludeild**

Í annað sinn var samstarf við Elínu Elísabetu Jóhannsdóttur um tónlist í barnastarfi kirkjunnar. Ég var með stutt innlegg um söng barna og ný lög á haustnámskeiði þegar nýtt sunnudagaskólaefni var kynnt, og ásamt Jónasi Þóri, organista, buðum við upp á „Örnámskeið“ í barnasálmabókinni, tvö kvöld, þar sem við kenndum um 30 manns 25 lög og hvöttum til að fólk kynnti sér fleiri lög gegnum geisladiska Skálholtsútgáfunnar eða á Spotify. Einnig fór ég til Akureyrar og kenndi sunnudagaskólalög ásamt Sigrúnu M. Þórsteinsdóttur, starfsfólki í barnastarfi eitt kvöld í tengslum við haustkynningu á sunnudagaskólaefninu. Ég átti viðtal við Sigfús Kristjánsson á fræðsludeild kirkjunnar í vor og bauð fram áframhaldandi samstarf um aðstoð við að kynna og kenna ný lög í barnastarfi kirkjunnar.

## **Jazz með kirkjukórum á Lútersári**

Afmælisnefnd um 500 ára siðbót Marteins Lúters styrkti samstarfsverkefni á mínum vegum; að jazztrío vinni með kirkjukórum á landsbyggðinni sem hafa samstarf tveir eða fleiri og flytji sálma Lúters ásamt nýjum sálmum í óhefðbundnum búningi. Trío Jóns Rafnssonar tók þetta að sér og var glæsileg sálmadagskrá sameinaðra kóra í Húnaþingum í Blönduóskirkju 22. október. Um 65 manns í þrem kirkjukórum sungu, organistar stjórnuðu til skiptis og prestar kynntu og lásu fróðleiksmola um Lúter á milli laga. Dagskráin var mjög fjölsótt.

Í tengslum við kirkjuafmæli í Ólafsvík 19. nóvember tók Jazz-tríóið þátt í hátíðarmessu með sameinuðum kórum Ólafsvíkur- og Ingjaldshólskirkju og lék einnig með kórnum og barnakór í kaffisamsæti að lokinni messu. Þriðja dagskráin frestaðist, en verður að hausti með sameinuðum kórum Patreksfjarðar-, Tálknafjarðar- og Bíldudalskirkju.

## **Útvarpsmessur af landsbyggðinni – samstarf við RUV.**

Í janúar var fundur í Borgarnesi með organistum og prestum í Vesturlandsprófastdæmi. Þar var skipulagt stórt verkefni á vordögum, en sjö prestar, organistar og kórar í Borgarfirði, Akranesi, Hvalfjarðarströnd og í Dalaprestakalli, tóku að sér að flytja útvarpsguðsþjónustur sem teknar voru upp í Reykholtskirkju í lok apríl og verður þeim útvarpað í júní og júlí. Þátttakendur voru alls um 200 í þessu verkefni; prestar, organistar, hljóðfæraleikarar, kórsöngvarar og lesarar.

## **Símenntun; Organistastefna og Kórstjórásamvera**

Þriðja Organistastefna þjóðkirkjunnar var haldin í Skálholti 10.-11. september 2017.

Þátttakendur voru um 35 og leiðbeinandi var Sirkku Rintamäki frá Finnlandi. Viðfangsefnið var Sálmurinn og kynnti Sirkku m.a. úr doktorsverkefni sínu í sálmafræði, „Wild hymns“ þar sem hún sýnir fram á að hægt er að leiða söfnuð í söng á flóknum laglínunum ef organistinn útfærir og leiðir vel hljómagang laglínunnar.



Frá kórstjórasmveru í Skálholti

Dagana 8.-9. september bauð ég í fyrsta sinn til kórstjórasmveru í Skálholti. Þátttaka var afar góð, um 40 kórstjórar barnakóra við kirkjur og fleiri kórstjórar. Leiðbeinandi var Susanna Lindmark frá Svíþjóð. Susanna er bæði kórstjóri og tónskáld og kennir kórstjórn. Hún hefur stofnað stúlknakór sem nýtur mikillar virðingar og fékk m.a. viðurkenninguna, Kór ársins 2010 í Svíþjóð, 5 árum eftir stofnun. Þátttakendur voru afar ánægðir með leiðsögn Susönnu.

### **Ráðstefna um söng kirkjunnar með öldruðum og heilabíluðum**

Ráðstefna um starf kirkjunnar í söng með öldruðum og heilabíluðum var haldin í samstarfi við Eldri borgararáð Reykjavíkurprófastdæma og kærleikspjónustustarf kirkjunnar 29. janúar.

Ráðstefnan var framhald af ferð minni og tveggja annarra á ársfund evrópskra kirkjutónlistarsamtaka í september 2017. Ráðstefnan var vel sótt og góður rómur gerður að málefningu. Streymt var beint frá henna á Fb. Kirkjunnar. Nánar er sagt frá efni ráðstefnunnar í liðnum Erlend samskipti.

Á menntadegi Pí sem haldinn var í Bústaðakirkju í tengslum við Prestastefnu kynnti ég nýja sálma og hélt stutta hugleiðingu um hlutverk sálmsins og hlutverk og þróun hinnar sungnu liturgíu í þjóðkirkjunni.

## Sálmakvöld og söngdagar með kirkjukórum og söfnuðum

Ég aðstoðaði við dagskrárgerð og var kynnr á Sálmafossi í Hallgrímskirkju á Menningarnótt. Frumfluttur voru sex sálmar sem pantaðir voru af Tónmenntasjóð kirkjunnar. Að venju var mjög fjölmennt í kirkjunni og vel tekið undir í almennum söng. Við buðum upp á ensku og þýsku í fyrsta erindi tveggja sálma og mæltist það vel fyrir.

Sálmakvöld var með þrem kirkjukórum og jazztríói í Blönduóskirkju 22. október. Sjá nánar fyrir í skýrslunni.

Þann 7. nóvember voru í þriðja sinn tónleikar kirkjukóra í Suðurprófastdæmi á árlegum minningardegi um Jón Arason, biskup. Að þessu sinni fóru þeir fram í Hveragerðiskirkju þar sem verið var að vinna að viðgerð glugga Skálholtskirkju þessa daga. 6 kórar tóku þátt og prestar lásu lestra. Héraðssjóður bauð öllum kórum í súpu milli æfingar og tónleika.

Sunnudaginn 18. febrúar var söngdagur á Kópaskeri með kirkjukórum úr Kelduhverfi, Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn. Nýir sálmar voru sungnir og einnig kórlög. Í lokin var svo stutt helgistund með söng. Nýráðinn tonlistarkennari á Þórshöfn, Luise Price kom með og mun taka að sér organistastörf í sýslunni að mestu leyti og æfa kórana að hluta til saman, sem er mikil lyftistöng fyrir kórstarf í svo fámennum byggðarlögum. Ég aðstoðaði sóknarnefndir og hana við að koma starfinu á fót og gera starfssaming um það.

Sunnudaginn 25. febrúar var söngdagur í safnaðarheimili Reyðarfjarðarkirkju með kórum frá Norðfirði, Eskifirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði ásamt tveim organistum. Þar voru kynntir nýir sálmar. Sóknarprestur bauð mér að predika í messunni á undan og þáði ég það góða boð og fjallaði aðallega um mikilvægi söngsins í kirkjunni.

Laugardaginn 3. mars var að frumkvæði prófests, söngdagur allra kirkjukóra í Skagafjarðar- og Húnavatnsprófastsdæmi, í Miðgarði. Fjölmenni var og sungið af lyst ásamt sjö organistum sem skiptu með sér að æfa og stýra kórnum. Um kvöldið bauð Héraðssjóður kórnum til kvöldverðar.

Mánudagskvöldið 12. mars var sálmakvöld í Borgarneskirkju. Kirkjukór ásamt safnaðarfólki og nokkrum áhugasömum fermingarbörnum mættu og sungnir voru og kynntir nýir sálmar með organista og sóknarpresti.

Miðvikudagskvöldið 14. mars var sálmakvöld í grunnskólanum í Búðardal. Þar mætti kirkjukór og organisti og öll fermingarbörnin sjö ásamt forráðamönnum. Alls voru um 30 manns mættir. Fjöldi nýrra sálma var kynntur og sunginn við góðar undirtektir. Kristín Jóhannesdóttir, fv. organisti á Höfn var með mér í för og lék á pianóið með sálmunum.

## Fundir með organistum, próföstum, STEFi o.fl.

Í tengslum við Sálmakvöld og söngdaga hef ég haft fundi með viðkomandi organistum, um starf þeirra og starfstengd mál, en einnig boðað til svæðisfunda, þegar það hefur hentað. Á árlegum prófastafundi með biskupi Íslands í janúar, hef ég fengið að koma og kynna mitt starf og ýmis verkefni sem prófastar hafa svo aðstoðað við, þegar það á við.

Ég hef setið þó nokkra fundi með fulltrúum STEFs, í því augnamiði að skoða greiðslur þjóðkirkjunnar fyrir afnot af tónlist við helgihald. Þetta er málaflokkur sem þarf að uppfæra í samræmi við aukinn skilning og skýrari réttindi um hugverk og lifandi tónlist. Tengt réttindagreiðslum er endurgreiðsla STEFs inn í Tónmenntasjóð kirkjunnar og greiðsla til

STEFs gegnum þóknun við tónlistarflutning við útfarir. Ljóst er, að þetta mál tekur tíma og umtalsverða vinnu til að koma því í þann farveg sem málsaðilar verða ásáttir um.

## **Aðstoð og ráðgjöf til sóknarnefnda og presta**

Ég bauð sóknarnefndum sem auglýstu lausar stöður organista að senda þær á póstlista starfandi organista. Einnig bauð ég fram faglega ráðgjöf og sóknarnefndir sem auglýstu organistastöður nýttu sér þessa þjónustu. Ásamt skólastjóra Tónskólans og formanni FÍO fór ég yfir umsóknir og við skiluðum skriflegri umsögn um hæfni miðað við orðalag auglýsingar. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar verið er að ráða organista erlendis frá.

Einnig er aðkallandi að styðja samstarf sókna um ráðningu organista, til að efla kórstarf í fámennari byggðarlögum. Fundir voru m.a. haldnir með sóknarnefndum kirkna á Húsavík, Reykjahlíð, Skútustöðum og Einarstöðum í þeirri viðleitni að hægt væri að ráða einn aðila í 100% starf. Ekki er útséð um málalok, en gott að vilji er fyrir samstarfi meðal þessara aðila.

## **Samstarf við guðfræðideild Háskóla Íslands**

Ég hef umsjón með vikulegum messum guðfræðinema, mæti í messurnar, leiðbeini nemendum við sálmafal og messuþætti og útvega organista, oftast úr röðum nemenda Tónskóla þjóðkirkjunnar.

Ég hef einnig umsjón með 1. des. messunni, æfi sönginn og stýri honum. Ríkisútvarpið hljóðritar messuna og er henni útvarpað 2. sd. í aðventu. Þannig hefur messa guðfræðinema aftur komist inn í dagskrá RUV. Deildarforseti hefur óskað eftir að ég kenni sálmafræði og helgisiðfræði á næsta haustmisseri ásamt Kristjáni Val Ingólfssyni, en við höfum tvisvar áður kennt slíkt námskeið á undanförunum árum.

## **Raddmat við lok starfsþjálfunar**

Ég vinn með starfsþjálfunarteymi Biskupsstofu í þeim tilgangi að auka vægi söngþjálfunar til framtíðar hjá bæði prestsnemum og djáknanemum.

Nemendur fá í lok starfsþjálfunartímans sérstakt Raddmat, þar sem þeir koma til mín og lesa, flytja eigin texta, tóna helstu atrið tónsöngs kirkjunnar og syngja sálma og fá skriflega umsögn og leiðbeiningar um færni sína og hvernig má auka hana ef þarf.

Í lok starfsþjálfunartímabils er einnig kynning á stofnunum kirkjunnar, og þar kynnis söngmálastjóri einnig sitt starf.

## **Raddþjálfun presta**

Í samstarfi við Prestafélag Íslands bauð ég í þriðja sinn upp á raddþjálfun í desember til undirbúnings fyrir jólahátíðartónið. Margir prestar nýttu sér þetta og voru afar þakklátir. Einnig aðstoðaði ég biskup Íslands og Dómkórinn við undirbúning og sjónvarpsupptöku á jólamessu biskups sem var tekin var upp í Dómkirkjunni eins og síðasta ár.

## Tónmenntasjóður kirkjunnar

Sjóðurinn er enn í vörslu Menntamálaráðuneytis og þegar skipunartími fyrri stjórnar rann út um áramót, var söngmálastjóri skipaður formaður. Aðrir í stjórn eru fulltrúar Stefs og Rithöfundasambands Íslands. Skipunarbréfið kom í mars og hefur sjóðsstjórn fundað einu sinni og ákveðið að auglýsa í fyrsta sinn styrki úr sjóðnum í samræmi við skipulagsskrá um hlutverk sjóðsins; að efla kirkjutónlist í tónlist og textum.

## Sumartónleikar í Skálholtskirkju

Ég er formaður stjórnar Sumartónleika í Skálholtskirkju, en formaður er fulltrúi vígslubiskups í Skálholti. Auk þess sitja í stjórn fulltrúi Listaháskóla Íslands, Tryggvi M. Baldvinsson og fulltrúi Menntamálaráðuneytis, Kolbeinn Bjarnason. Stjórnin fundar reglulega, og réði Guðrúnu S. Birgisdóttur framkvæmdastjóra fyrir sumarið 2017 og sumarið 2018. Á lokahelgi sumartónleikanna var Helgu Ingólfsdóttur, stofnanda Sumartónleikanna, minnst með sérstökum hætti, en Helga hefði orðið 75 ára í janúar 2017. Semballeikur var í öndvegi á þessari „Helguhelgi“ og aðsókn að vanda mjög góð.

Metnaðarfull dagskrá fyrir komandi sumar er tilbúin og ber þar hæst flutning á tveim Bach kantötum með 8 manna kór sem einnig annast einsöngshlutverk og ungum barokkhljóðfæraleikum undir merki Bach sveitarinnar í Skálholti. Stjórnandinn, Andreas Spering, kemur frá Þýskalandi, og er þekktur á sviði barokktónlistar.

## Skólaráð Skálholtsskóla

Ég er varamaður í skólaráði Skálholtsskóla. Formaður er Hreinn S. Hákonarson. Stjórnin fundar u.þ.b. fjórum sinnum ár ári og eru varamenn boðaðir til fundar ásamt aðalmönnum. Markmiðið er að skólaráðið geti gefið góð ráð og hvatt til fjölbreytni og aukingar í starfsemi Skálholtsskóla. Í tengslum við þetta hef ég aðstoðað erlenda kóra sem vilja koma til Íslands. Kórarnir halda þá m.a. tónleika í Skálholtskirkju, gista og kaupa fæði í Skálholtsskóla og njóta þannig þess sem staðurinn hefur uppá að bjóða og skilja einnig eftir tekjur.

## Erlend samskipti

Norræn samtök kirkjukóra, NKSF, hafa starfað síðan 2002 og haldið nærræn söngmót á fjögurra ára fresti. Ísland var meðal þátttakenda í fyrsta sinn nú í maí, í Odense og tók ég þátt í undirbúningi, eftir að forsvarsmenn náðu tengingu við mig, en þau kvörtuðu undan því að erfitt hefði verið að ná sambandi hingað til lands!

Mótið var glæsilegt, Magnús Ragnarsson var með vel heppnaða vinnusmiðju en enginn íslenskur kór fékkst til þátttöku. Vonandi gengur það betur að fjórum árum liðnum en þá verður söngmótið í Visby í Svíþjóð.

*Leitourgia, nordisk liturgisk naetverk* er samstarf um tónlist, lítúrgíu og guðfræði. Ég sit nú í stjórn fyrir Íslands hönd. Ársfundurinn var haldinn í Aarhus í nóvember og vorum við tvö frá Íslandi. Þetta er mikilvægt samstarf Norðurlandanna. Næsti ársfundur verður í Tönsberg í Noregi og þar verður Pílagrímastarf í sögulegu ljós, í nútíð og til framtíðar, aðalviðfangsefnið.

Evrópsk samtök um evangelíska kirkjutónlist, *ECPCM, European Conference for Protestant*

*Church Music* hafa starfað í 19 ár. Ég skráði söngmálastjóraembættið í þessi samtök og fór í fyrsta sinn á ársfund sem haldinn var í Strasbourg í lok september.

Aðalviðfangsefnið var söngur kirkjunnar með öldruðum og heilabiluðum. Þetta var afar áhugavert efni og með mér fóru Kristín Waage, organisti á Grund og Magnea Tómasdóttir, söngkona sem hefur kynnt sér sérstaklega söng og tónlistariðkun með Alzheimer sjúklingum og heilabiluðum, m.a. með verkefnum í Listaháskóla Íslands.

Eftir heimkomu höfðum við samband við Þóreyju Dögg Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastdæma og kynntum henni efnið. Ákveðið var að halda ráðstefnu um þessi mál og var hún haldin í safnaðarheimili Breiðholtskirkju 29. janúar með heitinu „Lofsyngið Drottni“. Ráðstefnuna sóttu um 30 manns, henni var streymt beint á Fb. kirkjunnar og gerður var góður rómur að málefninu. Mikilvægt er að halda áfram að vinna að meiri tónlistarþátttöku þessa hóps, sem fer sístækkandi.

Af þessari skýrslu má sjá hve fjölbreytt starfið er. Hér hefur aðeins verið getið helstu verkefna en fjölmörg erindi og fundir eru auk þess sem hér er talið. Ég hef áhuga fyrir að efla tónlistarstarf í fermingarfræðslu, auka þjónustu við tónlistarfólkið í barnastarfi, efla söngstarf með öldruðum svo eitthvað sé nefnt, því tónlistarstarf kirkjunnar felur í sér almennagæði sem mikilvægt er að nýta. Starf organistans er mikilvægt í söfnuðinum og hann þarf að stýra tónlistarstarfinu, jafnvel þó hann geri ekki allt sjálfur. Þess vegna er nauðsynlegt að styrkja fjárhag sókna til að sem flestir geti haft organista í fullu starfi.

# Sérþjónustuprestar

## Fangaprestur Þjóðkirkjunnar

Sr. Hreinn S. Hákonarson

Það sem hæst ber í starfi fangaprests á liðnu starfsári er uppsetning heimasíðu hans: *fangelsimal.is* og stofnun Fangelsisminjasafns Íslands. Sýningin *Drög að Fangelsisminjasafni* var opnuð í Grensáskirkju um miðjan maí og stóð fram til loka mánaðarins.

### Heimasíða – og netaðgengi í fangelsum

Mikilvægt er að hafa heimasíðu sem er hvort tveggja í senn upplýsingarmiðill og tæki til að koma á framfæri skoðunum og hugmyndum. Heimasíður verða málöggn og upplýsingaveita þeirra sem stýra þeim og eiga. Þær þurfa vissulega að vera lifandi og uppfærðar svo vel sé. Þá reynir á viðkomandi sem þeim stýrir að sjá til þess að þær rykfalli ekki. Þó að grunnmarkhópur sumra heimasíðna sé ekki stór þá er hægt að vekja athygli á síðunni og skrifum á henni hverju sinni með því að deila efni hennar gegnum samfélagsmiðla eins og Twitter og Facebook. Guðmundur Karl Einarsson stýrði með snilldarbrag og einstakri lipurð uppsetningu á heimasíðunni í samvinnu við fangaprest.

Fangaprestur telur það í raun vera tímaspursmál hvenær frjálst aðgengi að tölvum í lokuðum fangelsum verði leyft hér á landi. Netið er svo víð veröld og býður upp á ótrúleg tækifæri til fræðslu, afþreyingar og sjálfstæðis, að fangavist án þess er harðari vist en ella. Með rökum má segja að refsingar nútímans séu á vissan hátt þyngri en á árum áður þar sem dómar byggjast á fordæmum sem urðu til á tímum þegar t.d. netið var víðsfjarri.

Netaðgangur í fangelsum gerir þau að nútímalegum stöðum sem hefðu rýmri aðstæður til betrunar en ella sem samfélagið kallar eftir á góðum stundum. Þarflaust er að tala um hve snar þáttur netið er í lífi nútímamanna og ekki síst þeirra sem ung eru.

Gjarnan er talað um þær hættur sem fylgja frjálsri netnotkun í fangelsum. Menn geti skipulagt glæpi og herjað á fólk o.s.frv. Þetta eru vissulega gild sjónarmið og réttmæt. Með virku eftirliti er hægt að stemma stigu við slíkri notkun sem er bundin við fáa einstaklinga að mati undirritaðs. Langflestir munu nota frelsi netsins með ábyrgum hætti.

En enginn vinnustaður er svo aumur að ekki sé krafist einhverrar færni í tölvunotkun og því mikilvægt að menn komi ekki eins og álfar út úr hól út úr fangelsum.

### Fangelsisminjasafn

Lítill hirða hefur verið um þá muni, skjöl og önnur safnaverðmæti sem heyra til fangelsisminjasögu. Nú er þörf að taka á því með skipulegum hætti. Stofnun Fangelsisminjasafns Íslands er mikilvægt skref og hefur fangaprestur haft frumkvæði að því. Hér verða allir



Drög að Fangelsismínjasafni Íslands - frá sýningu í Grensáskirkju í maí s.l.

sem hafa forystu í málefnum fangelsa og fanga að koma að málum svo merk saga glatist ekki. Of lengi hefur verið sofið á verðinum.

Allt geymir sögu. Samfélagssögu og sögu einstaklinga. Það fólk sem ratar bak við lás og slá kemur með sína sögu og það leggur til sögu fangelsanna með ýmsum hætti. Þau sem starfa inni í fangelsunum hafa líka sögu að segja og búa til sögu á vinnustað sínum.

Mikið verk er óunnið við skráningu og varðveislu þessarar sögu. Rannsaka þarf í þaula alla lagaumgjörð fangelsa, hvaðan hún kemur og hvaða hugmyndir búi að baki henni, hvernig stefnu í fangelsismálum sé hrundið í framkvæmd, hverjir komi að því, hvort notendur (fangar og aðstandendur) hafi eitthvað um það að segja.

Í þessari sögu þarf líka að kanna samband afbrota og bágrar félagslegrar stöðu, fíknar og heilsuvanda af margvíslegum toga. Hið innra líf fangelsanna. Hvað eru fangarnir að gera? Hvernig verja þeir deginum hvort heldur í opnu eða lokuðu fangelsi? Hvaða augum líta þeir á fangelsið og starfsfólk þeirra? Og hvert er viðhorf starfsfólks til þeirra? Mótast það eftir kyni, eðli afbrots o.s.frv. Hér er af nógu að taka fyrir félagsfræðinga, sagnfræðinga, þjóðháttufræðinga, réttarfarssögu-lögfræðinga og svona mætti lengi telja.

## Grunnþættir í þjónustunni

Fangaprestur fer reglulega í fangelsin en þau eru fimm: Litla-Hraun, Kvíabryggja, Hólmsheiðarfangelsið, fangelsið á Akureyri, og Sogn í Ölfusi. Þjónustuþörfin er eins og að líkum lætur mest í stærsta fangelsinu, Litla-Hrauni, og þangað kemur fangaprestur tvisvar til þrisvar í viku hverri.





Sumarstund var höfð á Litla-Hrauni sumardaginn fyrsta þann 19. apríl. Söngkonan Anna Sigríður Helgadóttir kom og sló rækilega í gegn svo fangarnir sögðu við fangaprestinn: „Hún var rosaleg. Þú verður að koma með þessa aftur!“

Segja má að einn mikilvægasti þátturinn í starfi fangaprests sé fölginn í samvistum með föngunum. Fangaprestur er á meðal fanganna þar sem þeir eru. Sumsé á vettvangi þeirra og gerir sér far um að muna nöfn þeirra en það er mikilvægt einfaldlega út frá því að hver maður á sér nafn en er ekki nafnlaus hópur. Einstaklingurinn er með nafn. Og margur fanginn er í hjarta sínu þakklátur fyrir það að nafn hans skuli munað og er stundum hissa á því að einhver skuli muna það.

Fangaprestur fer inn í heim fanganna: klefa, fangadeildir, útivistarsvæði, einangrun, vinnustaði o.s.frv. Með þessu móti kynnist fangaprestur föngunum býsna vel en þó alls ekki öllum – því þeir eru misjafnir eins og aðrir. Langflestir vilja þó eiga orðastað við fangaprest. Þessi hversdagsþjónusta er í raun ákaflega lúthersk ef svo má segja – guðsþjónusta á vettvangi, við þorpsbrunninn, eins og sagt var fyrrum: „Gott im Dorf.“ Sumir fangar hafa jafnvel aldrei kynnst presti áður.

Formlegt helgihald í fangelsunum var með svipuðu sniði og hin fyrri ár. Hjalti Jón Sværissón, tónlistarmaður og guðfræðingur, hefur liðsinnt fangapresti í helgihaldinu með lipurð og alúð. Nokkrir kórfélagar úr kirkjukór Selfoskirkju syngja jafnan við jólamessur á Litla-Hrauni og opna fangelsinu að Sogni. Haukur Gíslason, organisti, sá um undirleik. Aðventustund var haldin á Litla-Hrauni í desember og þar stýrði tónlistarfólkið Anna Sigríður Helgadóttir og Jóhann Baldvinsson söng og tónlist með sínu fólki. Anna Sigríður sló líka rækilega í gegn á sumarstund á Litla-Hrauni sumardaginn fyrsta. Þessu fólki eru færðar þakkir fyrir stuðning, einstaka samvinnu og vel unnin störf.

## Aðstandendahópur fanga og vandi hans

Þjónusta við aðstandendur fanga er misjöfn frá ári til árs. Aðstandendur hafa iðulega samband við fangaprest um margvísleg mál. Sum eru fljótafgreidd og önnur ekki. Oft er spurt um stöðu aðstandenda og fangaprestur hefur svarað því svo til að hann sé reiðubúinn að halda utan um starf á þeirra vegum ef þeir svo kjósa. En aðstandendur verða sjálfir að vera kjarninn í því. Það verður að segjast eins og er að fólk hefur ekki treyst sér til að taka frumkvæði í því hin síðari ár og er það skiljanlegt í sjálfu sér því að hópur þessi er í sárum og óskir hans mjög misjafnar. Mál fanga/brotamanna sem aðstandendur horfast í augu við eru misjöfn og þeir skiljanlega ekki allir tilbúnir til að ræða þau í hóp. Þess vegna hefur vinna með aðstandendum verið unnin með hverjum og einum hafi þess verið óskað. Á nýrri heimasíðu fangaprests er dálkur sem ætlaður er aðstandendum og þeir geta haft samband eins og aðrir í gegnum síðuna verði hún á vegi þeirra.

## Félag fanga og fangaprestur

Fangaprestur lét af starfi fjárhaldsmanns fyrir félag fanga *Afstöðu*, á liðnu starfsári. Sú umsýsla var ætíð hugsuð sem tímabundið verk og er nú alfarið í höndum stjórnar félagsins. Félagið er nú er orðið sjálfstæðara og komin góð reynsla á nýbreytni þess að hafa stjórnarmenn utan fangelsa. Mikilvægt er að stjórnendur félagsins séu í góðu sambandi við fanga og fangelsin. Félagið hyggst á næstunni opna skrifstofu hér í borginni og hefur verið í viðræðum við fulltrúa félagsmálaráðuneytis og borgar um málefni fanga og fangelsa.

## Úr einu í annað

Önnur störf fangaprests á liðnu ári hafa verið með svipuðum hætti og hin fyrri ár þó ætíð með smávægilegum breytingum.

Fangaprestur situr í húsnefnd áfangaheimilis Verndar. Sú nefnd hittist vikulega allan ársins hring og hefur það hlutverk að velja þá fanga sem teljast hæfir til að búa á áfangaheimilinu. Fangar geta lokið síðasta hluta afplánunar sinnar eða allt að ári á áfangaheimili Verndar í Reykjavík. Skilyrði er að þeir séu í námi eða vinnu.

Þá er fangaprestur ritstjóri Verndarblaðsins eins og undanfarin ár. Kemur að jafnaði út eitt blað á ári. Ritar hann ýmislegt í blaðið um málefni fanga og fangelsa.

Samstarf fangaprests við félagasamtökin Vernd og önnur félög og samtök sem láta sér annt um málefni fanga hefur verið gott. Vernd gegnir mikilvægu hlutverki í sambandi við afplánun fanga utan fangelsis.

Fangaprestur kom í tólfta sinn upp s.k. englatré í Grensáskirkju á síðustu aðventu í samvinnu við Grensássöfnuð. Englatréð er heiti á verkefni sem snýst um að gefa börnum fanga jólagjafir. Viðtökur við englatrénu hafa ætíð verið góðar og er Grensássöfnuði þakkað kærlega fyrir aðstoðina.

Fréttabréf fangaprests; *Á leiðinni*, kom út að venju mánaðarlega og hefur það komið út nú í tuttugu ár og aldrei fallið út einn mánuður. Allir fangar fá fréttabréfið í sínar hendur sem og þeir starfsmenn refsivörslukerfisins sem þess óska.

Samstarf við starfsmenn fangelsa er mikilvægt og hefur verið farsælt. Fangaverðir hafa verið einstaklega áhugasamir um Fangelsisminjasafnið og látið af hendi ýmsa muni til safnsins og

fyrir það er þakkað. Þeir hafa og vakið athygli á ýmsu sem tengst gæti safninu. Fangaprestur fór sem fararstjóri í maímánuði um Snæfellsnes með hóp fangavarda og var það ákaflega ánægjulegt en um var að ræða náms- og skemmtiferð.

Fangaprestur á sæti í stjórn Kærleikssjóðs Sogns sem er hollvinasjóður réttargeðdeildarinnar á Kleppi. Nú skipa stjórn sjóðsins: Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur, dr. Sigurður Páll Pálsson, geðlæknir og yfirlæknir réttargeðdeildarinnar, og Kristjana Thorarensen, leikskólaperapisti.

Loks skal þess getið að fangaprestur sótti ráðstefnu evrópskra fangapresta í Englandi í septembermánuði. Það var mjög lærdómsrík ráðstefna og uppbyggileg.

## *Prestur fatlaðra*

### *Sr. Guðný Hallgrímsdóttir*

#### **Forsendur, lög og reglur.**

Lögin um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 kveða á um hvað sérþjónusta kirkjunnar sé: „Þar sem almennri prestsþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrahöfnum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skal kalla til presta ...“

Sérþjónustan byggir þess vegna á því að tiltekinn hópur fólks í vissum aðstæðum myndar söfnuð sem ekki getur notið hefðbundinnar kirkjulegrar þjónustu vegna sérstakra aðstæðna sem ýmist vara ævina út (eins og hjá heyrnarlausum, fötluðum, sjúkum og deyjandi) eða eru tímabundnar (eins og hjá föngum, sjúkum sem fá endurheimt heilsu, og innflytjendum). Segja má því að þetta sé frumástæða þess að kirkjan hefur talið þörf á því að setja á laggirnar sérþjónustuprestsembætti. Allt þetta fólk tilheyrir að sönnu formlega séð söfnuði í tilteknu prestakalli en getur ekki nýtt sér þá þjónustu sem þar býðst vegna aðstæðna sinna.

Ég sem prestur fatlaðra tilheyrir þjónustusvæði Reykjavíkurprófastsdæmis vestra og hlít umsjón viðkomandi prófests, sækji fundi á vegum prófastsdæmisins og tek þátt í starfi á prófastsdæmisgrundvelli. Hvað skipulag starfans snertir er ég sem embættismaður í fyrirsvari um kirkjulegt starf á starfsvettvangi mínum og hef forystu um mótun þess og skipulag eins og aðrir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar. Ég er í samstarfi við fólk sem sinnir öðrum störfum á vettvangi mínum hvort sem það hefur einhver mannaforráð eða ekki. En fyrst og síðast er ég kölluð til að veita kirkjulega þjónustu, leiðbeina, styrkja og hugga.

#### **Umfang og staðsetning**

Ég er nú að ljúka 28. starfsári mínu sem prestur fatlaðra. Þjónustan nær yfir þá staði þar sem fatlað fólk lifir og starfar s.s. heimili, sambýli, vinnustaði, stofnanir og skóla. Hin síðari ár hefur verið lögð meiri áhersla á að þjóna fólki með þroskahömlun, þar sem þau hafa í sama mæli og aðrir ekki haft tök á að tileinka sér almenna þjónustu kirkjunnar.

Starfið einkennist af ferðum til og frá þessum stöðum sem og samskiptum mínum við fólk með þroskahömlun, aðstandendur og fagfólk. Ég kem frekar til fólksins en það til mín

vegna þess að ég á einfaldlega mun hægara um vik með að ferðast milli staða en fatlaður einstaklingur sem í flestum tilvikum þarf að reiða sig á ferðapjónustu fatlaðra eða annan ferðamáta. Staðsetning skrifstofunnar í Grensáskirkju er mjög góð og aðgengi fyrir fatlaða til fyrirmyndar. Síðast en ekki síst er dýrmætt að starfa í góðu samfélagi alls þess góða fólks sem starfar í Grensáskirkju eða hefur þar starfsaðstöðu. Síðasta vetur gekk ég fram ásamt fjórum öðrum konum og kærði kollega minn, sóknarprest Grensáskirkju fyrir kynferðislega áreitni á vinnustað. Áreitnin hefur staðið yfir frá því ég fékk aðsetur í Grensáskirkju árið 2001. Nánar má lesa um málsatvik á vef þjóðkirkjunnar, kirkjan.is. Málsatvik verða ekki reifuð hér en mikilvægt er að það komi fram að álagið í starfinu síðastliðinn vetur, var mun meira en eðlilegt getur talist, þar sem mikill tími fór í alls konar skýrslugerðir, fundi með lögmanni og málarekstur fyrir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Málinu er enn ekki lokið þar sem það liggur nú hjá áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar og bíður málsmeðferðar. Ég vil sérstaklega taka fram að þrátt fyrir erfiða tíma í Grensáskirkju hefur annað starfsfólk þar verið yndislegt. Þótt á engan sé hallað er vert að geta góðs samstarfs við Þuríði Guðnadóttur, húsmóður og kirkjuvörð, Áslaugu Sif Guðjónsdóttur framkvæmdastjóra, Kristjáns Kjartanssonar framkvæmdastjóra ÆSKR og Daniels Gautasonar æskulýðsfulltrúa. Vinnuumhverfið er gott og vinnuandinn góður.

## Sorgarvinna

Ég er í flestum tilvikum kölluð til þjónustu þegar dauðsföll verða meðal fólks með þroskahömlun og/eða vandamanna þeirra. Í sumum tilvikum er ég líka kölluð til þegar starfsfólk í þessum geira fellur frá. Útköllin tengjast flest heimilum fólks með þroskahömlun en einnig er farið í skóla, á vinnustaði og skammtíma vistarir til þess að tilkynna sorgarfréttir og/eða hafa þar umsjón með bæna- og minningarstundum. Stundum er einnig óskað eftir því að hafa minningarstundir á sambýlum, vinnustöðum og í heimahúsum. Ef þess er kostur, er bænum og útförum beint til viðkomandi sóknarprests og samvinna höfð um alla sorgarvinnu.

Hlutverk prests fatlaðra á þessum sorgarstundum er fyrst og fremst að vera stuðningsaðili einstaklingsins með þroskahömlunina. Hann gæti verið að missa ástvin, vin úr sínum röðum eða tengst öðrum sem er að missa einhvern sér nákominn. Leitast er við að styðja einstaklinginn í gegnum sorgina allt frá því að vitað er að ástvinur er deyjandi eða frá tilkynningu dauðsfalls, við kistulagningu, útför og eftir útför eins lengi og þörf er á. Boðin er liðveisla og stuðningur við viðkomandi sóknarpresta í þessum efnum s.s. við að undirbúa kveðjustundir á „aðgengilegan“ máta svo að fólki með þroskahömlun sé mætt þar sem það er statt í sorginni og fái tækifæri til þess að kveðja á sinn hátt. Á síðasta starfsári var haldin 21 minningar- og bænastund í tengslum við missi.

## Samtal

Ég er með fasta viðtalstíma á skrifstofu minni en er einnig með viðtalstíma einu sinni í viku á fjórum vernduðum vinnustöðum í Reykjavík og Kópavogi. Þar gefst fólki með þroskahömlun tækifæri til þess að ræða við prestinn í einrúmi án þess að fara út af vinnustað sínum. Ég heimsæki reglulega mörg af sambýlum stór-höfuðborgarsvæðisins. Þá eru ótalin þau útköll sem sinnt er í tengslum við sambýli, skóla og vinnustaði fólks með þroskahömlun. Heimsóknir og húsvitjanir á vinnustaði, skammtíma vistarir, heimili fatlaðra o.fl. urðu 266 talsins á árinu.



Áfram Ísland!

## Erindi, fræðslufundir og málþing

Hluti starfans er að kynna málefni fatlaðra sem víðast innan kirkjunnar. Leitast er við að sækja alla þá viðburði sem tengjast fötluðum og fólki með þroskahömlun. Ekki þarf að taka fram hversu mikilvægt það er starfi sem þessu að sjá og heyra hvað aðrir eru að gera á sama vettvangi, bæði til að styrkjast í starfi og efla það sem fyrir er. Ég sæki t.d. ár hvert landsþing þroskahjálpar, enda á ég mikið og gott samstarf við samtökin sem og við Sjónarhól. Sjónarhóll er ráðgjafamiðstöð sem lætur sig varða hag langveikra og fatlaðra barna. Þessi samtök eru: ADHD samtökin, Landssamtökin Þroskahjálpar, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja sem er félag til stuðnings langveikum börnum. Til upplýsingar fyrir þau sem vilja kynna sér starfsemi Sjónarhóls betur, er bent á vefslóðina <http://www.sjonarholl.net>.

Á hverju ári er ég beðin um að halda fyrirlestra, erindi og námskeið fyrir hin ýmsu félagasamtök, stofnanir og fólk sem á einhvern hátt tengist málefnum fatlaðra. Efnistökur eru meðal annars bænalíf fólks með þroskahömlun, hugvekjur fyrir fólk með fötlun, sorg og sorgarviðbrögð, sálægsla meðal fólks með þroskahömlun, samskipti á vinnustað, aldraðir foreldrar fólks með þroskahömlun, margbreytileiki samfélagsins, samskipti kynjanna og sjálfsvirðing, öldrun og þroskahömlun. Erindin voru ellefu talsins á árinu.

## Guðsþjónustur og hátíðir

Hið hefðbundna messuform hentar ekki alltaf fólki með þroskahömlun, þar sem orð og athafnir



Frá starfinu í Grensáskirkju

virka oft of flókin. Mikilvægt er að prestar og starfsfólk kirkjunnar bjóði líka fólki með fötlun þátttöku í helgihaldi kirkjunnar s.s. messuhópum og þar með velti því um leið fyrir sér hvernig kirkjan getur nálgast betur fólk með þroskahömlun. Ég hef bent á ýmsar leiðir í þeim efnum, eins og að bjóða fólki með þroskahömlun að taka þátt í samtali um messuna. Að þau taki þátt í messuhópum t.d. með því að lesa léttu texta, bjóða fólk velkomið, útteila sálmabókum eða tendra ljós í upphafi samveru.

Ég flyt hugvekjur á fjölmörgum aðventustundum fatlaðra sem og í kyrruviku fyrir páska. Tel ég að kirkjan mætti nýta sér enn betur það sóknarfæri sem felst í því að flytja hugvekjur fyrir páska eins og mikið er gert af um allt land á jólaföstudni. Samverur sem þessar eru venjulegar haldnar á vinnustöðum á vinnutíma en einstöku sinnum hafa verið haldnar aðventu- og páskastundir á sambýlum eða á öðrum stöðum. Útbúið hefur verið sérstakt fræðsluefni til þess að styðjast við þegar fólk vill halda aðventustundir á heimilum. Ég sendi ávallt út til allra sambýla og verndaðra vinnustaða, kveðju frá kirkjunni í upphafi aðventu þar sem hvatt er til helgihalds á heimilum. Einnig er bent á allar þær stundir sem kirkjur landsins bjóða upp á í jólamánuðinum og fólk hvatt til kirkjuheimsóknna. Á síðasta starfsári voru haldnar átta hugvekjur.

### **Samverur í Grensáskirkju í samvinnu við ÆSKR**

Samvinna við ÆSKR um samverur fyrir fólk með þroskahömlun hófst í byrjun árs 2005. Tilgangurinn var að opna kirkjuna betur fyrir fólki með þroskahömlun og koma til móts við trúarpörf þeirra. Reynslan hefur sýnt að fólkið sem sækir samverurnar telur þær mjög dýrmætar. Það telur gott að eiga stund frá öllu amstri, þar sem áhyggjur, líf og hugsanir eru lagðar í hendur Guðs. Samverurnar eru annan hvern fimmtudag yfir vetrartímann, frá klukkan

fjögur til fimm. Það er ánægjulegt að segja frá því að samverurnar njóta mikilla vinsælda og hefur orðið sífelld fjölgun þátttakenda á milli ára. Ég hef átt mikið og gott samstarf við Kristján Ágúst Kjartansson, framkvæmdastjóra ÆSKR og Daníel Ágúst Gautason MA í guðfræði og eiga þeir miklar þakkar skildar fyrir gefandi og góða samvinnu. Ég þakka þeim báðum trausta og góða samvinnu og hlakka til áframhaldandi samstarfs. Samverur síðasta vetrar voru fimmtán talsins.

## Samvinna

Ég hef átt mjög góða samvinnu við mörg þau sem starfa með fólki með þroskahömlun s.s. þroskaþjálfar, forstöðumenn sambýla og vinnustaða, sérkennara og annað starfsfólk. Samstarfið við Sjónarhól hefur verið nefnt en síðast en ekki síst hef ég átt gott samstarf við kollega mína, presta um allt land sem hafa leitað til mín þegar þau hafa þurft á upplýsingum eða annarri aðstoð að halda í tengslum við samstarf með fólki með þroskahömlun í sinni heimabyggð. Í því sambandi má sérstaklega minna á fermingarfræðslu ungmenna með þroskahömlun sem unnin er af hendi kollega minna um allt land. Ég vil þó nota tækifærið og hvetja starfssystkin mín til enn frekari dáða, að þau komi enn meira til móts við fólk með þroskahömlun í sóknum sínum og leggi sig fram um að þjónusta þau eins vel og önnur sóknarbörn sín.

## Fermingarfræðsla ungmenna með þroskahömlun

Frá árinu 1990 hefur verið boðið upp á sérhæfða fermingarfræðslu í sérskólum borgarinnar sem og við ákveðnar sérdeildir grunnskólanna. Umfang fermingarfræðslunnar hefur breyst heilmikið, sérstaklega á síðustu árum. Í því sambandi má helst nefna þá stefnu menntayfirvalda að hvert barn á rétt á því sækja sinn heimaskóla óháð fötlun, svonefndan „Skóla án aðgreiningar“. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að nemendum í sérskólum fækkar á meðan nemendum í sérdeildum almennra grunnskóla fjölgar. Þetta kallar á breyttar vinnuáferðir þar sem ég kem oftast til fermingarbarsins heldur en að það komi til mín. Ég hef leitast við að tengja sóknarprestana við fermingarbörn með þroskahömlun í þeirra sóknum. Starf mitt er þá aðallega fólgið í því að tengja saman barn og fjölskyldu þess við prestinn sinn, benda á fræðsluefni við hæfi og vera þeim öllum innan handar með það sem þau telja sig þurfa aðstoðar við. Í sumum tilvikum hef ég annast fræðsluna og síðan hafa börnin verið fermd með sínum bekk í sóknarkirkjunni. Þá hef ég komið inn í þær fermingarguðsþjónustur og þjónað með viðkomandi presti/prestum.

Í Reykjavík hefur skapast sú hefð að flest börnin fermast á sumardaginn fyrsta og er það nú orðið ómissandi þáttur í helgihaldi Langholtskirkju. Kirkjan býður upp á gott aðgengi og starfsfólk þar hefur verið einstaklega velviljað mínu starfi. Umfang fermingarfræðslunnar fer ört vaxandi vegna nýrrar þróunar eins og áður hefur verið vikið að. Á síðasta starfsári var ég með fjóra fermingartíma á viku og fermingarbörnin komu frá jafn mörgum grunnskólum. Fermingarnar voru þrjár talsins.

## Kirkjan öllum opin

Mikið og gott starf er unnið á vegum þjóðkirkjunnar. Til þess að fatlað fólk finni sig þar heima þarf að huga vel að góðu aðgengi. Taka þarf burt alla þröskulda, vanda til handriða við tröppur, litavals á gólfi og veggjum og breidd hurða svo eitthvað sé nefnt. Rýma þarf fyrir hjólastólum inni í kirkjubekkjaraðum og gera þar með fólki sem notar hjólastól kleift að sitja „meðal“ safnaðarins en ekki fyrir framan eða utan við kirkjubekki. Eins þarf að huga sérstaklega að því hvernig við nálgumst fólk með þroskahömlun. Að við tölum ekki við þau eins og börn heldur sem fullorðin fólk á jafnréttisgrundvelli. Að við bjóðum þau velkomin t.d. í messuhópinn, kvenfélagið eða kirkjukórinn. Innan kirkjunnar okkar eru mikil tækifæri til þess að skapa fötluðu fólki hlutverk. Það er von mín og bæn að við finnum fötluðu fólki góð og vel metin hlutverk innan kirkjunnar og auðgum þar með kirkjustarfið fleiri litum og meiri vídd.

## Aukaverk, heimsóknir o.fl á starfsárinu

Skírnir – 8

Fermyngar – 4

Hjónavígslur – 2

Kistulagningar – 7

Útfarir – 7

Messur – 6

Kyrrðar- og bænastundir - 15

Samverur fyrir fólk með þroskahömlun í Grensáskirkju - 15

Minningar og bænastundir – 21

Heimsóknir á sambýli og vinnustaði og húsvitjanir – 266

Viðtöl á vinnustöðum – 274

Viðtöl á skrifstofu 115

Hugvekjur á aðventu og páskum á sambýlum, vinnustöðum o.fl. fyrir fatlaða – 8

Fyrirlestrar/málþing –11

## *Kirkja heyrnarlausra*

*Sr. Kristín Pálsdóttir*

Kirkja heyrnarlausra hefur verið starfandi frá 1981 og var sr. Miyako Þórðarson fyrsti prestur heyrnarlausra og á Kirkja heyrnarlausra henni mikið að þakka.

Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir tók við af sr. Miyako 1. september 2012 og starfaði sem prestur heyrnarlausra til 30. maí 2017.

Í nóvember 2017 var undirrituð skipuð í embætti prests heyrnarlausra.

Kirkja heyrnarlausra er söfnuður fólks sem á það sameiginlegt að hafa íslenskt táknmál að móðurmáli, þ.e fólk sem er heyrnarskert, heyrnarlaust og daufblint. Söfnuðurinn er ekki bundinn við ákveðna sókn heldur nær yfir allt landið þar sem táknumálstalandi einstaklingar búa.



Allflestir búa á höfuðborgarsvæðinu, en eins eru Döff einstaklingar búsettir á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Þó nokkur hópur er af erlendum heyrnalausum einstaklingum sem flust hafa til landsins síðastliðin ár og eru þau dugleg að sækja starf Kirkju heyrnalausra. Sama má einnig segja um þá íslensku Döff einstaklinga sem hafa flust frá Íslandi, að þegar þeir koma til landsins, sækja þau athafnir í Kirkju heyrnalausra. Prestur heyrnalausra sinnir ekki eingöngu þeim sem eru í Þjóðkirkjunni, heldur öllum Döff og aðstandendum þeirra sem til hans leita.

Döff (Döff er fólk með heyrnaskerðingu að einhverju leyti sem notar íslenskt táknmál til daglegra samskipta og litur á sig sem minnihluta mál- og menningarhóp) á Íslandi telur um 300 einstaklinga og sinnir prestur heyrnalausra þeim auk aðstandendum þeirra, fjölskyldum og vinum.

## Starf

Kirkja heyrnalausra hefur aðstöðu í Grensáskirkju, þar er skrifstofa prests og fara guðspjónustur safnaðarins að jafnaði þar fram. Mjög gott og dýrmætt samstarf er við Grensássöfnuð og allt starfsfólk hans, sem og annað starfsfólk sem hefur aðsetur í Grensáskirkju. Messað er að jafnaði einu sinni í mánuði og er messusókn mjög góð, eru allt að 200 manns sem sækja guðspjónustur hjá Kirkju heyrnalausra. Bæði sækja athafnirnar heyrnalausir og aðstandendur þeirra. Söfnuðurinn tekur góðan og virkan þátt í öllu starfi kirkjunnar.

Allar athafnir og starf Kirkju heyrnalausra fer fram á táknmáli og til staðar er að jafnaði túlkur.

Táknmálstúlkur er til staðar ef full táknmálskunnátta/táknmálsnotkun er ekki hjá þeim sem sinnir athöfninni og raddtúlkur, ef sá sem athöfninni sinnir notast eingöngu við táknmál. Mikilvægt er að allir þeir einstaklingar sem taka þátt í athöfnum Kirkju heyrnalausra, bæði heyrnalausir og heyrandi geti tekið þátt og skilji það sem þar fer fram. Því er gríðarlega mikilvægt að hafa táknmálstúlk/raddtúlk í starfi kirkjunnar.

Táknmálskór Kirkju heyrnalausra tekur þátt í öllum guðspjónustum og mörgum öðrum athöfnum á hennar vegum. Hann er gríðarlega mikilvægur fyrir safnaðarstarfið og skiptir söngur kórsins miklu málið við guðspjónustur safnaðarins. Táknmálskórinn samanstendur af heyrnalausum einstaklingum sem syngja á táknmáli.

Táknmálskór Kirkju heyrnalausra er fyrsti táknmálskórinn á Norðurlöndum. Kórinn hefur unnið til verðlauna erlendis og er mjög virkur innan safnaðarins og utan.

Mjög stór hluti af starfi prests heyrnalausra fer í sálgæslu, hús- og vinnustaðavitjanir. Viðtalstímar eru á föstum tímum á skrifstofu prests heyrnalausra. Mikil sálgæsla fer líka fram í gegnum stafræna tækni, hvort heldur er í símatúlkun, Facebook, Facetime, Skype eða öðru. Mánaðarlega eru helgistundir í Gerðubergi og hefur prestur heyrnalausra mætt vikulega á samverustundir eldri borgara. Reglulega eru samverustundir með íbúum sambýlis fyrir heyrnalausra, á DAS og í húsi Blindrafélagsins. Einnig er farið reglulega yfir árið í vinnustaðaheimsóknir á nokkra þá staði þar sem heyrnalausir einstaklingar starfa.

Síðastliðin ár hefur verið samstarf milli Kirkju heyrnalausra, Gerðubergs og Fella-og Hólakirkju, sem felst í sameiginlegri aðventustund í desember. Þá fara einstaklingar sem sækja starf eldri borgara í Gerðubergi, bæði heyrandi og heyrnalausir, og njóta samverustundar í

Fella-og Hólakirkju. Hefur prestur heyrnarlausra tekið þátt í stundinni. Þetta hefur mælst vel fyrir og samstarfið reynst vel. Mikil ánægja er meðal þeirra Döff einstaklinga sem stundina sækja og vonum við að samstarfið haldi áfram.

Árið 2014 var í fyrsta sinn guðsþjónustan sem sýnd er á RÚV, að kvöldi aðfangadags jóla, táknmálstúlkuð í heild sinni. Þessu var mjög vel tekið í samfélagi heyrnarlausra, enda alveg sjálfsgagt að heyrnarlausir geti fengið að njóta þess boðskapar sem fluttur er af biskupi landsins á aðfangadagskvöld.

Mismunandi er hversu margir það eru sem sækja fermingarfræðslu og fermast hjá Kirkju heyrnarlausra hvert ár. Ástæðan er m.a. sú að misjafnt er eftir árum hversu mörg heyrnarskert/ heyrnarlaus börn eða CODA börn (CODA er skammstöfun fyrir *Children Of Deaf Adults*, þ.e.a.s. börn heyrnarlausra foreldra) eru á fermingaráldri. Flest Döff börn á höfuðborgarsvæðinu ganga í Hlíðaskóla og mörg þeirra velja að fá fræðslu og fermast með sínum bekkjarsystkinum. Döff börn í öðrum skólum fermast í flestum tilfellum með sínum bekkjum en ef óskað er eftir því, kemur prestur heyrnarlausra að fræðslu þeirra barna sem þetta vilja, í samstarfi við sóknarpresta.

Góð og mikil samvinna er við Félag heyrnarlausra, sem er öflugt hagsmunafélag og veitir hvers konar ráðgjöf er snúa að málefnum heyrnarlausra. Heimasíða þeirra er [www.deaf.is](http://www.deaf.is).

Prestur heyrnarlausra fer reglulega á skrifstofu félagsins og hefur einnig mætt á opið hús á föstudögum.

Þrátt fyrir að mikil breyting hafi orðið á málefnum heyrnarlausra síðustu árin, gerast hlutirnir allt of hægt. Allt of langt er í land enn svo heyrnarlausir njóti sömu mannréttinda og heyrandi einstaklingar hér á landi. Þjóðkirkjan þarf áfram að vera í forystu með að sýna og vinna að jöfnum rétti heyrnarlausra og heyrandi og því er svo mikilvægt að hlúð sé að Kirkju heyrnarlausra og söfnuði hennar.

## ***Prestur innflytjenda***

**Sr. Toshiki Toma**

### **Tilgangur og starfsemi þjónustunnar**

#### **Megintilgangur þjónustu prests innflytjenda á Íslandi er eftirfarandi:**

1. Að aðstoða innflytjendur, flóttamenn, hælisleitendur og langtímagesti sem búsettir eru á Íslandi. Í því felst að auðvelda þeim og fjölskyldum þeirra að byrja nýtt líf hérlendis og vernda mannréttindi þeirra.
2. Að stuðla að gagnkvæmum skilningi á milli ólíkra trúarbragða hér á landi þannig að fyrirbyggja megi óþarfa fordóma sem upp geta komið gagnvart öðrum trúarbrögðum en kristni.

#### **Helstu þættir starfseminnar eru:**

- að tala við fólk sem á í erfiðleikum og að hjálpa því að finna lausn á sínum vanda
- að veita fólki aðstoð til að það geti iðkað trú sína

- að skipuleggja námskeið og/eða fræðslufundi um málefni innflytjenda og trúarbrögð þeirra
- að veita upplýsingar um kristna trú og kirkju
- að sjá um messur, bænastundir og fleiri kirkjulegar athafnir

Það er mikilvægt að hafa í huga að markmið og tilgangur þjónustu prests innflytjenda er að hjálpa innflytjendum að aðlagast íslensku samfélagi og fræða og upplýsa bæði innflytjendur og Íslendinga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir fordóma sem kunna að vera á milli þeirra.

Prestur innflytjenda vinnur starf sitt sem prestur kristinnar kirkju og reynir að vitna um kærleika Jesú Krists.

## Formáli

Prestsþjónusta við innflytjendur hófst í nóvember árið 1996.

Prestur innflytjenda hefur nú aðsetur á skrifstofu í Hjallakirkju.

## Starfsemi á tímabilinu júní 2017 – maí 2018

*Viðtöl, ráðgjöf og sálgæsla*

Tímabil: 1. júní 2017 – 31. maí 2018

Fjöldi fólks: 170 einstaklingar

Fjöldi viðtala: 529

Þjóðerni: 31 (\*inniheldur ósjálfstæð svæði)

Trúarbrögð: lútersk trú, katólsk, rétttrúnaðartrú og önnur mótmælendatrúarbrögð. Íslam, búddhatrú, bahá'íatrú, hindúatrú, utan trúfélaga og ókunnugt.

## Innihald viðtala – aðgreining (miðað við fjölda einstaklinga)

Fjölskyldumál og almenn lífskjör	73
Atvinnu- og fjármál	33
Húsnæði	14
Veikindi, meiðsli og sorg	22
Mennta- og menningarmál	20
(****felur m.a. í sér mál sem varðar fordóma)	
Trúmál og trúarbrögð	86
Málefni hælisleitenda	72
<b>Samtals</b>	<b>242</b>

## Samanburður við tölur undanfarinna fjögurra ára

	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi fólks	148	151	178	208	170
Fjöldi viðtala	489	569	521	701	529
Þjóðerni	28	43	38	41	29

Aðaltilgangur þjónustu prests innflytjenda er sálgæsla og lífsstuðningur þar sem þarf meira en eitt til tvö viðtöl til. Sem dæmi um slík langtíma viðtöl má nefna fjölskyldumál almennt, mál sem fylgja aðlögun, veikindum og hælisleitendamál.



Frá bænasamkomu í Keflavíkurkirkju

## Almenn þjónusta við hælisleitendur

Prestur innflytjenda hefur haft stöðug samskipti við hælisleitendur á Íslandi á síðustu 20 árum eða frá upphafi þjónustunnar.

(\*Prestur innflytjenda hefur hvatt fólk og fjölmiðla til að nota orðin „umsækjandi um alþjóðlega vernd“ í staðinn fyrir „hælisleitandi“, þar sem síðarnefnda orðið er oft gildishlaðið og orðið neikvætt en hér notar hann það engu síður til þess að einfalda skýrsluna).

(\*\*Til þess að skoða stöðu hælisleitenda, er fróðlegt að lesa skýrslur hjá Útlendingarstofnun (utl.is) og hjá Rauða Krossinum (redcross.is))

Prestur innflytjenda bregst við óskum um að hitta fólk og veita praktíska ráðgjöf jafnt sem andlegan stuðning. Að þessu leyti skiptir trúarlegur bakgrunnur viðkomandi ekki máli.

Einnig býður prestur innflytjendum sem þess óska og eru kristinnar trúar eða hafa áhuga kristinni í bænastund, messu á ensku og skírnarfræðslu.

Til þess að taka á móti fólki, hefur prestur innflytjenda viðtalstíma í safnaðarheimili Breiðholtskirkju. Hann er á fimmtudögum eftir hádegi og einnig eru aukatímar eftir þörfum. Hælisleitendur eru næstum án undantekninga bíllausir og staðsetning Breiðholtskirkju er mjög þægileg þeirra vegna.

Samtímis reynir presturinn að heimsækja fólk til að tala saman í staðinn fyrir bjóða því í viðtal á skrifstofu sína. Slík heimsókn er sérstaklega nauðsynleg þegar fólki sem liður illa og vill ekki mæta á samkomu eða þegar um er að ræða fólk sem er veikt. Á skýrslutímabilinu var í 28 skipti farið heim eða á spítala.

## **Kirkjuleg þjónusta við hælisleitendur**

„Seekers“ var upphaflega heiti bænasamkomu í Laugarneskirkju og hún var nefnd af séra Kristínu Þórunni Tómasdóttur, til þess að muna þann sannleik að á lífsleiðinni erum við öll leitandi (að ást, friði, tilgangi, fullnægju...) og sum okkar eru þar að auki að leita að hæli. Meðfram þróun kirkjulegrar þjónustu við hælisleitendur, varð „Seekers“ heiti sem bendir á þjónustu við þá almennt einnig í öðrum söfnuðum.

### ***(a) „Seekers“ Bænasamkoma í Laugarneskirkju***

Hjalti Jón Sverrisson (guðfræðinemi) veitti aðstoð í samvinnu við séra Evu Björk Valdimarsdóttur, héraðsprest Reykjavíkurprófastsdæmis vestra frá og með 21. nóvember.

Samkomur eru haldnar kl. 17 á þriðjudögum og voru haldnar 46 sinnum á skýrslutímabilinu. Samkoma féll niður sex sinnum, (mánaðamót júlí og ágúst, áramót og 1. maí). Það hefur aldrei gerst að enginn hafi mætt.

Meðaltal fjölda þátttakenda var 11,9 manns. Mesti fjöldi var 18 manns (tvisvar) og minnsti fimm manns.

Hugvekja er flutt í hvert skipti í bænasamkomu. Prestur innflytjenda sá um hana 30 sinnum, Puríður Björg Wíium Árnadóttir (guðfræðinemi á þeim tíma en nú prestur) einu sinni, Reza Maghadam (leikmaður) einu sinni, Hjalti Jón Sverrisson sex sinnum og séra Eva Björk Valdimarsdóttir átta sinnum.

Séra Eva Björk tók Seekers formlega að sér lok nóvember. Hún á að sjá um fræðslu um kristni fyrir fólk sem var skírt en vantar meiri fræðslu.

Samkomurnar fengu styrk að upphæð kr. 80.000 frá Reykjavíkurprófastsdæmi vestra á árinu 2017. Þakkir.

### ***(b) „Seekers“ Bænasamkoma í Hjallakirkju/Breiðholtskirkju***

Samkomur eru haldnar á sunnudögum kl. 14 en ekki á hverjum sunnudegi. Ensk messa er haldin á sama tíma 2. eða 3. sunnudag hvers mánaðar í Breiðholtskirkju og einnig í Hallgrímskirkju síðasta sunnudag hvers mánaðar. Þegar ensk messa á sér stað, er bænastund ekki haldin heldur fer fólk í enska messu ásamt presti innflytjenda.

Frá og með 8. október flutti Hjalla-„Seekers“ í Breiðholtskirkju. Þetta var vegna þess að staðsetning Breiðholtskirkju hentaði þátttakendum betur, sem eru aðallega strætó-notendur.

Samkomur voru haldnar samtals 29 sinnum á skýrslutímabilinu, en féllu niður þrisvar (6. ágúst, 31. desember og 11. febrúar) en 11. febrúar féll samkoman niður vegna óveðurs.

Meðaltal þátttakenda var 23,0. Mesti fjöldi þátttakenda var 37, fæstir voru 11.

Sérstök samkoma var haldin 16. desember til að æfa sig í syngja sálma. 14 manns tóku þátt. Kennari var Örn Magnússon, organisti Breiðholtskirkju. Samkoma var án organista frá upphafi, en eftir að samkoma var flutt í Breiðholtskirkju, spilaði Örn í bænasamkomu einu sinni í mánuði.

Sameiginleg messa Seekers og Hjallasafnaðar var haldin á hvítasunnudagi (4. júní) og 44 manns mættu (21 frá Seekers).

Hugvekja er flutt í hvert skipti í bænasamkomu. Prestur innflytjenda sá um hana 27 sinnum, Morteza Songol Zadeh (leikmaður) einu sinni og séra Magnús Björn Björnsson tvisvar.

### ***(c) „Seekers“ Bænasamkoma í Keflavíkurkirkju***

Samkomur hófust 11. október í samvinnu við séra Erlu Guðmundsdóttur, sóknarprest og séra Fritz Má Jørgensson, prest.

Samkomur eru haldnar á miðvikudögum kl. 13 og voru haldnar samtals 14 sinnum frá október til 7. mars 2018 og féllu niður átta sinnum; í kringum áramót og í febrúar vegna jólafrís og óveðurs. Meðaltal þátttakenda voru 4,7 manneskjur.

Séra Fritz Már Jørgensson sá um hugvekju einu sinni og prestur innflytjenda sá um hinar.

Samkomunum var gefið frí eftir 8. mars. Það var erfitt að ná í flóttafólk/innflytjendur í hverfinu og þarf að finna betri leið til að kynnast því og þarf að undirbúa betur.

### ***(d) Ensk messa í Breiðholtskirkju***

Enskar messur hafa verið í Breiðholtskirkju frá október 2015. Messað er annan eða þriðja sunnudag mánaðar kl. 14. Organisti er Örn Magnússon, organisti Breiðholtskirkju.

Messað var átta sinnum í skýrslutímabilinu. Meðaltal fjölda þátttakenda var 31,6. Mesti fjöldi var um 42. Það væri gott að benda á að í þessari messu eru aðeins tveir aðilar með skyldumætingu, (prestur og organisti) og það er enginn kór, kirkjuvörður eða fermingarbörn. Þannig er 30 þátttakendur er alls ekki lítið.

Flestir þátttakendanna er sama fólk sem mætir í bænastundir í Laugarneskirkju eða Hjallakirkju, en nokkrir Íslendingar sækja messu reglulega.

Enska messan í Breiðholtskirkju er alls ekki takmörkuð fyrir hælisleitendur eða innflytjendur, heldur fyrir alla sem vilja vera með, en áhersla lögð á tilvist hælisleitenda.

Messan fékk styrk að upphæð kr. 450.000 frá kristnisjóði fyrir árið 2017 og einnig árið 2018, 175.000 frá Reykjavíkurráðgjafastofnu eystra árið 2017 og kr. 250.000 fyrir árið 2018. Þakkir fyrir stuðninginn og aðstoðina.

### ***(e) Messusókn í enska messu í Hallgrímskirkju***

Síðasta sunnudag hvers mánaðar er ensk messa haldin í Hallgrímskirkju, sem séra Bjarni Þór Bjarnason annast. Messuna sækja margir gestir, bæði enskumælendi sem búsettir á Íslandi og erlendir ferðamenn, í hvert skipti.

Það er orðin venja að prestur innflytjenda og fólk sem mætir í bænastund „Seekers“ sækja þessa messu í Hallgrímskirkju. Messan er gott tækifæri fyrir flóttafólk að blandast við „venjulegt fólk“ án þess að láta aðra vita að það sé „flóttafólk“. Fólknið nýtur þess einnig að vera í falgri messu í falgri kirkjuhúsi. Á skýrslutímabilinu sóttu um 12-13 manns frá Seekers messu í hvert skipti.

Prestur innflytjenda þakkar séra Bjarna Þór og aðilum ensku messunnar fyrir tækifæri þess og hlýjar móttökur.

### ***(f) Skírnir flóttafólks***

Samtals 14 fullorðnir á meðal þátttakenda ofangreindra samkoma voru skírðir til kristinnar trúar á skýrslutímabilinu. Auk þeirra eitt barn var skirt en faðir þess var flóttamaður sem hafði fengið dvalarleyfi og er félagi í Seekers. Í lok maí 2018 bíða þrjár einstaklingar eftir skírn sinni.

Prestur innflytjenda býður þeim sem vilja skírast í skírnarfræðslu til sín. Fræðslan byggist á sex kennslustundum um Biblíuna og kristna kenningu. Fræðslan er haldin á grundvelli hvers



Messa í Breiðholtsskirkju

einstaklings. En þegar það telst betra fyrir þátttakanda vegna tungumálaerfiðleika eða annars er hún einnig haldin í hópkenndu.

Fjöldi fræðslutíma voru samtals 41 (eining er 50 mínútur).

Skírnarathafnirnar áttu sér stað sem einkaathöfn, í bænasamkomu eða í sunnudagsmessu bæði í Hjallakirkju og í Breiðholtsskirkju.

Prestur innflytjenda vill þakka innilega ofangreindum kirkjuaðilum fyrir góða samvinnu, hlýjar móttökur og ómetanlegan stuðning.

## **Samstarf við söfnuð þjóðkirkjunnar fyrir utan flóttafólksmál**

Prestur innflytjenda fékk tækifæri til að messa í enskri messu í Hallgrímskirkju einu sinni í júní, í Breiðholtsskirkju einu sinni í október. Einnig hann prédikaði í sunnudagsmessu Kópavogskirkju einu sinni í febrúar og í Nagoya Megumi Church í Japan (þegar hann var í fríi).

Prestur innflytjenda vill þakka viðkomandi söfnuðum fyrir tækifærið til að messa eða prédika og hlýjar móttökur.

Nánar um kirkjulega þjónustu:

Prédikun: 11 sinnum

Hugvekja í bænasamkomu: 70 sinnum

Þjónusta í altarisgöngu: 9 sinnum

Aðstoðarþjónusta í messu: 0

Brúðkaup: 8 sinnum

Skírn: 16 sinnum



Æft með organistanum, Erni Magnússyni

## Fræðslustarf og forvarnarstarfsemi

A) Fyrirlestrar og fræðslustundir, alls 4 skipti.

Innlegg um starf prests innflytjenda við guðfræði- og djáknanemendur HÍ (tvisvar). Innlegg um starf kirkjunnar við flóttafólk í samkomu AD-KFUM. Innlegg um málefni hælisleitenda á fundi norðurlandakirkna.

B) Greinargerðir í blöð og vefblöð (fyrir utan Trú.is) samtals 3 skipti.

C) Pistlar og prédikanir á Trú.is, samtals 10 skipti.

D) Viðtöl við blöð, sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar o.fl. samtals 15 skipti.

## Sumarleyfi

Prestur innflytjenda tók sumarfrí 14 daga í júlí 2017 og frá 3. til 20. apríl 2018.

## Nýleg þróun

Í október 2017, færði prestur innflytjenda sunnudagsbænasamkomu, sem hafði verið haldin í Hjallakirkju síðan september 2015, í Breiðholtskirkju. Þannig er helgihald á ensku á hverjum sunnudegi í Breiðholtskirkju nema á síðasta sunnudag hvers mánaðar.

Með þessari breytingu sameinuðust enska messan og bænasamkoman í samfelld helgihald í Breiðholtskirkju og þátttakendurnir eru að móta „söfnuð“ fyrir sig. Prestur innflytjenda hefur litið það jákvæðum augum að innflytjendur hafi aðskilinn söfnuð frá Íslendingum, en ef litið er á samkomu í dag í Breiðholtskirkju, þá veitir flóttafólk sem var búið að fá dvalarleyfi aðstoð



við nýkomið flóttafólk, og fólk sem kann ensku aðstoðar fólk sem kann ekki ensku með því að túlka fyrir það, og þannig hjálpast fólk að. Og prestur innflytjenda breytir skoðun um innflytjendasöfnuð í jákvæða átt, þó að samt telji hann að þörfin sé til staðar að fylgjast vel með svo að þessi „söfnuður“ verði ekki aðskilinn hópur frá íslenskum söfnuðum.

Með tilliti til ofangreinds atriðis, lýsti prestur innflytjenda og Breiðholtssókn yfir samstarfsvilja í apríl 2018 og þau stefna því að styrkja innflytjenda/flóttafólks „söfnuð“ og sjá hann sem hluta af Breiðholtssöfnuði og um leið stefna þau einnig að því nálgast innflytjendur í Breiðholtshverfi á virkari hátt en hingað til.

## Lokaorð

Þjónusta prests innflytjenda er nú komin að tímamótum.

Aðstæður sem varða líf innflytjenda eru núna gjörólíkar frá því þegar þessi þjónusta hófst árið 1996. Á þeim tíma var næstum ekkert móttökukerfi innflytjenda til og þjónusta prests innflytjenda var því ekki aðeins trúarlegs eðlis heldur meira eins og t.d. almenn sálgæsla fyrir trúað fólk og ótrúað, praktísk aðstoð, eins og leiguhússleit eða atvinnuleit eða ýmis verkefni um uppbyggingu fjölmenningsarlegt samfélag.

Móttökukerfið í dag er enn ekki fullkomið, en a.m.k. eru margir í margs konar atvinnugreinum sem starfa fyrir málefni innflytjenda og þjóna innflytjendum. Þess vegna þarf prestur innflytjenda ekki að sinna verkefnum sem annar sérfræðingur á viðkomandi sviði á að sinna og prestur innflytjenda getu þá einbeitt sér að kirkjulegri þjónustu meira en áður. Og meiri þörf á kirkjulegri þjónustu birtist í raun sérstaklega meðal hælisleitenda og fyrrum hælisleitenda; sem sé fólks sem var búið að öðlast dvalarleyfi hér á Íslandi.

Ofangreind ný þróun hjá prestum innflytjenda er tilraun til að svala þessari þörf sem er nú þegar til staðar og einnig til að ná til innflytjenda sem ekki eru búnir að tengja sig við kirkju eða kristna trú.

Má nefna þrjú markmið fyrir næsta skýrslutímabil.

1. Að móta söfnuð innflytjenda sem er náið tengdur söfnuði Íslendinga í Breiðholtskirkju.
2. Að láta Laugarnes-Seekers hafa einkenni sem Laugarnes-Seekers, hugsanlega á fræðsluviði.
3. Að móta fasta bænasamkomu í Keflavíkirkirkju.

Að lokum þakkar prestur innflytjenda Guði fyrir köllun á þjónustu við innflytjendur, hælisleitendur og manneskjur. Hann nýtur þess mikið að starfa í þjóðkirkjunni og þjóna fólki í þjóðfélaginu með gleði.

Drottinn blessi starfið og varðveiti aðila þá sem koma að því.

# Sálgæsla presta og djákna á Landspítalanum í Reykjavík

Rósa Kristjánsdóttir, djákni

Sjúkrahúsprestur á Landspítala, starfar samkvæmt lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þar segir í 44. grein: „Þar sem almennri prestsþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrastofnunum ... skal kalla til presta sem að jafnaði hafa sérmenntun til starfans. Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að ráðnir séu prestar á vegum stofnana og félagasamtaka. Teljast þeir prestar vera þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 33.gr.“ Í 33. grein sömu laga segir: „Þjónandi prestur þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir föstu preststarfi í þjóðkirkjunni. Hann lýtur tilsjón kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum þótt hann gegni launuðu starfi á vegum aðila sem ekki heyra undir þjóðkirkjuna“. Það er skilningur stjórnar Landspítala, að sjúkrahúsprestar séu þeir prestar einir, sem hlotið hafa sérmenntunn til starfans. Sjá enn fremur starfsreglur um sérþjónustupresta, sem ráðnir eru á vegum stofnana og félagasamtaka í reglum á sviði kirkjumála nr. 824/1999.

Starfsmannahópur sálgæslunnar á Landspítalanum hefur verið sl. ár 6,5 stöðugildi greidd af spítalanum en mun aukast í 6,8 í haust og ein staða sem þjóðkirkjan hefur haldið úti til margra ára. Fyrirkomulag þjónustunnar er með sama sniði þ.e. við skiptum milli okkar deildum spítalans á dagvinnutíma og er þjónustan við sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk. Vaktir eru allan sólarhringinn samkvæmt hefð.

Helgihaldið er með líku sniði. Einu sinni í mánuði, á sunnudegi, guðsþjónusta á LSH/Fossvogi og sama á við um LSH/Hringbraut en tvisvar í mánuði á öldrunardeildum á LSH/Landakoti. Helgihald virka daga er á Landakoti, Vífilsstöðum og Líknardeildinni í Kópavogi. Á stórhátíðum er helgihaldið á öllum einingum spítalans og höfum við notið aðstoðar annars tónlistarfólks auk organista á þessum stundum. Vert er að geta þess að Lúðrasveit Reykjavíkur spilar við hátíðarguðsþjónusturnar á jóladag og páskadag og hefur gert allar götur frá því að Landspítalinn tók til starfa og fyrir þessa þjónustu erum við afar þakklát.

Á háskólasjúkrahúsi eru margir nemar allan ársins hring og hefur fræðsla til þeirra verið stór hluti af okkar starfi, einstaklega gefandi og mikilvægur þáttur. Stuðningur við starfsfólk er alltaf mikill, álagið undanfarið segir til sín hjá starfsfólkinu og er mikilvægt að halda vel utan um hópinn okkar.

Starfsdagur sálgæslu presta og djákna var haldinn 24. október 2017, hófst hann með fræðslu í safnaðarheimili Háteigskirkju. Hulda Dóra Styrmisdóttir markþjálfari á LSH ræddi við okkur um hópefli og mikilvægi þess.

Síðan var haldið austur að Sólheimum í Grímsnesi þar sem staðarhaldari, sr. Sveinn Alfreðsson, tók á móti hópnum. Hann leiddi okkur um svæðið og kynnti fyrir okkur þá miklu starfsemi sem þar fer fram. Gestrisni íbúa var einstök og leyfi ég mér fyrir hönd hópsins að þakka móttökur og óska þessum stað alls hins besta um ókomin ár.

Sr. Bragi Skúlason óskaði eftir launalausum leyfi 50% frá 1. nóvember 2017-31. maí 2018 og síðan 100% launalaust leyfi til eins árs frá 1. júní 2018 og var það veitt. Sýlvía Magnúsdóttir guðfræðingur með sérnam í CPE var kölluð til starfa fyrst í 50% starf en svo í 100% í eitt ár. Hún vígðist til þjónustunnar 29. október 2017 og hóf störf 1. nóvember.

Ýmsar breytingar eru á starfshópnum okkar á nýju ári. Sr. Ingileif Malmberg sagði starfi sínum lausu frá áramótum 2017-2018. Ingileif hefur starfað hér á LSH til margra ára og eru henni þökkun störf hennar.

Sr. Kjartan Örn Sigurbjörnsson, sem starfað hefur sem sjúkráhusprestur frá árinu 1991 með starfsstöð á Landakoti, hætti störfum frá 1. júní 2018 vegna aldurs. Kveðjuhóf var haldið honum til heiðurs af starfsfólki Landakots og var honum þakkað framlag sitt til sálægslu á einingunni og sitt óeigingjarna starf og góðu nærveru.

Sveinbjörg Pálsdóttir guðfræðingur hefur verið ráðin til þjónustu á öldrunarsviði LSH og mun hún taka við starfi sr. Kjartans á Landakoti og Vífilstöðum. Samþykkt var að auka starfshlutfall þar í 80% en Kjartan var í 50% starfi eftir samdrátt hrunsins.

Eftir hefðbundið ráðningarferli var Dána Ósk Óskarsdóttir guðfræðingur ráðin í stöðu Ingileifar og var hún vígð til þjónustu á Landspítalanum 25. mars 2018.

Dána Ósk þjónar Barnaspítala Hringins og fæðingardeild LSH.

Enn stöndum við frammi fyrir breytingum sem taka gildi um miðjan ágúst 2018, en sr. Vigfús Bjarni Albertsson mun fara til starfa á biskupsstofu í eitt ár.

Helstu áskoranir okkar nú er að efla enn frekar sálægsluna og máta okkur inn í nýjan takt sem verður staðreynd með nýjum spítala. Aukin göngudeildarþjónusta og enn styttri innlagnir. Halda í stöðugildin og sýna fram á nauðsyn þess að koma á námi sem gerð er krafa um til starfs hér hjá okkur.

Gleðitiðindin eru þau að á haustönn mun fara af stað nám í sálægslu, diplománám á meistarastigi. Námið er í samvinnu við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ, Endurmenntun HÍ, þjóðkirkjuna og Landspítala. Nánar má sjá kynningu á vef Endurmenntunar. Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson og sr. Vigfús Bjarni Albertsson munu halda utan um þetta verkefni en reiknað er með aðkomu sem flestra af okkur í hópnum.

## *Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri*

**Sr. Guðrún Eggertsdóttir, sjúkráhusprestur**

Trúarleg þjónusta hefur verið starfandi við SAK í rúm tuttugu ár eða síðan 1. janúar 1995, er djákni var kallaður til starfa, 1. september 2006 bættist síðan við prestur. Frá 1. janúar 2012 er þjónustunni sinnt af presti í 75% starfi.

Við skipulagsbreytingar í ársbyrjun 2013 var deildin „Trúarleg þjónusta“ lögð niður og starfsemin færð undir deild kennslu og vísinda. Í ársbyrjun 2018 fluttist starfsemin enn og nú undir geðdeild, en eins og áður heldur þjónustan áfram á sama hátt og verið hefur.

Sálægsla, helgihald, stuðningur, fræðsla og eftirfylgd eru stórir þættir þjónustunnar, svo og úrvinnsla og viðrunarfundir með starfsfólki, auk áfallahjálpar við sjúklinga og aðstandendur. En þjónustan stendur öllum til boða, jafnt sjúklingum, aðstandendum og starfsmönnum.

Leitað er leiða til að laga helgihaldið sem best að þörfum deilda og einstaklinga, stór hluti þess fer fram í dagstofum og sjúkraföngum, en um 60 helgistundir voru á árinu 2017. Tilkoma kapellunnar, sem vígð var í desember 2007 breytti aðstöðu og umgjörð fyrirbænastunda og

helgihalds. Þar fara fram skírnir og hjónavígslur, en kapellan nýtist þó fyrst og fremst öllum þeim sem finna vilja skjól í erli dagsins, athvarf til bænar og íhugunar. Kapellan er alltaf opin öllum sem þangað vilja leita. Vikulegar fyrirbænaundir í kapellu (miðvikud. kl. 11.15) eru öllum opnar. Fyrirbænaefnum má koma til prests eða skrifa í fyrirbænaabók í kapellu.

Sjúkrahúsprestur á sæti í þverfaglegum teyrum og nefndum og á gott samstarf við starfsfólk á deildum og öllum einingum SAK.

Samstarf við presta og djákna á Akureyri og í nágrenni byggðum er einnig með ágætum.

Sjúkrahúsprestur tekur þátt í sameiginlegu bakvaktarkerfi presta á Akureyri og nágrenni. Því er ætlað að tryggja að alltaf sé hægt að ná í prest í neyðartilvikum utan hefðbundins vinnutíma. Gengur sjúkrahúsprestur þar vaktir til jafns á við aðra presta prófastsdæmisins.

Ég þakka samstarf og umhyggju á árinu og bið öllum Guðs blessunar á komandi árum.

## ***Prestur á sviði helgihalds og þjóðmenningar***

**Gunnþór Þ. Ingason**

Vér treystum því sem hönd Guðs hefur skráð

*Í hverju fræi, er var í kærleik sáð,  
býr fyrirheit um himnaríki á jörðu.  
Hver heilög bæn á vísa Drottins náð.  
Og hví skal þá ei ógn og hatri hafna,  
ef hjálp og miskunn blasir öllum við  
í trú, sem ein má þúsund þjóðum safna  
til þjónustu við sannleik, ást og frið?*

*Tómas Guðmundsson*

Þetta fagra sálmavers góðskáldsins Tómasar Guðmundssonar gefur vel til kynna hve miklu varði að greina í trú veruleika Guðs í sköpunarverki hans og skynja samhengi jarðarlífs og komanda Guðs ríkis og hafna illsku, ógn og hatri, og safna þjóðum heims í þjónustu við sannleika hans, ást og frið. Tíðindi af ógnvænlegum breytingum á loftslagi og veðrakerfum jarðar, sem ekki verður lengur mótmælt að stafi af hömlulausri brennslu og notkun jarðefnaeldsneytis, ættu að hvetja til samstöðu manna og þjóða til nauðsynlegra viðbragða. Þar hefur kristin kirkja miklu köllunarhlutverki að gegna og þá auðvitað líka íslenska þjóðkirkjan. Hún sinnir því með því að vinna að framgangi kristinna gilda og viðmiðanna bæði innanlands en jafnframt líka í víðara samhengi, og einkum í gefandi samstarfi við kirkjur á norðurslóðum og Alkirkjuráðið.

### **Ráðstefna Alkirkjuráðsins, World Council of Churches, um Réttlátan frið við jörðu**

Ráðstefna Alkirkjuráðsins, *World Council of Churches*, um réttlátan frið við jörðu, *Just Peace with Earth*, sem lengi hafði verið stefnt að, var haldin samkvæmt áætlun í Digraneskirkju og á Þingvöllum 11.-13. október 2017 og tengdist hún 5. Hringborði Norðurslóða, *Arctic Circle Assembly 2017*, er haldið var 13.-15. okt. í tónlistar- og ráðstefnumiðstöðinni í Hörpu og víðar í

grennd. Horft hafði verið til þess að ráðstefnan yrði að veruleika allt frá því að þeir dr. Rodney Petersen, fyrrum forstöðumaður Guðfræðistofnunarinnar í Boston, og samstarfsmaður hans, Jesúitapresturinn og alþjóðlegi sáttasemjarinn Dr. Reymond Helmich heitinn, komu hingað til lands vorið 2014 og kynntu friðarstörf sín og hugsjónamál, eins og greint hefur verið frá í fyrri ársskýrslum. Ráðstefnan var merkilegur kirkjusögulegur viðburður hér á landi. Af þessu tilefni kom, svo sem ráð hafði verið gert, höfuðsmaður Rétttrúnaðarkirkjunnar, Bartólómeos I patriarki, og erkibiskup í Konstantínópel, græni patriarkinn svonefndi, vegna eindreginnar afstöðu sinnar til umhverfisverndar, í opinbera heimsókn til landsins í boði Þjóðkirkjunnar, ríkisstjórnar og Hringborðsins ásamt fimm háttsettum forystumönnum kirkju sinnar.

Nefnd kirkjuráðs undir forystu Einars Karls Haraldssonar, kirkjuþingsmanns, vann með mér sem tilkvadds fulltrúa Biskupsstofu, og er á leið séra Þorvaldi Víðissyni, biskupsritara, að undirbúningi þessara viðburða, sem fólu í sér mikilvægt framlag Þjóðkirkjunnar til 500 ára afmælis trúarsíðbótar Marteins Lúthers. Auk Einars voru þau séra Bryndís Malla Elidóttir og séra Gunnar Sigurjónsson í nefndinni. Þjóðkirkjan efndi af þessum ástæðum í fyrsta sinni hérlendis til svonefnds „Tímabils sköpunarverksins“ að fyrirmynd kristinna kirkna og kirkjudeilda víða um heim. Þetta tímabil, sem veigamikill hluti kirkjuársins, á uppruna sinn að rekja til Rétttrúnaðarkirkjunnar og nær frá byrjun septembermánaðar fram til fyrstu daga októbermánaðar. Þá er í boðskap kirknanna Guði sérstaklega þakkað fyrir gjafir jarðar og uppskeru og gætt að hag og framgangi lífs og lífríkis. Biskup Íslands hóf „tímabilið“ með hvatningu til presta og sóknarnefnda um að taka virkan þátt í því með boðun sinni og þjónustu og gaf til kynna að hér á landi yrði tímabilið látið standa til loka fyrrgreindrar ráðstefnu Alkirkjuráðsins, Hringborðs Norðurslóða og Íslandsheimsóknar Bartólómeosar I. patriarka.

Guðfræðistofnun, og Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands ásamt nefnd á vegum Þjóðkirkjunnar vegna síðbótarafmælisins merka, efndu í þessu samhengi til málþings, sem haldið var föstudaginn 8. september í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu í Reykjavík undir yfirskriftinni: „Aðsteðjandi umhverfisógn og þörfin á nýrri síðbót,“ eða *Impending Climate Threats and the Urgency of a New Church Reformation*. Þingið miðaði að því að undirbúa jarðveginn fyrir áformaða ráðstefnu Alkirkjuráðsins hér á landi um réttlátan frið við jörðu, er tengjast myndi komanda Hringborði Norðurslóða, ACA '17. Dr Ari Trausti Guðmundsson, alþingismaður, flutti fyrirlestur sem hann nefndi: „Maður og náttúra.“ Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor, flutti fyrirlestur undir heitinu: „Er síðbót svarið við umhverfisvandinum?“ Dr. Halldór Björnsson, hópstjóri rannsókna í veður- og loftslagsfræði, flutti fyrirlestur um „Þrjár spurningar um hnattrænar loftslagsbreytingar: Hvað mun gerast? Skiptir máli hverjum sé um að kenna? Hvað er til ráða?“ Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor, spurði í sínum fyrirlestri „Dugar gullna reglan? Loftslagsbreytingar og kristin síðfræði.“ Málþingsstjóri var Dr. Rúnar M. Þorsteinsson, prófessor.

## Framkvæmd og framvinda

Ráðstefna Alkirkjuráðsins, *World Council of Churches, WCC*, um réttlátan frið við jörðu, sem var kynnt sem forþing, Pre-Event, að 5. Hringborði Norðurslóða, var haldin í Digraneskirkju og Þingvöllum, frá miðvikudeginum 11. til og með föstudeginum 13. október 2017. Auk starfsfólks frá höfuðstöðvum WCC í Genf í Sviss með Peter Prove í fararbroddi, sem telja má

utanríkisráðherra WCC, sóttu stefnuna kirkjuleiðtogar frá Alaska, Kanada, Bandaríkjunum og öllum Norðurlöndum utan Færeyja, og þar á meðal Evrópuforseti WCC og fyrrum erkibiskup Svía, dr. Anders Wejryd. Þátttakendur komu einnig frá Fíjiejum í Suður-Kyrrahafi, sem ógnað er af hækkandi sjávarborði vegna loftslagsbreytinga. Samtals voru erlendu þátttakendurnir um þrjátíu talsins. Tveir færeyskir prestar hugðust taka þátt í ráðstefnuna. Þeir komust ekki en gátu sótt fylgjandi Hringborð Norðurslóða. Opinber heimsókn Bartólómeosar I. patriarka og sex manna fylgdarliðs hans hingað til lands tengdist svo ánægjulega bæði forþinginu og Hringborðinu sjálfu. Heimsókn patriarkans fól augljóslega í sér tilvísun og viðleitni til að brúa gjánna milli austurs og vesturs, sem gróða- og ófriðaröflum hefur tekist að breikka síðustu árin, og með því beint athygli og kröftum frá brýnum verkefnum umhverfisverndar og sáttaumleitanna á áttaskvæðum, þar sem þjóðfélög hafa flosnað upp og fjöldi manns farið á vergang. Innlendir þátttakendur á ráðstefnu WCC voru um fjörutíu, en færri sóttu þó alla dagskrárliði hennar. Þrátt fyrir orðsendingar frá Biskupsstofu, fréttatilkynningar, netbréf og símtöl, litu fjölmiðlar framhjá ráðstefnunni og einnig opinberri heimsókn patriarkans og gerðu ekkert úr tilkynningum um „Tímabil sköpunarverksins,“ *Season of Creation*, sem þjóðkirkjan efndi til.

Allt skipulag ráðstefnunnar tókst vel. Fyrirlestrar erlendra og íslenskra fræðimanna og fylgjandi pallborðsumræður í Digraneskirkju, voru upplýsandi og áhugaverðir. Anders Wejryd, biskup, sagði í erindi sínu, að réttlætishugtakið yrði að útvíkkast og ná yfir tengsl manna, þjóða og lífvera, og gat þess að í öllum samningaviðræðum um réttlæti yrðu að vera auðir stólar til að minna á hina ófæddu, og þá mörgu sem væru utangarðs, og líka fyrir jörðina sjálfa. Hann minnti á að friður væri annað og meira en fjarvera stríðs og ofbeldis og varðaði líka samskipti manna og lífríkis. Frumbyggjar byggju öðrum fremur að næmi og skilningi á náttúrunni, en loftslagsbreytingarnar vægju hvað helst að þeim. Mikill munur væri á því að finna til þess að lifað væri í náttúrunni og því að ráðið væri yfir henni. Vafasamt væri að líta á hagvöxt og efnahagslegar framfarir sem gildi í sjálfu sér. Æðri viðmið um hvað lífið snerist mætti ekki sniðganga en trúarbrögðin hefðu það lykilhlutverk að áretta það á sannfærandi hátt, og ekki hvað síst kristnin hér í heimi. Friður við jörðu væri háður því, að líf og lífsskilyrði yrðu ekki rýrð heldur bætt og eflað. Málflutningur fulltrúa frumbyggja frá nyrstu slóðum og Fíjiejum vakti sérstaka athygli. Frásagnir sem vitna um lífsvisku og virðingu fyrir dýrum, gróðri og skordýrum móta börn Sama frá frumbersku, og leiðsögn í því að kunna að velja það sem er gott og gagnlegt. Þekking hjá þeim væri skilgreind sem hæfni til gera hið rétta, og þroski talin það að geta gert það, sem gott reyndist og spillti hvorki farnaði manna né lífríkis. Dýrin hefðu sitt að segja á dómsdegi. Arðrán og óheidarleg skipting lífsgæða og óskynsamleg mengun væru talin svik við skaparann og það hlutverk, sem hann fengi mönnum. Eins var eftirtektarvert að sjá myndband og heyra frásagnir af andmælum frumbyggja við olíuleiðslulögnum í Alaska og blessun Rétttrúnaðarkirkjunnar þar á vatni og hafi, sem varð með öðru til að hindra þær skaðlegu framkvæmdir.

Vinnustofur og umræður voru fjórlegar og móttökur ánægjulegar hjá Guðna Th. Jóhannessyni, forseta á Bessastöðum, og hjá Agnesi biskupi í Biskupsgarði. Patrikarinn var þar með sínu fylgdarliði og setti sitt góða mark á samkvæmið. Ráðstefnan náði glæstu hámarki sínu 13. október á Þingvöllum. Veðrið var bjart og fagurt um að litast. Í helgistund á Lögbergi var ályktun ráðstefnunnar formlega samþykkt eftir að ráðstefnufulltrúar höfðu skipst á að

lesa upp kafla hennar. Frá Lögbergi var haldið í Þingvallakirkju til að undirrita ályktunina, sem ráðstefnufulltrúar gerðu með því að skrifa nöfn sín í lausblaðabók með þykkum skjalappír á dúkuðu borði innst í kirkjunni sunnan við altarið. Agnes, biskup, og Anders Wejryd, biskup og Evrópuforseti WCC, fyrst og síðar aðrir. – Erlendu þátttakendunum þótti áhrifaríkt að fara frá náttúruundrum Þingvalla og Þingvallakirkju á hinn viðamikla 2000 manna vettvang 5. Hringborðs Norðurslóða, í glæstum húsakynnum Hörpu.

Bartólemeos I patriarki flutti innihaldsríka og áhrifamikla lykilorð, *Key Note Speech*, í þéttsetnu Silfurbergi Hörpu. Hann fjallaði m.a. um, að trú og vísindi ættu samleið með því að láta sig varða grundvallarspurningar um hvernig mannkyni og sköpunarverkinu reiddi af á komanda tíð, og trúarleiðtogar og umhverfisvísindamenn yrðu að taka saman höndum til forða yfirvofandi háska og endurnýja sáttmála Guðs og manna í auðmykt, iðrun og þökk. Eftir ræðuna fylgdu pallborðssamræður á vegum WCC, sem Dr. Anders Wejryd, biskup, stýrði. Kapólski erkibiskupinn frá Fijeyjum, dr. Peter Loy Chong, sýndi þar gjörning sem dró fram að fólk á eyjunum hrökkladist frá strandheimkynnum sínum vegna loftslagsbreytinganna. WCC stóð að tveimur málstofum á Hringborðinu, er fóru fram í Safnahúsinu á Hverfisgötu. Fyrri málstofan, á föstudegi, fjallaði um trúarviðhorf frumbyggja sem gjöf til að umbreyta heimi, Indigenous spirituality - a gift for transformation of the world. Síðari stofan var haldin á laugardeginum 14. október og var þar fjallað um „Loftslagsréttlæti“, og þá siðferðilegu nauðsyn að bregðast við vandanum. Trúarleiðtogar í samræðu við vísinda- og ráðamenn. *Climate Justice – the moral imperative to act. Faith leaders in dialogue with science and decision makers*. Patriarkinn hóf þessa málstofu með innihaldsríku ávarpi. Ögmundur Jónasson, fyrrv. innanríkisráðherra, stýrði stofunni og sýndi þar færni reynds og vökuls fréttamanns og sjóaðs stjórnmálamanns. Umræður fólust þar ekki í einræðum pallborðsmanna heldur í svörum þeirra við beinskeyttum spurningum stjórnandans.

Í Íslandsheimsókn sinni hitti patriarkinn forseta og biskup Íslands fyrir og fleiri ráðamenn og sótti Skálholt heim. Undirritaður var með í för og sá hann þar gróðursetja birkitrjáspota ásamt Agnesi biskupi Íslands og Davíð Tencer, biskupi kapólskra hér á landi. Patriarkinn og fylgdarlið hans stóðu að opinni og fjölsótttri, Rétttrúnaðarmessu, *Divine Liturgy*, í Hallgrímskirkju sunnudaginn 15. október, er hófst kl. 09:30 um morguninn. Þar ávörpuðu bæði hann og Cleophas, Metropólítani á Norðurlöndum, söfnuðinn. Samkirkjuleg guðspjónusta fylgdi messunni og tóku þátttakendur ráðstefnu WCC virkan þátt í henni. Þar prédikaði Dr. Peter Loy Chong, erkibiskup, en fimm prestvígðir þátttakendur stefnunnar prédikuðu þá í öðrum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal dr. Rodney Petersen, sem prédikaði í Digraneskirkju. Hann nefndi prédikun sína „Áhrifamátt frásögunnar,“ *The Power of a Story*. – Rodney hefur mjög lagt á það áherslu að ala á umhverfisvitund með uppvaðandi kynslóðum. Hann hafði hvatt til þess að guðfræðinemar og kennarar þeirra við Háskóla Íslands tækju þátt í og fengju hlutverk í ráðstefnuhaldinu, sem raun varð á, og hafði mikið að segja um það hve vel tókst til. Tveir kennarar guðfræði- og trúarbragðadeildar Háskólans, Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir og Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, fluttu fyrirlestra og leiddu umræður á WCC ráðstefnunni, og nemarnir hlúðu vel að erlendu þátttakendunum þar og einnig á Hringborðinu, jafnframt því sem þeir fylgdust með og tóku þátt í því sem fram fór. Það var vel þegið og metið, og varð þeim lærdómsríkt. Rodney vonast til þess, að Guðfræði- og trúarbragðadeildin muni leggja aukna áherslu á umhverfissíðfræði á komanda tíð og fleiri deildir Háskólans sinna umhverfismálum.



Biskupar Norðurlanda á Bessastöðum

Hann er við því búinn að stuðla að því, að innan Háskólans verði til alþjóðlegt menntasetur á umhverfisverndarsviði, sem styrki stöðu Íslands sem forysturíkis í þessum mikilvæga málaflokki. Ráðstefna Alkirkjuráðsins, WCC, um réttlátan frið við jörðu og þátttaka þess í 5. Hringborði Norðurslóða, svo og Íslandsheimsókn Patriarkans, var mikilvægt framlag þjóðkirkjunnar til 500 ára minningarársins um trúarsíðbót Marteins Lúthers. Þessir viðburðir miðuðu að þeirri þörfu síðbót í samtíðinni að samræma stefnu kristinna kirkna í umhverfismálum og virkja þær enn betur en verið hefur til lífs- og umhverfisverndar.

Vísindamenn hafa skilgreint umhverfisháskann og geigvænlegar afleiðingar hans nema skjótt og eindregið verði brugðist við til bjargar. Stjórnmalamenn eru samt tvístígandi í viðbrögðum sínum enda víða togað í þá og virðast eiga erfitt með að hugsa út fyrir eitt eða tvö kjörtímabil. Því þurfa önnur öfl og hreyfingar að taka til sinna ráða. Kristin kirkja hefur ráðin til þess og aflvakann, sameini hún krafta sína og beiti sér verulega til umhverfisverndar. Frans páfi og Bartólómeos pariarki hafa lagt sitt að mörkum til lífsverndar og munu áfram gera, og samræmd stefna megin kirkjudeilda heimsins í umhverfisverndarmálum myndi áorka miklu, en til þess var eindregið horft á ráðstefnu Alkirkjuráðsins hér á landi um réttlátan frið við jörðu. Og í framhaldi af því þyrfti að sameina krafta allra megin heimstrúarbragða til umhverfis- og lífsbjargar. Cleopasi Strongylis, metrópólitani, lét þess getið í orðsendingu þegar hann var kominn aftur til höfuðstöðva sinna í Svíþjóð, að mikil ánægja hafi verið með Íslandsheimsókn patriarkans, og þakkaði hjartanlega heimboðið fyrir hönd hans og fylgdarliðs hans og





Biskupar Íslands með forseta Íslands

einnig annarra forystumanna Rétttrúnaðarkirkjunnar. Hann þakkaði það að patriarkinn hefði fengið tækifæri til að ávarpa Hringborð Norðurslóða í Silfurbergi og einnig WCC málstofu á vegum þess og mjög vingjarnlegar og höfðinglegar móttökur hér á landi. Þeim þyki báðum mikils um vert, að þjóðkirkjan hafi boðið þeim að flytja Rétttrúnaðarmessu, *Divine Liturgy*, í Hallgrímskirkju og taka þar jafnframt þátt í samkirkjulegri guðspjónustu.

Á fundi sem við Einar Karl áttum með Ólafi Ragnari í Hörpu 27. nóvember var lagt til að biskup Íslands byði, í samstarfi við WCC, höfuðbiskupum af Norðurslóðum, Bishops of the „Big Ocean Islands and States of the Arctic,“ til fundar um umhverfismál á þessum slóðum í aðdraganda þess að Hringborð komanda árs, 2018, færi fram, og kvaðst Ólafur vilja bjóða þeim til pallborðssamræðna á Hringborðinu. Einnig bauð hann að Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands stæði þar að málstofu t.d. um menntun í umhverfisfræðum fyrir forystumenn í kirkjunni og trúarsamfélög, og lagði til að leitað yrði samstarfs við Boston háskóla í því skyni og fleiri erlenda háskóla. WCC gæti einnig undirbúið og staðið þar að málstofu um kjör frumbyggja, lífsviðhorf þeirra og sambýli við náttúruna. Ólafi Ragnari leist vel á, að mikilvægur forystumaður kristinnar kirkju flytti aðalræðu, *Key Note Speech*, á komanda Hringborði eða gegndi þar með öðrum hætti þýðingarmiklu hlutverki.

Við Einar Karl og séra Þorvaldur, biskupsritari, mörkuðum stefnuna fram á árinu nýja, 2018, í samræmi við þessar hugmyndir, sem Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, lýsti ánægju sinni með. Yrði af því að höfuðbiskupar af Norðurslóðum hittust til fundar hér á landi

um umhverfismálin, var horft til þess að þeir prédikuði í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu. Á biskupafundi í Turku í Finnlandi í marsbyrjun bauð Agnes, biskup, höfuðbiskupum Norðurlanda að koma saman til fundar í Reykjavík á komanda hausti til að styrkja samstöðu sína í baráttunni fyrir verndun lífs og umhverfis og taka virkan þátt í fylgjandi Hringborði Norðurslóða 2018, svo sem Ólafur Ragnar hefði boðið þeim, með því að vera þar með pallborðssamræður og tengjast tilteknum málstofum.

Þegar undirrituðum bárust fréttir af því frá skrifstofu Hringborðsins að til stæði að halda hliðarþing Hringborðs Norðurslóða í Færeyjum, mæltist ég til þess í bréfi til Ólafs Ragnars, að Jógvani Fríðrikssyni, biskupi Færeyja, svo og Una Næs, dómsprófasti Færeyja, yrði boðin þátttaka enda myndi þingið varða hlutverk Færeyinga til umhverfisverndar á Norðurslóðum. Æskilegt væri einnig að Færeyjabiskup yrði í því liði Norðurslóðabiskupa sem sæktu 6. Hringborðið í Hörpu á komandi hausti. Ég kvaðst vera við því búinn að fara til Færeyja áður en Hringborðið í Færeyjum hæfist og greina Færeyjabiskupi og færeyskum prestum frá umhverfisverndarviðburðunum, sem fram fóru hér á landi á liðnu hausti, ráðstefnu Alkirkjuráðsins um réttlátan frið við jörðu, þátttöku þess í Hringborðinu 2017 og opinberri heimsókn Bartólómeosar I patriarka. Á fundi 26. mars með Ólafi Ragnari á Biskupsstofu fagnaði hann þessum tillögum og kvaðst gjarnan vilja þjóða ekki bara Færeyjabiskupi og dómsprófasti Færeyja á Hringborðið í Færeyjum heldur öllum þeim færeysku prestum, sem hug hefðu á því og gætu sótt það. Jafnframt bauðst hann til að hitta þá ásamt undirrituðum áður en Hringborðið hæfist, sem fram ætti að fara 8.-9. maí.

Þann 13. apríl sendi biskupsritari, í nafni biskups Íslands, boðsbréf til höfuðbiskupa Norðurlanda og biskupa Færeyja og Grænlands um að koma hingað til lands til fundar um umhverfismál á Norðurslóðum og taka svo í boði Ólafs Ragnars Grímssonar virkan þátt í Hringborði Norðurslóða á komanda hausti, með þeim hætti sem fyrr var greint frá. Jafnframt var þar greint frá ráðstefnu Alkirkjuráðsins hér á landi á fyrra ári um réttlátan frið við jörðu, þátttöku þess í Hringborði Norðurslóða og opinberri heimsókn Barólómeosar I. patriarka.

Færeyjabiskup bauð undirrituðum til Færeyja til að hitta sig og færeyska presta fyrir, taka með þeim þátt í Hringborðsþinginu í Færeyjum og einnig tilteknum viðburðum í færeysku kirkjunni. Allt gerðist með þeim hætti sem horft hafði verið til. Mánudagsmorguninn 7. maí flutti undirritaður fyrirlestur með myndum í Hótel Hafnia í Þórshöfn fyrir Færeyjabiskup og færeyska presta um umhverfisviðburðina, sem þjóðkirkjan beitti sér fyrir á liðnu hausti, en færeyska kirkjan hefur aðstöðu á hótelinu til gestamóttöku og fundarhalda. Ólafur Ragnar snæddi þar hádegisverð með okkur. Að honum loknum fræddi hann okkur í fyrirlestararsalnum um Hringborð Norðurslóða í víðu samhengi og þingið framundan í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn. Hann lýsti ánægju sinni með að prestarnir hygðust sækja þingið. Einnig gerði hann grein fyrir aðalþingunum í Reykjavík og aukþingum víðar í veröldinni. Færeyjabiskup og færeysku prestarnir sóttu síðan Hringborðsþingið í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn, 8.-9. maí. Það var hið glæsilegasta og sýndi vel fram á drift og framsækni færeysks þjóðfélags og einnig vilja og viðleitni færeyskra fyrirtækja til að huga vel að umhverfisþörfum. En margs þarf að gæta og mikils er um vert að Færeyska fólkakirkjan sýni árvekni og glæði umhverfisvitund og -ábyrgð í færeysku samfélagi.

Á fundum í maímánuði með fulltrúum Guðfræðistofnunar, dr. Arnfríði Guðmundsdóttur og dr. Sólveigu Önnu Bóasdóttur, og svo séra Kristjáni Björnssyni, formanni Prestafélags Íslands

og varaformanni Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarsonar, var horft til þess að þessar stofnanir stæðu hvor að sinni málstofu á Hringborðinu um haustið, en ákveðið svo síðar að þær stæðu þar sameiginlega að einni málstofu, og jafnframt að þær dr. Arnfríður og dr. Sólveig Anna flyttu þar fyrirlestra og færu þess á leit við dr. Sigríði Guðmarsdóttir, aðstoðarprófessor við Guðfræðideild Tromsø Háskóla í Noregi og dr. Hildu Koster, aðstoðarprófessor við Concordia College, í Minnesota í BNA, og sérfræðing á sviði umhverfisguðfræði, að þær yrðu þar líka með fyrirlestra. Þær tóku vel undir þá beiðni.

Það þýddi að konur einar flyttu erindi á málstofunni. Þær útbjuggu skilmerkilegt kynningarefni með lýsingu á efnistöku fyrirlestra sinna, er fékk góðar viðtökur hjá forsvarsmönnum Hringborðs Norðurlóða, sem úthlutuðu þeim salnum rúmgóða, Kaldalóni í Hörpu fyrir málstofuna, er fékk enska titilinn: *Hope in the Changing Arctic and Global Climate; Religious and Ethical Dimensions of the Global Climate Change and the Great Arctic Melt, Von í umbreytandi loftslagi á Norðurheimsskautssvæðum og um veröld víða. Trúarlegar og siðferðilegar viddir loftslagsbreytinga á jarðarkringlunni og isbráðnunarinnar miklu á Norðurheimsskautssvæðum. Organized by the Research Institute of Theology at the Faculty of Theology and Religion, University of Iceland, and the Icelandic Institution of Religion and Reconciliation.*

Er undirritaður í lok júnímánaðar átti fund með Sofie Petersen, Grænlandsbiskupi, í Nuuk á Grænlandi og ræddi við hana um afskipti þjóðkirkjunnar af umhverfismálum, og bréf og boð biskups Íslands til hennar og forystubiskupa á Norðurlöndum, kvaðst hún því miður ekki sjá sér fært að koma til landsins á komanda hausti. Tíðindi bárust síðar frá Peter Skov-Jakobsen, Kaupmannahafnarbiskupi, um að hann kæmist ekki heldur á þeim tíma. Þá var ákveðið að fara þess á leit við Mark MacDonald, biskup frumbyggja í Kanada og forseta Alkirkjuráðsins í Norður-Vesturheimi, að bætast í höfuðbiskupahópinn, enda upphaflega miðað við pallborð leiðandi Norðurlóðabiskupa á 6. Hringborðinu, fremur en Norðurlandabiskupa einna. Biskupinn tók boðinu vel og við það var miðað, að hann kæmi til landsins og voru honum ætluð mikilvæg hlutverk á Hringborðinu, svo sem að flytja ávarp við setningu þess og taka þátt í pallborðssamræðum um stöðu frumbyggja, auk þess sem hann tæki þátt í pallborðssamræðum Norðurlóðabiskupa, en þegar nær dró fundum boðaði biskupinn forföll.

Tölverður tími fór í það að undirbúa og setja saman dagskrá að Íslandsheimsókn höfuðbiskupa Norðurlanda enda lengi óvissa um hverjir þeirra myndu koma og hvenær til landsins, auk þess sem semja þurfti við forsvarsmenn skrifstofu Hringborðsins um hvenær pallborð þeirra yrði á dagskrá þess, svo og málstofa Guðfræðistofnunar og Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar. Við sem stóðum að skipulagi þessara viðburða á vegum þjóðkirkjunnar höfðum samráð við umhverfisnefnd þjóðkirkjunnar um að kirkjan stæði að „Tímabili sköpunarverksins,“ *Season of Creation*, líkt og við höfðum gert að veruleika á fyrra ári að fyrirmynd kristinna kirkna og kirkjudeilda víða um heim, og festi það þar með í sessi. Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands, hóf „tímabilið“ með því að taka upp haustuppskeru í grenndargörðum Seljagarðs í Seljahverfi í fjölskyldustund þann 6. september og undirritaði síðan áskorun um bann við notkun svartolíu í Norðurhöfum. Tímabil sköpunarverksins að þessu sinni var eins og í fyrra látið teygja sig langt fram í októbermánuð. Því lauk svo sem stefnt var að með því að höfuðbiskupar evangelísku lútersku kirkna Norðurlanda komu saman í boði biskups Ísland til biskupafundar í húsakynnum Dómkirkjunnar í Reykjavík, laugardagsmorguninn 20. október, – Antje Jackelén, erkibiskup Svíþjóðar, Tapio Luoma, erkibiskup Finna, Helga Haugland Byfuglien, höfuðbiskup Noregs,

og Jógvan Fríðriksson, Færeyjabiskup. Biskuparnir réðu ráðum sínum um viðbrögð við umhverfiskáskanum og hvernig kristnar kirkjur og trúarsamfélög, og einkum í löndum þeirra, gætu haft vekjandi áhrif til umhverfisverndar og hvatt til breytinga á framleiðslu- og lífsháttum til lífsverndar og -bjargar.

Eftir hádegi áttu biskuparnir fund með Ögmundi Jónassyni, fyrrverandi innanríkisráðherra, til undirbúnings pallborðssamræðum þeirra daginn eftir á Hringborði Norðurlóða, sem Ögmundur átti að stýra, og þar á eftir einnig fund með Guðlaugi Þór Þórðarsyni, utanríkisráðherra, til þess að fá upplýsingar um megin áhersluatriði ríkistjórnar Íslands í umhverfismálum, vegna þess einkum að Íslendingar yrðu næstu þrjú árin í forystu fyrir Norðurlóðaráðinu, Arctic Council. Biskuparnir fóru síðan á Bessastaði í boði Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, og voru þá færeysku prestarnir með í för sem komu til landsins með Færeyjabiskupi. Þaðan fór biskuparnir í Hörpu og fylgdust þar með málstofu Guðfræðistofnunar og Stofnunar Sigurbjörns Einarssonar, um vonina andspænis loftslagsógnum. Þrjú guðfræðinemar sóttu Hringborðið í boði þjóðkirkjunnar og tóku þátt í málstofunni og fleiri viðburðum á dagskrá þess.

Að morgni 21. sunnudags eftir þrenningarhátíð, 21. október, sóttu biskuparnir opinn fyrirlestur dr. Andrésar Arnalds, verkefnastjóra Landgræðslu ríkisins, í nyrðri hliðarálmú Hallgrímskirkju, sem hann nefndi á ensku: *Who is to Speak for Mother Earth? Faith and community engagement - Fostering responsible behavior.* „Hver á að tala máli jarðar? Viðleitni trúarbragða og samfélaga – til að efla ábyrga hegðun.“ Eftir þennan upplýsandi fyrirlestur dreifðu biskuparnir sér á kirkjur á höfuðborgarsvæðinu til að prédika þar í messum dagsins, erkibiskup Svíþjóðar í Hallgrímskirkju, biskup Íslands þjónaði að messunni ásamt prestum kirkjunnar, erkibiskup Finnlands í Kópavogskirkju, höfuðbiskup Noregs í Vídalínskirkju í Garðabæ, Færeyjabiskup í Hafnarfjarðarkirkju. Ég hafði hvatt til þess að sendiherrum þessara Norðurlanda yrði sérstaklega boðið til kirkju af þessu góða tilefni og sendiráð þeirra sendu út tilkynningar til samlanda biskupanna um kirkjuheimsóknir og prédikanir þeirra. Það boð fékk góðar undirtektir og leiddi til þess að þeir fjölmenntu í messurnar. Eftir hádegisverð í húsakynnum kirknanna var ekið með biskupana að Hörpu þar sem pallborðssamræður þeirra fóru fram við góða aðsókn og undirtektir í salnum, Silfurbergi. Fyrirsögn pallborðsins var: *Faith in the Transformation of Societies and Lifestyles; Stewardship of the Arctic and the Earth.* „Áhrif trúar til umbreytinga á lífsháttum og þjóðfélögum. Ráðsmennska fyrir Norðurlóðir og jörðu.“ Ögmundur stjórnaði samræðunum af röggsemi og sýndi víðtæka þekkingu á samtímaviðburðum og stöðu kristinnar kirkju og þýðingu hennar til lífs- og umhverfisverndar. Spurningar Ögmundar voru beinskeyttar og krefjandi og snertu umhverfis- og álitamál í löndum biskupanna og svör þeirra voru góð, eftirtektar- og áhugaverð.

6. Hringborði Norðurlóða lauk með ávarpi Lilju D. Alfreðsdóttur, mennta- og menningar- málaráðherra og ávarpi Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, utanríkisráðherra, sem féllu vel að biskupa- pallborðinu sem á undan þeim var, en að síðustu fóru þakkarorð Ólafs Ragnars. Forsetinn fyrrverandi leit yfir helstu dagskráratriði Hringborðsins og minntist þá m.a. á mikilvægar pallborðssamræður biskupanna. Að loknu Hringborðinu bauð Ólafur Ragnar biskupunum til fundar við sig í fundarsal í Hörpu. Þar lýsti hann ánægju sinni með framlag þeirra til Hring- borðsins og ræddi hugmyndir að málefnum í umhverfisumræðunni, sem gætu komið til greina við áframhaldandi samstarf forsvarsmanna trúar og siðferðis fyrir komandi Hringborð. Honum voru jafnframt kynntar tillögur, sem borist höfðu á borð okkar skipuleggjenda að

samstarfinu fyrir hönd Þjóðkirkjunnar, um framhald á samvinnu við Hringborð Norðurslóða. Kandíska frumbyggjabiskupinn, Mark MacDonald, hefur lýst yfir áhuga sínum á því að sækja Hringborðið 2019, og láta þar um sig muna. Rodney Petersen hefur sett fram hugmyndir um að guðfræðingar og lögfræðingar í Vesturheimi, sem hann tengist, sækji Hringborðið og geri þar grein fyrir viðleitni sinni til að marka samfélögum lagaramma, er miði markvisst að umhverfisvernd og láti jarðefnaorkufyrirtæki, er valda skemmdum á umhverfinu, sæta ábyrgð. Dr Andrés Arnalds, verkefnastjóri Landgræðslu ríkisins, hefur sett fram hugmyndir um að halda hér á landi alþjóðlega ráðstefnu um landeyðingu og landgræðslu, sem gæti hugsanlega tengst Hringborði Norðurslóða, 2019.

## Samskipti Þjóðkirkjunnar og Færeysku fólkakirkjunnar

Með því að undirritaður beitti sér fyrir því að Ólafur Ragnar byði Færeyjabiskupi og færeyskum prestum til Hringborðspingsins í Þórshöfn í Færeyjum, vorið 2018, vonaðist undirritaður til að Færeyska fólkakirkjan gæfi sig í auknum mæli að umhverfismálum og tæki saman höndum við Þjóðkirkju Íslands á því sviði og ætti virkan þátt með henni í umskapandi samstarfinu við Hringborðið. Sitthvað bendir til þess að þær vonir hafi ræst og nái síðar enn meiri fyllingu. Bæði Færeyjabiskup og færeysku sóknarprestarnir, sem sóttu Hringborðið 2018 í Hörpu, lýstu ánægju sinni með það og töldu það hafa verið bæði upplýsandi og hvetjandi til samstöðu, árvekni og aðgerða til umhverfisverndar. Þau góðu og gefandi samskipti, sem ég hef átt við Færeyjabiskup og færeyska presta, greiða mjög fyrir því að haldið sé fram í þessa farsælu átt. Í ferð minni til Færeyja um vorið sótti ég auk Hringborðspingsins kirkjulega viðburði í boði Færeyjabiskups og þá m.a. aldarafmælishátíð „Kvennahringsins,“ styrktarfélags færeyska sjómannastarfsins. Ég sit nú í stjórn Færeyingafélagsins hér á landi, sem gefur færi á því að viðhalda og styrkja samskipti Færeyinga og Íslendinga og þá einnig á sviði kristni og kirkju.

## Gerð Útialtaris á Esjubergi

Stjórn Sögufélagsins Steina á Kjalarnesi, þar sem undirritaður er meðstjórnandi jafnframt því sem hann miðlar stjórninni upplýsingum og ráðgjöf um keltneska kristni, beitti sér vorið og sumarið 2017 fyrir áheitafrásköfnun til að geta unnið að smíði útialtaris á Esjubergi, til minningar um kirkjuna sem landnámsmaðurinn Örylgur Hrapppson lét reisa þar um árið 900 og helgaði Guði og írsku ábótanum og dýrlingnum Kolumkilla, Colum Cille á írsku, eftir leiðum og í samstarfi við Karólínusjóðinn svonefnda, Karolina Fund. Enda þótt horfur væru tvísýnar, þegar langt var liðið á þann tíma sem gafst til söfnunarinnar, tókst að lokum að ná í söfnunarmarkinu, um 1.8. milj. ísl. kr., eða 1500 evrum að verðmæti, sem áskilið var, svo að söfnunarféð skilaði sér til félagsins. Það mátti þakka ötulu og hugmyndaríku starfi stjórnarmanna félagsins. Þeir sem styrktu söfnunina fengu nafn sitt skráð á styrktarlista velunnara verkefnisins, og þeir sem lögðu til 3000 kr. eða meira fengu að auki afhentan sérúnnin keltneskan kross úr hertum pappa, 12 cm eða 30 cm að hæð, sem biskup Íslands hafði blessað, til að hengja upp á vegg eða láta standa.

2. s.d í aðventu, 10 des. 2017, fór fram innihaldsrík og vel sótt helgistund, bæði af börnum og fullorðnum, á útialtarissvæðinu á Esjubergi vegna loka helgihalda hér á landi á 500 ára

afmælisári trúarsíðbótar Marteins Lúthers. Þess var sérstaklega minnst, að Lúther hefði brennt bannfæringarbréf páfa á þessum almanaksdegi, en hann er jafnframt mannréttindadagur Sameinuðu þjóðanna. Sögufélagið og Brautarholtssókn stóðu ásamt Mannréttindasamtökum Íslands að helgistundinni. Ávörp voru flutt og mannréttindayfirlýsingar lesnar og ritningarorð. Bál var kveikt og óréttlæti heimsins kastað táknrænt á eldinn af skrifuðum blöðum. Þau brunnu glatt eins og bannfæringarbréf páfa forðum daga. Góðviðrisdag vorið 2018 sýndu nemendur úr Klébergsskóla leikverk á úttalartarissvæðinu á Esjubergi undir stjórn kennara sinna, sem fjallaði um söguefni Kjalnesingasögu. Við lok þess komu nemendurnir smásteinum fyrir upp á altarissteininum, er þeir höfðu tínt úr sjávarfjörunni við skóla sinn. Steinarirnir munu prýða altariskrossinn keltneska, er mun bera svip af Jóhannesarkrossinum merka á Suðureyjuni helgu, Ionu, og rísa upp af altarissteininum í 3 m hæð frá jörðu. Ari Óskar Jóhannesson, hleðslumaður, hefur unnið að gerð hleðsluveggja úttalartarisins og lauk hann ¾ hluta ytri veggjar vorið 2018. Hann hefur ekki getað haldið áfram við verkið vegna annarra anna en væntir þess að geta hafist handa við það aftur með hækkandi sól á nýju ári. Bjartsýnar vonir standa til þess að hægt verði að vígja úttalarið á Esjubergi sumarið 2019.

## Krýsuvíkirkirkja

Horfur hafa vænkast til muna um að brátt verði hægt að ljúka við smíði endurreistrar Krýsuvíkirkirkju sem Vínafélag kirkjunnar hefur unnið að í hartnær ártug og horft fram til í góðri von þrátt fyrir margs konar tafir. Þær hafa m.a stafað af tímafrekum fornleifarannsóknnum á kirkjugrunninum í Krýsuvík. Þau umskipti, að lðnskólinn í Hafnarfirði, sem bauðst til að smíða nýja kirkju á sinn kostnað, sameinaðist fyrir nokkrum árum Tækniskóla Íslands, höfðu einnig töluvert um tafirnar að segja, því að að þá var sem kirkjusmíðinni væri ekki gefinn sami gaumur og fyrr. Nýr skólastjóri Tækniskólans, Hildur Ingvarsdóttir, sem tók við stjórn skólans sumarið 2018 og á uppruna sinn að rekja til Hafnarfjarðar, hefur hins vegar staðfest við stjórn Vínafélagsins, að skólinn muni að fullu standa við fyrirheit og samninga við Vínafélagið um að ljúka smíðinni og lögð verði áhersla á að það geti orðið sem fyrst jafnvel þegar á komanda vori, 2019. Enda þótt með þessu sé tryggt að Vínafélagið beri ekki kostnað af sjálfri kirkjusmíðinni, að meðtöldum innviðum, bekkjum, altari og prédikunarstóli, mun það þurfa að leggja út töluverða fjármuni til að greiða fyrir hleðslu á nýjum kirkjugrunni og frágangi við kirkjuna í Krýsuvík og ef til vill líka fyrir flutning hennar þangað. Það ætti vel að takast enda eru tíðindin góðu hvetjandi og gefa byr til árangursríkra verka.

## Víðtæk samskipti og samkirkjulegt starf

Fyrir utan það sem greint er frá í þessari skýrslu hefur undirritaður haft ýmsu öðru að sinna í starfi sínu sem prestur á sviði helgihalds og þjóðmenningar enda þótt það hafi síðustu árin talist jafngilda innan við 50% starfshlutfalli. Hann hefur til að mynda tekið virkan þátt í samkirkjulegu starfi á vegum þjóðkirkjunnar, leitt helgigöngu í samkirkjulegri bænavíku í janúarmánuði undan-gengin ár og flutt fyrirlestra á þeim vettvangi. Hann hefur jafnframt átt víðtæk samskipti við fræðimenn innanlands og utan um kristna trúarhugsun og mannlífsstrauma fyrr og síðar og sótt fundi og ráðstefnur um þjóðmenningarmál og ritað greinar í blöð og á heimasíðu þjóðkirkjunnar.

## Umhverfi og þjóðararfur

Undirritaður hefur lagt sig fram um að glæða skilning á því að umhverfisvernd í víðu samhengi og umhyggja fyrir þjóðar- og menningararfi eiga saman, því að hvort tveggja varða rætur, jarðveg og undirstöður lífs og tilveru. Þau eru því bæði skyldug og verðug verkefni fyrir kirkju Krists, sem ber ávallt að vera vökul gagnvart táknum tímanna og þekkja köllun sína og vitjunartíma. Kirkjan er alþjóðleg, en jafnframt vaxin upp af rótum hvers lands og þjóðar þar sem sáðkornum Guðsríkisins hefur verið sáð í Jesú nafni. Þjóðkirkja Íslands gegnir best sínu hlutverki fái hún verndað og ávaxtað dýrmætan þjóðararf á kristnum grunni og látið sig varða mannlíf og lífríki um veröld víða, sýnt kjark og kærleika í boðun sinni og verkum og stuðlað að því að Andi Guðs streymi um æðar mannlífs og lífríkis í Frelsarans nafni „í trú, sem ein má þúsund þjóðum safna til þjónustu við sannleik, ást og frið.“

*Soli Deo Gloria*

## Prestar Íslendinga í Noregi

**Sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir sóknarprestur**

**Sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir prestur/fræðslufulltrúi**

Miklar sviptingar hafa verið í íslenska söfnuðinum undanfarið ár. Meðlimatalið hefur hrífalið og því fylgja skertar tekjur. Leitað var til „call senter“ til að fá meðlimi safnaðarins til að staðfesta skráningu sína í söfnuðinn. Sama gerðu finnska og sænska kirkjan. Þetta var samkvæmt fyrir-mælum yfirvalda. Það gekk vonum frammar en um 1.700 safnaðarmeðlimir staðfestu skráningu sína í söfnuðinn. Þar var stigið gott skref, enda voru einungis um 1.114 meðlimir í söfnuðinum um áramótin 2017. Þess ber að geta að til þess að teljast trúfélag hér í Noregi, þurfa meðlimir safnaðarins að vera að minnsta kosti 500 talsins og þá er miðað við 15 ára og eldri. Ljóst er því að litlu munaði að söfnuðurinn legðist niður. Um áramótin 2018 voru 2.741 meðlimir skráðir í söfnuðinn og tekjur hans í ár eru því um það bil 2.700.000 NOK. Það er því mikið lán að söfnuðurinn er skuldlaus.

Söfnuðurinn á enn langt í land með að fá staðfestingu um meðlimaskráningu hjá jafn mörgum og áður voru skráðir en það voru tæp 7000 manns. Síðastliðið ár þurfti söfnuðurinn að skera niður ýmsa útgjaldaliði. Sársaukafyllst var að þurfa að skera niður útgjaldaliði svo sem fermingarbarnaferðalag vor og haust 2017 og ferð á æskulýðsmótið á Íslandi haustið 2017.

Í ár hefur verið gripið til enn fleiri sparnaðaraðgerða, einkum í starfsmannamálum. Starfsmaður/ritari safnaðarins hefur fengið starfslokasamning, en hún var í 100% starfi. Formaður safnaðarstjórnarinnar hefur tekið við í 50% starfi og mun hann einnig sinna ýmsum verkefnum sem sóknarprestur og prestur hafa haft með höndum. Sóknarprestsstaðan var skorin niður tímabundið í 50% og er sóknarprestur safnaðarins í námsleyfi og kemur ekki til baka til starfa. Staða prests/fræðslufulltrúa hefur verið lögð niður en sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir hefur gegnt henni frá 1.1.2017-1.6.2018. Síðustu mánuðina í starfi leysti hún einnig sóknarprest safnaðarins af í veikinda-leyfi. Það gerði hún af mikilli elju og sóma. Það ber að þakka. Sr. Lilja Kristín hefur nú horfið aftur til þjónustu í norsku kirkjunni. Fyrir hönd safnaðarins þakka ég henni óeingingjarna þjónustu.

## **Prestsþjónusta, guðsþjónustur, helgihald og athafnir**

Guðsþjónustuhald var á tíu stöðum á árinu. Þeir staðir sem messað var á eru: Ósló, Drammen, Kristiansand, Stavanger, Bergen, Prándheimur, Tromsó, Sandefjord og á Íslandi var ein ferming-armessa í byrjun júlí í Seltjarnarneskirkju.

Haldnar voru 24 guðsþjónustur, 15 helgi- og bænastundir og 25 sunnudagaskólar um landið og 6520 manns sóttu helgihald safnaðarins á árinu þar sem talið var.

23 börn voru skírð, öll í heimahúsum. Góður rómur hefur verið gerður að þeirri séríslensku hefð að skíra börn í heimahúsum og ánægjulegt er að sóknarbörn nýti sér þá þjónustu safnaðarins. Hjónavígslur voru átta og fjórar útfarir/minningarathafnir.

48 börn voru skráð í fermingarfræðslu safnaðarins veturinn 2017-18 og á árinu voru fermd 25 börn í þremur athöfnum í Ósló, Reykjavík og Sandefjord.

Sóknarprestur hefur getað leitað til íslenskra presta sem starfandi eru hjá Norsku kirkjunni til að taka einstaka guðsþjónustu eða athöfn.

Eins og áður segir hefur sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir leyst sóknarprestinn af í veikindaleyfi. Sr. Örn Bárður Jónsson og sr. Kristinn Ólason verið henni innan handar. Það ber að þakka því mikilvægt er að hafa slíkan stuðning á þessum tímum.

## **Sálgæsla og kærleiksþjónusta**

Prestar safnaðarins sinntu sálgæslu og kærleiksþjónustu sem fyrr og fóru í 36 hús- og sjúkraavitjanir á árinu.

146 sálgæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu/kirkjum og hótelum og 191 símasálgæsluviðtöl voru veitt. Þá er ótalin sálgæsla sem veitt er í gegnum tölvupóstssamskipti.

Sálgæsluteymi hefur verið starfandi um landið og hefur sóknarpresturinn haft samstarf við íslenskt fagfólk sem sinnir kristinni sálgæslu eða meðferðarúræðum sem ekki verður með góðu móti sinnt nema á móðurmálinu. Því miður hefur söfnuðurinn ekki lengur fjármagn til að veita safnaðarmeðlimum styrk til slíkar sálfræðiþjónustu.

Ljóst er að sálgæsla á móðurmálinu er styrkur safnaðarins og nauðsynlegur þáttur safnaðarstarfs á erlendri grundu. Því er mikilvægt að stutt sé við þann hluta þjónustu prestsins.

## **Fræðsla og námskeið**

Vegna sparnaðar hefur ekki verið hægt að sinna námskeiðahaldi sem fyrr.

*Fermingarnámskeið.* Hið árlega fermingarferðalag til Svíþjóðar féll niður í ár. Til að mæta þörf fyrir kennslu- og fræðslustundir, ferðaðist sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir þess í stað út um landið og hafði samverustundir með börnunum í Bergen, Stavanger og Sandefjord, auk þess sem fermingarfræðsla fer fram í Ólafíustofu fyrir börn sem búsett eru í Ósló og nágrenni.

Haustið 2017 var einnig farið í ferðalag með 22 íslensk börn búsett víðsvegar í Noregi, auk sex unglíngaleiðtoga. Farið var með hópinn í hús Íslendingafélagsins í Norefjell. Vel tókst til og komu ferðalangar sælir og ánægðir heim.

Helgina 27.-29.apríl var farið í Nittedalinn og þar sem þau heimsóttur Lillomarkskapellu og dvöldu þar við fræðslu og leik.

*Námskeið fyrir ungleiðtoga* var haldið í tengslum við fermingarfræðsluferð til Norefjell. Þar



fengu leiðtogaefnin bæði kennslu í fyrirlestrarformi og samtölum ásamt verklegri æfingu á vettvangi. Góð aðstoð læringanna, áhugi þeirra og gleði var dýrmæt fyrir alla umgjörð fermingarnámskeiðsins.

## **Upplýsingamál, samstarf og fundir**

*Fréttabréf* kemur út tvisvar á ári. Facebook síða safnaðarins „Íslenski söfnuðurinn í Noregi“ ásamt facebook síðum fyrir sunnudagaskólana og æskulýðshópa virka vel til að auglýsa starfið. Einnig er facebook samskiptasíða notuð til samskipta við fermingarbörn og foreldra. Messuauglýsingar hafa verið settar inn á facebook síðu „Íslendingar í Noregi“ og svo auðvitað inn á heimasíðu safnaðarins [www.kirkjan.no](http://www.kirkjan.no).

Lýðveldishátíðin er haldin í samstarfi við Íslendingafélögin þar sem óskað er eftir. Samstarf við sendiráðið er mikilvægur liður í starfi safnaðarins og er sendiherra og starfsfólki hans þakkað gott samstarf. Einnig er mikilvægt samstarf við presta norsku kirkjunnar þar sem guðsþjónustuhald er háð því að fá inn í norskar kirkjur.

## **Æskulýðs- og öldrunarstarf**

### ***Sunnudagaskóli***

Sunnudagaskólar Íslenska safnaðarins í Noregi eru starfræktir víðsvegar um landið. Á síðasta ári voru alls haldnir sunnudagaskólar 84 sinnum. Á vormánuðum voru sunnudagaskólar haldnir reglulega í Osló, Drammen, Sandefjord, Kristiansand, Bergen, Stavanger og Þrándheimi. Starfsemi þeirra, annars staðar en í Sandefjord, Kristiansand og Osló, var lögð niður að hausti vegna sparnaðar, veikinda og manneklu. Helgistundir og sunnudagaskólar voru haldnir jafnhliða jólaguðsþjónustunum.

### ***Unglingastarf***

Unglingafundir voru í Sandefjord, Stavanger og Osló. Í unglíngastarfinu fá krakkarnir meðal annars tækifæri til að kynnst betur og viðhalda tengslum sem myndast hafa í fermingarfræðslu safnaðarins.

Þátttaka hefur verið góð æskulýðshópum safnaðarins þar sem myndast hefur góður vinskapur meðal unglíngna og leiðtoga. Markmið Æskulýðsstarfs safnaðarins er að styrkja vináttutengsl og rjúfa einangrun þeirra barna sem flutt hafa hingað til Noregs og eiga erfitt með að tengjast öðrum félagslega m.a. vegna tungumálsins. Hver fundur er skipulagður og auglýstur á heimasíðu okkar og/eða facebooksíðu safnaðarins og á facebooksíðunni [www.facebook.com/æskulýðshópur](http://www.facebook.com/æskulýðshópur) Íslenska safnaðarins í Noregi.

Um 40 börn hafa verið að sækja fundina reglulega í æskulýðsstarfinu okkar um allt land. Unglingahóparnir taka ávallt vel á móti nýjum félögum.

### ***Starf 60 ára og eldri***

Starf 60 ára og eldri hefur verið haldið mánaðarlega í vetur. Það er nokkuð sjálfbært og starfið hefst að hausti og lýkur með vorfagnaði í maí ár hvert, alls voru 10 fundir á starfsárinu. Eldri borgarar eða 60+, eins og hópurinn kys að kalla sig, hittast einu sinni í mánuði yfir

vetrarmánuðina á fimmtudögum kl. 12 í Ólafíustofu. Byrjað er á kyrrðar- og íhugunarstund frá kl. 12.15 til 12.30. Síðan er svo léttur hádegisverður. Að honum loknum hefjast dagskrárliðirnir.

## **Ólafíusjóður og Listanefnd**

### ***Ólafíusjóður***

Úthlutunir úr Ólafíusjóði er hluti af kærleikspjónustu safnaðarins. Sjóðurinn hefur fengið. Til úthlutunar samkvæmt skipulagsskrá á ári og er það fé tekið af vaxtatekjum safnaðarins.

Fundir voru sex á árinu 2016, ýmist í Osló, Reykjavík, með aðstoð síma eða netsins.

Orðið var við sex umsóknum um aðstoð frá sjóðnum á starfsárinu og nam heildarupphæð þeirra 51.000 kr. 1 umsókn var hafnað.

### ***Listanefnd***

Hlutverk og verksvið nefndarinnar er að sjá um listviðburði á vegum Íslenska safnaðarins í Noregi. Gert er ráð fyrir að nefndin hafi aðkomu að listaviðburðum og hafi umsjón með sérlegum tónlistarflutningi t.d. í helgihaldi í samráði við sóknarprest. Listanefnd er líka hugsuð sem farvegur og vettvangur fyrir íslenska listamenn og aðra til að kynna list sína. Listanefndin er ólaunuð nefnd. Vegna óvissu í fjármálum safnaðarins hefur listanefndin nú verið lögð tímabundið niður.

## **Lokaorð**

Ljóst er að síðustu 2 ár hafa verið mikil áskorun fyrir söfnuðinn, vegna kröfu yfirvalda um að meðlimir safnaða í Noregi staðfesti skráningu sína í viðkomandi söfnuð. Knut Rogligen lögmaður hefur haft með málið að gera fyrir hönd sænska, finnska og íslenska safnaðanna. Síðustu fregnir herma að „Sivilombudsmannen“ hefur úrskurðað áðurnefndum söfnuðum í vil.

## **Lög og starfsreglur**

### ***1. gr. Nafn og aðsetur***

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er kristið samfélag þeirra sem skráðir eru í Þjóðkirkju Íslands eða í söfnuðinum. Hann er skráður hjá norskum yfirvöldum sem „Den Islandske Evangelisk-Lutherske Menighet i Norge“.

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er einn af söfnuðum íslensku Þjóðkirkjunnar. Lög og reglur um íslensku Þjóðkirkjuna og norsk lög um trúfélög gilda um söfnuðinn, presta hans og starfsmenn nema annað sé tekið fram í reglum þessum.

Lögheimili safnaðarins er í Ósló. Þar skulu aðalsafnaðarfundir safnaðarins haldnir, sóknarprestur safnaðarins hafa búsetu og skrifstofa safnaðarins vera.

### ***2. gr. Aðalsafnaðarfundur***

Aðalsafnaðarfundur fer með ákvörðunarvald safnaðarins í málum þeim sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögætum ákvörðunum.

Aðalsafnaðarfundur er vettvangur starfsskila og reikningsskila af hendi stjórnar safnaðarins

og einstakra nefnda á vegum safnaðarins. Þar skulu rædd málefni safnaðarins, þar á meðal þau mál sem lögmælt er að undir fundinn séu borin.

Aðalsafnaðarfund skal að jafnaði halda fyrir maí lok. Til hans skal boðað með fjögurra vikna fyrirvara. Aðra safnaðarfundir skal halda ef meirihluti stjórnar safnaðarins óskar þess, eða 150 safnaðarmanna sem atkvæðisrétt hafa á safnaðarfundum.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:

1. Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla formanns
4. Stefna stjórnar
5. Skýrsla sóknarprests
6. Fjárhagsáætlun og ársreikningar lagðir fram
7. Kosning í safnaðarstjórn og varastjórn
8. Tillögur
9. Kosning í kjörnefnd og aðrar nefndir
10. Önnur mál

Tillögur til aðalfundar skulu berast safnaðarstjórn fyrir 1. mars ár hvert.

Safnaðarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum þegar þeir eru fullra sextán ára.

### *3. gr. Safnaðarstjórn*

Stjórn safnaðarins er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir söfnuðinn gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum. Hún hefur umsjón með eignum safnaðarins og fjárhag.

Stjórn safnaðarins annast rekstur og framkvæmdir á vegum safnaðarins og styður kirkjulegt starf í söfnuðinum ásamt prestum og starfsmönnum safnaðarins.

Stjórnarmenn skulu kosnir til fjögurra ára í senn og skulu þeir koma úr röðum safnaðarmeðlima. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund. Formaður skal boða til funda.

Stjórnarmenn eru fimm. Kjósa skal jafnmarga varamenn og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í.

Heimilt er safnaðarstjórn að kveða varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til.

Safnaðarstjórn tekur mið af starfsreglum íslensku þjóðkirkjunnar um sóknarnefndir nr. 1111/2011. Safnaðarstjórn starfar einnig eftir siðareglum sem hún setur sér.

### *4. gr. Kjörnefnd*

Aðalfundur kýs þriggja manna kjörnefnd. Kjörnefnd stingur upp á fólki til setu í safnaðarstjórn. Kjörnefnd er kosin til fjögurra ára.

### *5. gr. Sóknarprestur*

Sóknarprestur Íslenska safnaðarins í Noregi er hirðir og leiðtogi safnaðarins og starfar við hlið sóknarnefndar. Hann gegnir prests- og prédikunarembætti samkvæmt vígslubræfi sem og skipunarbræfi sem biskup Íslands setur honum.

Heimilt er biskupi að skipa prest til starfa við hlið sóknarprests í samráði við sóknarnefnd/ safnaðarstjórn, ef aðstæður gefa tilefni til.

Prestar safnaðarins eru þjónandi prestar íslensku þjóðkirkjunnar og skulu lúta tilsjón íslenskra kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnunum.

Þegar sóknarprestsembætti losnar leitar safnaðarstjórn eftir því við biskup Íslands að hann auglýsi embættið með minnst fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta. Biskup Íslands staðfestir ráðningu sóknarprests og erindisbréf það sem biskup setur honum í samráði við safnaðarstjórn.

#### *6. gr. Breytingar á starfsreglum*

Breyting á samþykktum þessum öðlast fyrst gildi þegar tveir aðalsafnaðarfundir í röð hafa samþykkt óbreytta tillögu. Breytingartillögur skulu liggja frammi og vera aðgengilegar safnaðarmeðlimum eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalsafnaðarfund.

Ef söfnuðurinn leggst niður ganga eigur hans til íslensku þjóðkirkjunnar.

Samþykktir þessar sem samþykktar eru á aðalsafnaðarfundum íslenska safnaðarins í Noregi þann 4. október 2009 taka gildi nú þegar.

(Breytingar voru samþykktar á aðalfundi 26. apríl 2015 og voru staðfestar á aðalfundi 2016.)

(Breytingar voru samþykktar á aðalfundi 24. apríl 2016 og skulu staðfestar á aðalfundi 2017.)

## *Íslenska kirkjan í Svíþjóð og Danmörku*

Sr. Ágúst Einarsson

### *Íslenska kirkjustarfið í Svíþjóð*

#### **Guðsþjónustur, barnastarf og kórstarf í Gautaborg**

Íslenskar guðsþjónustur voru mánaðarlega í Gautaborg í Västra Frölunda kirkju. Boðið er upp á barnastund og smábarnahorn í tengslum við guðsþjónusturnar. Með því fékk öll fjölskyldan tækifæri til þess að njóta samverunnar í kringum helgihaldið.

Kirkjuskólinn í Gautaborg var tvisvar í mánuði yfir vetrartímann. Afbragðs aðstaða er fyrir barnastarf í safnaðarheimili V-Frölunda kirkju og fjölskyldusamveran kringum barnastarfið er vinsæl. Síðastliðinn vetur sóttu 20 til 30 manns barnastarfið í hvert sinn. Umsjón höfðu Birna, Júlíus og María auk prests.

Íslenski kórinn í Gautaborg er mikilvægur samstarfsaðili kirkjustarfsins og er ein af grunnstoðunum í að halda uppi reglulegu guðsþjónustuhaldi í Gautaborg. Stjórnandi kórsins er Lisa Fröberg. Einsöngvararnir Herbjörn Þórðarson og Elísabet Einarsdóttir syngja öðru hvoru með kórnum og við guðsþjónustur.

Við fögnuðum þeirri ánægjulegu viðbót við íslenska söngmennt í Gautaborg að á haustmisseri 2017 var settur á stofn íslenskur barnakór undir stjórn Berglindar Ragnarsdóttur. Barnakórinn söng á aðventuhátíð kirkjustarfsins á 1. í aðventu og á jólatónleikum íslenska

kórsins í Gautaborg. Hlé varð á starfsemi barnakórsins á vormisseri en ráðgert er að fara í gang með starfseminu á haustmisseri 2018.

Í Gautaborg heldur kirkjustarfið utan um íslenskt félagsstarf með því að standa fyrir jólaballi á þrettándanum og hátíðarsamkomu á 17. júní. Hvoru tveggja eru afar vel sóttir viðburðir.

## **Kirkjustarf í Lundi**

Í Lundi var kirkjuskóli hálfsmánaðarlega í safnaðarheimili Norra Nöbbelöv kirkju í umsjón Maríu Gunnlaugsdóttur prests. Í Lundi var að venju jólaguðsþjónusta á Þorláksmessu í St. Hans kirkju og var vel sótt. Íslenski kórinn í Lundi söng og ungt tónlistarfólk kom fram.

## **Fermingarfræðslan**

Fermingarfræðslan var með hefðbundnu sniði starfsárið 2017 til 2018. Um haustið hóf nýr hópur frá Svíþjóð, Noregi og Danmörku fermingarfræðslu með samveru í Åh Stiftsgård fyrstu helgi í september og voru 16 unglingar í sænsk/íslenska fermingarhópi vetrarins. Unglingarnir lesa íslenska kennslubók og leysa verkefni í tölvusamskiptum milli fermingarmóta. Boðið er upp á fræðslutíma eftir því sem við verður komið. En þeir sem ekki komast í fræðslutíma fá einstaklingskennslu gegnum tölvu með hjálp samskiptaforritsins Skype. Þá er farið í íslenskar eða sænskar guðsþjónustur a.m.k. mánaðarlega. Í samvinnu við Gídeonfélagið á Íslandi fær unga fólkíð Nýja testamentið að gjöf.

## **Sjúkrahúspjónusta**

Presturinn hefur það hlutverk í samvinnu við Sjúkratryggingar Íslands að aðstoða Íslendinga er koma á Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg. Á hvert koma nú um 30 sjúklingar til rannsóknna og aðgerða. Um er að ræða líffæraskipti og aðrar flóknar aðgerðir sem ekki eru gerðar heima á Íslandi. Presturinn hittir alla sem koma frá Íslandi á Sahlgrenska sjúkrahúsið og honum er ætlað að veita stuðning eftir þörfum og óskum hvers og eins.

## **Sóknarnefnd og samstarfsaðilar**

Prestur og sóknarnefnd hafa samvinnu um safnaðarstarfið og í sóknarnefnd Íslensku kirkjunnar í Svíþjóð voru: Birna Ágústsdóttir formaður og ritari, Guðni Jónsson varaformaður, Rósa Jónasdóttir gjaldkeri og meðstjórnendur voru Björn Sverrisson og Hildur Káradóttir.

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur í Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra er umsjónaraðili okkar fyrir hönd biskups Íslands. Helga Soffía kom í heimsókn til Gautaborgar í tengslum við aðventuhátíð 1. sunnudag í aðventu 2017 þar sem hún flutti hugvekju. Einnig ávarpaði hún söfnuðinn í kirkjukaffi og átti fund með sóknarnefnd.

Christina Nilroth ræðismaður Íslands í Gautaborg er mikilvægur samstarfsaðili okkar. Hún sýnir starfinu mikinn áhuga og fundar mánaðarlega með presti og formanni sóknarnefndar til að ræða samstarf og íslensk menningarmál.

Leiðtoganámskeið er samstarfsverkefni íslensku safnaðanna á Norðurlöndum. Í september

2017 var leiðtoganámskeiðið haldið í Kaupmannahöfn. Elín Elísabet Jóhannsdóttir kynnti það nýjasta frá fræðsludeild Þjóðkirkjunnar. Einnig voru þar fyrirlesarar með efni er tengist styrkingu leiðtoga í kristilegu starfi. Það er nýjum sem reyndari leiðtogum í íslensku barnastarfi á erlendri grund mikilvægt að fá að taka þátt í þessum fræðslusamverum sem haldnar eru árlega. Leiðtogarnir fá fræðslu og hvatningu og finna að þeir eru hluti af þeirri stóru heild sem er fræðslustarfsemi íslensku þjóðkirkjunnar.

## **Möguleikar og takmarkanir í íslensku safnaðarstarfi í Svíþjóð**

Vegna þess hve þjónustusvæði íslenska prestsins er stórt um þessar mundir eru prestinum settar skorður um þjónustu í Svíþjóð. Auðveldast er að tryggja þjónustu við Íslendinga í Gautaborg og nágrenni. En velkomið er að samband og athuga hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Prestur hefur ásamt sóknarnefnd lagt áherslu á að reyna að koma á reglubundnu barnastarfi með hjálp heimafólks sem víðast um land. Það hefur tekist í Lundi eins og áður er nefnt. Við hvetjum áhugasama um íslenskt safnaðarstarf í Svíþjóð til að hafa samband og ræða góðar hugmyndir.

Upplýsingar um kirkjustarfið hverju sinni er að finna á [www.kirkjan.se](http://www.kirkjan.se) en netfangið er [kirkjan@telia.com](mailto:kirkjan@telia.com) og sími Ágústs er 0046702863969 (innanlands 0702863969) og íslenskur sími er 5457726.

## *Íslenska kirkjustarfið í Danmörku*

### **Guðsþjónustur, sunnudagaskóli og kórastarf í Kaupmannahöfn**

Íslenski presturinn í Svíþjóð sinnir nágrannaþjónustu við íslenska kirkjustarfið í Danmörku um óákveðin tíma eða þar til það tekst að fjármagna íslenskt prestsembætti að nýju í Kaupmannahöfn.

Guðsþjónustur voru haldnar einu sinni í mánuði í Skt. Pauls kirkju. Kvinnakórinn í Kaupmannahöfn undir stjórn Sigríðar Eypórsdóttur og Kammerkórinn Staka skiptast á að syngja í guðsþjónustum. Kirkjukaffi er í húsi Jóns Sigurðssonar og er í umsjón kóranna og til styrktar starfi þeirra. Kvinnakórinn Dóttir er þriðji íslenski kórinn sem starfræktur er í Kaupmannahöfn. Kvinnakórinn Dóttir söng fyrir okkur á aðventuhátíð 2017 og einnig við guðsþjónustu í maí 2018.

Sunnudagaskólinn var einu sinni til tvisvar í mánuði í Jónshúsi á sunnudögum kl. 13. Umsjón síðasta vetur höfðu: Katrín, Ásta, Sóla og Ágúst. Sunnudagaskólinn er líflig samvera með söng, frásögum og brúðuleikhúsi og hafa að jafnaði um 15-20 manns sótt þessar samverur síðastliðinn vetur, börn ásamt foreldrum.

Íslenskur barnakór er ánægjuleg viðbót við söngmennt meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn en Sólveig Anna Aradóttir (Sóla) stendur fyrir vikulegum æfingum í Jónshúsi og kórinn kom fram á aðventuhátíðinni og fjölskylduguðsþjónustu í mars. Á aðventuhátíðinni sungu fjórir íslenskir kórar og voru kórmeðlimir samtals um 60 talsins. Nú eru sex íslenskir kórar starfræktir í Kaupmannahöfn og þar með góð rækt lögð við sönglist, þjóðerni og tungumál.

## Fermingarfræðsla

Síðastliðinn vetur voru sex unglingar í fermingarhópnum. Kynningarfundur um fermingarfræðsluna var fyrir börn og foreldra í Jónshúsi í september 2017. Síðan hófst fræðslan með fermingarmóti á Åh stiftgard í Svíþjóð fyrstu helgina í október. Vormótið var á sama stað fyrstu helgina í maí 2017. Fermingarmótin eru tveggja sólarhringa námskeið þar sem leitast er við að samtvinna fræðslu, helgihald, íþróttir og útiveru. Milli fermingarmóta voru fræðslusamverur í Jónshúsi. Þau fermingarbörn sem búa í Kaupmannahöfn sækja guðsþjónusturnar í Skt. Pauls kirkju. Fermingarbörnum utan Kaupmannahafnar er boðið upp á einstaklingskennslu gegnum tölvusamskipti og þau sækja danskar guðsþjónustur nálægt heimilinu.

## Sóknarnefnd og samstarfsaðilar

Prestur og sóknarnefnd vinna saman að kirkjustarfinu og í sóknarnefnd Íslensku kirkjunnar í Danmörku voru á síðasta starfsári: Vera Guðmundsdóttir formaður, Lárus Guðmundsson varaformaður, Borgþór Arngrímsson gjaldkeri, Vala Ólafsdóttir ritari, Katrín Ósk Einarsdóttir og Ragnheiður Bárðardóttir eru meðstjórnendur.

Við erum afar þakklát fyrir þá góðu aðstöðu sem okkur er veitt í Jónshúsi, menningarmiðstöð Íslendinga í Kaupmannahöfn. Hallfríður Benediktsdóttir er forstöðumaður Jónshúss og þökkum við henni gott og elskulegt samstarf.

Skt. Pauls kirkja er mikilvægur samstarfsaðili kirkjustarfsins. Í áratugi hefur íslenska kirkjan fengið þar inni fyrir guðsþjónustur. Stefán Arason hætti sem organisti við íslenskar guðsþjónustur í Kaupmannahöfn og þökkum við honum fyrir vel unnin tónlistarstörf en við tók Sólveig Anna Aradóttir og fögnum við samstarfi við hana.

## Viðvera prests í Sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn

Samkvæmt samningi við íslenska utanríkisráðuneytið hefur prestur viðvera í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn að jafnaði einn dag í viku. Þar tekur presturinn á móti fólki sem óskar viðtals og sinnir undirbúningi og skipulagningu í kirkjustarfinu. Viðtöl geta einnig farið fram í Jónshúsi. Þá tekur presturinn við verkefnum er berast sendiráði og er þannig sem einn af starfsmönnum sendiráðsins. Það er prestinum mikils virði að hafa vinnustað í sendiráðinu og gott samstarfsfólk á starfssvæði þar sem hann annars er gestkomandi á mörgum stöðum. Samstarfið við Benedikt Jónsson, sendiherra og Mörtu Jónsdóttur, sendiráðunaut og annað starfsfólk sendiráðsins hefur á margan hátt auðveldað prestinum að vinna starf sitt í Danmörku.

## Heimsókn prófests

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur er umsjónaraðili okkar fyrir hönd biskups Íslands. Hún kom til Kaupmannahafnar í tengslum við aðventuhátíð safnaðarins 2. sunnudag í adventu 2017, þar sem hún flutti hugleiðingu. Í heimsókn sinni átti hún fund með sóknarnefnd og sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn og kynnti sér starf og starfsaðstöðu safnaðarins.

## **Möguleikar og takmarkanir í íslensku safnaðarstarfi í Danmörku**

Leitast er við að tryggja reglubundna þjónustu við Íslendinga í Kaupmannahöfn og nágrenni. Oft er hægt að verða við beiðnum um athafnir víðar í Danmörku ef fyrirvarinn er góður. Einnig sinnir presturinn útkallsþjónustu um land allt, þegar á þarf að halda. Prestur og sóknarnefnd hvetja til þess að sunnudagaskólastarf verði starfrækt á fleiri stöðum í Danmörku og höfða þar til áhugasamra foreldra. Vel kemur til greina að fá prest og fulltrúa úr sunnudagaskólahópnum í Kaupmannahöfn í heimsókn, ef það gæti orðið til hjálpar og hvatningar til að koma á reglulegu starfi.

Upplýsingar um kirkjustarfið hverju sinni er að finna á [www.kirkjan.dk](http://www.kirkjan.dk) og netfangið er [prestur@kirkjan.dk](mailto:prestur@kirkjan.dk). Sími Ágústs er 004533181056 (innanlands 33181056) og íslenskur sími er 5457726.



# Starfið í prófastsdæmunum

## Suðurprófastsdæmi

Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur

Í Suðurprófastsdæmi hefur kirkjulegt starf verið í sínum fasta farvegi og helgihaldið og allt annað starf á vegum kirkjunnar haft sinn hefðbundna framgang og fallið að daglegu lífi okkar sem hér búum og störfum. Mér er efst í huga þakklæti til alls þess góða fólks sem hefur með einum eða öðrum hætti komið að starfi kirkjunnar á Suðurlandi og staðið að þjónustu og helgihaldi.

Nokkrar breytingar urðu á starfslíði hinna vígðu þjóna.

Sr. Önundur Björnsson á Breiðabólstað fór í þriggja mánaða veikindafrí í haust og sr. Arnaldur Bárðarson leysti hann af á meðan. Sr. Haraldur Kristjánsson í Vík fékk níu mánaða námsleyfi og sr. Skírnir Garðarsson leysir hann af til 1. júní 2018. Héraðspresturinn okkar sr. Axel Árnason fékk einnig níu mánaða námsleyfi sem lauk 1. júní 2018.

Kirkjuhaldarinn og bóndinn á Búrfelli, Böðvar Pálsson lést 3. mars, en hann var sóknar-nefndarformaður Búrfellskirkju um áratugabil eða þar til sóknin var sameinuð Mosfellssókn, hans er minnst sem kjölfestu ekki aðeins innan kirkjunnar heldur og samfélagsins alls.

Sr. Kristján Björnsson sóknarprestur í Eyrarbakkaprestakalli verður nýr vígslubiskup í Skálholti og mun sr. Arnaldur Bárðarson leysa af í prestakallinu um stundarsakir. Um leið og við biðjum góðan Guð að blessa nýjan vígslubiskup og þau hjón bæði í nýjum verkum úti á akri kirkjunnar, þökkum við samleiðina með sr. Kristjáni Val og óskum honum hamingju og heilla í því sem við tekur í lífi hans.

Skýrslur presta og safnaða sem eru lagðar fram á héraðsfundi prófastsdæmisins sýna, að í prófastsdæminu er unnið fjölbreytt og gott starf. Þar er okkur prestum ætlað að sýna forystu, sem hirðar og þjónar safnaðanna, en harla lítils virði væri það, ef ekki kæmi til ómetanlegt framlag safnaðarfólksins, þeirra sem sitja í sóknarnefndunum, syngja í kórnum undir stjórn organistanna, annast umsjá kirkjuhúsanna og -garðanna og alls þess sem tilheyrir. Og víðast er jarðvegur kirkjustarfsins frjór. Og það er sérstök ástæða til að gleðjast yfir góðum vexti í barna- og æskulýðsstarfi hér í prófastsdæminu undanfarin ár.

Í Suðurprófastsdæmi eru 13 prestaköll með 52 sóknum, annarra kirkna og kapella sem ekki teljast sóknarkirkjur en athafnir fara fram í, alls tæplega 60 guðshús.

Almennar guðsþjónustur í prófastsdæminu voru 622 talsins og aðrar guðsþjónustur s.s. helgi- og bænastundir 819. Barnaguðsþjónustur og/eða kirkjuskóli og samverur með börnum voru 249. Alls eru þetta 1690 athafnir. Á Suðurlandi voru 246 börn skírð, 320 fermd, 154 hjónavígslur og 178 útfarir.

Já, við viljum öll vinna kirkjunni það gagn sem við getum. Sóknarnefndir og prestar og allt starfslíð standa fyrir fjölbreyttu starfi og kórfólk og sjálfboðaliðar leggja mikið að mörkum með fjölbreytilegum hætti á vettvangi kirkjunnar sinnar og víða er gott samstarf við skóla. Þetta

eru guðsþjónusturnar og helgihaldið, fermingar- og æskulýðsstarfið og mótin, barnastarfið, kirkjukórastarfið, þjónustan við elliheimilin og sjúkrahúsin og sálgæslan og safnaðarstarfið allt.

Margrét Bóasdóttir stendur styrk í stafni varðandi tónlistarmál kirkjunnar og heldur ótrauð áfram að efla kórastarf, ekki aðeins hér á Suðurlandi heldur um allt land, en ég vona svo sannarlega að samsöngur kirkjukóra og kórakvöldin sem nú hafa verið haldin í nokkur skipti í Skálholti, en í Hveragerði sl. haust haldi áfram og verði að sterkri hefð hér á Suðurlandi.

Þau tóku sig saman og stóðu fyrir sérstaklega metnaðarfullri tónlistardagskrá nú á föstunni, Rut Ingólfssdóttir fiðluleikari, og kórstjórnarnir í Breiðabólstaðarprestakalli og Oddaprestakalli, þau Guðjón Halldór Óskarsson, Kristín Sigfúsdóttir og Haraldur Júlíusson og fluttu Bach í þremur kirkjum eins og þau nefndu tónleikana sína. Þeir voru haldnir í Odda-, Kross- og Hlíðar-endakirkjum og tókust mjög vel, með sameinuðum kórum, einsöngvurum og einleik Rutar á fiðluna. Magnað framtak og sýnir hvað hægt er að gera með samstilltu átaki.

Viða standa yfir viðgerðir og endurbætur á kirkjum í prófastsdæminu og einnig framkvæmdir við kirkjugarða. Nefna má miklar viðgerðir á Selfoskirkju, Akureyjarkirkju, Eyrarbakkakirkju, Krosskirkju er verið að koma í upprunalegt horf.

Gnúpverjar ásamt sóknarpresti sínum blésu til kirkjuhátíðar á vordögum eftir viðamiklar viðgerðir og endurbætur á Stóra-Núpskirkju. Það má með sanni segja að lyft hafi verið Grettistaki í endurnýjun kirkjunnar og skartar hún sínu fegursta í dag og ber fagurt vitni um umhyggju og metnað sóknarfólks fyrir hönd kirkjunnar sinnar. Að aflokinni hátíðarguðsþjónustu var boðið til veglegs kaffisamsætis sem fór fram með miklum hátíðar- og gleðibrag.

Námskeið sem haldin voru og prófastsdæmið kom að, var *Innandyra* námskeiðið, sem er námskeið vegna barnastarfsins í kirkjunni og var það haldið í Skálholti sl. haust. Það er ætlað þeim sem sjá um barnastarfið, bæði prestum, sunnudagaskólakennurum, æskulýðsleiðtogum og öðru starfsfólki.

Við fengum áhugaverða heimsókn frá Reading í Skotlandi

Það eru þeir: Stephen Pullin, sóknarprestur í Maríukirkjunni í Reading og aðstoðarmaður biskupsins í Berkshire og Chris West, stjórnandi æskulýðssambands kirkjunnar í Reading.

Þeir hafa staðið fyrir merkilegu starfi í sinni heimaborg er lýtur að því að snúa við nokkuð langri þróun stöðnunar, úrsagna úr kirkjunni og dvinandi meðlimafjölda. Þeir komu hingað til lands og héldu fyrirlestur um allt land um reynslu og hvernig þeir náðu árangri í því að snúa vörn í sókn. Fyrirlestur þeirra var í safnaðarheimilinu á Hellu í nóvember sl.

Þá má nefna að meðhjálparanámskeið var í Skálholti síðasta vor, þar sem vígslubiskup leiðbeindi og Axel héraðsprestur hélt utan um.

Héraðssjóður prófastdæmisins studdi margvísleg kirkjuleg verkefni í prófastdæminu og má þar m.a. nefna stuðning við kirkjukóra og önnur tónlistarverkefni sem fólk hér í sýslu hefur komið að og staðið fyrir. Hann hefur einnig stutt við margvísleg líknarmál og barna- og æskulýðsstarf og ýmislegt fleira.

Megi Guðs andi leiða okkur öll og styðja til góðra verka úti á akri hans.

# Kjalarnessprófastsdæmi

Sr. Þórhildur Ólafs, prófastur

Á því ári sem liðið er frá því að síðasta ársskýrsla var rituð hefur ýmislegt á daga prófastsdæmisins drifið. Sem fyrr hefur verið lögð á það áhersla að vinna eftir þeim stefnumiðum sem prófastsdæmið setti sér árið 2015 en einkunnarorð þeirra eru SAMSTARF, SAMFÉLAG og UPPBYGGING.

SAMSTARFIÐ hefur gengið vel og unnið hefur verið að áhugaverðum verkefnum með utanaðkomandi fyrirlesurum og samtali innanbúðarfólks.

SAMFÉLAG: Lögð hefur verið á það áhersla að auka enn frekar en verið hefur tengsl þeirra sem starfa á vegum sóknanna í prófastsdæminu og reynt hefur verið að stuðla að góðu flæði á milli einstaklinga og sókna með sérstakri áherslu á samstarfssvæðin innan prófastsdæmisins og sérválin verkefni á þeirra vegum. Mikils virði hefur verið að auka samfélag þeirra sem að verkum koma og stuðla þannig að því að hægt sé að mynda stuðningsnet þeirra sem tilheyra kirkjunni og þjóna hver með sínum hætti.

UPPBYGGING: Sem fyrr hefur héraðsnefnd prófastsdæmisins lagt sig fram um að bjóða starfsfólki kirknanna til fjölbreyttrar fræðslu um prédikun, guðfræði, helgihald, samskipti, tímastjórnun, streituálag á vinnustað og kulnun í starfi og fleira sem talið hefur verið að nýtast myndi við störf þeirra. Einnig hefur verið rýnt í það hvernig fólki sjálft, mannauður prófastsdæmisins, geti stuðlað að vexti í starfi með því að bera saman bækur sínar og halda á lofti því sem vel hefur tekist til með svo enn megi efla starfið. Markmiðið er að fólki geti liðið vel í störfum sínum og öðlast aukni öryggi og aukna hæfni á fjölbreyttum sviðum lífsins: gildir það bæði fyrir leika og lærða.

## Námskeið og viðburðir

Fyrst ber að nefna Lútherstónleika sem haldnir voru í haust í tilefni af 500 ára afmæli siðbótar Marteins Lúthers. Undirbúningur fyrir þennan viðburð hafði staðið í um það bil tvö ár og var Lúthers minnst á uppbyggingulegan hátt. Rifjað var upp að fá ef nokkur tímabil hafa haft jafnmikil áhrif á þróun vestrænnar sögu og menningar og siðbótartíminn snemma á 16. öld. Áhrifin teygðu sig vítt og breitt yfir álfuna og breiddust síðan til vesturheims og víðar er frá leið. Siðbótartíminn var tímabil mikilla breytinga á meginlandi Evrópu er enn gætur. Viðburðarríkir tímar siðbótarinnar voru skoðaðir og fengu þeir mikla athygli leikra og lærðra. Tónskáldið Eiríkur Árni Eiríksson samdi Lútherskantötu af þessu tilefni og var hún frumflutt á hátíðartónleikum sem fram fóru í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði þann 28. október og daginn eftir þann 29. október í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ. Kórar flestra kirkna í prófastsdæminu tóku þátt í flutningi kantötunnar og skipuðu samkór. Kirkjurnar sem þátt tóku voru Bessastaðakirkja, stjórnandi Bjartur Logi Guðnason; Grindavíkurkirkja, stjórnandi Bjartur Logi Guðnason; Keflavíkurkirkja, stjórnandi Arnór Brynjar Vilbergsson; Lágafellskirkja, stjórnandi Þórður Sigurðsson; Njarðvíkurprestakall, stjórnandi Stefán Helgi Kristinsson; Vídalínskirkja, stjórnandi Jóhann Baldvinsson og Víðistaðakirkja, stjórnandi Helga Þórdís Guðmundsdóttir. Einsöngvarar í Lútherskantötunni voru þau Bylgja Dís Gunnarsdóttir og Gissur Páll Gissurarson. Ragnheiður

Gröndal flutti lag sitt *Lifandi vatnið*, við texta Sigurðar Pálssonar í útsetningu sinni og Eiríks Árna Sigtryggssonar og Samkórinn söng auk kantötunnar *Guð helgur andi, heyr oss nú*, leisu frá miðöldum við texta eftir Marteín Lúther í þýðingu Helga Hálfðánarsonar í raddsetningu Róberts A Ottóssonar og hljómsveitarútsetningu Eiríks Árna Sigtryggssonar. Heyr himnasmíður lag Þorkels Sigurbjörnssonar við texta Kolbeins Tumasonar. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna skipaði stóran sess á tónleikunum og skipti miklu máli við allan tónlistarflutning. Samstarfið við tónskáldið Eirík Árna Sigtryggsson var einkar ánægjulegt og svo var um allt tónlistarfólkið. Það var Arnór Vilbergsson organisti Keflavíkurkirkju og núverandi formaður tónlistarnefndar prófastsdæmisins sem hafði að miklu leyti veg og vanda af því að leiða prófastsdæmið áfram á þeirri braut sem að tónleikunum lá. Eftir seinni tónleikana var efnt til afmælisfagnaðar í Kirkjulundi Keflavíkurkirkju. Öllu þessu góða fólki er Kjalarnessprófastsdæmi þakklátt fyrir einstaka og góða samvinnu og fyrir að gera drauma prófastsdæmisins að veruleika þegar minnst var þess að 500 ár voru liðin frá því að Lúther hengdi greinar sínar, þar sem hann andmælti aflátssölu kaþólsku kirkjunnar upp á dyr Hallarkirkjunnar í Wittenberg.

Í haust gaf Kjalarnessprófastsdæmis út lítið kver *Lútherslestra* en það hefur að geyma ritningarorð sem Lúther valdi og hugleiðingu hans fyrir hvern dag ársins, 365 lestra. Þetta litla kver hafði prófastur séð á ferð sinni með öðrum próföstum á heimili Kaupmannahafnarbiskups og heimkominn fengið þá hugdettu að ánægjulegt væri ef hægt væri að fá það þýtt og útgefið á vegum Kjalarnessprófastsdæmis. Dr. Gunnar Kristjánsson fyrrverandi prófastur og Lúthersfræðingur varð góðfúslega við beiðni um að þýða texta kversins og var það vissulega mikil kúnt að koma svo gömlum texta yfir á skiljanlegt nútímamál. Brynjólfur Ólason las prófarkir og Þorfinnur Sigurgeirsson var útlitshönnuður og umbrotsmaður. Þeir Grétar Halldór Gunnarsson fyrrverandi starfsmaður prófastsdæmisins og sr. Stefán Már Gunnlaugsson átta líka sinn þátt í því að yta verkefninu áfram. Það rétt hafðist að koma lestrunum út fyrir hátíðartónleikana og afhenti prófastur tónlistarfólkinu lestrana sem þakklætisvott og til minningar um þátttöku sína í þessum viðburði Lúthersársins. Kverið var svo afhent öllu sóknarnefndarfólki, aðal- og varamönnum að gjöf, starfsfólki safnaðanna, prestum og djáknum.

**SAMSTARFSVERKEFNI:** Helstu samstarfsverkefni voru fermingarhátíð sem haldin var í janúar á samstarfssvæði Hafnarfjarðar- og Garðaprestakalls og hins vegar prestakalla á Suðurnesjum. Fermingarhátíðirnar tókust vel. Tímasetningin þótti góð því að oft dregur úr þrótti kirkjustarfsins eftir áramótin.

Fundur var haldinn með skólastjórnendum um sorg og áföll í skólastarfinu að frumkvæði safnaðanna á svæðinu með stuðningi frá prófastsdæminu sem fram kom í fjárstyrk og aðstoð frá skrifstofu prófastsdæmisins. Fjórir fyrirlesarar voru á málþinginu: þau sr. Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur, Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur, Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri Víðistaðaskóla og sr. Stefán Már Gunnlaugsson héraðsprestur sem ræddi um þjónustu kirkjunnar.

**STOFNUN ÆSKK** Kjalarnessprófastsdæmi beitti sér fyrir því fyrir tilstuðlan héraðsprests sr. Stefáns Márs Gunnlaugssonar að stofnað var æskulýðssamband prófastsdæmisins. Stofnfundurinn fór fram í nýju safnaðarheimili Ástjarnarsóknar og var vel sóttur. Mikil ánægja ríkti með stofnun hins nýja sambands. Formaður þess var kosinn Arnór Bjarki Blomsterberg guðfræðingur og æskulýðsfulltrúi í Tjarnaprestakalli.

**NÁMSKEIÐ FYRIR SÓKNARNEFNDIR:** Prófastsdæmið vill beita sér fyrir því að allar sóknarnefndir fái námskeið um starfsskyldur sóknarnefnda og útfærslur á þeim, sem byggðar eru á lögum og reglum þjóðkirkjunnar. Þegar hafa verið haldin námskeið í Njarðvíkum, Keflavík, Grindavík og Mosfellsbæ. Samkomulag verður um það hvenær aðrir fá sitt námskeið en um námskeiðin hafa þau sér Guðmundur Þór Guðmundsson lögfræðingur Biskupsstofu, sr. Sigfús Kristjánsson sviðsstjóri Biskupsstofu, Sveinbjörg Pálsdóttir mannaúðs- og skrifstofustjóri Biskupsstofu og tilsjónarmaður prófastsdæmisins sem er sr. Stefán Már Gunnlaugsson héraðsprestur.

**RÁÐSTEFNUR:** Á haustdögum bauð prófastsdæmið starfsfólki safnaðanna á prédikunar-ráðstefnu í Langholtskirkju. Karoline M. Lewis og Abigail Visco Rusert fluttu erindi um æskulýðsstarf og prédikunarfræði. Einnig bauð prófastsdæmið starfsfólki á GLS ráðstefnuna í Háskólabíói sem haldin var dagana 3.-4. nóvember. Þótti mörgum uppörvandi að hlýða á þá sem þar komu fram á hvíta tjaldinu. Vel var að ráðstefnunni staðið og margt mátti gott læra af fyrirlesurunum.

**ÞJÓNANDI KIRKJA:** Námskeið fyrir kirkjuverði, staðarhaldara, framkvæmdastjóra og annað starfsfólk kirkjunnar. Að þessu námskeiði stóðu Kjalarnessprófastsdæmi og bæði Reykjavíkurprófastsdæmin. Námskeiðið samanstóð af þremur fræðslusamverum um góða þjónustu, að þjóna í helgihaldi og og athöfnum og hvernig hægt væri að minnka umhverfisspor. Fræðslusamverurnar báru þessar yfirskriftir. Að veita framúrskarandi þjónustu. Staðsetning var að Hliði á Álftanesi. Þjónusta í garði Guðs, staðsetning Breiðholtskirkja og Þjónusta í kirkju Krists, staðsetning Háteigskirkja. Var námskeiðið vel sótt og þótti gagnlegt.

**VERKLAGSREGLUR:** Prófastur kallaði eftir verklagsreglum frá sóknum um meðferð, skráningu og varðveislu gagna við bókhald safnaðanna og var í þeim efnunum að sinna tilsjónarhlutverki sínu.

**STARFSMANNAVIÐTÖL:** Prófastur fór á haustdögum á starfsstöðvar presta til þess að eiga við þá starfsviðtöl. Starfsviðtölum verður markvisst fjölgað, því þau hafa gefið góða raun, eru þarfleg og gangleg.

**HEIMSÓKN FRÁ READING:** Í október heimsóttu þeir Stephen Pullin sóknarprestur og Chris West stjórnandi æskulýðssambands kirkjunnar í St. Laurence (Reading) Kjalarnessprófastsdæmi, þar sem þeir hittu fyrir presta og æskulýðsleiðtoga. Þeir fjölluðu um „Traditional Church, Unconventional Ministry“ og sögðu frá því hvernig kirkjan í Reading hafði tekist á við að snúa við langri þróun stöðnunar, úrsagna úr kirkjunni og dvínandi meðlimafjölda og haft árangur sem erfiði. Þótti fundarmönnum margt athyglisvert koma fram í máli þeirra og vera fallið til eftirbreytni.

## Leiðarþing

Athygli vakti hve aðsókn að leiðarþingi haustsins var dræm, svo umræðu vakti hjá prófasti, héraðsnefnd og héraðspresti um það hvort ástæða væri til að halda þingið eða hvort skynsamlegar væri að leggja það af og nota fjármuni sem í það fara til annarra og jafnbrýnna verkefna. Ákveðið var að halda leiðarþing haustið 2018 þar sem lögð hefur verið áhersla á að skyldumæting sé á þá fundi sem prófastur boðar og því von um betri mætingu. Á leiðarþinginu varð nokkur umræða um val og veitingu prestsembætta og tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar. Var

þeirri umræðu haldið áfram á héraðsfundi vorsins 26. apríl. Á leiðarþinginu fluttu Ögmundur Jónasson fyrrverandi ráðherra, Jóna Hrönn Bolladóttir sóknarprestur í Garðaprestakalli og Arnór Bjarki Blomsterberg guðfræðingur og æskulýðsfulltrúi í Tjarnaprestakalli erindi um siðbót í samtíð. Á leiðarþinginu var samþykkt ályktun til biskups þess efnis að tryggt yrði að prestur kæmi til starfa í Tjarnaprestakalli frá 1. janúar 2018. Nú hefur embætti prests við Tjarnaprestakall verið auglýst, umsóknarfrestur er runninn út og matsnefnd hefur hafið störf, kjörnefnd hefur komið saman og seinni fundur hennar hefur verið ákveðinn þann 16 júlí. Til stendur að skipa prest frá 1. ágúst 2018. Greiðist þá vonandi úr málum sem hvílt hafa þungt á báðum sóknunum prestakallsins. En á haustdögum var vígt í Ástjarnarsókn, stórri og ört vaxandi sókn, nýtt og glæsilegt safnaðarheimili.

VENJUBUNDIR FUNDIR: Að auki hafa verið haldnir venjubundnir haust og vorfundir með prestum og djáknum, með formönnum sóknarnefnda, með organistum.

HÉRAÐSFUNDUR var haldinn 26 apríl. Þar fóru fram venjubundin héraðsfundarstörf. Einnig fluttu organistarnir Guðmundur Sigurðsson organisti Hafnarfjarðarkirkju og Helga Þórdís Guðmundsdóttir organisti Víðistaðakirkju örerindi um tónlistarstefnu kirkjunnar. Vöktu erindi þeirra athygli og leiddu þau til eftirtektarverðra umræðna. Að öðru leyti vísast í fundargerð héraðsfundar sem finna má á heimasíðu Kjalarnessprófastsdæmis.

## Hreyfingar starfsfólks

Sr. Stefán Már Gunnlaugsson var skipaður í embætti héraðsprests frá 1. júní 2017.

Sr. Sigurður Grétar Sigurðsson kom aftur til starfa þann 1. september í Útskálaprestakalli eftir tveggja ára launalaust leyfi og prestsþjónustu í Noregi. Lauk þá afleysingaþjónustu sr. Báru Friðriksdóttur í prestakallinu.

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir sóknarprestur í Mosfellsprestakalli fór á haustdögum í níu mánaða námsleyfi. Sr. Arndís G. Bernharðsdóttir Linn prestur í Mosfellsprestakalli var sett í sóknarprestsembættið í námsleyfi sr. Ragnheiðar. Sr. Kristín Páldóttir var settur prestur í Mosfellsprestakalli út maí mánuð en hefur verið skipaður prestur Kirkju heyrnarlausra og tekur þar við embætti af sr. Brynju Vigdís Þorsteinsdóttur sem skipuð hefur verið prestur í Njarðvíkurprestakalli frá 1. júní 2017.

Sr. Eva Björk Valdimarsdóttir sagði prestsembætti sínu við Keflavíkurkirkju lausu síðasta vor en hefur nú verið ráðin héraðsprestur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Sr. Fritz Már Jörgensson Berndsen var skipaður í embætti prests við Keflavíkurkirkju þann 1. júní 2017.

Um miðjan marsmánuð lét sr. Hulda Hrönn M Helgadóttir af störfum héraðsprests II og tók þá til starfa sem prestur Kvennakirkjunnar.

Bjartur Logi Guðnason organisti Bessastaða- og Grindavíkursóknna lét af störfum við þær sóknir eftir áralanga þjónustu og var ráðinn organisti við Áskirkju í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Erla Rut Káradóttir organisti sem leyst hefur organista Kálfatjarnarkirkju, Elísabetu Þórðardóttur, af í leyfi hennar frá kirkjunni var í stað Bjarts Loga ráðin organisti við Grindavíkurkirkju. Ástvaldur Traustason hefur hafið störf organista í Bessastaðasókn og í stað Erlu Rutar við Kálfatjarnarkirkju hefur Kjartan Jósefsson Ognibene verið ráðinn organisti.

Matthías Baldursson hefur látið af störfum orgnista í Ástjarnarkirkju og þangað hefur Keith Reed verið ráðinn tímabundið.

Þórður Sigurðsson hefur verið ráðinn orgnisti í Mosfellsprestakalli og Guðmundur Ómar Óskarsson hefur tekið við stöðu orgnista í Reynivallaprestakalli.

Þeim sem látið hafa af störfum í Kjalarnessprófastsdæmi eru þökkuð heilladrjúg og farsæl störf og þeir boðnir velkomnir sem tekið hafa við störfunum.

## Framundan

Í haust er stefnt að því að hópur 20 manna á vegum Kjalarnessprófastsdæmis, prestar, djáknar, organistar, æskulýðsfulltrúar, formenn sóknarnefnda og annað starfsfólk safnaða hefji nám í markþjálfun hjá Evolvíu. Markþjálfun er aðferðafræði sem miðar að því að hjálpa hópum og einstaklingum á faglegan hátt við að finna sín markmið og hrinda þeim í framkvæmd, byggja upp styrk og framfarir. Henni er bæði beitt á viðfangsefni tengdum vinnu og einkalífi. Markþjálfunarnám veitir góða undirstöðu í aðferðafræðum markþjálfunar og byggir bæði á fyrirlestrum og verklegum æfingum. Í náminu lærir nemandinn að beita á áhrifaríkan hátt þeim grundvallargildum sem markþjálfari þarf að kunna. Mathilda Gregersdotter og prófastur hafa skrifað undir samning fyrir hönd Evolvíu og Kjalarnessprófastsdæmis. Kennslan mun fara fram í „Rými til vaxtar“ húsnæði Evolvíu sem er í kjallara Grafarvogskirkju. Bundnar eru miklar vonir við að námið nýtist þeim sem það sækja m.a. í sálgæsluviðtölum, kórastarfi, hópastarfi og fleiru.

## Lokaorð

Markmið prófastsdæmisins er að bjóða upp á starf og starfsemi sem annars væri utan seilingar sóknanna. Sóknir og söfnuðir geta ekki tryggt símenntun og þjálfun starfsfólks síns upp á sitt eindæmi. Þeir geta ekki alltaf ýtt úr vör spennandi sprota- og þróunarverkefnum eða haldið myndarlega upp á stórhátíðir. Til þess er hins vegar prófastsdæmið til staðar undir forystu prófasts og héraðsnefndar. Sömmuleiðis eru samskipti og samstarf nauðsynleg, bæði til tilsjónar og eftirfylgni en einnig svo starfsmenn allir fáí vaxið og eflst saman til góðra verka og lært hver að öðrum.

## Þakkir

Þeim sem komu að störfum prófastsdæmisins með einum eða öðrum hætti eru færðar alúðar þakkir. Góður Guð blessi öll áform þeirra sem í prófastsdæminu starfa og gjörðir sem þeim fylgja. Takist vel til með tilstyrk hans. „*Að lokum: Styrkist í Drottni og krafti máttar hans.*“ (Ef.6:10)

Guð blessi þá kirkju sem ber honum vitni í orði og verki.

# Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra

Sr. Gísli Jónasson, prófastur

## Inngangsorð

Þegar lítið er um öxl yfir liðið starfsár blasir við tíunda árið í röð þar sem við höfum þurft að glíma við afleiðingar niðurskurðar sóknargjaldsins og þau margvíslegu vandamál sem honum fylgja. Víða hefur þó verið vel unnið og af miklum fúsleika, dugnaði og fórnfýsi, þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður og oft lítil efni. Vil ég því enn og aftur fá að nota þetta tækifæri til að þakka það dugmikla og fórnfúsa starf, sem ég hef orðið vitni að í heimsóknum mínum í söfnuði prófastsdæmisins. Og í þessu sambandi vil ég minna okkur öll á hinn stórkostlega fagnaðarboðskap sem fólgin er í eftirfarandi boðskap Jesaja spámanns:

*„Sjá, Guð er hjálp mín,  
ég er öruggur og óttast ekki.  
Því að Drottinn er vörn mín og lofsöngur,  
hann kom mér til hjálpar.  
Þér munuð með fögnuði vatni ausa  
úr lindum hjálpræðisins.  
Á þeim degi munuð þér segja:  
Lofið Drottin, ákallið nafn hans.  
Gerið máttarverk hans kunn meðal þjóðanna.  
Hafið í minnum að háleitt er nafn hans.  
Lofsýngið Drottni því að dásemdarverk hefur hann gert,  
þau verða þekkt um alla jörð.  
Fagnið og gleðjist, þér sem búið á Síon,  
því að Hinn heilagi Ísraels er mikill á meðal yðar.“ (Jes. 12:2-5)*

Látum þessi orð spámannsins vera okkur til uppörfunar og hvatningar þegar við höldum til móts við nýtt starfsár og göngum fram í þeirri fullvissu, að hann sé vörn okkar og komi okkur til hjálpar þannig að við megum vatni ausa úr lindum hjálpræðisins. Það er gott að eiga fyrirheiti hans og vita það, að hann gleymir okkur ekki og yfirgefur ekki kirkju sína á hverju sem gengur. Við skulum því enn á ný ákalla nafn hans og biðja hann að styrkja okkur til þjónustunnar, efla samstarf okkar og samstöðu, og auka okkur fúsleika og djörfung til eftirfylgdar við hann á komandi starfsári.

Ég mun nú í þessari skýrslu leitast við, að nefna það helsta, sem gerst hefur í starfi prófastsdæmisins á síðasta starfsári, um leið og horft er til þess sem framundan bíður.

## Starfið í söfnuðunum

Ekki er að þessu sinni hægt að birta helstu tölur um helgihald og athafnir í prófastsdæminu skv.



starfsskýrslum presta, eins og gert hefur verið í þessari skýrslu undanfarna áratugi. Ástæðan er sú að unnið hefur verið að breytingum og uppfærslum á tölvukerfi biskupsstofu. Hefur sú vinna dregist úr hömlu þannig að prestarnir hafa ekki getað sent inn skýrslur á réttum tíma og vantar því enn töluvert af skýrslum fyrir sl. ár.

Þar sem þannig hafa ekki náðst fram nauðsynlegar breytingar á starfs- og messugjörðarskýrslum presta í þá veru að þær gefi gleggri mynd af umfangi kirkjustarfsins höfum við því haldið áfram þeirri reglubundnu talningu á völdum þáttum starfsins í prófastsdæminu, sem við tókum upp fyrir níu árum, og verður henni haldið áfram þar til endurbætur hafa verið gerðar á messugjörðarskýrslunum. Samkvæmt þessari talningu tóku alls 208.405 manns þátt í þeim liðum safnaðarstarfsins sem talið var í árið 2017 (206.008 árið 2016) og er þar þó ýmislegt undanskilið, eins og t.d. kórarstarfið, fermingarfræðslan og fundir og samverur af ýmsu tagi. Er hér um að ræða u.þ.b. 1,2% fjölgun frá síðasta ári. Meðalþátttakan í messum, sem fram fóru á árinu 2017 var 88,3 manns, en var 90,9 árið áður.

Samstarf innan hinna þriggja samstarfssvæða í prófastsdæminu var með svipuðu sniði og áður. Ég tel það eitt mikilvægasta verkefnið innan prófastsdæmisins, að við leggjum aukna áherslu á samstarfssvæðin á komandi árum og leitum allra leiða til að efla starf kirkjunnar í prófastsdæminu með margvíslegu samstarfi og verkaskiptingu, þegar það á við. Eins og undanfarin ár er því gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til samstarfssvæðanna í fjárhagsáætlun næsta árs að upphæð kr. 1.550.000.

Lítið sem ekkert hefur verið um byggingarframkvæmdir á starfsárinu, enda hefur viðhald eða endurbætur á húsnæði safnaðanna því miður verið í algjöru lágmarki mörg undanfarin ár. Ekki hefur tekist að hefja framkvæmdir við viðbyggingu safnaðarheimilis Árbæjarkirkju þótt samþykktar teikningar hafi legið fyrir árum saman. Þó hefur nú fengist framlag úr jöfnunarsjóði til að hefja undirbúning að þessum framkvæmdum og er verið að endurskoða teikningar. Byrjað var á viðgerðum á þaki Breiðholtiðskirkju sumarið 2014, en hafa þær í raun stöðvast vegna fjáskorts. Nokkrar viðgerðir hafa átt sér stað á Kópavogskirkju, en þar er viðhaldspörfin orðin mjög brýn, bæði á rafkerfi, gluggum og vegna lekaskemmda og verður m.a. unnið að viðgerðum á rafkerfi og gluggum á suðurhlið kirkjunnar á þessu ári.

## **Ráðstefnur, námskeið, fræðslustarf o.fl.**

Að venju var boðið upp á ýmis konar fræðslustarf á vegum prófastsdæmisins á liðnu starfsári og skal það helsta talið upp hér:

*Prédikunarklúbbur presta* hefur komið saman vikulega yfir vetrartímann undir leiðsögn dr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar, héraðsprests. Þá sá dr. Sigurjón einnig um vikulega biblíulestra í Breiðholtiðskirkju. Stóðu þeir samtals yfir í 20 vikur. Einnig hefur dr. Sigurjón Árni boðið upp á ýmsar fræðslusamverur eins og t.d. fræðslunámskeið fyrir sóknarnefndir og heimsóknir í félagsstarf aldraðra.

*Fermingarnámskeið* voru í Vatnaskógi á vegum flestra safnaðanna í samvinnu við Skógarmenn KFUM. Er þar bæði um að ræða dags námskeið auk hefðbundinna námskeiða með einnar nætur gistingu.

Þá hefur fræðslunefnd prófastsdæmisins reynt að miðla upplýsingum milli safnaðanna um þau margvíslegu námskeið sem þar eru haldin og einnig hafa verið námskeið í samstarfi

við nágrannaprófastsdæmin. Má þar t.d. nefna námskeið fyrir kirkjuverði og aðra starfsmenn safnaðanna og námskeið fyrir sóknarnefndarfólk. Fræðslunefndina skipa eins og áður þau sr. Bryndís Malla Elíadóttir, sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir og dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson.

Þá standa söfnuðunum jafnan til boða eldvarnarnámskeið, framsagnarnámskeið og námskeið í skyndihjálpi á vegum prófastsdæmisins og eru þau einkum ætluð starfsfólki og sjálfboðaliðum safnaðanna.

## **Fundir, aðrar samverur o.fl.**

Héraðsfundur var síðast haldinn í Guðríðarkirkju 30. maí 2017 og aukahéraðsfundur í Breiðholtskirkju 26. október 2017. Héraðsnefnd prófastsdæmisins hefur að jafnaði haldið einn fund á mánuði og voru þeir alls 11 á starfsárinu. Einnig héldu héraðsnefndirnar í eystra og vestra prófastsdæminu einn sameiginlegan fund. Í héraðsnefnd sitja nú sr. Gunnar Sigurjónsson og Benedikta G. Waage, en varamenn þeirra eru sr. Guðrún Karls Helgudóttir og Guðrún Hulda Birgis. eru bæði aðal- og varamenn boðaðir á alla fundi. Þá eiga prófastarnir í Reykjavíkurrófastsdæmunum og Kjalarnesprófastsdæmi reglulega með sér fundi þar sem við ræðum sameiginleg málefni prófastsdæmanna.

Samráðsfundir presta og djákna voru þrjár á starfsárinu og sömuleiðis voru haldnir þrjú formannafundir og var einn þeirra sólarhringsfundur í Skálholti.

Auk þeirra funda sem hér hafa verið nefndir, hefur prófastur setið margvíslega fundi um málefni ÆSKR, Eldriborgararáðs, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Kirkjugarða Reykjavíkur og Kirkjugarðasambands Íslands, svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur prófastur einnig átt starfsgæðaviðtöl með prestum og djáknum prófastsdæmisins og setið samráðsfundi með prestum, sóknarnefndum og starfsfólki sóknanna, biskupi Íslands, öðrum próföstum, félagsmálayfirvöldum o.fl., auk margvíslegra nefndarstarfa. Á þessu vori hefur prófastur svo vísiterað átta af tíu sóknum prófastsdæmisins og mun þessum vísitasíum ljúka í haust. Þá stjórnaði prófastur kjörnefndarstörfum á þremur stöðum, þ.e. í Linda-, Hjalla- og Dómkirkjuprestaköllum.

Þá stóð prófastsdæmið sl. haust fyrir kynningarfundi með frambjóðendum í kjöri til vígslubiskups í Skálholti og árhátíð fyrir presta, djákna, starfsmenn prófastsdæmisins og sóknarnefndarformenn.

## **Breytingar á starfsliði**

All nokkrar breytingar hafa orðið í hópi presta og djákna í prestaköllum prófastsdæmisins á starfsárinu:

Þann 1. nóvember 2017 var Dís Gylfadóttir skipuð prestur í Lindaprestakalli og var hún vígð 10. nóvember. 1. desember 2017 lét sr. Sigfús Kristjánsson af störfum sem sóknarprestur í Hjallaprestakalli og var sr. Sigurður Kr. Sigurðsson settur í tímabundna afleysingarpjónustu í hans stað, en þann 15. janúar var sr. Sunna Dóra Möller síðan skipuð sóknarprestur í Hjallasókn. Prófasturinn, sr. Gísli Jónasson, sem hafði verið í leyfi frá sóknarprestisstarfi í Breiðholtsprestakalli frá 1. október 2015, lét formlega af því starfi 31. desember, en var um leið skipaður héraðsprestur frá 1. janúar. Frá sama tíma var sr. Magnús Björn Björnsson settur

sóknarprestur í Breiðholtsprestakalli til eins árs og lét sr. Þórhallur Heimisson, sem gegnt hafði þessari afleysingu í tvö ár, þá jafnframt af störfum. Er þessi breyting hugsuð til þess, að gefa prófasti betra tækifæri til að sinna prófastsþjónustunni, sem stöðugt hefur verið að aukast í þessu fjölmennasta prófatsdæmi landsins. 15. febrúar var sr. Bára Friðriksdóttir sett sem prestur í Digranesprestakalli í fjarveru sr. Magnúsar Björns.

Þá hefur sr. Karl V. Matthíasson verið í árs leyfi frá sl. hausti og var sr. Leifur Ragnar Jónsson settur til að leysa hann af til 1. júlí. Sömuleiðis hefur sr. Bryndís Malla Elísdóttir verið í námsleyfi frá áramótum og leysti sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson hana af um tíma, en síðan hefur sr. Ólafur Borgþórsson gengt starfi hennar í aukapjónustu.

Þjónandi djáknar í prófatsdæminu eru nú fjórir, auk framkvæmdastjóra Eldriborgararáðs, en voru þegar best lét sjö. Þjónandi prestar eru hins vegar 22 í 21,5 stöðugildi, en fjölgar í 23 í 22,5 stöðugildum þegar annar presturinn í Grafarholtssókn verður skipaður frá 1. júlí 2018. Flestir voru prestarnir í prófatsdæminu skömmu fyrir hrun er þeir voru að jafnaði 23-24. Það er því ljóst að enn höfum við ekki náð sama þjónustustigi og þá var. Er það mikið áhyggjuefni hversu seint sækist að ná þeim embættum til baka sem horfið hafa á braut og því full ástæða til þess að við höldum vöku okkar í þeim efnum.

## Sameiginlegt starf Reykjavíkurprófatsdæma o.fl.

Megin verkefni Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófatsdæma (ER) hefur alla tíð verið að hvetja til og styðja við kirkjustarf eldri borgara í söfnuðunum. Er það m.a. gert með margvíslegum námskeiðum og samráðsfundum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða safnaðanna, og með því að skipuleggja og sjá um ýmiss konar sameiginlega viðburði fyrir þennan aldursóp. Þá hefur ráðið staðið fyrir sumardvöl fyrir aldraða á Löngumýri í samráði við Ellimálanefnd kirkjunnar. Hefur aðsókn stöðugt verið að aukast og eru yfirleitt biðlistar í dvalarhópana þótt þeim hafi á undanförnum árum verið fjölgað úr þremur í sex og eru þess jafnvel dæmi, að fólk hafi fundið sér gistingu annars staðar í Skagafirði til þess að geta notið þeirrar dagskrár sem boðið er upp á á Löngumýri yfir daginn. Virðist því ljóst að móta þurfi stefnu til framtíðar vegna þessa starfs og hafa prófatsdæmin skipað starfshóp til að skoða þau mál. Framkvæmdastjóri Eldriborgararáðs er Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni.

Æskulýðssamband kirkjunnar í Reykjavíkurprófatsdæmum (ÆSKR) býður upp á fjölbreytt starf fyrir leiðtoga og unglinga í æskulýðsfélögum safnaðanna og sömuleiðis í TTT starfinu. Starfið hefur borið margvíslegan ávöxt eins og best sést á þeirri staðreynd, að ÆSKR hefur smám saman verið falin umsjón með ýmsum verkefnum og þjónustu í æskulýðsmálum kirkjunnar, sem áður var á hendi annarra aðila og þá oft í samvinnu við ÆSKP. Er sambandið þannig t.d. mikilvægur framkvæmdaaðili að starfi Farskóla leiðtogaefna, sem starfaði með nokkuð breytti sniði í vetur og útskrifaði 15 ungmenni við hátiðlega athöfn í Grensáskirkju 11. apríl sl. Framkvæmdastjóri ÆSKR er Kristján Ágúst Kjartansson.

Starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurprófatsdæma er bæði viðamikil og fjölpætt eins og glögglega kemur fram í árskýrslu garðanna. Má þar m.a. nefna, að nú er unnið að uppbygginu nýs kirkjugarðs við Úlfarsfell. Það hefur þó skapað starfsemi mikinn vanda, að niðurskurður lögbundinna framlaga til kirkjugarða á undanförunum árum hefur leitt til þess að grípa hefur orðið til verulegra aðhaldsaðgerða, sem m.a. hafa leitt til fækkunar starfsfólks, frestunar á

brynum viðhaldsverkefnum og skertrar þjónustu. Prófastarnir í Reykjavíkúrprófastsdæmunum sitja fundi framkvæmdanefndar kirkjugarðanna sitt hvort árið og hefur undirritaður setið þessa fundi á sl. starfsári.

Starfsemi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar hefur heldur dregist saman á síðustu misserum vegna niðurskurðar. Prófastsdæmið hefur frá upphafi stutt þetta starf með verulegum fjárframlögum. Héraðsnefnd telur nauðsynlegt að þessum stuðningi verði haldið áfram, enda um ákaflega mikilvæga þjónustu kirkjunnar að ræða. Verður stuðningur héraðssjóðs við Fjölskylduþjónustuna því með hliðstæðum hætti og verið hefur á næsta ári.

Þá vil ég geta þess, að prófastsdæmið hefur styrkt starf Hjálparstarfs kirkjunnar með allmiklum framlögum, enda hefur lítið dregið úr umsóknum um aðstoð.

Að lokum vil ég svo undir þessum lið geta þess, að sr. Toshiki Toma, prestur innflytjenda, hefur síðustu árin haft fasta starfsaðstöðu í prófastsdæminu. Skrifstofa hans hefur verið í Hjallakirkju, en nú er stefnt að því að hún færist í Breiðholtskirkju, enda hefur hann að undanförmu haft reglulega viðtalstíma, helgihald og annað starf þar. Hafa sr. Toshiki og sóknarnefnd Breiðholtskirkju undirritað sérstaka viljayfirlýsingu um aukið samstarfs og aukna aðstöðu í Breiðholtskirkju og hefur það verið samþykkt af biskupi Íslands. Er þar m.a. gert ráð fyrir að þróuð verði kirkjuleg þjónusta fyrir flóttafólk á höfuðborgarsvæðinu og einnig fyrir innflytjendur í Breiðholti og nágrenni þess. Er það von mín að með sameiginlegu átaki okkar í prófastsdæminu megi takast að efla og styrkja þetta mikilvæga starf, sem þegar er að verða einn helsti vaxtarbroddurinn í starfi þjóðkirkjunnar.

Einnig vil ég nefna hér, að Reykjavíkúrprófastsdæmin hafa til margra ára staðið fyrir sameiginlegri messuþjónahátíð að vori og þannig vilja láta á ljós örlitinn þakklætisvott fyrir trúfasta þjónustu messuþjónanna. Sömu leiðis má nefna sem samstarfsverkefni áður nefnd námskeið fyrir fermingarbörn í Vatnaskógi.

## **Sjóðir, samskipti við Reykjavíkurborg o.fl.**

Stjórn Starfssjóðs safnaðarhjálparrinnar í Reykjavíkúrprófastsdæmum úthlutaði á þessu vori aðeins einum styrk til sumardvalar aldraðra á Löngumýri, enda hafa tekjur sjóðsins dregist mjög saman í kjölfar bankahrunsins.

Samkvæmt ákvörðun kirkjuráðs um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna árið 2018 koma 47 milljónir kr. í hlut fimm sókna í prófastsdæminu, en árið áður fengu sex sóknir alls 38 milljónir kr. Er því um nokkra aukningu að ræða milli ára og þá sérstaklega vegna viðgerða á Kópavogskirkju. Þá var ákvörðun um hugsanlegt framlag til Árbæjarsóknar frestað þar til niðurstaða fæst í viðræðum um hugsanlega breytingu á verkefninu.

Ekki er lengur auglýst eftir umsóknum í Kirkjubýggingarsjóð Reykjavíkur enda hafa borgaryfirvöld í raun lagt sjóðinn niður.

Samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Reykjavíkúrprófastsdæma hefur verið ekki komið saman á þessu kjörtímabili, enda hafa borgaryfirvöld lítinn áhuga haft á slíku samráði.

## **Fjárhagur sókna- og prófastsdæmis**

Því miður hafa ekki enn borist neinar áreiðanlegar fréttir af því að í vændum sé leiðrétting,

sem um munar, á þeirri gríðarlegu skerðingu sóknargjaldsins sem viðgengist hefur frá árinu 2009. Og það jafnt fyrir það, þótt viðurkennt hafi verið af stjórnvöldum, að sóknargjaldið hafi verið skorið niður langt umfram þann niðurskurð, sem aðrir aðilar hafa almennt mátt þola vegna efnahagshrunsins. Hefur þessi skerðing leitt til þess að sóknargjaldið er nú kr. 931 kr. á mánuði fyrir hvern gjaldanda, en ætti skv. lögunum að vera 1556 kr., eða 625 kr. hærra á mánuði. Þessi skerðing hefur haft verulega neikvæð áhrif á starf safnaðanna, prófastsdæmisins og kirkjunnar allrar og er nú svo komið, að ákveðnir sófnuðir virðast endanlega vera að komast í þrot fjárhagslega og eru enn fleiri en áður að segja upp starfsfólki, lækka starfshlutfall og draga úr starfi. Í yfirliti, sem ég hef tekið saman, um niðurskurðinn eins og hann hefur verið í hverjum sófnuði prófastsdæmisins sést, að heildarniðurskurðurinn í okkar prófastsdæmi frá árinu 2008 til og með ársins í ár nemur nú u.þ.b. 2,34 milljarði króna eða að meðaltali u.þ.b. 212 milljónum kr. á hverju ári. Og heildarniðurskurðurinn til allra safnaða þjóðkirkjunnar er nú rúmlega 8,83 milljarðar. Það er því ákaflega brýnt, að viðræður við ríkisvaldið, um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, verði til lykta leiddar sem allra fyrst og það á jákvæðan hátt fyrir kirkju og kristni í þessu landi.

## Sameining sókna

Á síðasta sumri hófust viðræður milli Breiðholts- og Fella- og Hólasókna um aukið samstarf eða jafnvel hugsanlega sameiningu sóknanna. Hafa þær viðræður gengið hægt þar sem lengi var beðið eftir úttekt á viðgerðarkostnaði kirkjuhúsanna, sem Kirkjuráð samþykkti að gerð yrði til undirbúnings viðræðna. Er því ljóst, að ekki fæst nein niðurstaða úr þessum viðræðum fyrr en í fyrsta lagi á næsta vetri og eru það í mínum huga mikil vonbrigði.

## Niðurlagsorð

Ég læt svo þessari skýrslu vera lokið með því að færa öllum þeim, sem komið hafa að starfinu í prófastsdæminu á sl. starfsári, innilegar þakkir. Það verður aldrei fullþakkað, hversu mörg þau eru, sem eru fús að leggja hönd að verki og gefa bæði af tíma sínum og kröftum til þjónustunnar í prófastsdæminu. Einnig vil ég þakka góðum Guði, sem hefur blessað starfið svo ríkulega á liðnum árum þrátt fyrir hið ytra mótlæti sem við höfum átt við að stríða. Leggjum starfið allt í hans hendur. Hann vill styrkja okkur og leiða, því megum við treysta og það er náð hans og kærleiki sem öllu breytir og gefur okkur þann styrk og kraft, sem við þurfum á að halda til að starfa og þjóna í kirkju hans.

# Reykjavíkurlífsmáttardæmi vestra

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir, prófastur

Áfangar eftir Þorstein frá Hamri:

Manneskjan er ferðalag  
og ferðalag er  
manneskja:  
Áfangar ýmsir  
í sálinni líkt og í löndum.

Áfangar verjast  
allra fréttu  
en orð og tími  
herma þær eftir hætti:

á ótal vegu,  
með úrdrætti, reifaðar  
vafa  
felulitum  
fullnægju, vonbrigða,

heitt er sagt  
hafa verið kalt

eða þá öfugt ...  
Áfanginn, þögull, veit  
hið sannan!  
hvort sem við höldum  
heimleiðis ellegar brott.

„Lögvitringur nokkur sté fram, vildi freista Jesú og mælti: „Meistari, hvað á ég að gera til þess að öðlast eilíft líf?““ (Lk. 10:25). Með þessari málsgrein hefst eitt athyglisverðasta samtal guðspjallanna milli frelsarans og samferðarmanns hans. Spurningin snérist um það sem mestu varðar í lífinu. Hvað skiptir mestu máli í þessu lífi? Það er margt hægt að lesa út úr frásögninni sem á eftir fer um samkiptahæfni Jesú. Hann hefur fyrir það fyrsta áhuga á að tala við hinn manninn og hann spyr hann nánast strax: „Hvað finnst þér? Hvað stendur í lögunum? Hvernig lest þú þau?“ Hann er að tala við gyðing, lögspeking og sá kann sitt fag og vitnar beint í helgasta texta gyðinganna: Shema Israel – „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum mætti þínum og öllum huga þínum og náunga þinn eins og sjálfan þig.“ Þarna er ljósinu strax beint að tveimur grundvallar undirstöðum í biblíulegri trú: kærleika og réttlæti.

Kærleikur og réttlæti eru tvær hliðar á sama peningi. Hvaða peningi? Peningnum líf mannsins, heill mannsins, breytni mannsins. Og nú skulum við koma beint niður á gólf hér – á stað og stund. Mannleg samskipti er það sem ég vil gera að umtalsefni hér og nú – þegar lífað er á heimili, í félagsskap, þegar maður á samneyti og tengsl við aðrar manneskjur, þegar sótt er um vinnu og þegar vinnan er leyst af hendi á vinnustað. Þegar prestar sækja um embætti eru

þeir spurðir um hæfni sína í mannlegum samskiptum. Það er nokkuð snúið mál fyrir hvern sem er að svara slíku. Mér þykir alltaf jafn athyglisvert þegar ég heyri eftirfarandi svar við þessari spurningu: „Ég er mjög góð í mannlegum samskiptum.“ Það er nefnilega það. Þegar ég spyr á móti hvað viðkomandi geri eða hvernig hann bregðist við þegar hann veldur öðrum sárindum eða jafnvel miska er svarið yfirleitt: „Ég tala út um hlutina.“ Einstaka segir: „Ég hef nú aldrei lent í slíku.“ Enginn hefur sagt: „Ég biðst afsökunar.“ Enginn. Það er alvarleg staðreynd.

Það eru gerðar miklar kröfur til siðferðilegrar breytni presta og kemur það m.a. fram þegar sótt er um prestsembætti hjá Þjóðkirkjunni. Þá þurfa þeir að veita leyfi sitt fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá sinni varðandi eftirtalda brotaflokkka: barnaverndarlög, almenn hegningarlög (vegna kynferðisbrota, önnur ofbeldisbrot, brot gegn frjálstræði manna, fíkniefnabrot) og lög um ávana- og fíkniefni. Um presta á vegum Þjóðkirkju Íslands gilda jafnframt eftirfarandi lög og reglur: Þjóðkirkjulög, lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, stjórnáráðslög, upplýsingalög, starfsreglur um presta, starfsreglur um val og veitingu prestsembættta, starfsmannastefna Þjóðkirkjunnar og jafnréttisstefna Þjóðkirkjunnar.

En að öllu þessu sögðu og upp lesnu er rétt og skylt að geta þess að það eru ekki einungis prestarnir í kirkjunni sem eiga að lúta reglum um rétta siðferðilega breytni. Árið 2009 voru samþykktar á kirkjuþingi siðareglur fyrir vígða þjóna, starfsfólk og sjálfboðaliða Þjóðkirkjunnar. Þar segir m.a.:

„Grundvallarregla mannglegra samskipta er gullna reglan: „Allt sem þér viljið að aðrir menn geri yður, það skuluð þér og þeim gera.“ (Mt. 7:12). Starfsfólk og vígðir þjónar kirkjunnar hafa þá reglu umfram allt að leiðarljósi og leitast við að bera fagnaðarerindi Krists vitni í orði og verki með því að:

- Gera sér far um að mæta hverjum einstaklingi í kærleika Krists með virðingu eftir því sem skilningur og samviska bjóða hverju sinni og láta sér annt um líðan og velferð annarra.
- Gæta þess að vanvirða ekki tilfinningar og tiltrú skjólstæðinga sinna.
- Misnota aldrei aðstöðu sína eða ógna velferð skjólstæðings, svo sem með óviðeigandi hegðun, orðfæri, viðmóti, kynferðislegri eða annars konar áreitni.
- Minnst þess að mörk einstaklinga eru mismunandi, svo sem að snerting getur auðveldlega misskilist eða valdið óþægindum.
- Stofna ekki til óviðeigandi sambands við skjólstæðing.
- Sýna ábyrgð og trúmennsku í meðferð fjármuna.
- Gæta hófs í umgengni við áfengi og vera öðrum fyrirmynd í þeim efnum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi og í ferðum með börnum og ungmönnum er óheimilt að neyta áfengis og annarra vímuefna.
- Sýna ábyrg rafræn samskipti og netnotkun.
- Vera ávallt upplýst um lög og reglur sem gilda um börn og unglunga og að skylt sé að tilkynna barnaverndaryfirvöldum ef ætla má að barn búi við óviðunandi aðstæður eða er þolandi ofbeldis.
- Vera meðvitað um að þau hafi sterkari stöðu en barnið sem þau vinna með. Ekki má undir nokkrum kringumstæðum misnota aðstöðu sína.
- Gæta varfærni og hlífðar í samskiptum við börn og skjólstæðinga í viðkvæmum aðstæðum.
- Sýna árvekni gagnvart einelti, áreitni og annarri óviðeigandi hegðun.“

Ég tel að ég þurfi ekki að fjölyrða um ástæður þess að ég dvel við þessar siðareglur og hugleiðingar um breytni manns. Prófastsdæmið okkar hefur liðið fyrir alvarlegar afleiðingar vegna kynferðislegrar áreitni og ekki bara prófastsdæmið heldur hefur orðspor þjóðkirkjunnar beðið hnekki eina ferðina enn. Eins og við er að búast á tímum þegar óvildarmenn kirkju og kristni nýta hvert tækifæri til að níða skóinn af starfsmönnum kirkjunnar þurfum við að vanda breytni okkar og boðun. En það eru ekki bara einhverjir óvildarmenn „úti í bæ“ sem vilja kirkjunni illt, við sem erum innanbúðarfólk í kirkjunni veðum að skoða okkur sjálf, líta í eigin barm. Starfsfólk kirkjunnar líður fyrir það að annað starfsfólk hennar beitir það rangindum. Afleiðingar þess verða alvarlegar fyrir kirkjuna sjálfa, fyrir söfnuðina auk þess að valda einstaklingum djúpstæðu tjóni til frambúðar.

Við getum samið reglur og sett í gang viðbragðsáætlanir, það er gott og hefur verið gert og er til fyrirmyndar. En við berum að lokum, þegar allt kemur til alls, ábyrgð á okkur sjálfum, hver og einn í sinni stétt og stöðu og við eigum það við okkar eigið hjarta og samvisku hvernig til tekst um okkar breytni.

## **Þjónusta presta og djákna.**

Eftirfarandi breytingar urðu á starfsvettvangi presta á árinu: Séra Ólafur Jóhannsson, sóknarprestur í Grensáskirkju er í ótímabundnu leyfi frá störfum og gegnir séra María Ágústsdóttir, héraðsprestur stöðu hans á meðan. Séra Sveinn Valgeirsson, prestur í Dómkirkjunni var skipaður sóknarprestur við sömu kirkju. Séra Eva Björk Valdímarsdóttir, prestur í Keflavíkirkirkju var skipuð prestur í Dómkirkjuprestakalli en sú skipun var afturkölluð vegna formgalla og hún skipuð héraðsprestur II í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Séra Kristín Pálsdóttir var skipuð prestur heyrnarlausra. Séra Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur í Hallgrímiskirkju var í leyfi frá áramótum, séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir leysti hann af og séra Jón Dalbú Hróbjartsson og séra Birgir Ásgeirsson leystu hana af til helminga. Séra Sýlvía Magnúsdóttir og séra Dána Ósk Óskarsdóttir voru skipaðar sjúkrahúsprestar á Landspítala háskólasjúkrahúsi. Séra Karl Sigurbjörnsson, biskup lét af starfi prests við Dómkirkjuna en þeirri þjónustu hafði hann gegnt í afleysingum. Séra Elínborg Sturludóttir, sóknarprestur í Stafholtsprestakalli hefur verið skipuð prestur við Dómkirkjuprestakall og tekur hún til starfa hinn 1. ágúst n.k.

## **Skrifstofa prófastsdæmisins - héraðsprestar og ritari.**

Skrifstofa prófastsdæmisins á annarri hæð í Safnaðarheimili Háteigskirju er opin þriðjudaga til föstudaga. Birna Birgisdóttir, ritari er þar með fasta viðverutíma og sinnir margvíslegum verkefnum sem prófastsdæminu berast. Hún tekur á móti sérþjónustuprestum og færir athafnir þeirra inn í sérstakar kirkjubækur fyrir sérþjónustuna. Hún sinnir bókhaldi og almennum ritarastörfum fyrir prófast. Hún undirbýr fundi og mannfagnaði á vegum prófastsdæmisins, leitar tilboða, kaupir inn, býr til mat ef svo ber undir, framreiðir og gengur frá. Það er lán prófastsdæmisins að hafa hana sem starfsmann þess.

Nú hefur prófastsdæmið á að skipa tveimur héraðsprestum, séra Maríu Ágústsdóttur og séra Evu Björk Valdímarsdóttur. Séra María hefur verið bundin við langtímaafleysingu sóknarprestis í Grensáskirkju. Séra Eva Björk sinnir almennum afleysingum í söfnuðum um helgar og á



rúmhelgum dögum, auk þess að leysa sérþjónustupresta af við sérstakar aðstæður. Ennfremur sér héraðsprestur um vikulegan fund presta í prédikunarklúbbnum. Þar að auki hefur séra Eva Björk önnur verkefni af ákveðnum toga, sem eru þau að sinna starfi og helgihaldi á vettvangi prests innflytjenda og helgihaldi í Kolaportinu í samvinnu við sóknarprest Dómkirkjunnar. Ég fagna komu séra Evu Bjarkar á starfsvettvangi prófastsdæmisins, hún hefur létt mikið á starfsálagi prófasts, verið auðug að hugmyndum og tekið frumkvæði við mótun funda og samvera í prófastsdæminu.

Eins og kunnugt er tók ég aftur við mínu fyrra starfi sem sóknarprestur Háteigskirkju í september s.l. Héraðspresturinn hefur afleysingarskyldu fyrir mig sem prófast en prestur Háteigskirkju, séra Eiríkur Jóhannsson, hefur afleysingarskyldu fyrir mig sem sóknarprest. Það eru sex einmenningsprestaköll í prófastsdæminu (þau eru tvö í Reykjavíkprófatsdæmi eystra) og það er ærið afleysingaverkefni fyrir héraðsprestana að leysa prestana hér af.

Nú hefur biskup tilkynnt próföstum það að emeriti (prestar sem komnir eru á eftirlaun) megi framvegis ekki leysa presta af í langtímaafleysingum (t.d. vegna náms- og veikindaleyfa eða fæðingarorlofa). Þetta sé tilkomið vegna ákvörðunar úr ráðuneytinu. Þetta setur kirkjuna í erfiða stöðu því erfitt getur reynst að finna prestsvígða menn á lausu í 6-12 mánaða afleysingar. Þá getur verið einungis einn kostur í stöðunni og hann er sá að vígja guðfræðinga í afleysingaprestsstöður. Þessar nýju kringumstæður í kirkjunni eru nú til skoðunar.

## **Fundir, mannfagnaðir og starfsmannaviðtöl.**

Margvíslegir fundir og mannfagnaðir voru haldnir á vegum prófastsdæmisins á starfsárinu og mun nú þeirra getið í tímaröð:

18. ágúst: Móttaka í Safnaðarheimili Háteigskirkju í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar til hvatningar og þakklætis þeim hlaupurum sem hlupu til ágóða fyrir Hjálparstarfið. Boðið var upp á léttar og hollar veitingar. Stutt ávörp fluttu Heimir Hallgrímsson, Elín Metta Jensen og séra Pálmi Matthíasson. Samverunni lauk með helgistund í kirkjunni þar sem Ásdís Magdalena Þorvaldsdóttir lék á pianó, lesnir voru ritningarlestrar, sungið og beðnar bænir.

22. september: Haustfundur presta í Safnaðarheimili Háteigskirkju. Séra Karl Sigurbjörnsson, biskup fjallaði um köllun prestsins og Sveinbjörg Pálsdóttir og séra Þorvaldur Víðisson greindu frá niðurstöðum ítarlegrar könnunar sem biskupsembættið lét gera á starfsaðstæðum presta Þjóðkirkjunnar. Veitingar voru á boðstólum.

27. september: Kynningarfundur vígslubiskupskandidata í Safnaðarheimili Háteigskirkju. Séra Axel Árnason Njarðvík, séra Eiríkur Jóhannsson og séra Kristján Björnsson fluttu kynningarávörp og svöruðu spurningum fundarmanna. Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson, íþróttafréttamaður stýrði fundi.

19. október: Morgunsamvera presta í Grensáskirkju. Séra Jón Dalbú Hróbjartsson, fyrrverandi prófastur fjallaði um messupjónustarfið í kirkjunni, tilurð þess og tilgang, sögu og framkvæmd þess starfs.

16. nóvember: Morgunsamvera presta í Grensáskirkju. Bryndís Loftsdóttir kom frá Félagi íslenskra bókaútgefenda og kynnti nýútkomnar jólabækur.

28. nóvember: Fundur með formönnum sóknarnefnda á Lækjarbrekku. Farið yfir ýmis mál er helst hvíla á formönnum og sóknarnefndum. Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur

á Biskupsstofu, fór yfir lög um val og veitingu prestsembættis og önnur lög og reglur sem samþykkt voru á Kirkjubing.

2.-11. desember: Heimsókn prófests til íslensku safnaðanna í Gautaborg og Kaupmannahöfn. Ég prédikaði við guðsþjónustur á báðum þessum stöðum, átti starfsmannaviðtöl við prestinn og formenn sóknarnefndanna í báðum borgum og sat sóknarnefndarfundi. Það er ótrúleg gróska í safnaðarlífi þarna úti, þrír kórar starfa við íslenska sófnuðinn í Gautaborg og fimm kórar í Kaupmannahöfn. Vonandi verður þess ekki langt að bíða að við komum aftur á embætti prests í Kaupmannahöfn

12. janúar: Janúarfundur presta á Hótel Loftleiðum. Biskup Íslands, séra Agnes M. Sigurðardóttir ávarpaði fundinn og Þorvarður Goði Valdimarsson flutti erindi um kynningarmál þjóðkirkjunnar.

28. janúar: Hópför presta og maka á leikritið Medeu í Borgarleikhúsinu og boð heima hjá prestshjónum fyrir sýningu.

15. febrúar: Morgunsamvera presta og djákna í Grensáskirkju. Séra Þorvaldur Víðisson, biskupsritari fjallaði um skýrslur og skýrsluskil.

2. mars: Árshátíð presta og djákna í Golfskálanum í Grafarholti. Flutt voru gamanmál, frumsaminn kvæðabálkur, æfðir upp helgileikir með sérstæðu sniði, sungið, borðað og dansað. Karlakór Reykjavíkur heiðraði okkur með nærveru sinni og söng og nokkrar stúlur í prestastéttungu þýskt sjómannalag við gítarspil og bakraddasöng kórsins. Bar öllum viðstöddum saman um óviðjafnanlegt skemmtanagildi þessarar árshátíðar og sannaðist hið fornkvæða að „þar sem tveir eða þrír prestar eru saman komnir, þar er gaman – svona langoftast“.

15. mars: Morgunsamvera presta og djákna í Grensáskirkju. Dr. Skúli Sigurður Ólafsson, sóknarprestur í Neskirkju kynnti efni doktorsritgerðar sinnar sem fjallar um altarisakramentið á lærdómsöld en ritgerðin ber heitið: *Altarisganga á Íslandi 1570-1720 – fyrirkomulag og áhrif*.

18. apríl: Vorfundur presta í Safnaðarheimili Háteigskirkju sem fjallaði um mörk í samskiptum og voru frummælendur séra Vigfús Bjarni Albertsson, sjúkrahúsprestur, Þorkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur, Ólafur Elínarson, sviðsstjóri hjá Gallup og dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, próffessor. Að erindum og umræðum loknum var grillað í vorblíðunni og gætt sér á pavlóvu.

Starfsmannaviðtöl prófests við hvern prest prófestsdæmisins fóru fram hvern miðvikudag kl. 13 og kl. 16. Starfsmannaviðtölin eru trúnaðar- og sálgæslusamtöl þar sem margt ber á góma er varðar líf og hagi prestsins, líðan í starfi, vonir og væntingar. Það gleður mig innilega að kynnast prestunum með þessum hætti og að átta mig á að loknu hverju viðtali, hinum mikla mannauði kirkjunnar sem býr í prestunum okkar – að öllu öðru starfsfólki kirkjunnar ólöstuðu.

## Héraðsnefnd

Héraðsnefnd var skipuð eftirtöldum einstaklingum 2017-2018: Séra Pálmi Matthíasson, Bústaðasókn; Kristján Guðmundsson, Ássókn; Séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Hallgrímssókn og Aðalbjörg Stefania Helgadóttir, Laugarnessókn. Aðal- og varamenn voru boðaðir á alla fundi auk Birnu Birgisdóttur sem undirbjó fundina og ritaði fundargerðir. Héraðsnefndin hittist í hádeginu fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, afgreiddi umsóknir til héraðssjóðs og undirbjó viðburði á vegum prófestsdæmisins.

## Lúthersár

Á síðasta ári minnst kirkjan 500 ára afmælis siðbótarinnar með margvíslegum hætti. Söfnuðir prófastsdæmisins létu ekki sitt eftir liggja og buðu upp á tónleika, myndlistarsýningar, málþing, fræðslufundi og leiksýningar í tilefni afmælisins og til að minna á og dýpka skilning á hinum lútherska menningararfi. Ég vil hér með fá að þakka sérstaklega fyrir allt þetta framlag safnaðanna á þessum merku tímamótum og lýsa yfir einlægu stolti vegna þess á Lúthersárinu.

## Horft til framtíðar

Tvennt er það sem mun setja mark sitt á starfið í prófastsdæminu á komandi starfsári. Í fyrsta lagi er það útkoma nýju sálmaþókarinnar í haust. Í tilefni af því hef ég fengið séra Jón Helga Þórarinsson, formann sálmaþókarnefndar og fleiri til að fjalla sérstaklega um málið á héraðsfundi.

Í öðru lagi mun biskup Íslands, séra Agnes M. Sigurðardóttir visitera Reykjavíkprófastsdæmi vestra í október n.k. Það er tilhlökkunarefni og mun verða lyftistöng fyrir starfið í söfnuðunum og prófastsdæminu í heild.

Loks vil ég geta þess að ég hef boðað formenn sóknarnefnda, ásamt mökum, til samveru í Skálholti 31. ágúst-1. september n.k. Slíkar samverur eru haldnar annað hvert ár sem n.k. sambland af skemmtun og vinnusamveru og til að þakka formönnum sóknarnefndanna fyrir einstakt framlag þeirra í þágu safnaðanna.

Ég vil þakka biskupi Íslands fyrir vináttu og traust og gott samstarf. Ennfremur starfsmönnum biskupsembættisins, þeim séra Þorvaldi Víðissyni, biskupsritara, Sveinbjörgu Pálsdóttur, skrifstofustjóra og Guðmundi Þór Guðmundssyni, lögfræðingi sem eru ávallt boðin og búin að veita hjálp og fyrirgreiðslu. Héraðsnefnd, héraðsprestum, ritara, starfsfólki og sóknarnefnd Háteigskirkju þakka ég samstarf og stuðning. Starfsfólki, sjálfboðaliðum, prestum og djáknum þakka ég trúmennsku og hugsjónir og bið öllu starfi í söfnuðunum blessunar Guðs.

## *Vesturlandsprófastsdæmi*

**Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, prófastur**

Héraðsfundur Vesturlandsprófastsdæmis var haldinn í Saurbæjarprestakalli þann 29. apríl.

Fundurinn hófst með messu í Hallgrímskirkju í Saurbæ kl 11.00.

Að lokinni guðspjónustunni var borinn fram hádegisverður í Hótel Glym en að borðhaldi loknu var fundur settur kl 13.30.

Verður nú nokkuð greint frá fundinum með vísan í fundargerð er Þorvaldur Jónsson ritaði.

Prófastur flutti skýrslu héraðsnefndar og kom þar víða við að vanda.

Fyrst vék hann að því að þetta prófastsdæmi hefur verið við lýði í sex ár og sameiningin hafi verið gerð þrátt fyrir andstöðu heimamanna og að þessi ráðstöfun hafi í raun verið óráðleg.

Hann ræddi og um sóknir innan prófastsdæmisins, misjafnar stærðir þeirra, fjölda sóknar-

barna og misjafnan fjárhag. Lýsti hann áhyggjum af afkomu sumra en taldi að aðrar væru betur settar. Fjölmargar friðaðar kirkjur eru í prófastsdæminu og er ásigkomulag þeirra og fjárhagsstaða misjöfn.

Það sama gildir og um stærri og tekjumeiri sóknir. Þær eiga oft í erfiðleikum að ná saman endum, eigi þær að standa undir nauðsynlegri þjónustu við safnaðarbörn og afar berskjaldaðar þegar upp koma stærri viðhaldsverkefni.

Þá drap hann á aukid samstarf sókna og lýsti ánægju með það fyrirkomulag.

Næst kom prófastur inn á afkomu héraðssjóðsins og hlutverk hans. Sjóðurinn hefur á síðustu árum vaxið og dafnað en full lítið sótt um styrki úr honum. Við síðustu áramót voru kr. 6,6 miljónir inni í sjóðnum en tvær væru nær lagi. Hvatti hann sóknir til að sækja um styrki til hvers konar kirkjulegs starfs, kóra- tónlistar- og æskulýðsstarfs.

Þá ræddi prófastur um hóflausan niðurskurð sóknargjalda sem valdið hefur mjög miklum erfiðleikum hjá mörgum sóknum í ljósi umræðunnar um uppsveiflu í fjármálum þjóðar-búskaparins taldi hann eðlilegt að sóknargjöldin yrðu bætt og það verulega.

Þá hefur kirkjugarðasambandið látið í sér heyra en þar á bæ er fjárskorturinn sama eðlis og hjá sóknunum.

Hann lofaði hins vegar sóknarnefndir fyrir aðgát og varfærni í fjármálum og framkvæmdum.

Þá var drepið á væntanlega uppstokkun í skipan prestakalla og það að leggja prestssetur niður.

Ekki vænlegur kostur fyrir unga presta nýkomna úr námi að sækja út á land og að hafa ekki í neitt hús að vanda og ráðningartíminn fimm ár. Hvað svo?

Næst ræddi hann breytingar á högum sóknarprests á Staðastað. Sr. Páll Ágúst fluttist á miðju síðasta ári yfir í embætti héraðsprests. Staðurinn hefur verið auglýstur aftur og eru umsækjendur þrjú talsins. Öll hlunnindi eru þó tekin undan prestssetrinu en að sögn forsvarsmanna kirkjumálasjóðs er þetta tímabundið meðan verið er að greiða úr ágreiningi um eignarhald hlunnindanna.

Þá minntist prófastur á útvarpsmessur sem teknar hafa verið upp í prófastsdæminu og lýsti mikilli ánægju með þetta framtak. Merkileg reynsla. Yndisleg stund.

Fjölmíðlar flytja okkur fréttir af fækkun í þjóðkirkjunni við hvert tækifæri sem þeim gefst.

Úrsagnir úr kirkjunni – hvað er á seyði? Tölurnar eru svekkjandi og áhyggjuefni.

Það virðist vera tíska að tala illa um kirkju og jafnvel mannréttindabrot að fara með skólábörn í kirkju á aðventu og fræða þau um menningu og siði.

Hvernig skal meta meðferð á börnum sem seld eru í þrælavinnu og kynlífsánaud?

Það hefur komið fyrir að fólk sem ég hef skírt, fermt og gefið saman, kemur til mín með kornabarn og lætur skíra það. Foreldrarnir hafa þó bæði sagt sig úr þjóðkirkjunni og gefa þá skýringu á að það sé einhver píringur sem einhvern tíma hafi gert vart við sig en muna jafn vel ekki hvað var.

Þetta segir að fólk vill fá þjónustuna þó það greiði ekki sóknargjöld og kirkjan segir aldrei nei, eins og við þekkjum.

Gagnrýni er af hinu góða sagði prófastur en hún þarf að vera byggð á heilindum og þekkingu.

Við kveinkum okkur ekki undan slíkri gagnrýni.

Þá er með ólíkindum að heyra alþingismenn tjá sig um fjármálasamband ríkis og kirkju af

vanþekkingu. Sóknargjöld og kirkjujarðasamkomulag er óþekktur hlutur í þeirra augum og látið eins og kirkjan sé ölmusuræfill á ríkinu.

Þá var greint frá því að nýtt starf samskiptastjóra biskupsstofu hefði verið auglýst til umsóknar.

Kirkjuþingskosningar á næsta leiti og lok vígslubiskupskjörs.

Þá greindi hann frá væntanlegri nýrri sálmabók sem kemur út á árinu ásamt nokkru öðru er varða söngmál kirkna og er þar um auðugan garð að ganga.

Næst minntist prófastur afmælis tveggja kirkna í prófastsdæminu en þær eru:

Hallgrímskirkja í Saurbæ sem fagnaði 60 ára afmæli sl. ár og einnig Ólafsvíkurkirkja sem fagnaði 50 ára afmæli það sama ár. Beggja afmælanna var minnst með veglegum hætti.

Því næst greindi hann frá vísitasíu um Vesturlandsprófastsdæmi með vígslubiskupi séra Kristjáni Val Ingólfssyni. Þetta voru ánægjulegar heimsóknir en ekki eftirlitsferðir og alls staðar var okkur vel tekið. Hann flutti kærar kveðjur og þakkir frá vígslubiskupi til allra sem hann hafði samskipti við.

Prófastur sagði að kirkjur og grafreitir væru víðast í góðu lagi þó alltaf væru verkefni fyrir höndum í viðhaldi og endurbótum en þannig verður þetta ávallt.

Lærdómsrík ferð til að kynna fólkinu og viðhorfum þess til nútíðar og framtíðar og einnig hvað fólk er tilbúið að leggja á sig fyrir helgidóma, grafreiti og samfélagið sjálft.

Að vera í sóknarnefnd, syngja í kirkjukór annast grafartöku og hirðu helgidóms og grafreita er fögur guðsþjónusta fyrir Guði almáttugum.

Þetta er ómetanleg þjónusta við samfélagið sem á stundum ónotast út í kirkju og kristindóm þó allir telji sig eiga rétt á þjónustu þeirra þegar þeir þurfa. Ekki segir kirkjan nei.

Að lokum minntist prófastur á setu sína í stjórn Lúterska heimssambandsins sem hann taldi forréttindi en lærdómsríkan tíma. Hann vitnaði í rit Marteins Lúters þar sem hann hvetur menn til að vera trúir fyrir náð Guðs og ganga glaðir, djarfir og fagnandi fyrir Guði og mönnum.

Fyrri framsögumaður um mál kirkjuþings var Guðlaugur Óskarsson. Guðlaugur sagði frá störfum kirkjuþings en fyrir því lágu 20 mál sem skiptust í þrjá meginflokk.

Eitt þeirra var stórt mál þ.e frumvarp til þjóðkirkjulaga en því máli var frestað til framhaldsþings sem verður væntanlega haldið nú í vor. Sr. Geir gerir betur grein fyrir því.

Annað var skýrsla kirkjuráðs, flutt af biskupi Íslands f.h. kirkjuráðs svo og skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar flutt af formanni fjárlaganefndar f.h. kirkjuráðs.

Af öðrum málum sem Guðlaugur greindi frá má nefna kirkjutónlist á vegum kirkjunnar, um hlutdeild ungs fólks til setu á kirkjuþingi og jöfnun kynjahlutfalla í stjórnnum og nefndum á vegum kirkjunnar.

Hann sagði og frá þingsályktunartillögu um stuðning við ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins er varðar ákvæði um að jafnrétti kynja verði tekið upp í stofnskrá sambandsins.

Einnig greindi hann frá umræðu um tengsl íslensku þjóðkirkjunnar við samtök evangelískra kirkna í Evrópu.

Þá sagði hann frá umræðum um kaup og sölu fasteigna og tillögu að breyttum starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir innan þjóðkirkjunnar.

Málefni Víkurgarðs höfðu einnig verið þar til umræðu vegna byggingaframkvæmda við hann og í honum.

Þá hafði komið fram skýrsla Þjóðmálanefndar þar sem kynntur var farvegur til að ræða hin ýmsu mál sem upp koma hverju sinni á opinberum vettvangi. Því tengt var þingsályktunartillaga um úrskurðarmál Þjóðkirkjunnar.

Hann fór nokkrum orðum um framtíðarsýn á stefnu og störf innan kirkjunnar og lagði áherslu á að þar ætti að vera jafnt rými fyrir alla jafnt unga sem aldna og allt þar á milli.

Að lokum sagði Guðlaugur að hann hafi haft ánægju af því að sitja og starfa á kirkjuþingi þetta kjörtímabil og falaðist eftir stuðningi til endurkjörs því nokkur mál lægju fyrir sem hann vildi gjarnan eiga aðkomu að og fylgja eftir.

Seinni framsögumaður um málefni kirkjuþings var sr. Geir Waage.

Hann sagði frá tillögu að starfsreglum um kjör til kirkjuþings svo og tillögu um skipun nefndar til að kanna hvort breyta skuli heiti og hlutverki kjörbréfanefndar

Hann ræddi það sem fram kom á kirkjuþingi um val og veitingu prestsembættis, um að kjörnefndir væru komnar í stað valnefnda. Kjörnefndir skulu vera fullskipaðar og jafn margir varamenn tilgreindir að lágmarki.

Matshæfnisnefnd skal ávallt starfa. Kjörnefnd getur óskað eftir því að hún starfi. Álit nefndarinnar er ekki bindandi fyrir kjörnefnd þar eð þetta er kosning

Þá kom hann að frumvarpi til Þjóðkirkjulaga en það mál hefur verið all lengi í meðförum kirkjuþings og loks orðin nokkur sátt um útkomuna en enn verði þó hægt að bregðast við athugasemdum og gera breytingu ef tilefni er til áður en frumvarpið verður samþykkt en það yrði væntanlega gert nú í vor á væntanlegu framhaldsþingi, ella gengur það til nýkjörins kirkjuþings á hausti komanda.

Sr. Kristinn Jens taldi að nokkuð vantaði á að full sátt væri um frumvarpið til Þjóðkirkjulaga og að vart hefði unnist tími fyrir þingfulltrúa til að kynna sér það allt.

Sr. Elínborg Sturludóttir flutti fréttir af prestsáttföngum en þar voru umhverfismál aðal umræðuefnið.

Hún skýrði frá umræðunum um það hvernig kirkjan gæti lagt lóð á vogarskálarnar til verndar náttúru, loftslagi og umhverfi og varpaði upp á tjald þeim aðgerðaráætlunum sem verið höfðu til umræðu á áðurgreindri prestastefnu.

Þar hafði komið fram umræða um orkusóun, matarsóun, gróðursetningu, endurheimt votlendis og margt fleira. Loftslagsbreytingar er aðsteðjandi ógn og bitnar fyrst á fátæku fólki.

Hvernig ætlum við að vinna með öðrum umhverfisverndarsamtökum til að geta lifað í samráði og sátt við umhverfið?

Að lokum kynnti hún drög að ályktun frá umhverfishópi Þjóðkirkjunnar og biskupafundar sem kallast grænu skrefin, *Arctic Commitment* um bann við brennslu svartolíu á norðurlóðum.

Um þessi mál sköpuðust mjög fjörugar umræður.

Þó komu fram ábendingar um að ekki lægju fyrir fullnaðarrannsóknir á t.d. votlendismálum svo og að eldgos væru þarna stór áhrifavaldur en það leysti mannkynið þó ekki undan allri ábyrgð. Fundarstjóri héraðsfundar var Jóhannes Helgason.

Nú að öðru.

Nýr sóknarprestur var kosinn á kjörnefndarfundi Staðastaðarprestakalls þann 30. apríl. Valinn var Arnaldur Máni Finnsson, cand.theol og hlaut hann vigslu annan hvítasunnudag. Prófastur setti hann inn í embætti þann 24. júní í fjölsótttri messu að Staðastað.

Séra Elínborg Sturludóttir sem þjónað hefur dyggilega í Stafholti síðustu tíu árin var valin

prestur í Dómkirkjuprestakalli. Prestar og kirkjufólk þakka sr. Elínborgu samstarf og samvinnu og óska henni farnaðar á nýjum vettvangi.

Séra Jón Ásgeir Sigurvinsson sinnir þjónustu í Stafholti til vors 2019 ásamt með því að þjóna Borgarprestakalli í námsleyfi prófests. Prófastsþjónustu sinnir séra Gunnar Eiríkur Hauksson í Stykkishólmi.

Sumarið 2017 fór fram vísitása vígslubiskups, séra Kristjáns Vals Ingólfssonar og prófests. Öll prestaköll prófastsdæmisins voru vísiteruð, utan Staðastaðarprestakalls. Í júlíbyrjun 2018 var Staðastaðarprestakall vísiterað.

Fundir voru með nývígðum sóknarpresti og fulltrúum sóknarnefnda. Í hverri kirkju hófst vísitása með helgistund. Fjallað var um kirkjustarf og helgihald, kirkjuhúsin skoðuð, sem og gripir, búnaður og áhöld, svo og kirkjugarðar og heimagrafreitir.

Vísitása vígslubiskups var öll hin ánægjulegasta og nutum við vígslubiskup hennar mjög.

Aðkoma var alls staðar góð, en víða er endurbóta og viðhalds þörf, líkt og eðlilegt er og víða er undirbúningur hafinn að framkvæmdum – margt verður gert í sumar.

Grafreitir eru yfirleitt í þryðilegu ástandi og sómi að hversu sóknarnefndarfólk og starfsfólk, í fjölmönnum söknum sem fámönnum sinnir störfum sínum af mikilli trúmennsku og alúð.

Árið 2011 byrjaði samstarf um pílagramagöngur. Fyrst voru það prestarnir í Stafholts-Reykholts og Hvanneyrar prestaköllum sem hófu þetta starf, að frumkvæði séra Elínborgar Sturludóttur. Ári síðar var vettvangurinn stækkaður og Borgar- og Saurbæjarprestaköll bættust við. Upp var sett heimasíða, pílagramar.is, þar sem göngurnar voru kynntar og sú hugsun er þar liggur að baki. Áhugasömum er bent á að kynna sér efni síðunnar. Þetta er afar dýrmætt samstarfsverkefni er hlotið hefur mjög góðar undirtektir, ekki aðeins meðal heimafólks, heldur hefur fólk komið um langan veg til að taka þátt. Héraðssjóður hefur stutt þetta framtak.

Að ganga í hópi frá einum helgistað til annars, fara götur og leiðir er farnar voru um aldir, er sérlega gefandi; gangan gefur andlega, trúarlega og líkamlega heilsubót, skapar ný kynni og eflir samkennd fólks og vináttu.

Leiðin austur um úr Borgarfirði að Skálholti hefur nú verið stikuð og merkt.

Í Reykholti fer fram marghátuð starfsemi, á vegum kirkjumiðstöðvarinnar þar.

Mikið líf er í Snorrastofu og þar meðal annars boðað reglulega yfir veturinn til fyrirlestra um efni er tengjast sögu og menningu í Borgarfirði.

Þá halda borgfirskir prestar þar mót með fermingarbörnum sínum, en Snæfellingar og Dalamenn hafa fermingabarnamót sitt að Laugum í Sælingsdal.

Samráðsfundur presta í prófastsdæminu hafa verið all nokkrir, bæði innan starfssvæðanna, og sömuleiðis á prófastsdæmisvísu.

Enn er hin Evangelísk – Lútherska kirkja þjóðkirkja á Íslandi. Hópar sem kunna vel að láta í sér heyra og kunna að ná eyrum fólks hafa gagnrýnt það mjög. Ýmislegt hefur verið á borð borið og misgáfulegt. Meira að segja hefur mannréttindahugtakið verið gengisfellt með staðhæfingum um að þjóðkirkjufyrirkomulagið fari í bága við mannréttindi.

Í atkvæðagreiðslu um drög stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá haustið 2012, var spurt um vilja fólks gagnvart þjóðkirkjuákvæði. Niðurstaðan var einkar afgerandi og ánægjuleg. Þvert á spár margra reyndist taugin römm. Þannig reynum við prestar og kirkjufólk líka hug almennings hér um slóðir til kirkju sinnar.

Margt hefur verið kirkjunni mótdrægt síðustu árin.

Guð gefi okkur gæfu til að vera samstæð og sterk út á við – ekki þurfum við að hafa sömu skoðun á öllu, en ef ekki ríkir sæmileg sátt innan kirkjunnar, til dæmis um endurskoðun kirkjulaganna – þá verður heldur ekki sátt um hana í samfélaginu.

Marteinn Lúter segir í einu rita sinna, að náð Guðs, fyrir trú á Jesú Krist, geri manninn glaðan, djarfan og fagnandi fyrir Guði, mönnum og hverri skepnu. Það er góð áminning og þarft próf fyrir hvern dag sem Guð gefur.

## Vestfjarðaprófastsdæmi

Sr. Magnús Erlingsson, prófastur

### Að enda í ferðalögum

Síðastliðið starfsár einkenndist af miklum ferðalögum hjá prófastinum. Má segja að hann hafi líkt og Garðar Hólm í Brekkukotsannáli lent í ferðalögum. Fyrst ber að nefna það að prófasturinn fór með fleiri prestum til Wittenberg í Þýskalandi til að fagna 500 ára afmæli siðbótarinnar. Í leiðinni var haldin þar prestastefna. Í Wittenberg voru prófastinum gefnir sokkar, sem á er letrað á þýsku: „*Hér stend ég og get ei annað!*“

Í lok september hélt prófasturinn ásamt fjórum öðrum vestfirskum sóknarprestum til Austurlanda, nánar tiltekið til Ísraels. Við dvöldum á sænsku guðfræðistofnuninni í Jerúsalem og skoðuðum gömlu borgina. Eins fórum við að Dauðahafinu og að Galíleuvatni. Var ferðin afar vel heppnuð. Það sem situr eftir í minninu sem sterkasta upplifunin, eru samt ekki fjöldamargar heimsóknir okkar á hina helgu staði, – til þess var of mikið af túristum, sem tóku myndir og töluðu á sífellu. Hinn mikli fjöldi ferðamanna á helgistöðum í Ísrael veldur því að öll helgi og dulúð gufar upp og hverfur.

Það voru einungis tveir staðir í Ísrael þar sem prófasturinn fann fyrir nærveru Guðs. Annar staðurinn var othodox kirkja þar sem verið var að syngja messu. Engir aðrir ferðamenn voru þar innandyra. En þarna var söfnuður heimafólks, sem lifði sig inn í helgihaldið og reyndi prófasturinn að hegða sér eins og þau. Þarna stóðu nokkrar gamlar konur með sjöl yfir höfðinu líkt og rússneskar konur á gömlum ljósmyndum. En slíkar konur má ævinlega sjá í rétttrúnaðarkirkjum, – sama hvar er í heiminum.

Hinn staðurinn, þar sem andi Drottins blés, var við Galíleuvatnið. Þar hafði prófasturinn altarisgöngu undir berum himni á vatnsbakkanum. Gekk allt vel þar til prófasturinn hugðist taka sjálfan sig til altaris. Þá kom „*rúakk elóhím*“ eða slíkur vindur að obláturnar á patínunni fuku út í veður og vind. En sem betur fer þá hélst sakramentið í kaleiknum. Varð prófastinum hugsað til frásögu Nýja testamentisins, sem hefst á þessum orðum: „*En þá gjörði svo mikið veður á vatninu að öldurnar gengu yfir bátinn.*“ Og þá skynjaði prófasturinn að hann væri á söguslóðum lærisveina Krists. Það er andinn, sem gefur öllu líf. „*Hið sýnilega er stundlegt, hið ósýnilega er eilíft.*“

Það, sem situr eftir að lokinni ferð til landsins helga, er upplifunin af nútímanum. Það er bæjarbragurinn og andrúmsloftið í Jerúsalem, það eru strangtrúuðu gyðingar með klæðnað



sinn og hárlokka, það er kyrrðin og alauðar göturnar á Yom Kippur, á friðþægingardaginn mikla. Þetta er greytt í minni prófastsins. Og svo er það önnur upplifun, óþægileg og nístandi, en það er sú að sjá múrinn, sem Ísraelsmenn hafa reist kringum byggðir Palestínumann við Betlehem. Þessi múr er hærrí og ógnvænlegri en gamli Berlínarmúrin var nokkru sinni. Og upplifunin að fara inn fyrir múrinn er sem að stíga inn í „ghettó“. Í Betlehem sagði heimamaður prófastinum að hugmyndin um tveggja ríkja lausnina væri orðin óframkvæmanleg því að Ísraelsmenn hefðu í raun klofið Vesturbakkann upp í eyjur þar sem Palestínumenn lifa í „ghettóum“. Og þá varð prófastinum hugsað til höggormsins í Eden, sem spillti öllu í Paradís. Annar andi, skelfilegur andi, andi illsku og eymdar, andi haturs og mannvíga.

## Sísifos

Í grískri goðafræði er sagt frá honum Sísifosi, sem var dæmdur til þeirrar refsingar að velta steini upp hæð og alltaf valt steinninn aftur niður þannig að Sísifos ræfillinn var dæmdur til þess um aldur og eilífð að velta þessum steini upp brekkuna, aftur og aftur, endalaust. Þessi saga kom upp í huga prófastsins á síðasta ári. Á kirkjuþingi höfðu menn ákveðið að skrifa nýjar reglur um hvernig skyldi kjósa prest og biskup. Skyldi nú vera í hverju prestakalli sérstök kjörnefnd, sem sæi um kosningar. Og öfugt við allar aðrar nefndir í prestköllunum, sem yfirleitt er valið í á sóknarnefndarfundum, þá skyldi þessi nefnd vera kosin á aðalsafnaðarfundi. Ýmiss fleiri skilyrði voru fyrir því að kjósa fólk í kjörnefndina. Hófust menn nú handa við að lifa eftir þessum nýju starfsreglum í íslensku þjóðkirkjunni. Fyrst kusu menn prest í Dómkirkjunni. Það reyndist ólöglegt og þurfti að endurtaka allt ferlið frá upphafi til enda. Hið sama var upp á teningnum í vígslubiskupskjöri. Þar þurfti að endurtaka kosninguna.

Danski heimspekingurinn Sören Kierkegaard skrifaði bókina *Gentagelsen*. Á síðastliðnu ári upplifði prófasturinn endurtekninguna, sem Kierkegaard skrifaði um. Þannig var að í október ók prófasturinn á Patreksfjörð til að kjósa nýjan sóknarprest en sr. Leifur Ragnar Jónsson hafði sagt kalli sínu lausu og farið suður til að sinna prestsþjónustu í höfuðstaðnum. Nú er það frekar einfalt að kjósa, – eða það hélt prófasturinn að minnsta kosti. Þú hefur tilbúna ellefu miða og biður fólkið í kjörnefndinni að skrifa á miðann nafn þess umsækjenda, sem það kys. Svo telur prófasturinn. Allt gekk þetta vel og prófasturinn ók glaður aftur heim yfir Dynjandisfjallveg og Hrafnseyrarfjallveg. Var prófasturinn ánægður að ná að ljúka þessu verki áður en vetrarsnjórinn kæmi og lokaði þessum fjallaleiðum. Viku síðar var brosið horfið af vörum prófastsins en þá hafði lögfræðingur fyrir sunnan hringt í hann og sagt honum að þetta væri allt ógilt. Rannsókn hans hafði leitt í ljós að í fundargerðabók á Barðaströndinni stæði að kosið hefði verið til kjörnefndar á sóknarnefndarfundum. Yfirskriftin væri röng því þarna hefði átt að standa almennur safnaðarfundur. Sem sagt, allt var unnið fyrir gíg og þá þurfti að byrja alveg upp á nýtt, endurtaka kosningu í kjörnefndir, halda undirbúningsfundi með sóknarnefndarfélagi, gera þarfagreiningu fyrir allar sóknir prestakallsins, auglýsa eftir presti á nýjan leik, bíða meðan umsóknartíminn rynnir út, bíða meðan matsnefnd legði mat á umsækjendur, bíða eftir að kærufrestur rynnir út, bíða meðan lögfræðingurinn athugaði hvort einhvers staðar hefði verið misfella í ferlinu. En sem betur fer var svo ekki, fólkið á Barðaströndinni, sama fólkið og hafði verið á sóknarnefndarfundum áður, gætti þess að skrifa í bókina að nú væri safnaðarfundur. Og þá slapp þetta til. Í millitíðinni leið heill vetur. Prófasturinn ók fjallvegina í hríðarbyl um vorið, ók frá

einni stiku til annarrar og hugsaði hvort hann þyrfti eins og Sísifos forðum að aka þessa fjallvegi á hverju hausti og vori til að velja prest í Vesturbyggð. En sem betur fer þá hafðist þetta í vor. Niðurstaðan var reyndar sú sama og í október. Guðfræðingurinn Kristján Arason var kosinn aftur næsti sóknarprestur í Patreksfjarðarprestakalli. Er hann tvíkjörinn sóknarprestur. Þetta er endurtekingin, sem Kierkegaard skrifaði um; sami maðurinn kosinn af sama fólkinu og fær sömu atkvæðin og fyrr. Þetta var sem sagt vetur endurtekingarinnar. Nýi vígslubiskupinn í Skálholti, sem einnig heitir Kristján, var tvíútnefndur og þríkjörinn, kosinn þrisvar sinnum. Já, reglur og ferlar innan kirkjunnar verða sífellt flóknari og flóknari.

Prófasturinn saknar gamla tímans þegar hann var að sækja um Ísafjarðarprestakall og mætti á kynningarfund. Þá rétti honum strax höndina einn maður úr sóknarnefndinni og sagði: „Vertu velkominn, ég heiti Gunnar Steinþórsson og við verðum nágrannar næstu árin.“ Svo tóku allir hinir sóknarnefndarmennirnir í höndina á honum og sögðu: „Vertu velkominn!“ Einu sinni dugði handtak, nú er þetta margra mánaða ferill með kærnum og lögfræðingum. Heimur versnandi fer!

## Prestur á elliheimili

Ungur maður í Reykjavík sagði prófastinum það í trúnaði að í hvert skipti, sem hann heyrði minnst á kirkjuna þá dytti honum í hug peningar og peningagræðgi, í hans huga væri samasemmerki milli orðanna kirkja og spilling. Í raun kemur þetta ekki á óvart því að í fjölmiðlum eins og Fréttablaðinu birtast í sífelli neikvæðar fréttir af kirkjunni. Aðra vikuna er sagt frá presti, sem skreið upp í rúm til vinnukonunnar í sveitinni vorið eftir að hann fermdist og gerði henni barn, fór svo í guðfræði og varð að sómaklerki og vígslubiskupi en er fyrir löngu síðan kominn á eftirlaun. Hina vikuna eru sagðar fréttir af prestum, sem hafa það svo gott að þeir raka inn seðlunum og sofa á þeim líkt og ormar á gulli. eru þessar sögur einkum sagðar af sjúkrahússprestum og sveitaklerkum.

Meðan prófasturinn sat á kaffihúsinu í hundrað og einum þá var eiginkonan í heita pottinum í Vesturbæjarlauginni. Þar töluðu konurnar um hvað það hlyti að vera gott að vera gift presti, – jafnvel betra en að vera gift lækni. „*Prestarnir hafa meira en milljón í laun á mánuði,*“ sagði ein þeirra. „*Svo eru þeir alltaf heima, ja, nema rétt á sunnudögum,*“ bætti önnur við. „*Svo þykir prestum voða gaman að elda, hef ég heyr,*“ sagði sú þriðja. „*Og þeir búa víst í fríu húsnæði, flottum einbýlishúsum úti á landi,*“ skaut sú fjórða inn í.

Auðvitað er þetta allt fjarri lagi, hreinar ýkjur og gróusögur, – nema sagan af stráknum, sem barnaði vinnukonuna og varð svo vígslubiskup. Nei, það er ekki mulið undir presta á Íslandi. Það getur prófasturinn á Vestfjörðum vottað. Á Reykhólum hefur staðan til að mynda verið sú undanfarin misseri að prestsbústaðurinn er óíbúðarhæfur vegna myglu. Þetta er heilsuspillandi húsnæði. Í staðinn hefur prestinum verið boðið að leigja herbergi á elliheimilinu. Ekki getur hann haft fjölskylduna hjá sér. Hún verður að búa í Kópavogi. Það fór auðvitað svo að lokum að presturinn á Reykhólum, hún Hildur Björk Hörpudóttir gafst upp á þessu harki og sagði lausu. Þar misstum við góðan prest, sem var með köllun til að starfa á akri Drottins. En auraleysi kirkjunnar er slíkt að það er ekki hægt að snara upp prestsbústað á Reykhólum. Datt andans mönnum í höfuðstaðnum það ráð helst í hug að leggja af prest á Reykhólum. Með samstilltu átaki tókst okkur Vestfirðingum að afstýra þeirri ólukku.

## Par vega menn hvern annan í bróðerni

Héraðsfundur var haldinn á Patreksfirði í byrjun september. Eftir guðsþjónustu í Sauðlauksdal þar sem sr. Elín Salóme Guðmundsdóttir prédikaði var haldið í Stúkuhúsið og þar snæddur hádegisverður. Fundað var í safnaðarheimilinu. Á héraðsfundinn kom einn af forstumönnum kirkjuþings og kynnti hann fyrir okkur drög að nýjum þjóðkirkjulögum. Er þetta í sjöunda sinn, sem prófasturinn heyrir slíka kynningu og er þetta farið að minna hann á bókarheitið „Frásaga af margboðuðu morði“. Í kynningu forustumannsins kom fram að mikil samstaða og ánægja væri með þetta frumvarp á kirkjuþingi.

Nokkru síðar hlustaði prófasturinn á umræður af kirkjuþingi en þeim var streymt á alnetinu. Þar ræddu kirkjuþingsmenn þetta ágæta frumvarp að þjóðkirkjulögum, sem svo mikil ánægja hefur verið með árum saman. Agnes biskup sté í pontu og lýsti því yfir að hún væri sem endranær mótfallin þessu frumvarpi. Fleiri stigu í pontu og tjáðu sig. Prófastur veitti því athygli að sumir kirkjuþingsmenn völdu biskupi heiti og einkunnir, sem hljómuðu vægast sagt undarlega í eyrum prófastsins. Þannig sögðu menn að biskup vildi vera kirkjufursti, aðrir að hún væri sem tvíhöfða þurs. Kunni prófastur þrýðisvel að meta svona kjarnyrta umræður. En ef þetta eru umræðurnar í málum, sem ríkir góð samstaða um, hvernig ætli þeim mælist þarna á kirkjuþinginu þegar þeir ræða mál, sem eru umdeild?

## Á Síonarfjalli

Á einum stað í helgri bók er sagt að á efsta degi muni menn koma úr austri og vestri til Síonar og þar verði veisla með dreggjakrásum og lúðurhljómi. Segja má að á sautjándá júní hafi þessi ritning ræst í Ísafjarðarkirkju. Prófasturinn messaði og það fermdist ein stúlka. Margar konur voru þarna á upphlut. Kórinn söng og organistinn lék á lúðrana, sem eru í orgelinu. Og múslímsku flóttamennirnir frá Sírylandi, sem búa núna á Ísafirði, Flateyri og Súðavík mættu allir sem einn og sátu þarna í miðri kirkjunni. Konurnar voru allar með höfuðbúnað, sjal, sem er vafið þétt utanum um höfuð og háls og hylur allt hárið. Börnin þeirra voru þarna einnig.

Múslímarnir voru ánægðir með messuna. Þeir sögðu prófastinum að þeir hefðu þekkt einn sálminn því lagið væri arabískt og vel þekkt í þeirra heimalandi. Þetta var sálmurinn „Ég vil dvelja í skugga vængja þinna“. Ástæðan fyrir komu múslíma var sú að þeir voru að fagna lokum Ramadan og ákváðu að taka þátt í hátíðahöldum þjóðhátíðardagsins á Ísafirði. Eftir messuna stilltu flóttamennirnir sér upp fyrir framan altarið og íslenska fánann til hópmyndatöku. Prófasturinn kvaddi sírylensku karlana með handabandi en kinkaði einungis kolli til kvennanna. Í menningarheimi spámansins eiga karlar ekki að snerta konur. Sem heimsmaður þá veit prófasturinn þetta.

Prófasturinn veitti því einnig athygli að túristarnir af farþegaskipinu, sem lá í Ísafjarðarhöfn, göptu yfir þessum múslímum, sem voru þarna í íslenskri kirkju á hjara veraldar. En þannig mun það líka verða á efsta degi. Þá munu sumir gapa og stara þegar þeir sjá með hverjum þeir hafa lent í himnaríki. Vonandi styttist í hinn efsta dag með dómum sínum og uppskeru.

Af öllum ferðalögum, sem prófasturinn hefur ratað í eða á eftir að fara í, þá er ferðin á Guðs fund, sú sem hann hlakkar mest til. Endir allra hluta er í nánd. Og líf vort endar á ferðalagi.

# Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sr. Dalla Þórðardóttir, prófastur

Héraðsnefnd er auk prófasts skipuð þeim sr. Magnúsi Magnússyni á Staðarbakka, sem er gjaldkeri og Jóhönnu Magnúsdóttur í Ártúnum, sem er ritari. Varamenn eru Halldór Guðmundsson í Holti í Svínadal og sr. Gísli Gunnarsson á Glaumbæ.

Þau voru endurkjörin til tveggja ára á héraðsfundi 29. apríl 2018.

Fulltrúar prófastsdæmisins á leikmannastefnu eru Guðrún Lára Magnúsdóttir á Melstað, Friðrik Þór Jónsson í Skriðu og Kristín Bjarnadóttir á Hofsósi.

Í fulltrúaráði Hjálparstarfs kirkjunnar er sr. Bryndís Valbjarnardóttir á Skagaströnd og varamaður Kristján Kristjánsson á Lækjarbakka á Steinsstöðum.

Skoðunarmenn reikninga héraðssjóðs eru Lárus Ægir Guðmundsson og sr. Bryndís Valbjarnardóttir og til vara Sigríður Fjöla Viktorsdóttir og Halla Másdóttir.

Héraðsfundur vegna ársins 2016 ekki haldinn fyrr en í upphafi júnímánaðar, nánar til tekið laugardaginn 3. júní 2017 á Hótel Varmahlíð.

Prófastur flutti skýrslu héraðsnefndar. Í máli hennar kom m.a. fram að héraðssjóður styrkti barna- og æskulýðsstarf myndarlega, á tímabilinu var haldið leiðtoganámskeið fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi, prestar fóru í námsferð til Salisbury á Englandi, teknar voru upp útvarpsguðsþjónustur úr öllum prestaköllum prófastsdæmisins og verður þeim útvarpað sumarið 2017.

Þá hefur héraðsnefnd styrkt annars konar námsferðir presta, en það nýmæli var tekið upp á liðnu ári, og ekki seinna vænna, að efna til reglulegrar endurmenntunar. Hún er á vegum Biskupsstofu og fer fram í Skálholti tvo daga á ári og er sá háttur á að hvert ár er tveimur prestum úr hverju prófastsdæmi boðin þátttaka, 18 manns á hverju ári. Verkefnið er greitt af Biskupsstofu að mestu, utan það að héraðssjóðir greiða til þess 50.000 kr. árlega. Nú hafa fjórir prestar sótt þessa endurmenntun af okkar hálfu.

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum og eftir ljúffengan hádegisverð var tekið til við sérefni dagsins, sem var *Skóli og kirkja*.

Framsaga þeirra sr. Magnúsar Magnússonar á Staðarbakka og Sigurðar Þórs Ágústssonar, skólalastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra var sett upp sem samtal um efnið.

Þeir lýstu þeirri skoðun að skólinn og kirkjan hefðu sömu markmið. Þau væru bæði að þjóna nemendum og almenningi. Um það hefðu þau vissulega samstarf en þyrftu að gefa hvort öðru svigrúm og fara ekki hvort inn á svið hins. Ágætar umræður urðu um efni dagsins.

Af vettvangi kirkjupings var vönduð framsaga um frumvarp til þjóðkirkjulaga. Urðu um það allnokkrar umræður. Fundargestir spurðu í framhaldi um fjármál og efndir ríkisvaldsins um greiðslur samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu. Þá var rætt um úrskurðarnefnd, um stöðu kirkjunnar, siðbótarár og sölu á kirkjum. Upplýst var að ríkið hefði með tveimur eingreiðslum greitt þá fjárhæð, sem kirkjuping hafði um árabíl samþykkt að gefa eftir.

Áður en fundarfólk yfirgaf fundarsalinn á Hótel Varmahlíð var sunginn sálmurinn *Son Guðs ertu með sannni*. Að þessu sinni hafði verið brugðið út af þeirri venju að fundurinn hæfist með guðsþjónustu. Í stað þess var að fundarlokum gengið til helgistundar í Víðimýrarkirkju.

Þar þjónaði staðarprestur sr. Gísli Gunnarsson fyrir altari og sr. Guðni Þór Ólafsson á Melstað prédikaði. Kirkjukór Viðmýrarsóknar söng. Organisti var Stefán R. Gíslason.

Haustið 2017 var boðað til fundar við æskulýðsleiðtoga frá Reading á Englandi. Þeir voru hér á ferð á leið norður og svo austur með sr. Bjarna Þór Bjarnasyni. Englendingarnir sögðu frá nýjungum í starfinu, þar sem þeir nota frjálslægri og óhefðbundnari aðferðir en okkur eru tamar. Gott var að kynnast þessu en ekki allt er nýtilegt hér, þar sem vettvangur þeirra er stórborgin og margt á aðra lund þar en hér, sem eðlilegt er.

Gróska var í kórastarfi í prófastsdæminu. Á haustmánuðum var efnt til samæfingar kirkjukóra í Húnavatnssýslum og lögð var áhersla á gospelsöng. Kórdeginum lauk með að efnt var til almennra tónleika í Blönduósskirkju. Kóramót var haldið í Miðgarði fyrir allt prófastsdæmið og var það reyndar ekki haldið fyrr en árið 2018, í upphafi marsmánaðar. Margrét Bóasdóttir kom og stýrði því af miklum krafti. Lögð var áhersla á að kynna nýja sálma. Á mótinu ákváðu hún og organistarnir að halda þessu starfi áfram og framvegis með þeim hætti að annað árið verði kóramót í tvennu lagi, annað fyrir Skagafjörð og hitt fyrir Húnavatnssýslur og hitt árið, í fyrsta sinn 2019 eitt mót fyrir allt prófastsdæmið. Við hlökkum til að fréttu meira af þessu.

Héraðsfundur vegna ársins 2017 var haldinn 29. apríl 2018 í Árgarði í Lýtingsstaðahreppi hinum forna. Nú var farið að þeirri venju að hefja fund með messu og var til hennar boðað í Mælifellskirkju kl. 11 árdegis. Við orgelið var Thomas R. Higgerson og stýrði hann kirkjukórnum. Stólvers söng sópransöngkonan Helga Rós Indriðadóttir. Prédikun dagsins flutti sr. Magnús Magnússon.

Í skýrslu héraðsnefndar kom þetta m.a. fram:

Sr. Sigríður Gunnarsdóttir á Sauðárkróki hefur verið í námsleyfi í vetur, frá 1. september til 31. maí, og hefur þjónustunni verið hagað svo á meðan að fyrir jól þjónaði sr. Gylfi Jónsson á Hólum sóknnum prestakallsins. Eftir áramótin kom sr. Hjálmar Jónsson til starfa og þjónar kallinu til 1. júní, þegar sr. Sigríður kemur aftur. Í sumarleyfi hennar, 1. júlí-11. ágúst, tekur sr. Úrsúla Árnadóttir við þjónustunni.

Sr. Halla Rut Stefánsdóttir á Hofsósi hefur verið í krabbameinsmeðferð í vetur. Sr. Úrsúla Árnadóttir hefur þjónað sóknnum Hofsóss- og Hólaprestakalls og hefur hún setið á Hólum. Sr. Halla ráðgerir að taka við kallinu að nýju 1. september.

Sr. Guðni Þór Ólafsson á Melstað veiktist skyndilega daginn fyrir pálmásunnudag og var fluttur til Reykjavíkur þar sem hann fór í hjartaþræðingu. Í þriggja vikna veikindaleyfi hans sá sr. Magnús Magnússon um hans hjörð og kall.

Prófastur ítrekaði nauðsyn að kjósa í kjörnefndir prestakallanna og að þær væru því aðeins löglegar að kjörið væri í þær á aðalsafnaðarfundi eða safnaðarfundi.

Minnt var á það að skrá útfarir og á umsóknarfrest í jöfnunarsjóð.

Í umræðum kom fram að sóknarnefndarfólk hefur átt í vandræðum með að færa upplýsingar inn á vef kirkjunnar. Þá var bent á að ekki væri auðsætt, þar sem kjörnefnd er skipuð fólk úr mörgum sóknnum, í hvaða röð varamenn eiga að taka sæti. Rætt var um þverrandi kirkjusókn og leiðir til að bæta hana. Sagt var frá starfi í Höskuldsstaðasókn og gömlum legsteini með rúnalettri, sem þar er í garðinum.

Eftir skýrslur um Hjálparstarf kirkjunnar, frá leikmannastefnu og prestastefnu voru mál kirkjuþings á dagskrá. Í máli Steindórs R. Haraldssonar og sr. Gísla Gunnarssonar kom fram að þjóðkirkjulögin hefðu verið samþykkt á þinginu sem framhaldið var í marsmánuði. Fram kom

að miklar umræður hefðu á kirkjupingi orðið um kirkjujarðir og sóknargjöldin. Greint var frá því að kirkjan fær um ríkissjóð rúma tvo milljarða til rekstrar, jöfnunarsjóður sókna hefur 370 milljónir til umráða og kristnisjóður 110 milljónir.

Sérefni héraðsfundarins var að kynna nýju sálmabókina.

Fyrir kaffihlé kom organistinn Sveinn Árnason ásamt kórfélögum úr sameinuðum kirkjukór Miklabæjar- og Flugumýrarsóknar til fundarins til að kynna nokkra sálma úr nýjustu sálmabókum kirkjunnar. Söngur kórs og fundarfólks var þróttmikill og gerður var góður rómur að sálmunum.

Hádegismatur og kaffi voru reidd fram af Kvenfélagi Lýtingsstaðahrepps. Fundarfólk naut veitinganna og var góður tími tekinn til þess svo og til þess að fólk gæti rifjað upp gömul kynni og rætt málin.

Í fundarlok tókst fólk í hendur, myndaði hring og söng Son Guðs ertu með sannni.

## ***Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi***

**Sr. Jón Ármann Gíslason, prófastur**

Síðastliðið sumar var nýr prestur kjörinn í Glerárkirkju að afloknu hefðbundnu ferli, þar sem kjörnefnd prestakallsins kýs á endanum milli þeirra umsækjenda sem hlotið hafa náð fyrir augum matsnefndar. Fyrir valinu varð mag. theol. Stefanía Guðlaug Steinsdóttir og var hún vígð til prestsþjónustu á Hólahátíð síðastliðið sumar. Er hún boðin velkomin í hóp vígðra þjóna og óskað blessunar í sínum störfum. Eiginkona hennar er Hrafnhildur Eypórsdóttir djákni og hjúkrunarfræðingur og eiga þær fjögur börn. Hefur sr. Stefanía þegar sýnt að mikils er að vænta af störfum hennar. Þá var sr. Sunna Dóra Möller kjörin sóknarprestur í Hjallakirkju rétt eftir áramót og lét hún af störfum sem æskulýðsprestur í Akureyrarkirkju í kjölfarið. Eru henni þökkud störfin og samveran og óskað blessunar. Eiginmaður hennar, sr. Bolli Pétur Bollason í Laufási verður í námsleyfi næsta vetur og hefur verið auglýst eftir afleysingapresti til að sinna starfi hans þann tíma. Þá hefur sr. Brynhildur Óladóttir sóknarprestur í Langanesprestakalli verið í námsleyfi í vetur. Auglýst var eftir afleysingapresti til starfa, en enginn vígður maður sótti um. Það varð úr, að sr. Hildur Sigurðardóttir á Skinnastað tók að sér afleysinguna. Einnig hefur sr. Þorgrímur G. Daníelsson á Grenjaðarstað verið í námsleyfi og hefur sr. Örnólfur J. Ólafsson á Skútustöðum leyst hann af á meðan. Þá var sr. Oddur Bjarni Þorkelsson á Möðruvöllum í feðraorlofi þrjá síðustu mánuði síðastliðins árs og leysti sr. Sigríður Munda Jónsdóttir á Ólafsfirði hann af á meðan.

Ekki verður annað séð en að kirkjustarf hafi að mestu gengið með ágætum undanfarin misseri. Kirkjusókn á stórhátíðum er góð, en mætti víða vera betri þess á milli. Fjárhagur sókna er víða þannig að starfi öllu og viðhaldi á kirkjuhúsunum eru settar þröngar skorður, enda eru sóknargjöldin enn þá verulega skert, því miður. Það er bryn nauðsyn sem aldrei fyrr að leiðrétta sóknargjöld til þeirrar upphæðar sem þau eiga að vera samkvæmt lögum. Fyrir litlar sóknir getur verið erfitt að halda uppi lágmarks helgihaldi. Til dæmis er illmögulegt vegna kostnaðar fyrir suma söfnuði að sækja þjónustu organista, með tilheyrandi ferðakostnaði sem því fylgir.

Í skýrslum sókna má finna hugleiðingar um hvort mögulegt væri fyrir sóknir að stilla saman sína strengi í auknum mæli, þannig að nokkrar sóknir gætu ef til vill ráðið saman organista í fullt starf án þess að viðkomandi þyrfti að sinna öðrum störfum með. Kóra- og tónlistarstarf stendur eigi að síður víða með ágætum blóma. Í Akureyrarkirkju er til dæmis stefnt á töluverða eflingu á kirkjukórstarfinu með því að hafa skipta starfi kirkjukórsins í fernt með mismunandi áherslum fyrir fullorðna. Þar og í Glerárkirkju hafa einnig verið starfandi öflugir barna- og unglingakórar. Í Glerárkirkju var í haust farið af stað með sérstakar kyrrðarstundir stílaðar á fólk á framhaldsskóla- og háskólaaldri og gáfu þær ágæta raun. Sunna Kristrún Gunnlaugsdóttir djákni hafði forgöngu um þessar stundir.

Samkvæmt venju fór fram öflugt fræðslustarf síðastliðinn vetur í samvinnu við Glerárkirkju. Á haustmíssi var áhersla á siðbótarafræðslu á fræðslukvöldunum, þar sem flutt voru mörg fróðleg erindi af okkar lærdasta fólki. Einnig fengum við heimsókn frá STOPP-leikhópnum sem flutti leikverk á þremur stöðum sem byggt var á lífi og starfi Marteins Lúthers. Sýningin var mjög metnaðarfull en ef til vill í þyngri kantinum fyrir yngstu kynslóðina. Nú á vormíssi var áherslan hins vegar á föstuna og umhverfismálin og boðið upp á mjög vandaðar samverur helgaðar því brýna málefni. Sindri Geir Óskarsson guðfræðingur átti drýgstan hlut að máli varðandi undirbúning þessara samvera og vann hann þar mjög gott verk. Á næstu árum mun Þjóðkirkjan leggja mikla áherslu á umhverfismál í sínu starfi. Maðurinn þarf að huga betur að ráðsmennskuhlutverki sínu og horfast í augu við að lifnaðarhættir okkar eru farnir að skaða lífríki og náttúru með óafturkræfum hætti. Stefna ber að sjálfbærum lífsháttum í sátt við sköpunarverkið og draga með stórfelldum hætti úr mengun og lífsháttum sem stefna framtíð komandi kynslóða í voða. Þar má kirkjan ekki heldur liggja á líði sínu, enda framtíð jarðar okkar í húfi.

Í vetur fór fram umræða og kynning í Laugalandsprestakalli um mögulega sameiningu sóknanna þar. Verður þeirri umræðu að líkindum haldið áfram næsta vetur, með það fyrir augum að leggja fram tillögu að sameiningu þeirra sókna sem hug hafa á því, á aðalsafnaðarfundi árið 2019. Kirkjugarðsstjórnir í prestakallinu voru sameinaðar fyrir nokkrum árum og þykir það hafa gefið mjög góða raun. Veruleikinn er sá að víða gengur erfiðlega að fá fólk í litlum sóknum til að taka að sér setu í sóknarnefndum.

Í mars síðastliðnum var haldið námskeið fyrir sóknarnefndarfólk í prófatsdæminu, þar sem fulltrúar frá Biskupsstofu komu og fræddu um starfsemi og innviði Þjóðkirkjunnar og nokkur þau mikilvægustu atriði sem fulltrúar í sóknarnefndum þurfa að huga að. Þótti námskeiðið heppnast vel. Sömuleiðis hélt sr. Kristján Valur Ingólfsson námskeið fyrir meðhjálpara og starfsfólk kirkna í Suður-Þingeyjarsýslu, að þeirra frumkvæði, og eins og vænta mátti heppnaðist það ekki síður. Þá voru niðurstöður úr viðamikilli könnun á vegum Biskupsstofu kynntar meðal presta í haust, en sú könnun fjallaði um líðan þeirra og aðbúnað í starfi.

Í æskulýðsmálum þyrftum við að gefa talsvert í og er stefnan sett á að gera það, með því að ráða manneskju í tiltekið starfshlutfall til að sinna því. Ýmsir aðilar eins og Rauði kross Íslands og Akureyrarbær hafa gefið heimsóknarþjónustu meiri gaum, og því ef till vill ekki úr vegi fyrir okkur að draga úr þeirri áherslu, þegar svo háttar til.

Í maí síðastliðnum var haldið upp á 60 ára afmæli Svalbarðskirkju á Svalbarðsströnd, þar sem biskup Íslands prédikaði. Í lok ágústmánuði var haldin vegleg afmælishátíð vegna 150 ára afmælis Möðruvallakirkju í Hörgárdal. Hvort tveggja mjög vel heppnaðar samverur og þeim til

sóma er að stóðu. Miðgarðakirkja í Grímsey varð einnig 150 ára á síðastliðnu ári. Var þess minnst með messu- og samkomuhaldi, auk þess sem umhverfi kirkjunnar hlaut talsverða lagfæringu og endurnýjun.

Á síðastliðnum páskadegi, þann 1. apríl, lést í Reykjavík sr. Björn H. Jónsson fyrrum sóknarprestur á Húsavík. Sr. Björn var sterkur persónuleiki og ógleymanlegur þeim sem honum kynntust, og fetaði hann ekki alltaf troðnar slóðir. Jafnan var hann léttur og kátur í viðkynningu. Guð blessi minningu hans.

Héraðssjóðurinn er mikilvægur vettvangur til að sækja um í til sérstakra verkefna, og þegar eitthvað sérstakt stendur til, til dæmis á vettvangi samvinnu milli sókna og prestakalla, ekki síst þegar um er að ræða barna- og æskulýðsstarf. Þá minni ég á glæsilega heimasíðu prófatsdæmisins, [eything.com](http://eything.com).

Ég þakka kirkjufólki samstarfið og bið Guð að blessa starf kirkjunnar í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófatsdæmi.

## *Austurlandsprófatsdæmi*

*Sr. Davíð Baldursson, prófastur*

Liðin eru liðlega 40 ár frá því að undirritaður tók við embætti sóknarprestis í Eskifjarðarprestakalli og hefur þjónað því síðan. Margt breyst til batnaðar að mati undirritaðs síðan þá, – bæði varðandi aðbúnað og aðstöðu til kirkjulegs starfs og jákvæð breyting í aðkomu fólks að kirkjustarfi og fjölmargt áunnist. Þannig hafa stærri sóknir a.m.k. hér eystra burði til að vera frábær starfsvettvangur. Á þetta er minnt, vegna þess að eitt atriði virðist ekki hafa breyst, hversu stutt er oft í neikvæða umræðu um kirkju og kristni. Minnst verður þessa vart á landsbyggðinni þar sem almenn ánægja virðist ríkja með kirkjustarfið.

En einhvern veginn komumst við ekki hjá því að heyra þessar neikvæðu raddir. Ekki aðeins frá þeim sem standa utan kirkjunnar, heldur einnig af hálfu þeirra, sem eiga að vera talsmenn kirkjunnar. Á þetta hefur biskup bent á m.a. í sjónvarpsþættinum *Kveikur*. Þeir hinir sömu, ættu þá í staðinn, að setja fram skýra áætlun um, hvernig eigi að breyta hinu neikvæða viðhorfi í jákvætt.

Að gagnrýna er góðra gjalda vert og getur orðið uppbyggilegt, en ef gagnrýni er neikvæð og stöðug, – jafnvel svo áratugum skipti, – verða þeir, – sem leiða kirkjuna, að staldra við og velta því fyrir sér, hvort hún sé á réttri leið.

Þess vegna er svo brýnt að huga að því, sem jákvætt er í starfinu og að kirkjustjórn og leiðtogar hennar gangi jafnan jákvæð og þakklát til verka á degi hverjum og sjái til þess að hið neikvæða yfirgnæfi ekki það sem jákvætt er og gefandi.

Ég trúí því, að við viljum öll láta gott af okkur leiða, – og af þeim ástæðum höfum valið þennan starfsvettvang. Fátt innihaldsríkara, en að breiða út fagnaðarerindið og vinna með fólki og liðsinna því og hjálpa, – oft á erfiðustu stundum lífsins.

Starfið getur sannarlega veitt okkur það sem við leituum eftir, en þá má ekki rýma fyrir neikvæðninni og láta hana ráða för, í stað þess skal áherslan lögð á faglega umræðu og jákvæða sýn. Stöðug neikvæð umræða innan kirkjunnar er hennar helsti óvinur.



## Breytingar í prófastdæminu

Breytingar í prófastdæminu varðandi skipan presta hafa orðið helstar sem hér segir:

Sr. Stefán Gunnlaugsson sóknarprestur í Hofsprestakalli sagði embætti sínu lausu og var valinn til að gegna embætti héraðsprests í Kjalarnesprófastsdæmi. Er hans góða þjónusta hér eystra þökkud og honum og hans fjölskyldu óskað blessunar Guðs.

Skeggjastaðaprestakall sameinaðist Hofsprestakalli og hverfur sr. Brynhildur til annarra starfa innan kirkjunnar. Þökkum við hennar þjónustu um langt árabíl og henni og fjölskyldu hennar beðið Guðs blessunar

Í stað sr. Stefáns og sr. Brynhildar hefur sr. Þuríður Björg Wíium Árnadóttir verið vígð til þjónustu í kjölfar almennrar kosningar sem fram fór á haustdögum. Setti prófastur hana inn í embætti 1. sunnudag í aðventu sl. við guðsþjónustu að viðstöddu fjölmenni sem þáði velgjörðir að athöfn lokinni. Óskum við sr. Þuríði hjartanlega til hamingju með embættið, velfarnaðar og blessunar Guðs.

Sr. Erla Björk héraðsprestur eignaðist son sl. áramót og tók hún sér orlof frá þeim tíma, en kemur væntanlega aftur til starfa í haust. Henni og Hauki, barnsföður hennar og sambýlismanni og dætrum óskað til hamingju.

Ægir Örn Sveinsson hefur leyst hana af hólmi og rennur starfstímabil hans að óbreyttu út þann 1. október nk.

## Vísitasía biskups

Biskup Íslands gerði sér ferð hingað austur í sumar leið til þess að messa í Hjaltastaðakirkju, en óskað hafði verið eftir því við biskup að hún kæmi sérstaklega þeirra erinda. Varð hún við þeirri beiðni og fór fram falleg stund í kirkjunni góðu. Hljóðfæraleikarar léku þar fagra tónlist og biskupi mæltist vel.

Þá var að sveita sið boðið í veglegt kaffi að athöfn lokinni. Var undirritaður viðstaddur og eini staðurinn í Egilsstaðaprestakalli sem prófastur gat fylgt biskupi.

Biskup lauk við að vísitera suðurfirði nú í marsmánuði og heimsótti allar sóknir frá Hofi í Álftafirði til Norðfjarðar. Eru vísitasíur um þetta svæði orðið snöggjum minna mál, síðan tvenn göng voru opnuð í Fjarðabyggð. Er mér næst að halda að almættið hafi vísvitandi frestað þessari vísitasíu sem ráðgerð var fyrir ári síðan, þar til Norðfjarðagöng opnuðust.

Vísitasía biskups um firðina gekk vel og fékk frú Agnes góðar og hlýjar móttökur. Lýsti biskup yfir ánægju sinni með ferðina og gestrisni kirkjufólks. Vel að öllu staðið og vel hugað að kirkjuhúsum, görðum og starfi öllu.

## Héraðsnefnd

Héraðsnefnd prófastsdæmisins hélt þrjá fundi frá síðasta héraðsfundi. Ársreikningur 2017 yfirfarinn af skoðunarmönnum og undirritaður af héraðsnefnd.

Eins og getið var um á síðasta héraðsfundi er Klyppsstaðakirkja í fóstri hjá prófastsdæminu þótt umsjón sé á höndum Ferðafélags Austurlands. Ennfremur hefur áhugafólk þar á meðal Þórhallur Pálsson sýnt kirkjunni einstakan hug.

Síðastliðið haust gerðist sá leiðinda atburður að brotin var upp innri hurð kirkjunnar og hún

mikið skemmd. Var hún tekin niður og flutt til Egilsstaða af Þórhalli Þorsteinssyni og mun verða endurbætt eða endursmiðuð eftir atvikum.

Innheimta skýrslur sókna prófastsdæmisins gekk vel í ár. Hugsanlega hefur sú nýbreytni að senda út eyðublað til leiðbeiningar hjálpað til.

Hins vegar áhyggjuefni hversu seint margir reikningar kirkju og garða berast biskupsstofu, en á því geta auðvitað verið ýmsar skýringar.

Áhersluþungi prófastsdæmisins er eins og verið hefur, á barna- og unglíngastarf og sýnt sig, skila miklum árangri enda gott og hæft fólk sem að því stendur.

Farskóli leiðtogaefna hefur eins og undanfarin ár verið starfræktur og leiðtogar, sem útskrifast hafa, sumir hverjir gengið til liðs við kirkjuna.

Sunnudagaskólamótið var að vanda í Eskifjarðarkirkju þann 8. apríl sl. fjölmennt og gott, mikil gleðistund og ánægjuleg.

Samstarfssamningur sá, sem gerður var við Æskulýðssamband kirkjunnar á Austurlandi eða ÆSKA hefur að mínu mati gagnast prófastsdæminu afar vel.

Samþykkt var á héraðsfundi 2016 að framlengja þeim samningi til þriggja ára.

Helstu viðfangsefni héraðssjóðs eru eftirfarandi:

1. Framlag til Kirkjumiðstöðvar Austurlands þ.m.t. sumarbúðir.
2. Framlag til Æska og þar innifalin æskulýðsmót, TTT-mót og Farskóli leiðtogaefna
3. Fermingarbúðir og þar stærsti liðurinn ferðakostnaður
4. Kostnaður, af skrifstofu héraðsprests
5. Sunnudagaskólamót, bæði ferðakostnaður og næring
6. Héraðsfundur – fæðiskostnaður og leiga
7. Leikmannastefna, hjálparstarf, prófastafundur, messuferðir aldraðra á suðurfjörðum, auglýsingar og gjafir, endurskoðun og reikningsskil.

Sr. Sjöfn hefur setið kirkjuþing í að m.k. tvö kjörtímabil og mun ekki gefa kost á sér til frekari setu. Er henni þökkúð góð störf á kirkjuþingi og þrúðmannleg framganga eins og hennar er háttur og vísa. Hefur hún verið verðugur fulltrúi kjördæmisins.

Á héraðsfundi 15. apríl sl. greindu frambjóðendur til kirkjuþings stuttlega frá framtíðarsýn sinni á kirkjulegum vettvangi og hvert stefna eigi í málefnum kirkjunnar. Var umfjöllun þeirra í senn fróðleg og gagnleg.

## Annað

Hver tíð ber sitt mark, þ.e.a.s. hver tíð færir samtíðinni sín verkefni. Krossarnir, misþingir og erfiðir að bera og kalla sumir eftir opinni umræðu, til þess að auka skilning og samhygð meðal fólks.

Þegar áður luktar gáttir opnast, eins og gerðist t.a.m. við *me-too* umræðuna, – verður sá illa þefjandi veruleiki sláandi og fólk fer mikinn. En slíka umræðu er þó brýnt að taka öfgalaust og málefnalega. Þörf á, – að draga síðferðislega skýr mörk til viðmiðunar og varnaðar.

Annað þjónar vart hagsmunum hlutaðeigandi.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að gefa gaum að fagráði kirkjunnar og úrskurðarnefnd. Í

Ijósi reynslunnar af nýlegu máli og öðrum er næsta víst að öll aðkoma kirkjufirvalda að slíkum málum sætir mikilli tortryggni. Og vart í efa dregið að úrsagnir úr kirkjunni eru fylgifiskar.

Þetta veldur, að mati undirritaðs, kirkjufólki áhyggjum og bagalegt að þrátt fyrir óskir um að Alþingi breyti lögum, afnemi fagráðið og úrskurðarnefndina, hefur það því miður ekki gengið eftir.

Eftirminnilegt er viðtal sem birtist í Morgunblaðinu 8. þessa mánaðar við 103 ára gamlan mann Lárus Sigfússon þar sem hann var spurður um trú sína og segir:

„Ég hef alltaf verið trúrækinn. Á mína trú. Mér finnst stefna illa með kirkjuna okkar og kristnina í landinu og það er grafalvarlegt mál að það skuli hafa fækkað svona í Þjóðkirkjunni. Annars kemur það ekkert á óvart, við höfum fengið hvern biskupinn eftir annan sem flækist inn í hneykslismál. Hvort sem það er verðskuldað eða óverðskuldað.“

Að það fækki í Þjóðkirkjunni er auðvitað grafalvarlegt mál, – eins og öldungurinn segir. En það stoðar lítið að benda á það sem aflaga fer ef ekki er bitið í skjaldarrendur.

Minnt er þessu sambandi á „Nefndarálit við tillögu til þingsályktunar um æskulýðsstarf í söfnuðum Þjóðkirkjunnar“ sem lagt var fram á kirkjuþingi unga fólksins árið 2016.

Þar segir:

*„Kirkjuþing unga fólksins 2016 ályktar að beina því til kirkjuþings Þjóðkirkjunnar, biskups Íslands og kirkjuráðs að samþykki fræðslustefnu kirkjuþings 2005 sé fylgt eftir á fullnægjandi hátt hvað varðar starf með unglingum og ungu fólki.“*

Undirritaður elur þá trú í brjósti sér, að hægt sé að snúa við óheillaþróun með því að gera einmitt þetta að forgangsmáli í kirkjunni allri.

Annað atriði hefur verið ýmsum áleitnið og ekki síst mér; það sem nefnt hefur verið „aumingjavæðing.“ Eins og ég skil þá umræðu gengur hún út á að stuðningsnet samfélagsins sé vitandi eða óafvitandi að taka frá fólki frumkvæðið í stað þess að hvetja það og styrkja m.a. í nafni trúarinnar að taka sinn kross og axla hann með Guðs hjálp og góðra manna.

Mörgum finnst átakanlegt að hugsa til þess hve margt, ekki síst ungt fólk, – sætir greiningu af ýmsu tagi og stundum margvíslegum greiningum og í kjölfarið ávísað á lyfjainntöku, – og situr þar, – meira og minna fast.

Í viðtali sem tekið var við fyrrum borgarfulltrúa og félagsráðgjafa, Björk Vilhelmsdóttur í Vísi fyrir þremur árum, talar hún um vinnubrögð sinnar starfsstéttar, að leggja áherslu á að kortleggja veikleika fólks. Þess í stað bendir hún á, að leggja upp úr að kortleggja styrkleikana og vinna síðan með þá. Finnst mér þetta sjónarhorn mætti fá meiri hljómgrunn og er meir í ætt við þá boðun kirkjunnar að fólk standi með sjálfu sér og taki málin í eigin hendur.

Enginn ávinningur er að mínu mati að vorkenna fólki hömlulaust, þótt það mæti andbyr og erfiðleikum í lífinu. Erfiðleikarnir eru auðvitað viðfangsefni. Og trúin á réttar að við eigum að hafa allt til þess að bera, eins og fyrr sagði, með Guðs hjálp og góðra manna, að takast á við þau og ljúka því verki.

Hér má þó hvorki gera lítið úr erfiðleikum og vanda fólks né alhæfa, heldur benda á nauðsyn mótvægis sem vekur von og hleypir krafti og döngun í fólk í erfiðri stöðu.

Að vinna með styrkleika fólks er þekkt viðmið í rekstri fyrirtækja og mannauðsmálum og hentar ekki síst í allri safnaðaruppbyggingu. Það hefur skinið í gegn hjá ungu fólki sem hefur náð að blómstra í kirkjulegu starfi og m.a. vaxið upp úr Farskólanum, – axlað ábyrgð og sigrast á viðfangsefnum, sem það taldi ekki áður gerlegt. Þetta er auðvitað þroskabrautin, sem allir eiga rétt á og þurfa að eiga þess kost að ganga, – og fá til þess hvatningu og leiðsögn.

Að lokum þetta.

Þegar undirritaður er spurður um Austurland, prestasamfélagið, starfið í sóknunum, samstarf sókna í prófastsdæminu þá ber allt að sama brunn. Það hefur veitt mér ósegjanlega gleði að fá allan minn starfsaldur að vera þátttakandi í þessum góða hópi og sjá hvað fólk er ósérhlífið og samstillt í að gera allt vel og af metnaði og reisn og merkilega lítið horft til þess sem á skortir.

Og vert að spyrja: Var einhvern tíma andbyr og holskeflur og svo mjög, að ekki sást út úr augum?

Jú, vissulega bærilegar ágjafir, en á þessari stundu þakkarvert, því það hefur verið hjálplegt við að setja trúna í rétt samhengi við starfsvettvanginn.

Þetta ekki sagt af neinni uppgerð eða yfirlæti, heldur er það undrunarefni, hvað starfið hefur þrátt fyrir allt verið öflugt og þróttmikið.

Ekki verður annað séð en í málefnum kirkjunnar hér eystra sé bjart framundan. Og Guði sé lof fyrir það.

Ástæða til þess að þakka hið góða framlag fjölmargra til kirkju og kristni. Guð blessi það, presta, starfsfólk, sóknarfólkið og þjónustuna í heimabyggð.

## Ársskýrsla héraðsprests Austurlandsprófastsdæmis

Sr. Erla Björk Jónsdóttir, héraðsprestur

Héraðsprestur er framkvæmdarstjóri fræðslustarfs kirkjunnar. Auk þess er hann aðstoðarmaður prófests og annast helgihald og athafnir eftir því sem óskað er. Frá 15. janúar 2017 hef ég starfað sem vígður þjónn kirkjunnar í embætti Héraðsprests hér á Austurlandi. Frá 1. janúar 2018 hef ég verið í fæðingarorlofi og sinnir Ægir Örn Sveinsson störfum héraðsprests fram að þeim tíma er ég kem til baka.

### Helstu verkefni á dagskrá héraðsprests frá síðasta héraðsfundi hafa verið:

Að sjá um allt TTT-starf og unglिंगastarf kirkjunnar á Eskifirði og Reyðarfirði.

Landshlutamót ÆSKA og ÆSKEY var haldið á Seyðisfirði 17.-19. febrúar 2017. Sr. Sigríður Rún Tryggvadóttir annaðist að mestu undirbúning mótisins og tók héraðsprestur þátt í því sem og mótsstjórn. Engir þátttakendur voru frá Norðurlandi að þessu sinni, en þrátt fyrir það var í staðin haldið góðmennt mót unglinga á Austurlandi. Yfirskrift mótisins var *Hönd í hönd* þar sem fræðslan beindi athygli sinni að aðstæðum flóttamanna og sáu þau Þórunn Ólafsdóttir sem kosin var Austfirðingur ársins 2016 og Kiran eiginmaður hennar um þann þátt dagskrárinnar. Fengnir voru guðfræðinemarnir Þuríður Björg Wium Árnadóttir, nú sr. Þuríður Björg og Hjalti Jón Sverrisson sem ennfremur er æskulýðsfulltrúi Laugarneskirkju til aðstoðar við mótið auk ungleiðtoga. Þeim berum við okkar bestu þakkir fyrir aðstoðina. Mótinu lauk með messu í Seyðisfjarðarkirkju, en frú Agnes M. Sigurðardóttir biskup heiðraði okkur með nærveru sinni þar.

TTT-mót í Kirkjumiðstöð Austurlands 29.-30. apríl 2017. Vel tókst til mótisins og stóð

héraðsprestur að undirbúningi þess og unnu farskólanemar gott verk sem aðstoðarmenn á mótinu. Sigrún Halldóra Arngrímsdóttir var ráðin ráðskona auk aðstoðarmanneskju.

Héraðsprestur annast fræðslu- og kynningarmál. Ennfremur sjálfstyrkingarnámskeiði 10. bekkjar í Grunnskóla Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Þá hélt Héraðsprestur fyrirlestra um sorg og sorgarviðbrögð í Verkmenntaskólanum í Neskaupsstað.

Vefsíðugerð fyrir prófastsdæmið hefur verið í bígerð, en ekki náðist að klára slíka síðu áður en héraðsprestur fór í fæðingarorlof. Ægir Örn hefur hins vegar verið að vinna í þeim málum og verður vonandi hægt að kynna nýja vefsíðu á vordögum 2018.

Farskóli leiðtogaefna hefur starfað áfram með ágætis árangri og góðri þátttöku ungmenna hér á Austurlandi. Héraðsprestur hefur annast skipulag og fræðslu Farskólans auk þess sem sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir og Matthildur Óskarsdóttir hafa komið að fræðslu og viðveru í samverum skólans á mínum starfstíma. Sérstök ástæða er að þakka þeim fyrir sitt góða og mikilvæga framlag. Illa gekk að koma á farskólasamveru haustið 2017 vegna mikilla anna þátttakenda á öðrum vettvangi, s.s. skóla og íprótta. Þannig fór að engin samvera var á haustönn. Fram að þessum fundi hafa verið haldnar tvær samverur því til uppbótar á Eiðum og á Vopnafirði og sá Ægir Örn um þá vinnu.

## **Landsmót æskulýðsfélaga**

Landsmót æskulýðsfélaga var haldið haldið á Selfossi 20.-22. október. Þangað hélt góður hópur unglinga í fylgd sr. Sigríðar Rúnar, sr. Púriðar Bjargar og Sindra Geirs guðfræðings. Mikil ánægja var með þátttökuna og gekk allur undirbúningur ferðalagsins vel. Héraðsprestur sat heima að þessu sinni þar sem langt var liðið á meðgöngu. Einstaklega gott orðspor fór af hópnum fyrir jákvæðni og kurteisi hvar sem fæti var niður stigið á ferðalaginu. Söfnun fór fram í aðdraganda mótsins og gekk vel að fá vinninga í happdrætti auk annarra styrkja. Þar lögðust prestar allra sókna í samvinnu sem er ávallt ánægjulegt og skilar góðum árangri. Ég þakka kærlega fyrir það.

## **Fermingarnámskeið**

Fermingarnámskeið Austurlandsprófastdæmis voru haldin 2.-8. nóvember 2017. Héraðsprestur annaðist að öllu leiti undirbúning og stjórn fermingarbúðanna auk þess sem prestar gengu inn í dagskrá og fræðslu. Ráðskonur voru þær Sigrún Halldóra Arngrímsdóttir og Jóhanna Arngrímsdóttir. Þeim ber að þakka góð störf!

## **Annað**

Héraðsprestur annaðist tvö brúðkaup sumarið 2017. Æskulýðsmessu í Eskifjarðar og Reyðarfjarðarkirkju. Æðruleysismessu í Egilsstaðakirkju ásamt sr. Vigfúsi Ingvari Ingvarssyni. Á aðventu í Egilsstaðakirkju og í Dyngju auk hugleiðingar í Eskifjarðarkirkju. Þá messaði héraðsprestur í Þingmúlakirkju á jóladag. Sunnudagaskólamótið var haldið að venju og tók héraðsprestur þátt í undirbúningi og framkvæmd þess undir leiðsögn prófests og æskulýðsdeginum í Reyðarfjarðarkirkju og Eskifjarðarkirkju.

## Sumarbúðir KMA

Héraðsprestur er framkvæmdastjóri Kirkjumiðstöðvarinnar á Eiðum og kemur að starfi sumarbúðanna sem hafa þá sérstöðu að vera þær einu sem kirkjan sjálf rekur. Við náðum síðasta sumar að halda úti þremur flokkum en stefnum á að auka þátttöku barna og höfum lagt í það vinnu að endurbótum á aðstöðunni og á leiktækjum bæði innan og utandyra. Héraðsprestur var því sumarbúðastjóri sl. sumar ásamt þá nýútskrifaðri Stefaníu Steinsdóttur guðfræðingi og nú sr. Stefaníu í Glerárkirkju. Dvöldum við báðar á Eiðum þær þrjár vikur sem þær voru starfræktar auk annars starfsfólks.

Héraðsprestur þakkar af alhug alla þá aðstoð sem hann hefur fengið til þess að halda úti blómlegu og skemmtilegu starfi á vettvangi barna- og æskulýðsstarfs hér á Austurlandi. Við höfum verið mjög lánsöm með það fólk sem hefur haft aðkomu að öllum atriðum starfsins og skilað sér í góðum árangri og fagmennsku.

## ÆSKA – Æskulýðssamband Austurlandsprófastsdæmis

